


Bahá'u'lláh

LÍF HANS OG OPINBERUN



Eðvarð T. Jónsson

Bahá'u'lláh
Líf Hans og Opinberun

*Er þú kemur til heimkynna Astvínarins,
seg: Já!
Því „heill“ og „friður“ missa hér gildi
og inntak.
Þetta eru hífýli ástarinnar,
nem staðar.
Þetta er heilögjörð,
drag skó af fótumþér.*

Áletrun yfir dyrum
bernskuheimilis
Bahá'u'lláh í Núr

Bahá'u'lláh

Líf Hans og Opinberun

eftir
Eðvarð T. Jónsson

Útgefandi:
ANDLEGT ÞJÓÐRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI
Óðinsgötu 20, Reykjavík

Útgáfuréttir á Íslandi 1982:
Andlegt þjóðráð Bahá'ía
— Öll réttindi áskilin —

*Útdrættir úr eftirfarandi verkum eru birtar með leyfi einkaréttar-
aðila:*

Eftir Bahá'u'lláh: *Kitáb-i-Iqán*, © 1961 Andlegt þjóðráð Bahá'ía á Bretlandseyjum; *Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh*, © 1935 Andlegt þjóðráð Bahá'ía í Bandaríkjunum; *Proclamation of Bahá'u'lláh*, © 1972 Allsherjarhús réttvísinnar; *Epistle to the Son of the Wolf*, © Andlegt þjóðráð Bahá'ía í Bandaríkjunum. Eftir 'Abdu'l-Bahá: *Some Answered Questions*, © 1961 Andlegt þjóðráð Bahá'ía á Bretlandseyjum; *Selections from the Writings of 'Abdu'l-Bahá*, © 1978 Allsherjarhús réttvísinnar. Eftir Bábin: *Selections from the Writings of the Báb*, © 1976 Allsherjarhús réttvísinnar. Eftir H.M. Balyuzi: *The Báb*, © 1973 Georg Ronald, Publisher; *'Abdu'l-Bahá*, © 1972, George Ronald, Publisher; *Bahá'u'lláh*, © 1974 George Ronald, Publisher; *Bahá'u'lláh The King of Glory*, © 1980 George Ronald, Publisher; *Edward Granville Browne and the Bahá'í Faith*, © 1970 George Ronald, Publisher. Eftir Lady Blomfield: *The Chosen Highway*, © 1967 Andlegt þjóðráð Bahá'ía á Bretlandseyjum. Eftir John Ferraby: *All Things Made New*, © 1944 Andlegt þjóðráð Bahá'ía á Bretlandseyjum. Eftir Marzieh Gail: *Dawn over Mount Hira*, © 1976 George Ronald, Publisher. Eftir Moojan Momen: *The Bábí and Bahá'í Religion 1844—1944*, © 1981 George Ronald, Publisher. Eftir Nabil-i-A'zam: *The Dawn-Breakers*, © 1974 Andlegt þjóðráð Bahá'ía í Bandaríkjunum. Eftir Shoghi Effendi: *God Passes By*, © 1944 Andlegt þjóðráð Bahá'ía í Bandaríkjunum; *The Promised Day is Come*, © 1961 Andlegt þjóðráð Bahá'ía í Bandaríkjunum; *The World Order of Bahá'u'lláh*, © 1955 Andlegt þjóðráð Bahá'ía í Bandaríkjunum; *The Dispensation of Bahá'u'lláh*, © 1975 Andlegt þjóðráð Bahá'ía í Bandaríkjunum. Eftir Adib Taherzadeh: *The Revelation of Bahá'u'lláh—Baghdad 1853—63*, © 1974 George Ronald, Publisher; *The Revelation of Bahá'u'lláh—Adrianople 1963—68*, © 1977 George Ronald, Publisher. *Synopsis and Codification of the Kitáb-i-Aqdas*, © 1973 Allsherjarhús réttvísinnar. *Bahá'í World Faith — Selected Writings of Bahá'u'lláh and 'Abdu'l-Bahá*, © 1976 Allsherjarhús réttvísinnar.

Káputeikning: Michael Gunter
Hönnun: Geoffrey Pettypiece
Setning og prentun:
Prentstofa G. Benediktssonar
Bókband: Arnarfell
PDF útg. 2020 v.1.1

Efnisyfirlit

Um bókina	9
Inngangur.....	12
Deilurnar um eftirmanninn 14 — Róstur í Mázindarán 15 — Píslarvætti Bábsins 17 — Boðskapurinn 19	
1. Æskuár Bahá'u'lláh.....	24
Uppruni Bahá'u'lláh 25 — Draumur vesírsins 25 — Æska Bahá'u'lláh 27 — Kvonfang Hans 28 — Sendiför Mullá Husayn 29 — Ferðin til Mázindarán 33 — Fylgjendum fjölgar 35 — Undanbrögð kirkjuhöfðingjans 35 — Sól heimsins 36	
2. Kvenhetja og píslarvottur	37
Pílagrímsferðin til Karbilá 38 — Morðið á Taqí 39 — Ráðstefnan í Badasht 41 — Píslarvætti Tahirih 43 — Afdrif borgarstjórans 45	
3. Banatílraði við Nasiri'd-Din Sháh	47
Frétt stjórnarmálgagnsins 48 — Píslarvottarnir 51 — Sýáh-Chál 52 — Hetjulund fanganna 53 — Draumur píslarvottsins 54 — Vitrunin í prísdönninni 55 — Heimkoman 57 — Þáttur rússneska sendiherrans 57 — Fjölskyldan helga 58 — Ferðin til Baghdad 60 — Samfélag í upplausn 60 — Mírzá Musá frá Qum 62 — Bahá'u'lláh í eyðimörkinni 63 — Kúrdarnir hylla Bahá'u'lláh 65 — Raunir fjölskyldunnar helgu 66 — Lífvana samfélag 69 — Síðustu rósemisstundirnar 70	

4. Bahá'u'lláh og opinberun Hans.	72
Persóna Bahá'u'lláh 73 — Tyrknesku liðsforingjarnir 77 — Fórn Ismá'íls 77 — Nabíl-i-Akbar 79 — Arfurinn 81 — Gamla konan 82 — Andúð á launung 82 — Mírzá Áqá Ján 83 — Viðreisn og endurnýjun 84 — Örbirgð - og allsnægtir 86 — Ritverk Bahá'u'lláh í Baghdad 87 — Eðli opinberunarinnar 88 — Orð Guðs 89 — Sönnþekking 92 — Kitáb-i-Iqán 94 — Hulin orð 95 — Dalirnir sjö 96 — Önnur rit í Baghdad 96	
5. Dregur fyrir sólu	98
Prestarnir vilja kraftaverk 99 — Útlegð til Konstantínópel 101	
6. Í Riðván-garðinum	103
Yfirlýsingin 105 — Tafla þolinmæðinnar 105 — Næturegular og rósir 106 — Brottförin til Konstantínópel 108 — Ferðin til Adríanópel 111	
7. Launráð gegn Bahá'u'lláh	113
Yaḥyá fer huldu höfði 114 — Tilræðið við Bahá'u'lláh 116 — Gagnyfirlýsing og aðskilnaður 119 — Mubáhilih 121 — Nánari málsatvik 123 — Yaḥyá heitið fyrirgefningu 125	
8. Opinberunin í Adríanópel.	127
Súra konunganna 127 — Konungarnir hafna Bahá'u'lláh 129 — Lawḥ-i-Sultán 131 — Boðskapur útlagans 133 — Framþróun málstaðarins 134 — Ný atлага gegn Bahá'u'lláh 135 — Yfirheyrslur í Konstantínópel 138	
9. Brottförin frá Adríanópel	140
Viðhorfin breytast 141 — Búist til brottfarar 142 — Lagt af stað til 'Akká 148	
10. Prísundin mesta	151
Aðbúnaðurinn í 'Akká 153 — Algjör einangrun 155 — Erfiðleikar pílagrímana 158 — Fórnardauði Mírzá Mihdí 159 — Slakað á hömlunum 162 — Morðin á Azalítunum 164 — Bahá'u'lláh handtekinn 165 — Breyttir tímar 166 — Ilyás 'Abbúd 168 — Eiginkona Mírzá Yaḥyá 168 — Sagan af Shaykh Mahmúd 169 — Misheppnuð atлага 171	
11. Í Bahjí	173
Konungur konunganna 176 — Lífið í Bahjí 177 — Riðván-garðurinn 178 — Meistarinn 179 — Andinn í Bahjí 180 — Lýsingin á Bahá'u'lláh 181 — Lýsingin á 'Abdu'l-Bahá 183 — Bahá'u'lláh heimsækir Haifa 184 — Legstaður Bábsins 184 — Tafla Karmels 185 — Þróun Trúarinnar 185 — Refsihönd Guðs 186	

12. Viðvörðun til valdhafa heimsins.	188
Konungar jarðarinnar 189 — Napóleón III 189 — Forsetar Ameríkúlýðveldanna 190 — Nikolajevíts Alexander II. Rússakeisari 190 — Vilhjálmur I. konungur Prússa 190 — Frans Jósef, keisari Austurríkis 191 — ‘Alí Páshá, forsætisráðherra 191 — Trúarleiðtogarnir og fylgjendur þeirra 191 — Kitáb-i-Aqdas 193 — Ýmis rit 195 — „Tákn Mín hafa umlukið jörðina“ 196	
13. Uppstigning Bahá’u’lláh.	197
Konungsríki falla 200 — Völdin tekin frá klerkunum 202	
14. ‘Abdu’l-Bahá	205
Sáttmálinn 207 — Sáttmálsbrjótarnir 209	

Bókarauki

Helstu einkenni og meginreglur Bahá’í trúarinnar	211
Sáttmálinn 213 — Stjórnskipulagið 214 — Eining mannkyns og trúarbragða þess 219 — Tengsl Guðs og opinberenda Hans 223 — Félagslegar kenningar og meginreglur 227 — Ný sýn á eðli og tilgang lífsins 230 — Nýr siðgæðismælikvarði 232 — Fyrirheitið um næstu opinberun Guðs 233 — Stofnun Guðsríkis á jörðu 234	
Kraftaverk 235 — Vitnisburður Biblíunnar um Bahá’u’lláh 238 — Mikilvæg ártöl í sögu Bahá’í trúarinnar 245 — Bahá’u’lláh: Hin mikla boðun til mannkynsins 249 — Heimildir 261 — Atriðisorð og nafnaskrá 264	

Tileinkað
minningu sonar míns,
Dags Nabíls

Um bókina

Í þessari bók hefur í öllum meginatriðum verið fylgt söguþræðinum í traustustu heimild sem til er um uppruna og sögu Bahá'í trúarinnar, ritverki Shoghi Effendi *God Passes By*. Fyrstu tvær bækurnar í fjögurra binda ritsafni Adib Taherzadeh um opinberun Bahá'u'lláh hafa einnig reynst sannkölluð gullnáma við ritun og samantekt þessarar bókar, einkum þeir kaflar sem fjalla um ritverk Bahá'u'lláh og lífskjör Hans og lærisveina Hans í Baghdad, Konstantínópel og Adríanópel. Í köflunum um fangavist Bahá'u'lláh í 'Akká og líf Hans í Bahjí er stuðst við frásögn H.M. Balyuzi í nýútkominni bók hans, Bahá'u'lláh *The King of Glory*. Fjölmargar aðrar heimildir hafa verið notaðar og er þeirra getið í bókarlök.

Persnesk og arabísk mannanöfn og staðarheiti eru í þessari bók rituð með nokkuð öðrum hætti en tíðkast hefur fram til þessa. Á vestrænum málum hefur oft verið reynt að rita þessi orð samkvæmt framburði, en þar sem í persnesku og arabísku eru mörg hljóð, sem framandi eru vestrænum hlustum, er slík umritun vafasöm og oft fjarri lagi. Snemma á þessari öld afréðu Austurlandafræðingar á einni af ráðstefnum sínum, að taka upp nýtt umskriftarkerfi fyrir persnesk og arabísk orð. Þetta kerfi hefur smám saman rutt sér til rúms í flestum fræðiritum, sem sett eru saman um Islám og sagnfræði Miðausturlanda. Nokkur orð hafa

þó unnið sér þegnurétt í íslensku, t.d. nafn Múhammeds spámanns og staðarheiti eins og Teheran. Samkvæmt reglunni ætti að rita þessi nöfn: Muḥammad og Tihrán. Til hægðarauka fyrir lesendur eru þessi nöfn og fáein önnur rituð samkvæmt íslenskri ritvenju.

Framburður sérhljóða í þessu umskriftarkerfi er sem hér segir: „á“ er langt sérhljóð, áþekkt o í von; „a“ er stutt sérhljóð, sbr. a í akkeri; „i“ er borið fram eins og e í senn; „í“ og „ú“ eru borin fram eins og sömu sérhljóð í íslensku; „aw“ er borið fram áþekkt ó í sól.

Strikið undir samhljóðunum *ch*, *dh*, *kh*, *sh*, *th* og *zh* táknar að hér er um einn bókstaf að ræða í upprunalega ritmálinu. *Th* og *ş* eru borin fram eins og ss í vissa. *Dh*, *z*, *z* og *d* tákna raddað s í persnesku; í arabísku tákna þessir stafir aftur á móti sitthvert hljóðið. *Zh* er borið fram eins og j í franska orðinu „jour“. *Kh* er kokhljóð, áþekkt ch í skoska orðinu „loch“. *Qh* og q eru einnig kokhljóð, sem ekki eru til í neinu Vesturlandamáli, en bera má *qh* fram eins og franskt r í „Paris“ og q má bera fram eins og hart g í gata. *T* er borið fram eins og íslenskt t. *H* táknar framblásið h og hverfur ekki í framburði þótt það standa inni í orðum. J, *ch* og *sh* eru borin fram áþekkt j, ch og sh í upphafi orða í ensku. Táknid (‘) merkir hljóddvöl, sem ekki verður með góðu móti lýst í rituðu máli. Áhersla dreifist nokkuð jafnt á atkvæði líkt og gerist t.d. í frönsku.

Persnesk mannanöfn eru kapituli út af fyrir sig. Áður fyrir notuðu Persar aldrei eftirnöfn en kenndu sig þess í stað við fæðingarhémuð sín eða borgir. Mázindaráni táknar þannig mann, sem ættaður er frá héraðinu Mázindarán. Ýmiskonar titlar voru óaðskiljanlegur hluti af nöfnum manna í virðingarstéttum; hinir algengustu eru Ḥájí, Mullá, Siyyid, Mírzá, *Khán* og *Shaykh*. Titillinn Ḥájí (eða Ḥáj) gat sá tekið sér sem farið hafði í pílgrímsför til Mekka. Mullá var titill presta og kennimanna. Siyyid var afkomandi Múhammeds spámanns. Mírzá táknar einfaldlega herra, sé titillinn notaður í upphafi nafna, en sé honum skeytt aftan við nöfn, táknar hann prins. *Khán* (kvk. *Khánum*) og *Shaykh* voru nánast merkingarlausir titlar, sem notaðir voru um heldra fólk eða öldungu.

Oft má því lesa virðingarstöðu mannsins og búsetu út úr nafni hans: Ḥájí Siyyid Muḥammad-i-*Shirází* þýddi að hér var á ferðinni Muḥammad frá Shiráz, afkomandi spámannsins og pílgrímur frá Mekka. Persakeisari gat sæmt menn hverskyns titlum

öðrum og gerði það óspart, en öllu þessu titlatogi var varpað fyrir róða með nýrri löggjöf á þriðja áratug þessarar aldar.

Íran nútímans er sama landið og í þessari bók er nefnt Persía. Árið 1935 var nafnið Íran („land aríanna“) tekið upp fyrir þjóðríkið Persíu. Fjórtán árum síðar tilkynnti stjórnin í Teheran, að horfið hefði verið aftur til hins forna heitis á erlendum málum.

E.T.J.

Inngangur

Vestrænum fræðimönnum, sem skrifað hafa um Persíu á síðustu öld, þ.á.m. Austurlandafræðingunum Edward Granville Browne og Curzon lávarði, ber saman um að persneska þjóðin hafi verið komin í slíkar félagslegar og siðferðilegar ógöngur, að fáu verði til jafnað í Austurlöndum á þeim tímum. Nútímamönnum veitist erfitt að skilja hvernig þjóðfélag getur starfað án laga eða löggjafarsamkundu, án sérstaks ríkisráðs eða ritaðra reglugerða af nokkru tagi. Ekkert af þessu var fyrir hendi í Persíu. Landið var kirkjurfki allt frá 16. öld, er Safawíd-ættin gerði ofstækisfullan islamskan rétttrúnað, shí'isma, að ríkistrú. Qajár-keisararnir, sem réðu Persíu frá lokum 18. aldar allt fram á þessa öld, höfðu algjört og ótakmarkað vald yfir lífi og eignum þegna sinna. Keisarin var hálfguð og tónninn, sem notaður var í tilskipunum hans, minnti á lofræður Daríusar og Xerxesar um sjálfa sig á stórveldistímum Persíu. Hann var sháhansháh, konungur konunganna, zillu'lláh, þjóðbraut himinsins o.sirv. Hann lifði í miklum vellystingum eins og byrjaði goðveru. Fath 'Alí (1796—1834) átti yfir eitt þúsund eiginkonur og hafði um sig þrjú þúsund manna hirð. Karlleg afkvæmi keisaranna skiptu hundruðum og fylltu öll helstu embætti þjóðarinnar og voru meiriháttar plága á landslýðnum. Persneskur málsháttur frá þessum tímum lýsir hug þjóðarinnar til þeirra betur en mörg orð: „Úlfaldar, flær og prinsar eru á hverju strái.“

Refsingar voru strangar og mjög grim múðlegar, dómsvaldið í höndum mullá (predikara) og annarra kennimanna en réttarkerfi að vestrænni fyrirmynd ekki til. Allur þorri almennings bjó við harðrétti og sára neyð og hafði engin tök á að sporna við gerræði einstakra presta eða embættismanna. Formleg menntun var engin í landinu, en ríkismenn gátu sent börn sín til mullánna, sem kenndu þeim að stauta á Kóraninn og skrifa skrautskrift.

Einn helsti þáttur persneskrar menningar var gífurlega umfangsmikið og útbreitt mútukerfi, svokallað madákhíl, sem orðið var að virtri stofnun, inngróinni daglegu lífi manna. Madákhíl teygði sig til allra stétta og inn á öll svið þjóðlífsins. Á yfirborðinu virtist aðeins vera um að ræða sakleysisleg skipti á gjöfum. En sá sem á móti gjöfinni tók varð að gefa eitthvað á móti og auk heldur greiða þeim, sem gjöfina flutti, upphæð sem stóð í réttu hlutfalli við verðmæti hennar. Fjöldi manns hafði atvinnu af því að bera slíkar gjafir á milli og sá valdsmaður fyrirfannst tæpast í landinu, sem ekki hafði keypt embætti sitt með þessháttar gjöfum, ýmist til keisarans sjálfs eða einhvers ráðgjafa hans. Hver embættismaður hafði um sig einkahirð, allt frá 50 upp í 500 manns. Hirðsveinar þessir þáðu engin laun fyrir störf sín, en í skjóli aðstöðu sinnar bauðst þeim gnægð tækifæra til að kúga fé af samborgurum sínum. Þessar landeyður, sem skiptu þúsundum, voru þung byrði á þjóðfélaginu og tilvist þeirra sannkölluð þjóðarögæfa.

Sem dæmi um tvískinnunginn, sem gegnsýrði allt trúarlíf í landinu, nefnir Curzon lávarður borgina Mashhad, þar sem helgasta grafhýsi shí'ismans stendur, — gröf áttunda imámsins, píslarvottsins Ridá. Þúsundir pílagríma heimsækja grafhýsið á hverju ári til að gera þar bæn sína. Með tilliti til hins langa og stranga ferðalags til Mashhad var pílagrímunum leyft að ganga í bráðabirgðahjónaband meðan þeir dvöldu í borginni. Gengið var frá hjúskaparsáttmála í viðurvist múlla og honum greidd ákveðin þóknun. Eftir nokkrar vikur hélt pílágrímurinn heim á leið, en konan gekkst undir tveggja vikna skírlífisheit. Að þeim tíma liðnum mátti hún giftast á nýjan leik. Fjöldi kvenna í þessari fornhelgu borg hafði lífsviðurværi sitt af því að giftast pílágrímum. Kirkjuyfirvöld héldu verndarhendi sinni yfir þessu dulbúna vændi og það var þeim drjúg tekjulind.

Þannig hafði svartnætti fáfræði og grimmdar grúft yfir þessu sögufræga landi í margar aldir. Allur umbóta- og framfaravilji virtist lamaður með þjóðinni. En skyndilega, í maí 1844, kom fram

á sjónarsviðið ungur maður frá Shíraz og lýsti því yfir að hann væri Báb (hlið), sá andlegi leiðtogi, sem hinn islamski heimur hafði beðið í þúsund ár. Jafnframt kunngerði Hann, að Honum hefði verið gefið vald til að nema úr gildi öll lög og fyrirmæli Múhammeds, trúarleg og veraldleg, sem skráð eru á hina heilögu bók, Kóraninn. Boðskapur Hans fór eins og hvirfilbylur um landið þvert og endilangt, skipti þjóðinni í tvær andstæðar fylkingar og ruddi braut merkilegustu trúarhreyfingu í heiminum á síðari tímum.

Deilurnar um eftirmanninn

Til að skilja þá atburði, sem síðar gerðust, er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir meginþáttum tólfungakirkjunnar, Shi'ah Islám.

Strax eftir andlát Múhammeds komu upp miklar deilur um arftaka Hans. Fylgjendur Hans skiptust í tvær meginfylkingar. Annarsvegar voru þeir sem héldu því fram að arftakann mætti velja með almennu samþykki úr hópi hinna trúuðu; hið eina sem hann þyrfti að hafa til að bera væru stjórnunarhæfileikar og fylgispekt við lög Kóransins. Þessi grein Islám nefnist Sunní. Hinsvegar voru þeir sem sögðu að Múhammed hefði sjálfur gefið munnleg fyrirmæli um arftaka sinn: hann væri 'Alí, eiginmaður Fatímu, dóttur Múhammeds. Shi'ítar halda því þannig fram að útnefning arftakans sé ákvörðun Guðs, sem opinberuð sé spámanni Hans og menn hafi þar engan fhlutunarrétt. Kalífar sunníta eru því einungis ytri ráðsmenn trúarinnar, en imámar shi'íta fara með algjört andlegt vald í málefnum hinna trúuðu — orð þeirra eru lög, ekki síður en orð spámansins sjálfs. Titillinn „Báb“ er upprunninn með shí'ítum, sem trúa því að þetta andlega vald hafi gengið í erfðir frá Múhammed til tólf afkomenda Hans, hinna svonefndu imáma (trúarleiðtoga). Það er athyglisverð staðreynd, að allir þessir andlegu leiðtogar Islám, að undanskildum hinum síðasta, voru myrtir að undirlagi ríkjandi valdstjórnar hverju sinni. Tólfli imáminn, Imám-Mihdí, hvarf sjónum manna árið 874, en shí'ítar trúa því að hann sé enn á lífi en fari huldu höfði. Milligöngumenn hins horfna imáms og hinna trúuðu voru nefndir „Báb“, og hafa þeir verið fjórir talsins í tímanna rás. Við endalok heimsins mun imáminn horfni koma aftur fram á sjónarsviðið og grundvalla ríki friðar og réttlætis á jörðunni. Með því

að taka upp þennan forna titil kvaðst Bábinn hafa endurnýjað tengslin sem rofnað höfðu við Imám-Mihdí.

Brátt kom í ljós, að Bábinn hafði einungis verið að búa samlanda sína undir ennþá stærra og voldugra tilkall. Hann steig skrefið til fulls áður en langt um leið og lýsti því yfir að Hann væri Mihdí sjálfur. Jafnframt gerði Hann það skýrt og ótvírætt heyrinkunnugt, að það væri ekki Hann sjálfur sem endurreisa mundi réttlætið á jörðunni, heldur hefði Honum verið fengið það hlutverk að ryðja braut endurlausnara allra þjóða jarðarinnar, sem brátt mundi birtast meðal manna. Í því skyni þoldi Bábinn sjálfur og þúsundir fylgismanna Hans þrengingu, þrúgungu og þrúgvætti.

Boðskapur Bábsins fór eins og eldur í sinu um allt landið og samtímis hófst skipulögð útrýmingarherferð á hendur fylgjendum Hans, sem voru af öllum stigum og stéttum. Þar sem Bábinn hafði bannað þeim að deyða menn, vörðust þeir oft ekki fyrr en í lengstu lög og voru því oft auðveld bráð óvinum sínum. Bábinn sjálfur var fljótlega handtekinn og fluttur til norðlægra fjallahéraða við landamæri Rússlands, þar sem Hann var hafður í haldi í rammgerðum virkjum. Hann var tæpra 25 ára gamall, þegar Hann kunngerði köllun sína. Af þeim sex árum, sem Hann átti ólífudu, eyddi Hann a.m.k. fjórum árum í útleigð og fangelsum víðsvegar um landið.

Róstur í Mázindarán

Meðan Bábinn var í haldi áttu fylgismenn Hans í vök að verjast. Nokkrir þeirra héldu til Tabarsí í héraðinu Mázindarán, þar sem þeir reistu virki og bjuggust til varnar. Múgur manns undir forystu höfuðklerksins (Saídu'l-Ulama) í borginni Barfúrush gerði áhlaup á virkið, en var jafnharðan rekinn til baka. Leyniskyttum tókst hinsvegar að fella fáeina unglunga úr liði þeirra, þar sem þeir voru að bænagjörð. Saídu'l-Ulama sendi nú brennandi áskorun til stjórnvalda þess efnis að þau sendu þjálfað herlið gegn virkinu og jöfnuðu það við jörðu. Þau brugðust vel og fljótt við og sendu tólf þúsund manna her undir forystu krónprinsins gegn þeim 313 klæðlitlu og langsoltnu mönnum, sem höfðust við í virkinu. Er herinn hafði sest um virkið gerði miklar rigningar, sem eyðilögðu skotfæri og tjaldbúðir krónprinsins. Er rigningunni slotaði tók að snjóa og jók það enn á vandræði hersins. Að lokum gerðu fylgis-

menn Bábsins áhlaup á herinn, tvístruðu honum og komust alla leið að híbýlum krónprinsins. Hann komst út um bakgluggann og slapp undan, berfættur og allslaus, en skildi eftir sig umtalsverðan fjársjóð í silfri og gulli. Hið eina sem menn Bábsins tóku var fagurbúið sverð prinsins.

Skömmu síðar féll leiðtogi þeirra, Mullá Husayn, fyrir kúlu eins af liðsforingjum hersins. Þessi liðsforingi, 'Abbás Qulí Khán, ritaði seinna ítarlega um umsátrið um Tabarsí og segir þar meðal annars um Mullá Husayn og féлага hans: „Í sannleika veit eg ekki hvað þessum mönnum hefur verið sýnt, eða hvað þeir hafa séð, að þeir skyldu ganga svo glaðir og vígreifir til bardaga. Enginn maður getur gert sér í hugarlund ofsann í áhlaupum þessa litla hóps, hreysti þeirra og hugrekki.“

Innan virkisins versnaði ástandið dag frá degi. Í fyrstu höfðu félagarnir lagt sér til munns hrossakjöt, sem þeir sóttu til yfirgef- inna búða óvinarins, síðan urðu þeir að láta sér nægja jurtir, sem þeir týndu á ökrunum, þegar hlé varð á bardaganum. Loks voru þeir svo langt leiddir, að þeir nærðust á berki af trjánum, leðrinu af reiðtygjum sínum, skóm og möluðum hrossabeinum. Undir lokin grófu þeir upp hest fallins leiðtoga síns, Mullá Husayn, hlutuðu hann í sundur, möluðu beinin og blönduðu saman við skemmt kjötið og steiktu síðan.

Er krónprinsinn sá, að hann gat með engu móti svælt þá út úr virkinu, greip hann til þess ráðs, sem skipar honum á bekk með helstu niðingum sögunnar: hann sendi Kóraninn inn í virkið til félaganna og á titilblaðið hafði hann ritað og innsiglað eiðstaf, þar sem hann sór við hina helgu bók að gefa öllum verjendum virkisins líf og frelsi, ef þeir kæmu út af sjálfsdáðum. Enda þótt Quddús, einum virtasta lærisveini Bábsins, væri ljóst að krónprinsinn hygðist ekki halda orð sín, skipaði hann félögum sínum að leggja niður vopnin og ganga út úr virkinu.

Nú hófst lokabáttur þessa mikla harmleiks. Mennirnir voru umkringdir þegar í stað og færðir til herbúða óvinanna. Nokkrir voru seldir mansali, aðrir féllu fyrir spjótum og sverðum liðsfor- ingjanna, sumum var skotið lifandi úr fallbyssum, enn aðrir voru brenndir í eldi eða háalshöggirnir og höfuðin fest á stangir, sem síðan voru bornar í skrúðgöngu með trumbuslætti og söng gegnum nálæg byggðarlög. Krónprinsinn gaf Quddús á vald Saídu'l-Ulama, en hélt sjálfur á brott í skyndingu. Klerkurinn lét svipta Quddús klæðum, leggja hann í hlekki og leiða hann um göturnar í

Barfúrúsh, þar sem óður manngrúi bókstaflega sleit hann í sundur og varpaði hroðalega útleiknum líkama hans á bálið.

Á svipuðum tíma varðist annar hópur fylgismanna Bábsins í Khají-virkinu í grennd við Shíraz. Leiðtogi þeirra hét Vahíd, einn gagnmenntaðasti Persi á sinni tíð og hafði áður verið í þjónustu keisarans. Saga þessa hóps er áþekk sögu féлага þeirra í Ṭabarsí. Þeir voru sviknir út úr virkinu og síðan drepnir. Konum þeirra var misþyrmt og börn þeirra hneppt í ánaud.

Píslarvætti Bábsins

Forsætisráðherrann, Mírzá Taqí Khán, sendi nú út fyrirmæli þess efnis, að Bábinns skyldi fluttur til Tabríz og gaf ríkisstjóranum þar samtímis skipun um að taka Hann af lífi. Ríkisstjórinn neitaði. Forsætisráðherrann skipaði þá bróður sínum, Mírzá Hasan Khán, að annast aftökuna. Hann lét flytja Bábinns í dýflissu og setti tíu verði til að gæta Hans. Á leiðinni til dýflissunnar ruddi ungur piltur frá Shíraz sér leið gegnum mannþröngina, flegði sér niður við fætur Bábsins og baðst leyfis að fá að fylgja Honum. Piltinum var varpað í svartholtið með Bábnum. Næsta morgun, 9. júlí 1850, kom yfirfangavörðurinn til að leiða Bábinns fyrir kennimenn í Tabríz, sem undirrita áttu líflátsdóminn og firra forsætisráðherrann þar með allri ábyrgð á þessu dómsmorði. Bábinns sat á tali við einn fylgjanda sinn. Fangavörðurinn skipaði Bábnum að koma með sér og varð Hann að yfirgefa vin sinn í miðju samtali. Áður en Hann fór út úr klefanum lét Hann svo ummælt við fangavörðinn, að enginn gæti komið í veg fyrir að Hann lyki samtalinu við þennan fylgjanda sinn. Hann var nú leiddur í fjötrum ásamt piltinum, sem áður var nefndur, um göturnar í Tabríz og mátti nú þola högg og spott lýðsins, sem ári áður hafði hyllt Hann sem hetju í þessari sömu borg. Er skjölin höfðu verið undirrituð, var Bábinns fenginn í hendur Sam Khán, foringja aftökusveitarinnar, en hann játaði kristna trú. Sakir þess orðs, sem fór af Bábnum, óttaðist hann, að verið væri á ný að krossfesta Krist í persónu þessa milda, fíngerða og heillandi æskumanns. Hann kom því að máli við Bábinns og bað Hann að hlífa sér við þessum verknáði, ef Hann væri sá sem Hann segðist vera. Bábinns hughreysti hann og sagði, að ef einlægni væri í hjarta hans, mundi honum verða að ósk sinni.

Sam Khán skipaði mönnum sínum að reka nagla í stoðina mill

dyra fangelsisklefanna. Þetta gerðist utanhúss á skálatorginu og mikill fjöldi fólks hafði safnast saman á torginu og húspökunum umhverfis það til að fylgjast með aftökunni. Reipi voru fest við naglann, og í þessi reipi voru Bábinn og unglingurinn, Muḥammad-'Alí, hengdir, hvor í sínu lagi. Unglingurinn bað þess að líkami sinn yrði látinn skýla líkama Bábsins og var honum hagrætt þannig að höfuð hans hvíldi við brjóst Bábsins. Er þessum undirbúningi var lokið, raðaði aftökusveitin sér upp, en hún taldi hvorki meira né minna en 750 manns. Skotið var í þremur lotum, 250 kúlum í einu. Er púðurreyknum létti gaf að líta óvænta og furðulega sjón. Bábinn var horfinn en félagi Hans stóð á jörðinni, ósár með öllu. Kúlurnar, sem áttu að binda endi á líf þeirra, höfðu þvert á móti frelsað þá og tætt sundur reipin sem héldu þeim. Þessir atburðir voru skráðir og vottfestir af fjölda sjónarvotta, en talið er að um 10.000 manns hafi fylgst með aftökunni. Mannfjöldinn komst í mikið uppnám og hávaðinn var ærandi. Víðtæk leið var strax gerð að Bábnum og fannst Hann loks í klefa sínum á tali við féлага sinn, sem Hann hafði orðið að hverfa frá í miðju samtali. Hinn kristni foringi aftökusveitarinnar hélt á brott með herdeild sína og kvaðst ekki mundu koma nálægt þessu verki frammar, þótt það kostaði hann lífið. Hersveit Armeníumanna var kvödd á vettvang og hermennirnir tóku sér stöðu. Þá hóf Bábinn upp raust sína og talaði síðustu orð sín til samlanda sinna, sem komnir voru, margir um langan veg, til að sjá Hann deyja: „*Hefðir þú trúað á mig, ó afvegaleidda kynslóð,*“ sagði Hann, „*þá hefðuð þið öll fylgt fordæmi þessa unglings, sem stendur flestum ykkar frammar, og hefðu fúslega lagt lífið í sölurnar fyrir málstað minn. Sá dagur mun koma að þið munuð þekkja mig, en á þeim degi mun eg ekki lengur vera á meðal ykkar.*“

Dauðþögn féll á mannfjöldann. Rifflarnir voru spenntir og fyrirskipun gefin um að skjóta. Í þetta sinn rötuðu kúlurnar á skotmarkið. Þetta gerðist um hádegisbil. Um sama leyti skall yfir Tabríz gífurlegur sandstormur, sem huldi borgina í tvo daga og hrakti alla íbúa hennar af götum hennar og torgum.

Til er opinbert skjal í fornbréfasafni breska utanríkisráðuneytisins (merkt F.O. 60/153/88), sem staðfestir lýsingu hins mikla persneska sagnritara Nabíls á píslarvætti Bábsins. Skjal þetta er sendibréf frá Sir Justin Sheil, sérlegum sendimanni Viktoríu drottningar og ráðherra með fullu umboði (minister plenipotentiary) í Teheran. Bréfið er dagsett 22. júlí 1850 og stílað

til utanríkisráðherrans, Palmerston lávarðar. Þar segir meðal annars:

„Leiðtogi sértrúarflokksins hefur verið líflátinn í Tabríz. Hann var skotinn af fótgönguliðum og dauði hans varpaði ljóma á trúarbrögð hans og getur orðið til þess að auka stórum fjölda áhangenda hans. Þegar kúlnahríðinni linnu og reykurinn og rykið settist, var Bábinn horfinn og mannfjöldinn hrópaði að hann hefði stigið upp til himins. Kúlurnar höfðu slitið reipið, sem hann var bundinn með, en hann var fluttur frá þeim stað, þar sem hann fannst eftir nokkra leit, og skotinn. Dauði hans hefur enga þýðingu samkvæmt trú lærisveina hans, þar eð Bábinn hlýtur alltaf að vera til.“

Líkamsleifar Bábsins og lærisveins Hans voru lagðar á brún virkisgrafar fyrir utan borgina í þeirri von að villidýr mundu leggjast á þær, en það hefði þýtt að Hann væri ekki hinn fyrirheitni Mihdí, því að samkvæmt spádómunum áttu hvorki villidýr né skriðkvikindi að geta grandað líkama Hans. Lærisveinum Bábsins tókst hinsvegar að fjarlægja jarðneskar leifar Meistara síns, og þær voru síðan fluttar úr einum stað í annan áratugum saman, þar sem enginn felustaður þótti óhuldur til lengdar. Hálfri öld síðar voru líkamsleifar Bábsins og lærisveins Hans fluttar til Landsins helga að undirlagi Bahá'u'lláh og þær hvíla nú í hinu fagra og undursamlega grafhýsi Bábsins í hlíðum Karmel-fjalls í Ísrael.

Boðskapurinn


Hverjar voru þær kenningar, sem vakið gátu slíkan ótta og andúð, að samanlagðan styrk ríkisvalds og kennivalds þurfti til að kveða þær niður og uppræta alla þá, sem aðhylltust þær?

I klettavirkjunum Máh-Kú og Chiríq, þar sem Bábinn var lengst af í haldi, reit Hann mikið verk, persneska *Bayáninn*. Þar segir Hann, að líf sitt þjóni þeim tilgangi einum að ryðja braut „þeim, sem Guð mun birta,“ mannkynsfræðaranum, sem fyrirheit er gefið um í öllum trúarbrögðum heims. Auk þess nam Hann úr gildi ýmis fyrirmæli Kóransins, m.a. tilskipunina um heilagt stríð. Boðskapur Hans einkenndist af háleitustu mannúðarhugsjón sem heimurinn hafði þekkt fram að þeim tíma: allar þjóðir voru jafnar fyrir Guði og allir menn bræður. Hann bannaði fylgjendum sínum

að hafa nokkur afskipti af stjórnmálum og skyldaði þá til lög-
hlýðni og þegnhollustu. Má af því ráða að persneska valdstjórnin
hafi lítt hirt um að kynna sér kenningar Hans. Hann bannaði
einnig stranglega mannvíg og ofbeldi, deilur og hefndir. Öll
áhersla trúar Hans er á guðrækilegt lífern, góðsemi og grandvar-
leik, sannsögli, auðmýkt og ást meðal hinna trúuðu, heiðarleika,
sanngirni, tryggð og allar þær dyggðir, sem sæma háleitri stöðu
mannsins í sköpunarverki Guðs. Eins og Bahá'u'lláh síðar, lagði
Bábinn ríkasta áherslu á þjónustu og ást til allra manna, fráhrarfrá jarðneskum hlutum og veraldlegri eftirsókn, óbifanlega stað-
festu á vegi Guðs og fullkomna undirgefni við vilja Hans.

Þótt líta beri á trú Bábsins sem sjálfstæð trúarbrögð og Hann
sjálfan sem guðlegan boðbera á borð við Móse, Krist og Múh-
ammed, þá vissi Hann að þessum trúarbrögðum var markað skeið.
Hann lýsir því yfir að eini tilgangur þeirra sé að búa mannkynið
undir birtingu þess mikla og undursamlega Fræðara, sem Hann
aldrei þreytist á að vegsama í ritum sínum. Hann segir um þennan
fyrirhugaða Endurlausnara: „Allur Bayáninn er aðeins eitt lauf
meðal laufanna í paradís Hans.“ Og einnig: „Allt það sem opin-
berað hefur verið í Bayáninum, er einungis hringur á fingri Mín-
um, og sannlega er Eg sjálfur aðeins hringur á fingri Hans sem
Guð mun birta ..“ Og ennfremur: „I dag er Bayáninn eins og
sáðkornið. I upphafi opinberunar Hans sem Guð mun birta mun
endanleg fullkomnun þessa sáðkorns verða deginum ljósari.“ Þá
segir Bábinn einnig: „Sæmra væri yður að lesa aðeins eitt vers
Hans sem Guð mun birta, en afrita allan Bayáninn, því að á þeim
degi getur þetta eina vers gert yður hólpna, þar sem allur Bayán-
inn getur ekki gert yður hólpna.“

Í persneska Bayáninum er gervöll trúarlöggjöf Múhammeds
spámanns (Sharí'a), sem skráð er á Kóraninn, numin úr gildi.
Þessi byltingarkenndu fyrirmæli eru kveikjan að hinni miklu og
einstæðu ráðstefnu í Badasht, þar sem áttatíu og einn lærisveinn
Bábsins komu saman til að ræða framtíð hinnar kornungu Trúar
í návist og undir handleiðslu hins fremsta meðal lærisveinanna,
Bahá'u'lláh (sjá 2. kafla). Shoghi Effendi, Vörður Bahá'í trúar-
innar, segir að eitt af markmiðum þessarar ráðstefnu hafi verið að
„kippa stöðunum skyndilega og óafturkallanlega undan spilltum
og úreltum stofnunum.“ Ýmis lög og fyrirmæli Bábsins voru því
ströng og byltingarkennd, því að meginmarkmið þeirra var að
opna augu fylgismannanna, sem fram til þess tíma höfðu allir



Grafhýsi Bábsins á Karmel-fjalli

játað shí'ah Islám, og vera þeim jafnframt áminning um að lög Islám tilheyrðu nú liðinni tíð.

Ein kenning Bábsins var sú, að vissa ritningarstaði beri að túlka á táknrænan hátt, en ekki bókstaflega, og Hann fjallar um nokkra slfka staði í helgiritunum. Hann útskýrir t.a.m. stighækkandi opinberun, sem er lykilhugtak í Bahá'í trúnni, en í *Kitáb-i-Iqán* setur Bahá'u'lláh fram þessar kenningar um einingu Guðs og spámanna Hans í allri sinni tign, fegurð og einfaldleik. Bahá'u'lláh nam ekki öll lagaboð Bábsins úr gildi en tók þvert á móti upp nokkrar félagslegar kenningar Hans, m.a. þær að allir skuli verða menntunar og uppfræðslu aðnjótandi; fullt jafnræði skuli vera með konum og körlum; betl skuli bannað og séð fyrir þurfalingum úr almennum sjóðum; lögð skuli rækt við nytsamar listir og iðngreinar og að neysla áfengis skuli forboðin.

Þótt kjarnann í kenningum Bábsins megi finna í Bayáninum, segir Bahá'u'lláh að ritverk Hans um *Súru Jósefs* (Qayyúmu'l-Asmá), sem Hann opinberaði sömu nóttina og Hann kunngerði Mullá Husayn köllun sína í Shíraz, sé „fyrst, mest og máttugust allra þeirra bóka“, sem Bábin opiberaði á spámannsferli sínum. I henni boðar Bábin komu sína og mælir varnaðarorð til fólksins, til keisara Persíu og ráðherra hans. Þar er einnig að finna ýmsa spádóma og Bábin boðar þar í fyrsta sinn á ferli sínum komu „Þess sem Guð mun birta.“

Í töflu (opinberuðum pistli), sem Bábin sendi Muḥammad Sháh, keisara og einvaldi í Persíu, kunngerir Hann stöðu sína með svofelldum orðum:

„Eg er Frumpunkturinn (Nuqtíy-i-Úlá), sem allir skapaðir hlutir eru runnir frá ... Eg er ásýnd Guðs, hvers dýrð mun aldrei fölna, ljós Guðs, hvers ljómi mun aldrei blikna ... Alla lykla himnaríkis hefur Guði þóknast að leggja í hægri hendi Mína og alla lykla heljar í hina vinstri... Hver sá sem borið hefur kennsl á Mig hefur borið kennsl á allt sem satt er og rétt og höndlað allt sem gott er og sæmandi...“

John Ferraby segir um þessi orð Bábsins í bók sinni *All Things Made New*:

„Hér er ekki aðeins um að ræða tilkall (af Bábsins hálfu) til að vera hlið að hinum hulda Imám, eins og sumir Múslimir á þeim tímum héldu ab titillinn Báb merkti. Þessi nafngift hafði lengi verið notuð um fjóra menn, sem áttu að

vera meðalgangarar milli tólfta Imámsins, sem hvarf, og hinna trúföstu. Sumir ímynduðu sér að Bábinn teldi sig vera fimmta hliðið, en orð Hans sjálfs bera því ótvírætt vitni, að staða Hans er miklu háleitari en svo. Hann var enginn annar en hinn Fyrirheitni, sem shíítar í Islám nefna Qá'im, og keppinautar þeirra, Sunnítar, nefna Mihdí. Hann var að sönnu „Hlið“, en ekki að neinum huldum Imám. Hann var hlið að nýrri öld, að Bahá'í tímabilinu, hliðið að fyrirheiti allra alda, hliðið að dýrð Guðs, Bahá'u'lláh.“

Um Hann reit Bábinn þessi eftirtektarverðu orð: „Ef Hann birtist á þessu andartaki, yrði Eg fyrstur allra til að vegsama Hann og fyrstur allra til að krjúpa Honum.“

1. kafli

Æskuár Bahá'u'lláh

Persía er land stórfelldra andstæðna — gróðursæls láglendis og blómlegra byggða við rætur Elburz-fjalla í norðri, en hrikalegra firninda og eyðimarka í suðri. Yfir þessu landi reis upp nærfellt þrjú þúsundum árum sól einhverra elstu trúarbragða, sem kunn eru úr sögunni, en grunntónn þeirra er barátta andstæðnanna miklu í veröld mannsins: ljóss og myrkurs, góðs og ills. Höfundur þeirra, spámaðurinn Sarapústra, boðaði þjóð sinni trú á einn alvaldan Skapara, flutti henni fagan og háleitan siðaboðskap og gaf henni stórfenglega sýn á framtíð mannkynsins, er ljósið hefur að endingu borið sigurorð af myrkrinu með fulltingi mannkynsfræðarans fyrirheitna, Saoshyants, sem grundvalla mun ríki Guðs á jörðunni og eilíft bræðralag meðal þjóðanna.

Eftir að heimsveldi herkonunganna miklu, Daríusar og Kýrosar, gekk á grunn, tók ytri dýrð þessarar völdugu þjóðar að blikna, uns svo fór að lokum að útlendur sigurherra sat í hásæti keisaranna og sólundaði fjársjóðum þeirra. Á sjöundu öld eftir Krists burð réðust arabískar herfylkingar inn í landið og fluttu með sér nýja og máttuga trú, Islám, sem á skammri stund lagði undir sig gjörvallt landið og útrýmdi næstum hinum forna aríska átrúnaði, sem nú var aðeins líflaus og steinrunnin kredda. Um skeið lifði þjóðin nýja stórveldistíma — að þessu sinni á sviði mennta, lista og vísinda. Persía varð heimkynni högustu listamanna og andríkustu skálda í Islám fyrr og síðar. En í aldanna fláumi þvarr einnig sköpunarþróttur þessara miklu trúarbragða og smám saman

villtist Persía frá grundvallandi leiðarmerkjum Islám: réttlæti, undirgefni og grandvarri breytni hinna trúuðu. Yfir þetta sögu-rika land seig myrkur fáfræði og sinnuleysis, spillingar og harðstjórnar. Sigurfáni islamskrar hámenningar var dreginn niður og siðgæðismælikvarði trúarinnar fótum troðinn af þeim sem valist höfðu til að framfylgja honum. En eins og ávallt þegar nóttin er dimmest og myrkrið svartast tekur sól trúarinnar að rísa á ný til að græða, lífga og endurnýja. Skömmu fyrir miðbik síðustu aldar rættist á persnesku þjóðinni hið völduga sigurhróp Jesaja spámanns, sem skráð er í mestu spádómsbók Biblíunnar:

„Sú þjóð sem í myrkri gengur, sér mikið ljós; yfir þá, sem búa í landi náttmyrkra, skín ljós .,“

Uppruni Bahá'u'lláh

Bahá'u'lláh, dýrð Guðs, fæddist í Núr („ljós“) skammt undan ströndum Kaspíahafsins, 12. nóvember 1817. Upprunalegt nafn Hans var Mírzá Ḥusayn'-Alí. Hann var af elztu og virtustu ættunum í landinu. Faðir Hans, Mírzá 'Abbás Buzurg, var vesír (ráðherra) við hirð keisarans í Teheran. Móðir Hans hét Khedijih Khánum. Hann var afkomandi Sásáníyán-konunganna í Persíu, sem röktu ættir sínar allt aftur til spámannsins forna Sarapústra og Ketúru, þriðju eiginkonu Abrahams, ættföðurs Gyðinga. Þannig mætast í Bahá'u'lláh tveir völdugir stofnar hinna arísku og semísku trúarbragða.¹

Draumur vesírsins

Persneski sagnritarinn Nabíl segir frá því, að er Bahá'u'lláh var barn að aldri, hafi vesírinn, föður Hans, dreymt draum. Honum þótti Bahá'u'lláh synda í miklu og takmarkalaus úthafi. Líkami Hans skein í sjónum og ljósið, sem frá Honum stafaði, lýsti upp allt hafið. Um höfuð Hans, sem bar yfir hafflötin, flóðu langir

1 Mírzá Abu'l-Faḍl segir, að er hann var að rannsaka ætt og uppruna Bahá'u'lláh hafi það vakið sérstaka athygli sína, að einn óvægnasti og illskeyttasti gagnrýnandi Bahá'í trúarinnar, skáldið Riḍá-Qulí Khán-i-Hidáyat, viðurkennir í bók sinni Nizhád-Námih (bók forfedra), að Núrí-ættin í Mázindarán sé runnin frá hinum völduga einvaldi Kosróes I, sem gekk undir nafninu 'Adil (réttlátur). Í fórum ættarinnar var niðjatal, sem náði allt aftur til Yazdigird, Sásáníyán-konungsins mikla.



Mírzá Buzurg, faðir Bahá'u'lláh.

tinnusvartir lokkar Hans í allar áttir og bylgjuðust á sjónum. Er vesírinn horfði á þessa miklu sýn, sá hann að mikill fjöldi fiska safnaðist um Son hans og hver þeirra festi sig við eitt höfuðhár Hans. Þeir virtust hugfangnir af ljómanum frá ásjónu Hans og fylgdu Honum eftir hvert sem Hann fór. Þótt mergð fiskanna væri afar mikil og þeir hefðu bitið sig fasta í lokka Hans, losnaði ekki eitt einasta hár af höfði Hans og lfkami Hans var óskaddaður. Frjáls og óheftur synti Hann að vild í skínandi úthafinu og allir fiskarnir eltu Hann.

Draumur þessi hafði mikil áhrif á vesírinn, sem boðaði á sinn fund draumspakan mann, sem náð hafði mikilli frægð, og bað hann að túlka sýnina. Hann þýddi hana á þessa leið: „Hafið, sem þú sást í draumnum, ó vesír, er ekki annað en tilveran sjálf. Einn og óstuddur mun sonur þinn bera af henni sigurorð og komast til æðstu yfirráða yfir henni. Hvert sem Hann vill fara, þangað fer Hann óheftur. Enginn mun stöðva uppgöngu Hans og enginn tálma framrás Hans. Fjöldi fiskanna táknar það umrót, sem hann mun valda meðal þjóða og kynkvísla jarðarinnar. Þær munu

safnast um Hann og fylgja Honum fast eftir. Óbrigðul vernd hins Alvalda mun því til leiðar koma, að þetta umrót skaðar Hann ekki og einsemd Hans á hafi lífsins stofnar öryggi Hans ekki í hættu.“

Æska Bahá'u'lláh

Bahá'u'lláh var alinn upp í miklu ríkidæmi. Hann var umkringdur öllum þeim munaði, þægindum og áhyggjuleysi, sem Persar af tignum stigum vöndust við frá blautu barnsbeini. Þjónar vöktu yfir hverri hreyfingu Hans og eins og venja var til um prinssa og aðalsmenn gat Hann hvergi farið án þess að flokkur hirðsveina fylgdi Honum eftir. Bahá'u'lláh unni grósku og gróðurlendi og reikaði oft um skógana. Hann nefndi sveitina „heim sálarinnar“, en borgina kallaði Hann „heim líkamans.“

Strax frá barnæsku skar Bahá'u'lláh sig úr hópi ættingja sinna og vina. Slíkir voru hæfileikar Hans og andlegt atgervi, að haft var á orði að Hann hlyti að deyja ungur, því það var trú manna að svo bráðþroska börn gætu ekki orðið langlíf.

Ólæsi var regla í Persíu á níttjándu öldinni, a.m.k. meðal almennings. Til voru tvær stéttir „menntamanna“, embættismenn og klerkar. Bahá'u'lláh var úr embættismannastétt, en hjá þeim tíðkaðist stutt skólaganga, þar sem höfuðáhersla var lögð á lestur og fagurskrift, Kóraninn og verk frægra persneskra skálda. Venja var að embættismannasynirnir kvæntust að aflokinni skólagöngu, flestir nokkuð innan við tvítugt. Klerkarnir, sem öll alþýða manna hlýddi í blindni, vörðu tíma sínum til guðfræðilegra iðkana og útlistana á trúarlöggjöf Kóransins, og minntu fræði þeirra og umræðuefni mjög á skólaspeki miðalda í háskólum Evrópu. Þeir fengust auk þess við heimspeki, læknisfræði og stjörnufræði. En fyrst og fremst lögðu þeir stund á arabísku og arabískar bókmenntir. Mikil áhersla var lögð á staðgóða kunnáttu í þessu tungumáli, enda er Kóraninn opinberaður á arabísku og margir prestanna eyddu allri ævi sinni í þetta nám. Guðfræðiritismiðar þóttu einskis nýtar, ef þær voru ekki á arabísku, og engin predikun þótti vel lukkuð nema predikarinn kryddaði hana mörgum erfiðum og helst óskiljanlegum arabískum orðum.

Þótt Bahá'u'lláh gengi aldrei í þá skóla, sem ætlaðir voru guðfræðingum eða öðrum lærdómsmönnum, hafa sérfróðir menn um arabískar og persneskar bókmenntir borið því vitni, að rit Bahá'u'lláh á þessum tungumálum — skoðuð eingöngu frá fagurfræðilegu sjónarmiði — eigi sér engan líka að fegurð, orðgnótt

og andlegri dýpt. Bahá'u'lláh lærði aldrei arabísku í skólum, en Hann hefur samt sem áður auðgað arabískar bókmenntir svo með ritum sínum, að þau hafa rutt braut nýrri stílhefð líkt og ritmál Kóransins gerði á sínum tíma. Arabíska er eitt margslungnasta og blæbrigðaríkasta tungumál sem til er. Höfundur hinnar viðfrægu bókar „Spámaðurinn“, Kahlil Gibran, lét svo ummælt eftir lestur *Hulinna orða*, að þessi óviðjafnanlega perla trúarbókmenntanna væri fullkomin nýjung í arabískum bókmenntum og tæki fram öll sem skrifað hefði verið á því máli á síðari öldum. Hið sama gildir um rit Bahá'u'lláh á persnesku. Bahá'u'lláh hefur sjálfur útskýrt, að þekking spámanna Guðs sé ekki áunnin, eins og þekking manna, heldur sé hún frá Guði. Gildir þar einu hvort um er að ræða þekkingu á andlegum sannindum eða þann lærdóm, sem aðrir menn afla sér af bókum með ærinni fyrirhöfn.

Kvönfang Hans¹

Þegar Bahá'u'lláh var níttján ára gamall kvæntist Hann stúlku af tignum ættum, Ásíyih Khánum. Bahá'u'lláh kallaði hana jafnan Navváb, en það er virðingarheiti, sem persneskir tignarmenn notuðu um eiginkonur sínar. Meðal Bahá'ía er hún þekkt undir þessu heiti. Navváb ól Bahá'u'lláh sjö börn, en aðeins þrjú þeirra lifðu, 'Abdu'l-Bahá, Bahíyyih Khánum og Mírzá Mihdí. Faðir Navváb var vesír við hirð keisarans, eins og faðir Bahá'u'lláh. Hann hét Mírzá Ismá'íl. Samkvæmt fornri venju leysti hann dóttur sína út með miklum heimanmundi. Bahíyyih Khánum segir frá því að fjörutíu múlasnar hlaðnir dýrum munum hafi fylgt henni til heimilis Bahá'u'lláh. Skartgripasmiður vann að því í hálf tveim árum að smíða skartgripi handa henni fyrir brúðkaupið. Jafnvel hnapparnir í klæðum hennar voru gullslegnir og settir eðalsteinum. Síðar, á leiðinni í útiegdina frá Teheran til Baghdad, voru þessir hnappar seldir fyrir brauð.

Bahá'u'lláh og hin kornunga eiginkona Hans tóku eins lítinn þátt í opinberu lífi og þeim framast var unnt. Bahá'u'lláh hafði aldrei sóst eftir ábatasamri stöðu eða pólitísku embætti, eins og

1 Ævaforin þjóðfélagshefð, sem m.a. studdist við trúarlöggjöf Kóransins, bauð karlmönnum úr efri stéttum shí'ah kirkjuríkisins, að taka sér fleiri en eina konu. Í samræmi við þetta gekk Bahá'u'lláh að eiga þrjár konur, tvær í Teheran og þá þriðju í Baghdad. Síðar nam Hann sjálfur trúarlöggjöf Kóransins úr gildi, þar á meðal lögin sem heimila fjölkvæni.

siður var ungra höfðingjasona. Öll embætti stóðu Honum opin og vinir Hans lögðu hart að Honum að þiggja ráðherrastöðu við hirðina. Bahá'u'lláh neitaði ávallt að þiggja slíkt embætti og olli það mikilli undrun og umtali. Hann var þekktur að því að gera aldrei tilraun til að færa sér í nyt tengsl sín við hirðina og stjórn keisarans. Á hinn bóginn látu margir Honum á hálsi fyrir að sólunda auðæfum sínum á fátæklinga og þurfamenn í heimahéraði sínu. Stöðugur straumur þurfalinga lá til heimilis Bahá'u'lláh og Navváb og enginn fór frá þeim bónleiður. Þau greiddu úr vandkvæðum allra með ástúð, blíðu og umhyggju. Meðal alþýðu manna gekk Bahá'u'lláh undir nafninu „huggunarfaðir“ og eiginkona Hans var kölluð „móðir hinna þurfandi.“

Sendiför Mullá Husayn

Er Bábin hafði sent lærisveina sína frá Shíráz, hvern til síns heimahéraðs, til að flytja persnesku þjóðinni boðskap Hans, urðu tveir eftir hjá Honum. Þeir voru Mullá Husayn, fyrstur lærisveinanna átján, sem Bábin nefndi „Bókstafi hins Lifanda“, og Quddús, hinn síðasti þeirra. Bábin skýrði þeim frá því, að Hann hefði ákveðið að fara í pílagrímsför til Mekka og kunngera þar opinberlega, að Mihdí, hinn fyrirheitni endurlausnari Islám og fræðarinn miklu, sem allar þjóðir heims væntu, væri í heiminn kominn. Hann sagði, að Quddús einn fengi að fylgja sér í þetta langa og hættulega ferðalag. Hann hughreysti Mullá Husayn, sem hryggðist yfir aðskilnaðinum við Meistara sinn, og kvaðst í staðinn mundu beina för hans til borgar, sem geymdi heilagan leyndardóm, svo undursamlegan, að hvorki Shíráz né Mekka kæmust í samjöfnuð við hana. Hann sagði:

„Vér höfum skilið þig eftir til að standast atlögu grimms og miskunnarlausss óvinnar. Ver þess þó fullviss, að óumræðilega dýrleg blessun mun falla þér í skaut. Hef nú för þína til norðurs og staldra á leið þinni við Işfáhán, Káshán, Qum og Teheran. Bið almáttka Forsjónina, að þér megi náðarsamlegast verða kleift að komast í þeirri borg .. til bústaðar Ástvinarins. Í þeirri borg er leyndardómur fólgin. Er hann verður afhjúpaður, mun hann gera jörðina alla að Paradís.“

Bábin fullvissaði Mullá Husayn um að þótt öll veröldin risi í gegn honum, gæti enginn gert honum hið minnsta mein fyrr en hann hefði lokið erindi sínu. Hann hét Mullá Husayn því einnig,

að hann mundi fá að sjá Hann aftur í þessum heimi. Og er þeir skildust, ítrekaði Bábinn fyrirheit sitt:

„Ver ekki hryggur yfir því að Eg hef ekki valið þig sem förunaut Minn í pflagrímsförina til Híjáz (Mekka). Eg mun í staðinn beina skrefum þínum til þeirrar borgar, sem geymir yfirskilvitlegan leyndardóm, svo heilagan, að hvorki Shíráz né Híjáz komast í samjöfnuð við hana ... Kjarni máttarins dvelur nú hið innra með þér og sveitir útvalinna engla Hans fylgja þér. Alvoldugir armar Hans munu umlykja þig og óbrögðull andi Hans ætíð leiðbeina fótum þínum.“

Mullá Húsayn var kornungur námsmaður, fingerður og veikbyggður. Fram til þessa hafði hann lifað og hrærst í bókum og ekkert í lífi hans hafði búið hann undir þær miklu þrengingar, sem nú biðu hans og bundu að lokum enda á líf hans.

Hann hélt án tafar frá Shíráz yfir brennandi eyðimerkursandana í grennd við forna höfuðborg Persíu, Persepólís, og eftir langt ferðalag yfir óbyggðirnar kom hann til hinnar fornfrægu borgar Ísfáhán, sem kunn var víða á þeim dögum fyrir lærða og ofstækisfulla klerkastétt. Mullá Húsayn hélt inn í borgina og hóf þegar í stað að kunngera boðskap Bábsins öllum sem á hann vildu hlýða. Koma hans olli talsverðu uppnámi meðal klerkanna. Þegar þeir tóku til að espa upp götulýðinn gegn honum, eins og siður var íranskra klerka, er þeir þóttust finna þefinn af villukenningu, fór Mullá Húsayn úr borginni og hélt áfram för sinni til norðurs. Hann staldraði við í Káshán og borginni helgu, Qum. Loks kom hann til Teheran og fékk inni í litlu herbergi í skóla guðfræðinga, Páy-i-Mínár. Hann var þekktur meðal borgarbúa sem fylgismaður Siyyid Kazim¹, en hann leitaði ekki í moskurnar til að predika, heldur gekk meðal fólksins og kenndi. Hann gerði sér far um að reyna að opna augu prestanna fyrir gildi og sannleika þessarar nýju Trúar, en þeir vísuðu honum á bug með fyrirlitningu og spotti. Sagnritarinn Nabíl segir frá því, að hann hafi ávallt farið út snemma morguns og snúið heim aftur einni klukkustund eftir sólsetur og haldið kyrru fyrir í vistarveru sinni. Fregnirnar um

1 Annar af tveimur höfundum Shaykhí-skólans, sem í byrjun níttjándu aldar kenndi að endurlausnari þjóða heimsins væri í nánd. Hinn upphafsmaður þessarar miklu trúarvakningar í shí'ah Islám var Shaykh Aḥmad.

trúskipti Mullá Husayn bárust víða og fyrirverandi trúbræður hans í hreyfingu Siyyid Kazim litu á hann sem Júdas, svikara við málstað þeirra, og neituðu að trúa því að hinn Fyrirheitni, sem þeir allir biðu, væri þegar kominn fram á sjónarsviðið.

Í herberginu við hliðina á vistarveru Mullá Husayn bjó ungur guðfræðinemi frá heimahéraði Bahá'u'lláh, Núr. Hann hét Mullá Muḥammad-i-Mu'allim. Hann varð áheyrandi að því, er forstöðumaður skólans kom inn í herbergi Mullá Husayn kvöld eitt og tók að álasa honum þunglega fyrir að boða hina nýju Trú og taldi að með því stuðlaði hann að upplausn og eyðingu trúfélagsins, sem þeir báðir höfðu tilheyrt. Mullá Husayn reyndi með ástúð og vingjarnleik að vinna þennan mann á sitt band, en forstöðumaðurinn var fullur hroka og fyrirlitningar og tók að svívirða Mullá Husayn og fara niðrandi orðum um trú Bábsins. Mu'allim, sem heyrði samræður þeirra, hreifst mjög af þolinmæði og góðsemi Mullá Husayn, en gramdist sárlega framkoma forstöðumannsins. Um miðnætti er hann var farinn og allir gengnir til náða, fór hann til herbergis Mullá Husayn og barði að dyrum. Er hann kom inn í þessa litlu kytru, sat Mullá Husayn að persneskum sið á gólfinu hjá lampa sínum. TárfeLLandi harmaði Mu'allim hegðun forstöðumannsins gagnvart svo virtum gesti.

„Nú veit eg hversvegna eg valdi þennan stað,“ sagði Mullá Husayn. „Þar sem meistarinn er blindur, kann nemandinn að sjá. Frá hvaða borg kemur þú?“

„Heimili mitt er í Núr,“ var svarið.

Mullá Husayn spurði hann þá áfjáður um fjölskyldu hins látna vesírs, Mírzá Buzurg. Hafði einhver af ætt hans tekið upp merki fjölskyldunnar og viðhaldið hefðum hennar siðfágun og þeim orðstír sem af henni fór?

„Já,“ var svarið. „Það er sonur hans, Mírzá Husayn-'Alí.“

„Og hvað gerir hann?“

„Hann hughreystir sorgmædda og mettar hungraða.“

„Hver er staða hans og hvaða embætti gegnir hann?“

„Hann hefur ekkert embætti — nema það að vera vinur bónbjargarmanna og ókunnugra.“

„Hvernig eyðir hann tímanum?“

„Hann reikar um skógana. Hann elskar fegurð sveitarinnar.“

„Hversu gamall er hann?“

„Hann er tuttugu og átta ára gamall.“

Orð námsmannsins unga höfðu mikil áhrif á Mullá Husayn og

hann geislaði af gleði. Hann tók upp úr pússi sínu bókröllu, sem vafin var í klút, fékk Mu'allim hana og bað hann fara til þessa unga manns og afhenda honum bókina við sólarupprás næsta dag. Á þeim tíma flyktust menn venjulega í allskonar erindagerðum til húsa tignarmannanna.

Mu'allim gerði eins og fyrir hann var lagt. Er hann kom að húsi Bahá'u'lláh, sá hann bróður Hans, Mírzá Músá, fyrir utan. Hann fékk honum bókrölluna og bað hann færa Bahá'u'lláh. Hann kallaði þá báða fyrir sig, bauð þeim að setjast, fletti upp bókinni og hóf að lesa úr henni, fagurri og hljómmikilli röddu. Er Hann hafði lesið upphátt eina blaðsíðu í bók þessari, sneri Hann sér að bróður sínum og sagði: „Músá, hvað segir þú um þetta? Sannlega segi eg: sá sem trúir á Kóraninn og guðlegan uppruna hans og hikar samt eitt andartak við að viðurkenna að þessi orð eru gædd sama endurnýjunarkrafti — honum hefur brugðist dómgreindin og hann hefur villst langt af vegi réttlætisins.“ Fleira sagði Hann ekki. Er Hann sendi Mu'allim frá sér, bað Hann hann að taka hleif af rússneskum sykri og lítilsháttar af tei sem gjöf frá sér til Mullá Husayn, en hvorutveggja var afar fágætt í Persíu á þeim tímum og notað sem vildargjafir meðal hástéttarfólks.

Mu'allim hélt aftur til prestaskólans og sagði Mullá Husayn hvað gerst hafði. Sá síðarnefndi var sem frá sér numinn, er Mu'allim skýrði honum frá þessu. Hann reis upp, laut höfði og tók við gjöfinni frá Bahá'u'lláh og kyssti hana. Síðan faðmaði hann Mu'allim, kyssti á bæði augu hans og sagði: „Elskaði vinur minn. Líkt og þú hefur glatt hjarta mitt, þannig bið eg Guð að veita þér eilífa hamingju og fylla hjarta þitt ófölnandi gleði.“ Mu'allim furðaði sig mjög á þessum orðum og þeirri breytingu sem orðið hafði á viðmóti Mullá Husayn. Hann braut heilann um það hvað það væri sem bundið gæti þessar tvær sálir svo sterkum böndum. Fram til þessa hafði Mullá Husayn ekki látið sér bregða við neitt, hvorki spott né aðkast, en þessi þýðingarlitla gjöf hafði nægt til að koma honum úr jafnvægi.

Nokkrum dögum síðar hélt Mullá Husayn til Khurásán. Er hann kvaddi Mu'allim, sagði hann: „Segðu engum frá því, sem þú hefur heyrt og séð. Skoðaðu þetta sem leyndardóm, sem falinn er í hjarta þínu. Ljóstraðu ekki upp nafni Hans, því að þeir sem öfundast yfir stöðu Hans munu rísa upp og vinna Honum mein. Bið þú Guð þess á hugleiðslustundum þínum að vernda Hann, til þess að Hann megji með fulltingi Guðs reisa hina fótumtroðnu,

auðga fátæka og endurleysa fallna. Leyndardómur þessara hluta er okkur hulinn. Okkur ber hins vegar skylda til að hefja upp kallið um hinn nýja dag og kunngerá öllum mönnum þennan guðdómlega boðskap. Margar sálir munu í þessari borg úthella blóði sínu á braut Hans. Það blóð mun vökva tré Guðs uns það í fullum blóma sínum yfirskyggir allt mannkynið.“

Ferðin til Mázindarán

Fyrsta ferðin, sem Bahá'u'lláh fór til þess að boða trú Bábsins, var til ættaróðalsins í Núr í héraðinu Mázindarán. Hann hélt til Tákur-þorps, þar sem faðir Hans átti mikla og ríkulega búna höll.

Forsætisráðherra Persíu, Hájí Mírzá Áqásí, var óvinveittur Mírzá Buzurg, en bar mikla virðingu fyrir syni hans. Mírzá Buzurg renndi grun í að þessi drembiláti harðstjóri ætti drýgstan þátt í dauða náins vinar hans, héraðshöfðingjans Mírzá A'bul-Qásim. Sagt var að keisarinn hefði eitt sinn sett annan ráðherra í embætti Hájí Mírzá Áqásí. Mírzá Buzurg, sem þá var fylkisstjóri í Burújird og Luristán, lýsti yfir ánægju sinni með þessa ráðstöfun keisarans í bréfi til persneska stjórnmalamannsins Bahman Mírzá prins, sem síðar flúði til Rússlands. Prinsinn sýndi forsætisráðherranum þetta bréf. Hann brást reiður við og sendi eftir Bahá'u'lláh og fékk honum bréfið í hendur með svofelldum orðum: „Sjáðu þetta; ekki veit eg hvað eg hef gert föður Þínum að eg verðskuldi annað eins.“ Bahá'u'lláh þagði. Einn samráðherra Áqásí, sem var nærstaddur, tók bréfið og sagði til að sefa forsætisráðherrann: „Þetta er ekki rithönd hans. Einhver hefur stælt hana.“ Hájí Áqásí hrópaði: „Óhugsandi, enginn skrifar svo fagra rithönd né kemst svo listilega að orði.“ Bahá'u'lláh þagði enn. Áqásí sneri sér að honum og sagði: „Hvað get eg gert? Hvað á eg að gera? Hann er faðir Þinn. Þín vegna ætla eg að reyna að gleyma þessu og láta hið liðna vera gleymt og grafið, en skrifa þú föður Þínum og ráðlegg honum að gera þetta ekki aftur.“

Þrátt fyrir óvild forsætisráðherrans naut Mírzá Buzurg óskorads trausts og virðingar meðal landsmanna. Hann samdi sig ekki að háttum annarra ráðherra og átti því ýmsa hatursmenn við hirð keisarans. Auðæfi hans voru geysileg og vinir hans og ættingjar í Núr og Teheran lifðu við öryggi og efnisleg þægindi. En skyndilega dundu yfir ættina miklar hörmungar, sem kipptu stöðunum undan þessu mikla ríkidæmi. Mikið vatnsflóð ofan úr fjöllum

skall á fögru og blómlegu þorpinu í Tákur, sem var í eigu vesírsins, og eyðilagði helftina af eignum hans. Skömmu síðar missti hann ýmis embætti, sem hann hafði gegnt við hirðina, vegna illmælgis og undirróðurs öfundarmannanna. Þrátt fyrir þetta hélt vesírinn rósemi sinni og virðuleika og hélt áfram að stunda góðgerðarstarfsemi eftir því sem takmörkuð fjárráð hans leyfðu. Starfsbræðrum sínum sýndi hann eftir sem áður þá hæversku og alúð, sem einkenndi hann í öllum samskiptum hans við meðbræður sína. Þessu hélt hann áfram allt til dauðadags.

Er Bahá'u'lláh kom til Núr flyktist að Honum mikill hópur embættismanna og fyrirfólks, sem bauð Hann velkominn og spurði með áfergju fréttu af keisaranum, hirðlífinu og þeim málum sem ofarlega voru á baugi í höfuðborginni. Öllum þessum fyrirspurnum svaraði Bahá'u'lláh með þögn og áhugaleysi, en tók hinsvegar með mælsku og brennandi áhuga að fræða gesti sína um málstað Bábsins og benda þeim á það ómetanlega gagn og þá blessun, sem hann hlyti að færa ættlandi þeirra. Þeir, sem á mál Hans hlýddu, undruðust þann áhuga, sem ungur maður í Hans aðstöðu hafði á málum, sem fyrst og fremst varðaði kennimenn og guðfræðinga Íslám. Nokkrir ættingjar hans og nánir vinir gengu hinum nýja Málstað á hönd og urðu virkir fylgismenn Bábsins. Meðal þeirra voru nokkrir frændur Bahá'u'lláh og frænkur, og auk þess nokkrir klerkar og embættismenn í Núr. Sumir þeirra liðu sínar píslarvætti fyrir trú sína. Árangurinn sem Bahá'u'lláh náði á svo skömmum tíma var kraftaverki líkastur og margir urðu felmtri slegnir, er þeir urðu þess áskynja hve hratt þessi nýi og framandlegi boðskapur náði tókum á hjörtum manna. Einn frændi Bahá'u'lláh, 'Azíz að nafni, varð skelfingu lostinn og leitaði ásjár háklerksins á þessum slóðum, Mullá Muḥammad, og bað hann fyrir alla muni að finna einhver ráð til að stöðva Bahá'u'lláh. Sagði 'Azíz, að Hann hlyti annaðhvort að vera töframaður eða blanda einhverju dularfullu efni í teið, sem Hann gæfi gestum sínum, því að sérhver maður sem í návist Hans kæmi félli óðara fyrir orðum Hans og persónutöfrum. Kennimanninum hraus hugur við að espa íbúana gegn Bahá'u'lláh og lét það nægja að fá 'Azíz skriflega yfirlýsingu, þar sem honum var heitið vernd gegn hverskyns göldrum og vélabrögðum. Þessi yfirlýsing hafði þó þveröfug áhrif við það sem til var ætlast og varð 'Azíz til hinnar mestu hneisu.

Fylgjendunum fjölgar

Þeim fór nú stöðugt fjölgandi, sem heyrðu Bahá'u'lláh segja frá málstað Bábsins og risu upp í skyndingu til að útbreiða þennan boðskap. Lærisveinar Mullá Muḥammad hvöttu meistara sinn til að heimsækja Bahá'u'lláh í eigin persónu og ganga úr skugga um eðli og áform þessarar nýju opinberunar og fræða áhangendur sína síðan um hana. Mullá Muḥammad fór undan í flæmingi en afréð loks að senda tvo virtustu lærisveina sína, Mullá 'Abbás og Mírzá Abu'l-Qásim, til Bahá'u'lláh í þessu skyni. Kvaðst hann mundu hlíta niðurstöðu þeirra í einu og öllu. Það skipti engum togum, að þegar þessir lærisveinar komu í návist Bahá'u'lláh og heyrðu Hann flytja mál Bábsins, urðu þeir svo hugfangnir af Honum að þeir sneru baki við fyrri meistara sínum og helguðu hinni nýju Trú líf sitt og krafta upp frá því.

Fréttirnar af þessari skyndilegu og óvæntu hugarfarsbreytingu bárust eins og eldur í sinu um allt héraðið og vakti fólkið upp af deyfðarmóki. Guðsmenn, embættismenn, iðnaðarmenn og bændur þyrptust til bústaðar Bahá'u'lláh. Mikill fjöldi þeirra lýsti yfir stuðningi sínum við Hann. Bahá'u'lláh tjáði þeim aftur á móti, að Hann væri kominn til Núr eingöngu til að kenna málstað Guðs og annað veki ekki fyrir Honum. Væri Honum sagt að í hundrað mflna fjarlægð væri leitandi sál, sem þyrsti eftir sannleikanum, mundi Hann hraða sér fagnandi á hennar fund og svala þorsta hennar. Síðan kunngerði Bahá'u'lláh, að Hann hyggðist heimsækja Mullá Muḥammad og flytja honum boðskap Bábsins.

Undanbrögð kirkjuhöfðingjans

Hann hélt þegar af stað ásamt nokkrum félögum sínum til þorpsins Sa'ádat-Ábád, þar sem kirkjuhöfðinginn bjó. Hann tók á móti Bahá'u'lláh með miklum virktum. Bahá'u'lláh tjáði honum, að Hann væri ekki kominn í formlega heimsókn, heldur vildi Hann upplýsa hann um nýja og dýrlega opinberun, sem uppfyllti fyrirheitin, sem gefin hefðu verið í Islám og fornhelgum bókum allra trúarbragða. Eftir langa umhugsun svaraði Mullá Muḥammad því til að hann gæti ekkert aðhafst fyrr en hann hefði ráðfært sig við Kóraninn. Þegar vandkvæði bar að höndum eða taka þurfti mikilvæga ákvörðun, hafði hann það til síðs að gera bæn sína, opna Kóraninn af handahófi og lesa fyrstu málsgreinina, sem fyrir augu hans bar. Hann lét nú færa sér hina helgu bók.

Að fjölda manns ásjáandi opnaði hann bókina, las stutta stund, lokaði henni þvínæst aftur og neitaði að skýra viðstöddum frá því sem hann hafði lesið. Hann sagði einungis: „Ég hef ráðfært mig við bók Guðs og tel óhyggilegt að ganga lengra í þessum efnunum.“ Nokkrir samsinntu þessu, en fæstum duldist að hann hafði orðið óttasleginn við lestur Kóransins. Bahá'u'lláh vildi ekki valda honum frekari vandræðum, reis upp ásamt félögum sínum og kvaddi hann hjartanlega.

Sól heimsins

Heimsókn Bahá'u'lláh til Núr hafði mikil áhrif og léði útbreiðslu Trúarinnar aukinn kraft. Með flekkleysi sínu og hreinlyndi, mælsku og hjartagæsku, hafði Hann snortið hjörtu íbúanna í Núr og gert marga þeirra að dyggum liðsmönnum Bábsins. Þegar Hann var farinn aftur til Teheran, héldu þeir áfram að boða hinn nýja Málstað og treysta stóðir hans. Margir þoldu miklar þjáningar á vegi hennar og liðu píslarvættisdauða. Sagnritarinn Nabíl segir, að Mázindarán, og þó sérstaklega Núr (sem þýðir „ljós“), hafi þá sérstöðu meðal persnesku héraðanna, að þau urðu fyrst til þess að veita hinum guðdómlega boðskap viðtöku. Héraðið Núr, sem er umlukið fjöllum á alla vegu, varð fyrst allra héraða í Persíu til að líta skínandi ljós þeirrar heimssólar, sem risið hafði í Shíráz, og fyrst til að flytja yl og uppljómun þessarar sólar til annarra hluta landsins.

2. kafli.

Kvenhetja og píslarvottur.

Meðal þeirra, sem strax í upphafi játaðist boðskap Bábsins og helguðu sig málstað Hans, var ung stúlka og prestsdóttir í Qazvín, Qurrat'ul-Ayn að nafni, sem Bahá'u'lláh gaf síðar nafnið Ṭahirih (hin hreina). Í rás sögunnar barst orðstír þessarar konu svo víða, að Sarah Bernhardt lét skrifa fyrir sig leikrit um hana og einn merkasti kvenréttindafrömuður í Evrópu, Marianne Hainisch, nefndi hana „fullkornustu fyrirmynd kvenþjóðarinnar.“

Ṭahirih ólst upp í borginni Qazvín, sem fræg var fyrir lærdóm klerka sinna. Faðir hennar og allir nánustu ættingjar höfðu atvinnu af kennimennsku og trúmálaumræðan var henni því runnin í merg og bein. Hún þótti þegar í æsku mikil gersemi, var skáldmælt í betra lagi og orti undir þokkafullum bragarhætti, ghazel, sem kunnur er af kvæðum samlanda hennar Umar Khayyám. Aðeins eitt kvæða hennar hefur varðveist í heillegri mynd og er þekkt á Vesturlöndum í enskri þýðingu Austurlandafræðingsins Edward Granville Browne.

Réttindi kvenna voru í Persíu, sem í öðrum múhammeðskum löndum, nær engin á þessum tímum. Þær voru ambáttir heimila sinna, báru blæju á almannafæri og gátu ekki farið í verslanir, þótt lífið lægi við, nema í fylgd karlmanns. Það var talið í meira lagi ósæmilegt, ef kona blandaði sér í umræður karlmannna, og venjulega aðskildu þykk fortjöld konur og karla á einu og sama heimili. Ṭahirih gerði snemma uppreisn gegn þessum fornu venjum og hlaut af því mikið ámæli ættingja sinna og vina.

Pílagrímsferðin til Karbilá

Þegar hún var þrettán ára gömul var hún gefin frænda sínum, Mullá Muḥammad að nafni. Ráðahagurinn var henni ekki að skapi, en hún beygði sig undir vilja foreldra sinna og ól eiginmanni sínum þrjú börn. Síðar þegar hún yfirgaf hann, reyndi hann tvívegis að ráða hana af dögum.

Ṭahirih las allt sem fyrir augu hennar bar, en það þóttu mikil undur á þeim tímum, er allur þorri kvenna var ólæs. Í bókasafni frænda síns rakst hún á rit þeirra Kazim og Aḥmad, sem allt frá byrjun 19. aldar höfðu farið um Persíu og boðað komu hins fyrirheitna boðbera Guðs. Kenning þeirra vakti brennandi athygli hennar og hún reyndi að ræða málið við föður sinn, en hann harðneitaði að hlusta á hana. Þá skrifaði hún Kazim sjálfum langt og ýtarlegt bréf, þar sem hún spurði hann í þaula um hina fyrirhuguðu opinberun. Svör Kazims féllu henni svo vel í geð, að hún reit langa ritgerð, þar sem hún lauk miklu lofsorði á kenningar hans og varði þær skelegglega fyrir andstæðingum þeirra. Hún ákvað nú að fara til borgarinnar Karbilá, þar sem Kazim dvaldi, og hitti hann að máli persónulega. Faðir hennar neitaði henni um fararleyfi, en hún fór samt og hafði að yfirskini pílagrímsför til graphýsa trúarleiðtoganna í borginni. Ṭahirih tókst þessa ferð á hendur árið 1843, þá 23 ára gömul. Er til borgarinnar kom fregnaði hún andlát Kazims. Fjölskylda hans bauð henni að dveljast hjá sér og þáði hún það með þökkum. Þar á heimilinu las hún öll rit Kazims og lærisveina hans. Ṭahirih dvaldi í Karbilá í þrjú ár. Nótt eina bar fyrir augu hennar sýn undursamlega: Ungur maður umlukinn miklum ljóma stóð í loftinu fyrir framan hana; síðan kraup hann á kné og gerði bæn sína, en Ṭahirih ritaði orð hans niður.

Nokkurn veginn um sama leyti eða í maí 1844, kunngerði Bábinn köllun sína í *Shíraz*. Er Ṭahirih heyrði um þessa nýju trú, gerðist hún umsvifalaust fylgjandi hennar og gerði það heyrinkunnugt hverjum sem á vildi hlýða. Þótt hún hitti Bábinn aldrei í lifanda lífi, helgaði hún sig málstað Hans þaðan í frá. Fyrsta konan sem hún leiddi til trúar Bábsins var ekkja Siyyid Kazims. Í Karbilá myndaðist fljótt í kringum hana hópur manna og kvenna, sem hrifust af einörðum málflutningi hennar og hugrekki. Hún neitaði að halda tiltekna helgidaga í Islám hátíðlega og kom því til leiðar, að á degi píslarvættis Ḥusayns, vörpuðu konur viðteknum sorgarbúningi og klæddust þess í stað skærilitum klæðum. Þegar

prestar borgarinnar komust á snoðir um þetta, kærðu þeir hana fyrir ríkisstjóranum og kröfðust þess að henni yrði refsað. Útsendarar ríkisstjórans fóru af stað en handtóku vinkonu hennar í misgripum. Þegar ʿAḥirih frétti það, gaf hún sig fram og var haldið í stofufangelsi í þrjá mánuði. Þar barst henni til eyrna sú fregn að leiðtogar hinna nýju trúarbragða Bábsins hygðust halda ráðstefnu í héraðinu Khurasán í Persíu. Hún hafði mikinn hug á að sækja þessa ráðstefnu og gat komið þeirri hugmynd inn hjá ríkisstjóranum, að hann gæti firrt sig öllum frekari vandræðum með því að senda hana úr landi til Írak. Varðflokkur, grár fyrir járnum, flutti hana til landamæra ásamt félögum hennar, en á leiðinni út úr Teheran var hún grýtt af mergð manns, sem safnast hafði saman meðfram þjóðveginum. Hún hélt fyrst í stað til Baghdad og tók þar til við að kenna trú sína, ótrauð sem fyrr. Hún skildi af hyggjuviti sínu, að yfirvöldin í Baghdad mundi ekki lengi telja sér stætt á því að hafa hana í borginni, enda rak fyrr en varði að því, að þau vísuðu henni aftur til Persíu.

Að beiðni föður síns hélt hún fyrst til Qazvín, heimaborgar sinnar, þar sem fjölskylduráðstefna var kölluð saman um mál hennar. Með brennandi sannfæringarkrafti sínum og vitsmunalegum yfirburðum hafði henni næstum tekist að telja föður sinn á sitt band, þegar frændi hennar einn, Taqí að nafni, réðst að henni með formælingum og barsmiðum. Hún hrópaði þá skyndilega öllum til mikillar skelfingar: „Frændi, ég sé munn þinn fyllast blóði!“

Daginn eftir gerði eiginmaður hennar þau boð til hennar, að hún skyldi snúa til hans aftur og lifa með honum á heimili hans. ʿAḥirih svaraði honum á þá lund, að hún mundi aldrei lifa undir sama þaki og hann og ekkert samneyti hafa við hann framar, hvorki í þessu lífi né því sem kæmi.

Morðið á Taqí

Skömmu síðar gerðust þeir atburðir, að ungur maður myrta firmefndan Taqí við bænargjörð í borgarmoskunninni í hefndarskyni fyrir kaldrifjað morð á trúbróður hans, sem Taqí hafði átt hlut að. Grunur féll strax á ʿAḥirih og fylgismenn Bábsins og voru fjölmargir þeirra lagðir í hlekki í Teheran, en ʿAḥirih var á ný sett í stofufangelsi.

Á þessum tíma dvaldist Bahá'u'lláh í Teheran og var Honum gert viðvart um þjáningar Ṭahirih og stuðningsmanna hennar. Hann þekkti persónulega leiðtogann, sem hélt þeim föngrum heima hjá sér og bað hann að leyfa þeim að fara frjálsum ferða sinna. Embættismanninum var kunnugt um örlæti Bahá'u'lláh og ýkti mjög ástand fanganna í von um að hljóta ríflega mútu. Bahá'u'lláh afhenti honum peningaupphæð, sem nota átti til að bæta úr brýnustu þörfum þeirra og fékk embættismanninum til að sleppa fáeinum. Hann gerði síðan yfirmönnum sínum viðvart og sagði þeim að Bahá'u'lláh sendi föngrunum mat og peninga reglulega.

Þeir kölluðu Bahá'u'lláh á sinn fund og sökuðu Hann um hlutdeild í þeim glæp, sem fangarnir voru ákærðir fyrir. Bahá'u'lláh hrakti ákærur þeirra og í reiði sinni meinuðu þeir Honum að snúa aftur heim til sín. Þetta var í fyrsta sinn, sem Bahá'u'lláh var fangelsaður fyrir málstað Bábsins, er Hann reyndi að koma trússystkinum sínum til hjálpar. Hann var fangi í nokkra daga uns háttsettur embættismaður skarst í leikinn og skipaði trúarleiðtogunum að sleppa Honum úr haldi. Þeir höfðu vænst þess að fá mikla peningaupphæð í lausnargjald fyrir fanga sinn, en urðu nú að sleppa Honum og biðja Hann afsökunar á gerðum sínum.

Ættingjar Taqí vildu fá alla fangana líflátna og skutu máli sínu til keisarans, sem bað þá að tilnefna einn mann, sem sök ætti á ódæðinu. Þeir nefndu Shaykh Şalih, einn ótraudasta bandamann og vin Ṭahirih. Hann var samstundis tekinn höndum og myrtur. Hann er fyrsti píslarvottur þessarar Trúar á persneskri grund. Ættingjarnir gerðu sig ekki ánægða með þetta dómsmorð heldur skutu nú máli sínu til Şadr-i-Ardibílí, eins illræmdasta kirkjuhöfðingja Persa. Hann tók þessari málaleitan vel og fékk keisarann til þess að senda fangana til ættingja Taqí til að þeir gætu opinberlega fyrirgefið þeim gerðir þeirra og gefið þeim aftur frelsi. Í bréfi trúarleiðtogans til Muḥammad Sháh sagði, að þetta mundi styrkja mjög aðstöðu og auka virðingu þeirra beggja í augum landsmanna. Keisarinn féllst á það með þeim fyrirvara að skrifleg yfirlýsing yrði send honum til Qazvín þess efnis, að fangarnir væru heilir á húfi og þeim hefði ekki verið gert neitt mein.

Fangarnir höfðu ekki fyrr verið seldir í hendur ættingjunum en þeir tóku til að misþyrma þeim með hroðalegum hætti. Fréttirnar um þessi svívirdilegu svik bárust strax til Teheran og keisarinn lét

þegar í stað svipta Şadr-i-Ardíbílí embættinu og senda hann til Qum, þar sem hann dó um síðir, gleymdur og yfirgefinn. Illvirkjarnir, sem unnið höfðu ódæðið, sluppu þó við refsingu og ákváðu nú að ʿTahirih skyldi hljóta sömu örlög og trússystemi hennar. Er ʿTahirih heyrði um ráðabrukk þeirra, gerði hún trúarhöfðingjanum í Qazvín orðsendingu, þar sem hún sagði, að ef málstaður hennar væri málstaður sannleikans, og ef sá Guð, sem hún tignaði, væri hinn sanni Guð, mundi Hann innan níu daga létta oki kúgunarinnar af herðum hennar. Ef hún yrði ekki frelsuð á þessum tíma, væri þeim frjálst að gera við hana það sem þeim lysti og hefðu þá fært sönnur á, að hún hefði farið villur vegar í trú sinni.

Um svipað leyti lét Bahá'u'lláh þá ósk í ljósi, að ʿTahirih yrði leyst úr haldi og flutt til Teheran. Hann kallaði til sín Muḥammad Ḥadí og fól honum það verkefni að frelsa ʿTahirih og flytja hana á heimili sitt. Bahá'u'lláh skipulagði undankomu ʿTahirih með svo meistaralegum hætti, að enginn varð þess var, er hún fór. Fregnirnar um undankomu hennar bárust eins og eldur í sinu og jafnt vinir hennar sem andstæðingar urðu furðu lostnir. Allir vissu hvað hún hafði sagt, og nokkrir gengu trú Bábsins á hönd, meðal annars einn bróðir ʿTahirih.

Nokkrum dögum eftir að ʿTahirih kom til Teheran ákvað Bahá'u'lláh að senda hana til Khurásán ásamt nokkrum félögum hennar. Sjálfur ætlaði Hann að fara frá höfuðborginni til Khurásán nokkrum dögum síðar. Ferðinni var heitið til Badasht.

Ráðsiefnan í Badasht

Ráðstefna allra helstu lærisveina Bábsins var haldin í litlu fögru þorpi í Khurásán. sem nefndist Badasht. Skipuleggjandi ráðstefnunnar var Bahá'u'lláh. Hann tók á leigu þrjá garða er Hann kom til þorpsins, einn fyrir Quddús og fylgdarmenn hans, annan fyrir ʿTahirih og þá, sem með henni voru, og þann þriðja fyrir sjálfan sig. Þeir sem komu saman í Badasht voru áttatíu og einn að tölu og voru þeir gestir Bahá'u'lláh allan tímann. Á hverjum degi opinberaði Bahá'u'lláh töflu, sem einn Bábíanna, Mírzá Sulaymán söng í návist viðstaddra. Hann gaf hverjum og einum viðstöddum nýtt nafn. Fyrir hvern og einn, sem viðstaddur var þessa einstæðu ráðstefnu, opinberaði Bábinn síðar töflu og nefndi þá þeim nöfnum, sem Bahá'u'lláh hafði gefið þeim. Er

nokkrir trúbræður Tahirih síðar meir ásökuðu hana fyrir að hafa brotið fornar hefðir í viðurvist Bábsins, þá svaraði Hann: „Hvað á ég að segja um hana, sem tunga dýrðar og valds hefur nefnt Tahirih?“

Ráðstefnan í Badasht markaði tímamót og opnaði nýja öld fyrir fylgismönnum Bábsins. Þar sögðu þeir endanlega skilið við Islám, og vörpuðu af sér aldagömlu oki hins steinrunna trúarlögmáls. Á hverjum degi á meðan ráðstefnan stóð yfir var eitt lögmála Islám numið úr gildi og einni fornri hefð afneitað. Þeir hjáguðir, sem leiðtogar Islám höfðu komið sér upp, lög þeirra og fyrirmæli, sem miðudu að því einu að viðhalda forréttindum þeirra, voru moluð mélinu smærra. Enginn vissi hvaðan þessar djörfu nýjungar komu og lærisveinarnir vissu jafnvel ekki hver það var, sem gefið hafði þeim ný nöfn, né hver gestgjafi þeirra var. Fáa, ef nokkra, grunaði að Bahá'u'lláh væri höfundur þessara umbyltandi nýjunga.

Ṭahirih varð einskonar táknmynd þessa nýja frelsis, er hún á þriðja degi ráðstefnunnar birtist meðal trúbræðra sinna og hafði varpað blæjunni, hinni fornu ímynd undirokunar kvenna í Islám. Vestrænir nútímamenn geta tæpast gert sér í hugarlund viðbrögðin, er með slíkum hætti var sagt skilið við eina elstu og rótgrónustu hefðina í Islám. Jafnvel meðal fylgismanna Bábsins, sem kenndu opinskátt jafnræði karla og kvenna, olli þetta miklu uppnámi og hugaræsingi. Svo virtist sem ógræðanleg sundrung hefði komið upp á milli Quddús og Ṭahirih. Nokkrir meðal lærisveinanna héldu á brott og afneituðu trúnni og einn þeirra framdi sjálfsmorð. Þessi atburður varð tilefni mikils sundurlyndis og deilna milli þeirra, sem eftir voru, uns Bahá'u'lláh kallaði þá til sín, opnaði augu þeirra fyrir mikilvægi þessa atburðar og sætti þá heilum sáttum. Síðan héldu þau frá Badasht og tóku stefnuna til Mázindarán, þar sem margir þeirra áttu eftir að líða píslarvættisdaða fyrir trú sína.

Ṭahirih og Quddús ferðuðust í sama vagni og á leiðinni orti Ṭahirih ljóð, sem samferðamenn hennar sungu svo undir tók í fjöllumum.

Er þau voru á leið til Mázindarán réðust íbúar þorpsins Níyálá á þau af mikilli heift með grjótkasti og bölbænum og létu greipar sópa um eigur þeirra. Bahá'u'lláh mælti til þeirra sefunarorðum og fékk þá til að skila aftur hluta af þýfinu. Hann hélt síðan ásamt Ṭahirih og þjóni hennar til heimilis síns í Núr.

Á meðan á þessu stóð höfðu hatursmenn Bahá'u'lláh rægt

Hann við hirð keisarans. Lét keisarinn þau orð falla, að fram til þessa hefði hann hlíft Bahá'u'lláh vegna þeirrar þjónustu, sem faðir Hans hefði veitt landinu, en nú væri hann ráðinn í að láta taka Hann af lífi.

Hann fyrirskipaði herforingja einum í Teheran að láta son sinn, sem bjó í Mazindarán, handtaka Bahá'u'lláh án tafar og flytja Hann til höfuðborgarinnar. Sonur þessa herforingja unni Bahá'u'lláh mjög. Hann fékk fyrirmæli sín daginn áður en hann hugðist halda veislu til heiðurs Bahá'u'lláh. Hann varð harmi lostinn en sagði engum þessi tíðindi. Bahá'u'lláh sá þegar í stað hvað að honum amaði og hvatti hann til að setja allt traust sitt á Guð.

Næsta dag, er Hann reið með þessum vini sínum áleiðis til heimilis hans, kom hraðboði frá Teheran á móti þeim og ræddi stuttlega við herforingjann. Hann flýtti sér aftur til Bahá'u'lláh og hrópaði á Mázindarán-mállýsku: „Múhammed Sháh er dáiinn!“ Síðan dró hann fram hina keisaralegu tilskipun og sýndi Bahá'u'lláh. Skjalið var fallið úr gildi. Þeir eyddu saman þessu kvöldi í gleði og rósemi án þess að nokkur truflaði þá.

Meðan á þessu stóð hafði Quddús fallið í hendur andstæðinga sinna og var haldið sem fanga á heimili háklerksins í Sarí. Hinir félagar hans dreifðu sér í allar áttir og báru með sér fregnirnar um hinn einstæða og örlagaríka fund í Badasht.

Píslarvætti Tahirih

Á leiðinni til Teheran var Tahirih handtekin af leitarflokki og færð fyrir keisarann í höfuðborginni. Keisarinn varð djúpt snortinn af þessari hreinlyndu skáldkonu og skipaði að hún skyldi látin fara frjáls ferða sinna. Hún var þá flutt á heimili kalántarsins (borgarstjórans) í Teheran og strangar reglur settar um ferðir hennar. Hún hélt samt áfram að boða trú sína, hvetja kynsystur sínar til að varpa blæjunni og kenna einkvæni. Órói vaknaði á ný í borginni og stjórnin sendi fulltrúa sína hvað eftir annað á hennar fund til að yfirheyra hana um hina nýju trú. Að lokum brast þolinmæði þeirra og þeir sömdu ákæruskjal, þar sem þeir lögðu til að hún yrði tekin af lífi.

Hún var nú sett í varðhald á heimili kalántarsins, en það var alsíða á þessum dögum í Persíu að sakborningar, sem biðu dauða síns, voru geymdir í vistarverum á heimilum ráðamanna. Í

fangavistinni eignaðist Ṭahirih tvo dygga stuðningsmenn: borgarstjórafrúna og son hennar. Það er frá þeim mæðginum, sem heimildirnar um dauða Ṭahirih eru komnar.

Konan fór til herbergis hennar nótt eina og sá þá, að hún hafði klæðst kjól úr mjallhvítu silki, líkt og hún ætlaði til veislu. Ṭahirih tjáði henni, að hún hefði ákveðið að hefja föstu og mundi ekki ljúka henni fyrr en hún dæi.

Næstu nótt heyrði borgarstjórafrúin barið að dyrum. Fyrir utan stóð flokkur manna frá lögreglustjóranum í Teheran, ‘Aziz Khán. Var þar komin aftökusveitin. Þeir höfðu Ṭahirih á brott með sér, en sonur borgarstjórans slóst í för með þeim. Þeir héldu til Ilkhani-garðsins skammt fyrir utan borgarhliðin. Þar skildu þeir Ṭahirih eftir í umsjá varðmanna og héldu síðan til lögreglustjórans. Hann sat við drykkju ásamt undirmönnum sínum og spurði aðeins hvort nokkur hefði borið kennsl á þá á leiðinni. Síðan fékk hann einum þeirra klút og bauð honum að kyrkja Ṭahirih, því hún hefði orðið þess valdandi að margir menn og margar konur hefðu villst af vegum Múhammeds. Sá sem klútinn fékk í hendur hélt aftur til Ilkhani-garðsins. Er þangað kom leit Ṭahirih á hann og mælti til hans fáein orð. Sjónarvottar segja, að maðurinn hafi þá skyndilega snúist á hæli, muldrað eitthvað við sjálfan sig á tyrknesku og horfið á braut. Er hann kom ekki aftur, var á ný sent til lögreglustjórans. Hann var nú ofurölvi og veittist með hrakyrðum að sendiboðanum fyrir að trufla sig við drykkjuna. Loks sendi hann annan lögreglumann af stað, gaf honum sömu fyrirmæli og skipaði að líkama Ṭahirih skyldi kastað í gryfju og orpinn grjóti. Lögreglumaðurinn gerði eins og fyrir hann var lagt og notaði til þess klút úr hvítu silki, sem Ṭahirih fékk honum sjálf. Er hún var látin, benti garðyrkjumaður einn varðmönnum á nýgrafinn brunn. Líkama hennar var varpað ofan í brunninn og hann síðan fylltur mold og grjóti.

Allmargir áhorfendur voru að aftökunni, þ.á.m. austurrískur líflæknir keisarans, Jakob Polak að nafni. Í bók sem hann ritaði 1856 kveðst hann hafa verið sjónarvottur að þessu svívirðilega morði og segir Ṭahirih hafa tekið dauða sínum með „ofurmannlegu sálarþreki“.

Mínning Ṭahirih hefur ekki fölnað með írönsku þjóðinni og enn í dag hvetja foreldrar þar dætur sínar til að líkjast henni. Hún hefur hlotið verðskuldaða frægð utan heimalands síns, og breski kennimaðurinn T.K. Cheyne staðhæfir, að hún hafi opnað leiðina

til þjóðfélagslegra umbóta í Persíu. Hún var fyrsta konan, sem leið písklarvætti í baráttu kvenna fyrir auknum réttindum í Austurlöndum.

Afdrif borgarstjórans

Þahirih vissi hvaða örlög biðu hennar og hún vissi einnig hvaða örlög biðu morðingja hennar. Franski diplómatinn og rithöfundurinn de Gobineau segir í bók sinni um heimspeki og trúarbrögð í Mið-Asíu frá orðaskiptum Þahirih og Maḥmúd Khán, borgarstjóra í Teheran. Gobineau kom tvívegis til Persíu og atburðurinn, sem hann lýsir, gerðist ári áður en hann kom þangað í seinna skiptið. Gobineau ritar:

„Þú skalt ekki vænta þess,“ hrópaði Augnfró (Þahirih) í alvörugefnari tón, „að ég afneiti trú minni, jafnvel þótt það verði aðeins á yfirborðinu og jafnvel þótt það væri ekki nema eitt andartak—og það í þeim heimskulega tilgangi einum að varðveita í fáeina daga í viðbót þetta hverfula form (þ.e. líkama sinn), sem ekkert gildi hefur. Nei! verði ég yfirheyrð um þetta mál... mun ég glöð gefa Guði líf mitt. Og þú, Maḥmúd Khán, hlustaðu nú á það sem ég ætla að segja þér—og dauði minn á morgun mun verða þér tákni um að ég er ekki að blekkja þig. Húsbóndinn, sem þú þjónar, mun ekki endurgjalda þér eljusemi þína; þvert á móti munt þú hljóta grimmilegan dauðdaga vegna fyrirsmæla hans. Reyndu því áður en þú deyrð að upphæfa sál þína til þekkingar á sannleikanum.“

Ég heyrði margoft sagt frá þessum spádómi, bæði af munnni Múslima og Bábía. Enginn efaðist um að hún hefði sagt þetta fyrir, enda kom það líka á daginn: fyrir fjórum árum geisaði skelfileg hungursneyð í Teheran. Fólk svalt í hel á strætum úti. Íbúarnir, sem þjáningarnar höfðu rekið fram á ystu nöf, efndu til uppþota og múgur manns hélt til borgarvirkisins til að krefjast réttlætis af konunginum ...“

Hungursneyðin, sem Gobineau talar um hér, geisaði í Teheran á árunum 1860—1861. Austurlandafræðingurinn Edward B. Eastwick segir svo frá þeim atburðum, sem leiddu til dauða borgarstjórans.

„Hörmungarnar í Teheran voru nú að ná hámarki og þar eð vegir voru nánast ófærir, gátu kornbirgðir ekki komist til höfuðborgarinnar. Mergð manna sat um brauðgerðarhúsin og heimtaði brauð. Um leið og Evrópumaður sýndi sig á götum úti varhann umkringdur sveltandi konum, sem báðu um aðstoð . . . Málin voru bersýnilega farin að taka mjög alvarlega stefnu, og þann 1. mars, þegar Mr. Alison og ég sátum hjá Mr. Dickson og skoðuðum nýársgjafirnar handa þjónustuiðinu, kom yfirmaður persnesku ritaranna inn, fólur og skjálfaði, og sagði, að það hefði orðið uppþot og Kalántarinn, eða borgarstjórinn í borginni, hefði verið drepinn rétt í þessu og þeir væru að draga líkama hans allsnakinn um markaðstorgin. Brátt heyrðum við mikla háreysti og er við fórum að gluggunum, sáum við að þúsundir manna voru á strætunum og þyrptust í miklum hugaræsingi í kringum líkið, sem var dregið á aftökustaðinn og hengt þar upp á hælunum, nakið, í þrjá daga.

Er við grennsluðumst eftir þessu heyrðum við, að þegar keisarinn kom frá veiðum 28. febrúar (1861), hefðu þúsundir kvenna umkringt hann og æpt á brauð og látið greipar sópa um brauðgerðarhúsin fyrir framan augun á konunginum. Slík var heift þeirra, að um leið og keisarinn kom inn í höllina skipaði hann að hliðum borgvirkisins skyldi lokað.

Næsta dag, 1. mars, upphófust róstur á nýjan leik og þótt hliðin væru lokuð komust þúsundir kvenna inn í borgvirkið og réðust með grjótkasti að vörðunum og voru hvattar til þess af karlmönnum, sem voru í fylgd með þeim, og leituðu í skjóli þessarar árásar að átyllu til ennþá alvarlegri múgæsinga. Á meðan hafði keisarinn farið upp í turninn ... og horfði á óeirðaseggina í sjónauka. Kalántarinn (Mahmúd Khán), sem sést hafði skömmu áður fara inn í höllina, klæddur viðhafnarklæðum og með mikið fylgdarlið þjóna, fór upp í turninn og stóð við hlið keisarans, sem ávítaði hann fyrir að hafa látið þessar óeirðir viðgangast. Kalántarinn lýsti því strax yfir að hann mundi brátt bæla þær niður og gekk á meðal kvennanna ásamt þjónum sínum og barði nokkrar þeirra af mikilli heift með stórum staf. Ein kvennanna, sem varð fyrir barsmíðinni, hljóp alla leið til enska sendiráðsins og fór þar inn og kallaði á hjálp og sýndi blóði drifin fót sín. Þegar konurnar hrópuðu hástöfum á réttlæti og sýndu benjar sínar, kallaði keisarinn á kalántarinn og sagði: „Ef þú ert svona grimmur við þegna mína frammi fyrir augum mínum, hver eru þá leynileg illdæði þín!“ Hann sneri sér að vörðunum og sagði: „Hýðið hann og skerið skegg hans!“ Og meðan þeir voru að útdeila honum þessari refsingu, mælti keisarinn hið hræðilega orð: *Tanáb!* — „Kyrkið hann“. Eftir örskamma stund hafði böðullinn sett ólina um háls hins ógæfusama manns og skömmu síðar voru fætur þeirra á brjósti hans og tróðu burt síðasta lífsneistann. Samtímis voru Kadkhudas, eða hverfisstjórar, í öllum borgarhlutum Teheran, hýddir og er lýðurinn sá hvernig þeim var refsað, rann æðið af íbúunum þann daginn og Teheran var á elleftu stundu bjargað frá byltingu.“

3. kafli

Banatilræði við Naşiri'd-Dín Sháh

Nokkru eftir píslarvætti Bábsins, 9. júlí 1850, hófust blóðugar ofsóknir að nýju á hendur fylgismönnum Hans. Upphaf þessa máls var, að einn af fylgjendum Bábsins í Teheran, Mullá Shaykh-'Alí, ákvað að hefna morðsins á Meistara sínum og dauða þúsunda trússystkina sinna, þrátt fyrir ótvírætt og ítrekað bann Bábsins sjálfs við blóðhefnd. Mullá Shaykh-'Alí ginnnti til liðs við sig þrjá unglingspíla, klæðskerasveininn Şadıq frá Tabríz, Fatħu'lláh, leturgrafara frá Qum, og Ĥají Qasím frá Nayríz, sem þolað hafði þungar píslir af höndum andstæðinga Trúarinnar. Í sameiningu fastréðu þessir menn að stytta keisara Persíu aldur. Þeir voru allir, að forsprakkanum undanskildum, lítt þekktir meðal fylgismanna Bábsins og hafið er yfir allan efa, að ódæði þeirra var unnið án vitundar og vilja fremstu lærisveina Bábsins í Teheran. Unglingamir þrír urðu sér úti um fuglabyssu og hlóðu hana með nokkrum höglum. Morgun einn þegar keisarinn reið út um hallarhliðið í Níyávarán á leið til veiða, nálguðust unglíngarnir hann og þóttust ætla að afhenda honum bænaskjal. Er hann stöðvaði hestinn, skutu þeir á hann og reyndu síðan að draga hann af baki. Keisarinn féll til jarðar, en fljótlega kom í ljós að hann hafði aðeins fengið smávægilega skeinu. Lífvörður hans handsamaði tilræðismennina þegar í stað.

Þessi atburður varð til þess að holskefla haturs og hryðjuverka skall yfir saklaust samfélag Bábsins. Hefndarþorsti yfirvalda með móður keisarans í fararbroddi var óslökkvandi. Uppnámið, sem

Þessi glæpur olli, kom í veg fyrir að minnsta tilraun væri gerð til að kanna orsakir tilræðisins eða yfirheyrna hina seku. Ógnin sem vofði yfir samfélagi Bábsins var skelfilegri en orð fá lýst. Hinir fyrstu, sem urðu fyrir barðinu á henni, voru unglíngarnir þrír. Şádiq var höggvinn í tvennt og líkamspartarnir hengdir upp í borgarhliðinu. Bráðnu blýi var hellt niður kverkarnar á Fatḥu'lláh. Ḥají Qasím og Mullá Shaykh-'Alí voru líflátnir skömmu síðar. Fylgismenn Bábsins voru drepnir og pyndaðir hvar sem til þeirra náðist og engin miskunn sýnd konum né börnum.

Frétt stjórnarmálgagnsins

Til er samtímaheimild um þessar hroðalegu ofsóknir, en það er ítarleg frétt í málgagni stjórnarinnar í Teheran. Í fréttinni er lýst pyntingum og aftöku nokkurra fylgismanna Bábsins í höfuðborginni. Það sem mesta athygli vekur er sú umbúðalaus yfirlýsing blaðsins, að þótt Mírzá Ḥusayn-'Alí (Bahá'u'lláh) og þrír aðrir væru saklausir af samsærinu, hefði keisarin samt sem áður dæmt þá í ævilangt fangelsi. Stjórnarmálgagnið gerir enga athugasemd við það, að saklausir menn skuli dæmdir í lífstíðarfangelsi.

Sú saga harmkvæla og písla, sem lesa má út úr harðneskjulegri frétt hins persneska blaðs, sýnir glöggð hvað fylgjendur Bábsins áttu yfir höfði sér og hverskonar óvinur það var, sem þeir áttu í höggi við. Fregnin birtist í Vaqáy-i-Ittífáqiyyih nr. 82, 26. ágúst 1852. Hún fer hér á eftir, nokkuð stytta:

„Öll þjóðin, þar á meðal háklerkarnir og fræðimennirnir og þjónarnir við hirð Festingarinnar (þ.e. keisarans) og þegnarnir og þrælarnir, og háir og lágir, og ungir og aldnir, og aðalsmenn og alþýða, töldu brýnt að lífláta þessa villuráfandi undirróðursmenn. Sex þeirra, þ.á.m. eftirtaldir einstaklingar, sættu þessari meðferð: Mírzá Ḥusayn-i-Qumí, sem var saklaus, var færður til yfirheyrslu. Mírzá Ḥusayn-'Alí-i-Núrí (Bahá'u'lláh) og Mírzá Sulaymán Qulí og Mírzá Maḥmúd, frændi hins síðastnefnda, og Áqá 'Abdu'lláh, Áqá Muḥammad sonur Ja'fars, og Mírzá Javad-i-Kḥúrásaní, sem rannsókn leiddi í ljós að höfðu ekki tekið þátt í þessum launráðum og samsæri, — hans keisaralega hátígn fyrir



Naşiri'd-Dín Sháh, keisari Persú.

skipaði, að þeir skyldu sæta frelsissviptingu það sem þeir ættu eftir ólifað, en hinum var deilt niður á háklerkana, fræðimennina, þjónana við hirð keisarans og alla íbúa borgarinnar, þ.e. kaupmenn, iðnaðarmenn og götusala. Sérhverjum þeirra (Bábíunum) útteildi hópur þjóna eða þegna refsingu með svofelldum hætti:

Mullá Shaykh 'Alí, sem var leiðtogi og forystumaður þessa villuráfandi hóps, sem leit á sig sem sérlegan fulltrúa Bábsins, sem titlaði sjálfan sig Hadrat-i-Azím, og sem var undirrot, upphafsmaður, höfundur og orsök þessa mikla samsæris, var dæmdur til dauða af háklerkunum og fræðimönnum samkvæmt fyrirmælum hins óflekkaða Sharí'a (trúarlöggjöf Kóransins) og fékk af hendi þeirra það sem hann átti skilið.

Siyyid Hasan-i-Khurásaní, einn glæpamannanna og áhangandi þessa sértrúarflokks, drápu prinsarnir með sverðalögum, kúlu, hnífi og rýting.

Mustawfú'l-Mamálik skaut fyrstur í brennandi ákefð og

trúarhita Mullá Zaynu'l-Ábidín-i-Yazdí með pístólu og síðan brytjuðu hinir heiðvirðu bókarar og göfugu herskráningarmenn hann niður með pístólunni, hnífnum, rýtingnum og hinu stutta sverði...

Tignarmenn og prinsar hinnar tignu hirðar sendu til heljar Shaykh 'Abbás með byssuskotum og sverðalögum. Muḥammad Báqir, sem var meðal hinna tólf (sem áttu að hafa lagt á ráðin um dauða keisarans) og sem játaði sjálfur að hafa tekið þátt í öllum orrustum hins villuráfandi sértrúarflokks Bábsins, var drepinn með rýtingum, stuttum sverðum og hnífsstungum af persónulegum þjónum hans hágöfgi og af þjónum hins (keisaralega) kvennabúrs.

'As'adu'lláh Khán, hestameistari og aðrir starfsmenn í hinu keisaralega hesthúsi, negldu skeifur á iljar Muḥammad Taqí og sendu hann síðan til vina sinna (þ.e. þeirra sem þegar höfðu verið myrtir) með hömrum, járnstöngum, göddum, stuttum sverðum og rýtingum.

Hirðsiðameistarinn (Ishík Áqásí), yfirkallarinn (Járchí Báshí) og yfirumsjónarmaður með refsingum (Nasaqchí Báshí) og liðsforingjar þeirra og höfuðsmenn og aðrir þjónar hirðarinnar í Níyávarán sendu Muḥammad-i-Najafábáði í djúp heljar með dervisja-öxi, kylfu o.s.frv....

Fallbyssuliðar stungu augað úr Mullá Muḥammad, bundu hann síðan fyrir fallbyssukjaftinn og hleyptu af. Áqá Hasan kom með Hájí Sulaymán ... og Hájí Qásim ... til borgarinnar. Áqá Hasan skar raufar í hold þeirra, festi þar kerti og kveikti á þeim, og við trumbuslátt voru þeir leiddir gegnum strætin og markaðina í fylgd kórsöngvara og múgsins og fólkinu í borginni var eigi leyft að grýta þá, uns þeir voru komnir út fyrir Sháh 'Abdu'l-Azím hliðið og böðlarnir hjuggu lfkami þeirra í fjóra parta og hengdu þá upp í borgarhliðunum fjórum ...

Riddaraliðsmenn sendu Mírzá Rafí til heljar með rýtingum og pístólum. Stórskotaliðar skutu Mírzá Maḥmúd-i-Qazvíní með lítilli fallbyssu og brytjuðu hann síðan niður með sverðum.

Hermenn úr ýmsum herdeildum létu Ḥusayn-i-Mílání ... ganga svipugöngin og nístu síðan saurugan líkama hans með byssustingjum og sendu hann til heljar.

Stórskotaliðar í fylgdarliði keisarans drápu með sverðum

Mullá ‘Abdu’l-Karím (ritara Bábsins). Hans ágæti, foringi hinna einkennisbúnu þjóna og hinir einkennisbúnu þjónar, sendu Lutf ‘Alí til bandamanna sinna með rýtingum, hnífum, lurkum og steinum. Ibúar borgarinnar drápu sameiginlega Najaf-i-Khamsa’í með steinum, lurkum, hnífum, rýtingum, stuttum sverðum og hnefunum.

Nasru’lláh Khán og aðrir starfsmenn í hinu sæla eldhúsi drápu Hasan Khamsa’í.

Þjónar Qájár (keisarafjölskyldunnar) sendu til heljar Muḥammad Báqir með hvesstum bjúgsverðum.“

Píslarvottamir

Franski rithöfundurinn de Gobineau var í Teheran, þegar þessar ofsóknir stóðu sem hæst, og hann lýsir því sem fyrir augu bar með svofelldum orðum:

„Þessa daga sáu menn á strætum og markaðstorgum Teheran ægilega sjón, sem íbúunum mun aldrei líða úr minni. Inn á milli stafa böðlanna sáum við ganga konur og börn með opin sár yfir allan líkamann og logandi kveikir, vættir olú, höfðu verið þræddir í sárin. Fórnarlömbin og konurnar voru dregin í ólum og rekin áfram með svipum. Börnin og konurnar gengu og sungu ritningarvers: „I sannleika komum við frá Guði og til Hans munum við aftur snúa.“ Raddir þeirra risu gjallandi í miðri dauðþögninni, sem sló á mannföldann, því íbúar Teheran eru hvorki illa innrættir né mjög hollir Islám. Þegar einn þessara kvöldu manna féll til jarðar, var hann neyddur til að rísa á fætur með svipuhöggum og byssustingjum. Ef blóðmissirinn frá sárunum, sem þöktu líkama hans, skildi honum eftir nógu mikinn styrk, byrjaði hann að syngja og hrópa í ákefð: „Við tilheyrum Guði og til Hans snúum við aftur.“ Sum barnanna dóu á leiðinni. Böðlarnir vörpuðu líkömum þeirra fyrir fætur feðra þeirra og systra, sem gengu á þeim með brennandi einbeittni án þess að líta um öxl.

Þegar þeir komu á aftökustaðinn nálægt nýja hliðinu, var fórnarlömbunum boðið líf að því tilskildu, að þau afneituðu trú sinni, og þótt það virtist erfiðleikum bundið var leitað ráða til að telja þeim hughvarf. Böðlinum flaug það ráð í hug

til að umsnúa einum föðurnum, að skera syni hans á háls á brjósti hans, ef hann afneitaði ekki trú sinni. Þetta voru tveir litlir drengir, sá eldri fjórtán ára, sem ataður eigin blóði og með holdið sviðið af kertalogunum, hlustaði svipbrigðalaus. Faðirinn svaraði með því að leggjast á jörðina til merkis um að hann væri reiðubúinn, og eldri drengurinn, sem krafðist frumburðarréttar síns, bað um að vera skorinn á háls fyrst. Það er ekki óhugsandi, að böðullinn hafi neitað honum um þessa síðustu bón. Loks var allt yfirstaðið og myrkrið skall yfir hrúgu af sundurtættum líkamsleifum. Höfuðin voru hengd upp í kippum á Stólpa réttlætisins og allir hundar úthverfanna stefndu til þessa borgarhluta.

Þessi dagur færði Bábnum fleiri leynilega fylgjendur en margar predikanir hefðu nokkru sinni getað gert.“

Síyáh-Chál

Höndin sem greiddi málstað Bábsins svo þung högg lét ekki staðar numið við fylgismenn Hans, heldur vó líka að helstu leiðtogum þeirra, þ.á.m. Tahirih og Bahá'u'lláh. Tahirih missti lífið, eins og áður er frá skýrt, en Bahá'u'lláh bar menjar þessara ofsókna ævilangt. Hann var tekinn höndum skömmu eftir tilræðið við keisarann og fluttur í hlekkjum, berfættur og berhöfðaður, til dýflissunnar illræmdu, Síyáh-Chál í Teheran. Á leiðinni þangað var Hann spottaður og grýttur og fötin rifin utan af Honum. Síyáh-Chál var neðanjarðarfangelsi sem áður hafði verið vatnsforðabúr fyrir eitt almannabaðanna í höfuðborginni. Engin göng eða frárennsli voru þaðan nema göngin sem lágu niður í svart-holið. Samfangar Bahá'u'lláh og féлага Hans voru 150 talsins, þjófar og morðingjar. Fæstir mannanna höfðu föt eða fleti til að sofa á. Bahá'u'lláh var hlekkjaður við fótastokk og tvær keðjur lagðar yfir háls Honum og herðar. Keðjur þessar voru alræmdar meðal sakamanna í Teheran og gengu undir nöfnunum Salásil og Qará-Guhar, en sú síðarnefnda vóg rúm fimmtíu kíló. Þótt keðjunum væri haldið uppi með sérstöku trúforkum, skárust þær inn í hold Bahá'u'lláh og skildu eftir sig djúp sár á líkama Hans. 'Abdu'l-Bahá, sem þá var átta ára gamall, fékk að sjá Föður sinn í þessu ásigkomulagi og lýsir Honum þannig:

„Þung keðja var fest um háls Hans og fimm fylgismenn Bábsins voru hlekkjaðir við Hann. Þessir fjótrar voru læstir

með þungum boltum og skrúfum. Föt Hans voru í tætlum, einnig höfuðbúnaður Hans. Í þessu hræðilega ásigkomulagi var Hann í fjóra mánuði.“

Hetjulund fanganna

Sagnritarinn Nabíl hefur eftirfarandi frásögn af fangavistinni eftir Bahá'u'lláh sjálfum:

„Við sátum allir samanhnipraðir í einum klefa, fætur okkar hlekkjaðir og þyngsta keðjan lögð á háls okkar. Loftið, sem við önduðum að okkur, var mettað megnri stækju og gólfíð, sem við sátum á, þakið óþverra og krökkt af meindýrum. Engum ljósgeisla var leyft að skína inn í þessa fúlu dýflissu eða lina nístingskuldann þar inni. Vér höfðum kennt þeim að syngja viss ritningarvers og á hverju kvöldi sungu þeir af miklum innileik: „Guð nægir mér. Hann er sannlega sá sem öllum nægir.“ Er önnur röðin hafði sungið þessi orð, svaraði hin: „Látum hina trúuðu treysta á Hann.“ Samkór þessara glöðu radda hljómaði þar til langt var liðið á nótt og tekið að elda af degi. Ómurinn fyllti dýflissuna, nísti þykka veggi hennar og náði eyrum Naşiri'd-Dín Sháh, sem staddur var í höll sinni, eigi fjarri fangelsi Voru. „Hvað á þetta hljóð að tákna?“ er hann sagður hafa hrópað. „Þetta er sálmurinn, sem Bábíarnir syngja,“ svöruðu þeir. Keisarinn sagði ekkert og reyndi ekki að bæla niður eldmóðinn, sem fangarnir héldu áfram að sýna þrátt fyrir áþján fangavistarinnar.

Dag nokkurn komu þeir í fangelsi Vort með bakka, hlaðinn steiktu kjöti, og sögðu að keisarinn hefði mælt svo fyrir, að því skyldi skipt á milli fanganna. „Keisarinn,“ sögðu þeir, „er trúr áheiti sínu og vill uppfylla það með því að gefa ykkur þetta lamb.“ Dauðapögn sló á fangana, sem væntu þess að Vér mundum svara fyrir þeirra hönd. „Við skilum ykkur aftur þessari gjöf,“ sögðum Vér. „Við getum vel verið án þessarar fæðu.“ Verðimir hefðu reiðst þessu svari, hefðu þeir ekki sjálfir verið sólgirnir í kjötið, sem Vér neituðum að snerta. Þrátt fyrir hungrið sem svarf að félögum Vorum, sýndi aðeins einn þeirra, Mírzá Husayn-i-Mutivallíy-i-Qumí, löngun í matinn, sem þjóðhöfðinginn hafði látið bera fyrir Oss. Með hreysti, sem í sannleika var hetjuleg, beygðu samfangar Vorir sig undir hörmulegt hlutskipti sitt. Í stað þess að

kvarta undan þeirri meðferð sem þeir sættu af hendi keisarans, steig lofgjörð til Guðs án afláts af vörum þeirra — og með þessu lofi reyndu þeir að gera sér hina grimmilegu fangavist léttbærari.“

Í þrísundinni leiddi Bahá'u'lláh ofthugann að hlutskipti Bábíanna og Hann fastréð að helga þessu samfélagi allt líf sitt og krafta. Hann segir:

Meðan Vér sátum í þessari þrísund hugleiddum Vér dag og nótt gjörðir, aðstæður og framferði Bábíanna, og íhuguðum hvað gæti hafa fengið svo hugumstóra, göfuga og gáfaða menn til að fremja svo fífldjarfan og svívirðilegan verknad gegn persónu hans hátignar. Þessi Rangtleikni ákvað því að rísa upp, þegar Hann yrði leystur úr haldi, og vinna að því af fullri einurð að endurlífga þetta fólk.“

Draumur píslarvottsins

Í rauðabýtið hvern morgun var einn lærisveinn Bábsins leiddur út úr dýflissunni og framseldur einhverri stétt manna í borginni. Allur almenningur tók þannig þátt í morðunum á þessum saklausu mönnum. Þegar nöfn þeirra voru kölluð upp í dagrenningu, vörpuðu þeir sér á hnén frammi fyrir Bahá'u'lláh, kysstu hendur Hans og báðu um blessun Hans. Síðan hröðuðu þeir sér fagnandi á móts við píslarvættisdauðann.

Meðal fanganna var ungur maður frá heimaborg Bábsins, Shíráz, Hann hét 'Abdu'l-Vahháb. Hann var af auðugu foreldri og var ástsæll og mikils metinn á heimaslóðum sínum. Hann sneri baki við frægð og frama vegna ástar sinnar á Bahá'u'lláh, yfirgaf heimahagana og hélt á fund Bahá'u'lláh í Teheran. En áður en hann komst til höfuðborgarinnar var Bahá'u'lláh handtekinn og varpað í fangelsi. Þegar 'Abdu'l-Vahháb kom til Teheran, var hann einnig tekinn höndum og varpað í sömu dýflissu. Hann var hlekkjaður við Bahá'u'lláh í þrísundinni. Bahá'u'lláh hefur ritað eftirfarandi um þessar stundir:

„Á hverjum degi komu fangaverðir Vorir inn í klefa Vorn og kölluðu upp nafn eins félaga Vors, báðu hann rísa upp og fylgja sér að fótstóllum gálganna ...

Nótt eina, fyrir dagrenningu, vakti ‘Abdu’l-Vahháb Oss, en hann var fjötraður við Oss með sömu hlekkjum ... Hann spurði hvort Vér værum vakandi og sagði Oss síðan frá draumi sínum. „I nótt hefi eg,“ sagði hann, „svifið í alheimi takmarkalausrar fegurðar og víðáttu. Mér fannst eg svífa á vængjum, sem báru mig hvert sem eg vildi. Unaðsleg fagnaðartilfinning fyllti sál mína. Eg flaug í miðri þessari ómælisvíðáttu svo hratt og auðveldlega, að því verður ekki lýst með orðum.“

Bahá’u’lláh svaraði honum og sagði:

„I dag mun koma að þér að fórna lífinu fyrir þennan Málstað. Megir þú vera staðfastur og ótraudur allt til loka. Þú munt þá svífa í sömu endalausú víðáttunni, sem þig dreymdi, og ferðast jafn skjótt og auðveldlega um ríki ódaudlegra yfirráða og horfa með þeim sama unaði á hinn takmarkalaus sjónhring.“

Orð Bahá’u’lláh rættust. Sama morgun, þegar dyrnar opnuðust, kom fangavörðurinn inn og kallaði upp nafn ‘Abdu’l-Vahháb. Bahá’u’lláh hefur lýst fögnuði ‘Abdu’l-Vahháb, er hann heyrði nafn sitt kallað og var leystur úr hlekkjunum:

„Hann varpaði af sér fjötrunum, stökk á fætur, faðmaði samfanga sína, hvern og einn, og vafði Oss síðan örmum og þrýsti Oss ástúðlega að brjósti sér. Þá urðum Vér þess varir, að hann hafði enga skó á fótunum, Vér gáfum honum Vora eigin skó og töluðum til hans glaðlega og uppörvandi og sendum hann síðan á vettvang píslarvættisins. Seinna kom böðull hans til Vor og fór fjálgum orðum um það hugrekki sem þessi æskumaður hafði sýnt. Hversu þakklátir vorum Vér ekki Guði fyrir þennan vitnisburð, sem böðullinn sjálfur hafði gefið!“

Vitrúnin í prísundinni

Það var í Siyáh-Chál, sem Bahá’u’lláh fékk fyrstu vitrunina um guðdómlega köllun sína. Hann lýsir þessari reynslu þannig:

„Þótt nístandi þungi hlekkjanna og daunillt loftið varnaði Mér oftast svefnis þá daga, sem Eg var í prísundinni í Teher-

an, fannst Mér samt á þeim fátíðu andartökum, er Mér seig blundur á brá, sem eitthvað streymdi frá ennisrótum Mínum yfir brjóst Mitt, eins og stríður árstraumur, sem fellur á jörðina af háum fjallstindi. Af þessum sökum var eins og allir limir líkama Míns stæðu í björtu báli. Á þeim stundum mælti tunga Mín það, sem enginn maður fékk borið að heyra.“

Hann segir einnig:

„Eina nótt í draumi hljómuðu þessi upphofnu orð á alla vegu: Sannlega munum Vér gera þig sigursælan af sjálfum þér og penna þínum. Ver eigi hryggur sakir þess, sem þér hefur fallið í skaut, og óttast eigi, því að þú ert óhultur. Áður en langt um líður mun Guð hefja upp fjársjóðu jarðarinnar — menn, sem munu liðsinna þér með atbeina þín sjálfs og nafns þíns — en með því hefur Guð blásið lífi í hjörtu þeirra, sem borið hafa kennsl á Hann.“

Og enn segir Bahá'u'lláh frá opinberun, sem Hann fékk í þessari dýflissu:

„Í kviksyndi hrellinganna heyrði eg unaðslegustu og ljúfustu rödd, sem kallaði upp yfir höfði mér. Er eg leit upp, sá eg Meyju — líkamnaða minninguna um nafns Guðs míns — í loftinu fyrir ofan mig. Svo fagnandi var sál hennar, að ásjóna hennar skein af skarti velþóknunar Guðs og vangar hennar glóðu af birtu hins Almiskunnsama. Hún hóf upp kall sitt, sem gagntók hjörtu og hugi manna, milli himins og jarðar. Hún boðaði bæði ytri og innri verund minni tíðindi, sem glöddu sál mína og sálir heiðraðra Guðs þjóna. Hún benti með fingri sínum á höfuð mitt og ávarpaði alla þá, sem eru á jörðu, og alla sem eru á himni, og sagði: Sem Guð lifir! Þessi er hinn ástsælasti allra veraldanna, og þó skiljið þér það eigi. Þetta er fegurð Guðs á meðal yðar og kraftur konungdæmis Hans innra með yður, ef aðeins þér skilduð það. Þetta er leyndardómur Guðs og fjársjóður Hans, málstaður Guðs og dýrð Hans frammi fyrir öllum þeim sem eru í ríkjum opinberunar og sköpunar, ef þér heyrið til þeim, sem hafa skilning.“

Heimkoman

Meðan Bahá'u'lláh var í dýflissunni í Teheran, skipaði keisarinn, Naşiri'd-Dín Sháh, forsætisráðherra sínum, Mírzá Áqá Khán, að senda herflokka til Núr-héraðs og handsama alla fylgismenn Bábsins á því svæði. Forsætisráðherrann var sjálfur frá Núr og tengdur Bahá'u'lláh. Hann gerði tilraunir til að skjóta hlífiskildi yfir ættingja Bahá'u'lláh í Núr en mistókst það.

Allar eigur Bahá'u'lláh voru gerðar upptækar til keisarans, og hús hans í Núr var jafnað við jörðu. Jafnvel forsætisráðherrann notaði tækifærið og flutti ýmsa eigumuni Bahá'u'lláh yfir á sitt nafn, án þess að endurgjald kæmi fyrir. Ríkulega búin höll Bahá'u'lláh í Teheran var rænd og verðmætum húsgögnum hennar stolið. Meðal þess sem forsætisráðherrann sló eign sinni á var ómetanlegt handrit, hluti af pistli, sem 'Alí, tengdasonur Múhammeds, hafði skrifað með eigin hendi og auk þess sjaldgæft handrit með kvæðum eftir Hafíz. Muḥammad Sháh, keisari Persíu, hafði viljað eignast handritið, en hvarf frá þeirri hugmynd er honum var sagt að fyrir hvert og eitt af tólf þúsund versum þess yrði hann að greiða einn ríkisdal úr gulli.

Þáttur rússneska sendiherrans

Þegar Bahá'u'lláh hafði dvalist í dýflissunni í fjóra mánuði, tókst vinum Hans og velunnurum að sannfæra keisarann um að Hann hefði engan þátt átt í morðtilræðinu gegn honum. Meðal þeirra sem töluðu máli Bahá'u'lláh var rússneski sendiherrann í Teheran, Dolgoruki. Honum hafði borist til eyrna, að prestarnir stefndu að því að lífláta Bahá'u'lláh, og er hann heyrði það hélt hann til hirðar keisarans, þar sem dauðadómarnir voru kveðnir upp. Hann flutti þar mál Bahá'u'lláh og samfanga hans skörulega og benti á, að dómurunum væri sjálfum vel kunnugt um hve fjarstæðukennt það væri að ætla, að svo tigin persóna sem Bahá'u'lláh gæti átt nokkra hlutdeild í fávíslegu tilræði tveggja veikgeðja unglingspíla gegn þjóðhöfðingjanum. „Hafið þið ekki náð fram nógu grimmilegum hefndum?“ spurði hann forseta og embættismenn dómsins. „Hafið þið ekki nú þegar myrt nógu marga saklausa menn vegna þessarar ákæru, sem þið vitið sjálfir ofur vel að er ósonn og fjarstæðukennd? Hafið þið ekki enn fengið ykkur fullsadda á þessu dýrslega grimmdaræði?“ Sendiherrann lauk máli sínu með því að beina þeirri viðvörðun til embættismannanna,

að ef þeir snertu eitt hár á höfði Bahá'u'lláh mundi stjórn hans senda her manns gegn Teheran og refsa íbúum hennar og yfirvöldum óvægilega.

Skömmu síðar féllst keisarinn á að sleppa Bahá'u'lláh úr haldi með því skilyrði að Hann færi úr landi ásamt fjölskyldu sinni og nokkrum ættingjum. Einum mánuði síðar lagði Bahá'u'lláh af stað í útlegðina til Baghdad.

Fjölskyldan helga

Er Bahá'u'lláh kom heim, sagði Hann engum frá guðdómlegum vitrunum sínum í dýflissunni. En þeir sem þekktu Hann best sáu þó að Hann hafði breyst og frá Honum stafaði kraftur og ljómi, sem þeir höfðu aldrei séð áður.

Dóttir Bahá'u'lláh, Bahíyyih Khánum, segir svo frá:

„Jamál-i-Mubáarak (hin Blessaða fegurð: Bahá'u'lláh) varð fyrir undursamlegri og guðdómlegri reynslu í þessu fangelsi.

Við Sáum nýjan ljóma urnlykja Hann eins og skínandi klæði, en þýðingu þess skildum við fyrst mörgum árum síðar. Þá gerðum við okkur aðeins ljóst hve undursamlegt það var, án þess að skilja og jafnvel án þess að okkur væri skýrt til hlítar frá þessum heilaga atburði.“

Mánuðinn áður en Bahá'u'lláh hélt í útlegðina, dvaldi Hann í húsi hálfbróður síns, Mírzá Riḏá-Qulí, sem var læknir. Eiginkona hans, Maryam, hjúkraði Honum ásamt eiginkonu Bahá'u'lláh, Nawáb, af miklu ástríki og umhyggju, uns Hann hafði safnað nægum kröftum til að yfirgefa Teheran og halda til Írak. Navváb annaðist undirbúning fararinnar og seldi meðal annars brúðarskart sitt til þess að kaupa vistir fyrir hið langa og erfiða ferðalag.

Bahá'u'lláh lagði af stað í útlegðina 12. janúar 1853. Meðal þeirra sem fylgdu Honum var elsti sonur Hans, 'Abbás, níu ára gamall drengur, sem síðar tók sér titilinn 'Abdu'l-Bahá (þjónn Bahá). Andlegt innsæi Hans var slfkt, að fyrstur allra hafði Hann borið kennsl á stöðu Föður síns, kropið við fætur Hans og beðið um að fá að fóma lífi sínu á braut Hans. Bahá'u'lláh mat son sinn svo mikíls, að meðan Hann enn var unglingur í Baghdad, nefndi Bahá'u'lláh Hann Aqá (meistara) — en þann titil hafði Bahá'u'lláh notað um föður sinn í Teheran. Asamt Bahá'í opinberun-

inni er ‘Abdu’l-Bahá dýrmætasta gjöf Bahá’u’lláh til mannkynsins. Hann varð miðdepill sáttmálans að Bahá’u’lláh látnum og uppspretta þeirrar andlegu orku, sem Bahá’u’lláh hafði leyst úr læðingi til að endurnýja og umskapa alla menn.¹

Annar meðlimur hinnar heilögu fjölskyldu, sem fór í þessa hættulegu för, var Bahíyyih Khánúm, sem nefnd var Varaqiy-i-’Ulá (Laufið helgasta). Staða hennar í Bahá’í opinberuninni er einstæð og Bahá’íar líta á hana sem hina fremstu meðal kvenna á þessum tímum. Líf hennar var þrungið þjáningum og ógæfu og fáir innan fjölskyldunnar helgu þoldu harmkvælin, sem féllu þeim öllum í hlut, af slíku hugrekki og jafnaðargeði. Henni tókst með þrautseigju sinni og trúarstyrk að lina þær þungu raunir, sem hvað eftir annað féllu Föður hennar og fjölskyldu Hans í skaut. Í lífi sínu endurspeglaði hún sömu eiginleikana og dyggðirnar, sem einkenndu bróður hennar og gera Hann að æðstu fyrirmynd allra Bahá’ía á öllum tímum.

Navváb fylgdi Bahá’u’lláh einnig í útleðina og deildi kjörum Hans í mótlæti og þrengingum það sem hún átti eftir ólífað. Samúð, ást og hjartagæska einkenndi allt fas hennar. Dóttir hennar, Bahíyyih Khánúm, hefur lýst henni með þessum orðum:

„ ... Eg sé hana ætíð á þessum fyrstu dögum í minningu minni sem drottningarlega í reisu sinni og yndisleik. Hún var tillitssöm við alla, blíðlynd, dásamlega óeigingjörn, öll verk hennar lýstu ástríki hins hreina hjarta hennar; sjálf návist hennar fyllti andrúmsloftið ástúð og hamingju hvar sem hún kom og hjúpaði alla ilmi blíðrar hæversku.“

Navváb leit á Bahá’u’lláh sem Drottinn sinn og trú hennar á Hann var stöðug og óbifanleg. Í töflu, sem opinberuð var eftir andlát hennar 1886, segir Bahá’u’lláh að hún muni verða eilífur förunautur Hans í öllum veröldum Guðs.

Sakir ástar sinnar á Bahá’u’lláh fylgdu tveir bræður Hans Honum í útleðina. Yngri bróðirinn hét Mírzá Músá og yngsti hálfbróðir Hans, sem þá var unglíngur, hét Mírzá Muḥammad-Qulí. Báðir þessir bræður héldu við Hann tryggð og þoldu harðréttið með Honum í langri og þjáningarfullri útleð. Hinn fyrrnefndi, sem Bahá’u’lláh nefndi jafnan Áqáy-i-Kalím, var trygg-

1 Sjá 14. kafla.

lyndastur bræðra Hans, naut óskoraðs trausts Hans og lét einskis ófreistað til að verja Hann og vernda gegn óvinum og ofsóknarmönnum. Vegna hollustu sinnar og þjónustu er hann í fremstu röð postula Bahá'u'lláh. Hinn síðari var aðeins átta árum eldri en 'Abdu'l-Bahá. Hann var hlédrægur og þögull að eðlisfari, fullur ástúðar og mildi gagnvart öllum. Hann þjónaði Bahá'u'lláh meðan hann lifði.

Af þeim átta bræðrum Bahá'u'lláh, sem eftir voru, var aðeins einn, Mírzá Muḥammad-Ḥasan, trúfastur fylgjandi Hans og naut ástar Hans og virðingar. Hinir, að Mírzá Yaḥyá undanskildum, sem rauf sáttmálann við Bábinn og snerist gegn Bahá'u'lláh, höfðu ýmist dáíð áður en Bábinn og Bahá'u'lláh opinberuðu köllun sína eða létu sig engu skipta Málstað þeirra.

Ferðin til Baghdad

Hin langa ferð til Baghdad var farin um miðjan vetur yfir snævipakin fjöll V-Persíu. Vegna mikilla snjóa tók ferðin alls um þrjá mánuði og allan þann tíma þjáðust útlagarnir mjög af kulda og harðrétti. Þeir komu til Írak í mars 1853. Mjög var þá af þeim dregið líkamlega og ýmsir töldu, að úr þessu yrði Bahá'u'lláh ekki langra lífdaga auðið. En Hann hafði lifað af þrisundina í Teheran og þjáningafullt ferðalagið yfir fjöllin, og um leið og Honum jókst styrkur, hófst Hann handa um að safna aftur saman fylgjendum Bábsins og blása nýju lífi í hið sundraða samfélag, eins og Hann hafði heitið í dýflissunni í Teheran.

Samfélag í upplausn

Shoghi Effendi, Vörður Bahá'í trúarinnar, hefur sagt að aldrei hafi gengi þeirrar Trúar, sem Bábinn hafði lifað og þjáðst fyrir, verið jafn lítið og á því umbrotasama tímabili, er Bahá'u'lláh var útlægur ger frá fæðingarlandi sínu til Írak. Hann segir:

„Málstaðurinn, sem Bábinn hafði fórnað lífi sínu, og sem Bahá'u'lláh hafði stritað og þjáðst fyrir, virtist vera að slokkna út fyrir fullt og allt. Afl hans virtist þorrið, mótstaða hans óafturkallanlega brotin á bak aftur. Ögæfa og hörmungar, hver annarri geigvænlegri, höfðu skollið yfir svo ört að furðu sætti, dregið úr lífsþrótti hans og varpað skugga á vonir ótrauðustu bandamanna hans.“

Mikil upplausn var þegar ríkjandi í samfélagi Bábsins. Kænn og grimmur óvinur — persneska prestastéttin — hafði greitt því miskunnarlaus högg og auk þess var kominn upp rígur og sundrun meðal fylgjendanna.

Fyrirheitið um „Hann, sem Guð mun birta“ gengur eins og rauður þráður gegnum öll rit Bábsins og sjálfur hafði Hann lagt líf sitt í sölurnar til að ryðja braut þessum mikla endurlausnara og fræðara alls mannkynsins. Í sorginni og glundroðanum, sem greip um sig meðal lærisveina Bábsins eftir líflát Hans í Tabríz fengu nokkrir þeirra þá hugmynd, að þeir væru sá sem Bábinn hafði sagt fyrir um, en enginn þessara manna hlaut neitt teljandi fylgi. Formlegur leiðtogi Bábíanna á þessum tíma var hálfbróðir Bahá'u'lláh, Mírzá Yaḥyá, Hann gekk einnig undir nafninu Subḥ-i-Azal (morgunn eilífðarinnar). Hann komst ekki til áhrifa vegna þess að hann væri gæddur einhverjum sérstökum forystu-hæfileikum, heldur vegna þess hve nákominn hann var Bahá'u'lláh. Bahá'u'lláh var frá upphafi sá lærisveina Bábsins, sem naut mestrar virðingar og vinsælda, bæði innan og utan samfélagsins. Bahá'u'lláh hafði stungið upp á því að Mírzá Yaḥyá yrði formlegur forsvarsmáður samfélagsins og Bábinn lagði blessun sína yfir þá ráðstöfun og fól hann umsjá Bahá'u'lláh. Mírzá Yaḥyá var þá ungur að árum og lítt þekktur meðal Bábíanna. Aðeins tveir menn vissu hvaðan þessi uppástunga kom: Áqáy-i-Kalím, bróðir Bahá'u'lláh, og Mullá 'Abdu'l-Karím, sem Bábinn fól það verkefni skömmu fyrir atburðina í Tabríz að afhenda Bahá'u'lláh skriffæri sín, innsigli og ritverk. Mullá 'Abdu'l-Karím leið píslarvætti í Teheran, er Bahá'u'lláh var í prísundinni þar.

Með þessari tilnefningu beindist athygli yfirvaldanna frá Bahá'u'lláh, sem var hinn eiginlegi leiðtogi Bábíanna eftir píslarvætti Bábsins. En það kom brátt á daginn, að Mírzá Yaḥyá var ekki hlutverki sínu vaxinn. Þegar fregnirnar um aftöku Bábsins bárust til Teheran, varð hann skelfingu lostinn og fiúði til Mázindarán, þar sem hann fór huldu höfði. Þessi flótti á örlagastundu varð til þess að margir fylgismenn Bábsins á því svæði misstu trú á honum og sumir þeirra snerust jafnvel á sveif með ofsóknarmönnunum. Er Mírzá Yaḥyá hafði reikað um norður- og vesturhérað Persíu í tvö ár, hélt hann til Baghdad, en reyndi ætíð að villa á sér heimildir, því hann óttaðist að menn bæru kennsl á hann og mundu selja hann í hendur yfirvöldum. Hann hótaði eitt sinn að bannfæra einn fylgjanda Bábsins, sem ætlaði að kynna hann sem

leiðtoga sinn. Allan þennan tíma aðhafðist hann ekkert til þess að stuðla að framgangi Málstaðarins og gerði aldrei tilraun til að lina þrautir eða bjarga lífi trússystkina sinna. Bahá'u'lláh hafði þá þegar gerst opinber málsvari Trúarinnar gagnvart hirð keisarans, klerkunum og alræningjum í landinu.

Það var þó ekki kjarkleysi Mírzá Yaḥyá, sem skaðaði málstað Bábsins, heldur andstaða hans við raunverulegan leiðtoga þessa Málstaðar. Þótt ætlunin hefði aldrei verið að Mírzá Yaḥyá yrði annað og meira en leiðtogi að nafninu til, vildi hann ekki una því til lengdar og gerði brátt kröfur til þess að litið yrði á sig sem eftírmann Bábsins. Hann sá ofsjónum yfir þeirri virðingu, sem Bahá'u'lláh naut, jafnt meðal vina sem andstæðinga, og fylltist öfund, er hann sá tignarmenn og smælingja í Baghdad sækjast eftir hylli Hans og vináttu.

Fyrr en varði lenti Mírzá Yaḥyá í slagtogi með Siyyid-Muḥammad-i-Isfáhání. Siyyid þessi varð þegar fram í sótti hatursfyllsti andstæðingur Bahá'u'lláh og skirrðist einskis til þess að leggja stein í götu Hans. Shoghí Effendi hefur nefnt hann „Andkrist Bahá'í opinberunarinnar“. Siyyid Muḥammad var kærni og ófyrirleitnari en Mírzá Yaḥyá og notaði hann sér til framdráttar í valdatafli sínu. Samband þessara tveggja manna var ærið einkennilegt. Þeir deildu oft heiftúðlega, en voru bestu mátar þess á milli. Siyyid Muḥammad bar iðulega sigurorð af Mírzá Yaḥyá í rökræðum og hæddist þá stundum svo óvægilega að honum, að Yaḥyá leitaði ásjar hjá Bahá'u'lláh og kvartaði sáran undan framferði Siyyidsins gagnvart sér. Einnig kom fyrir að Siyyidinn móðgaðist við Yaḥyá og hvarf á brott um stundarsakir.

Fyrir áeggjan þessa slóttuga og valdasjúka Siyyids¹ lýsti Mírzá Yaḥyá því yfir, að hann væri arftaki Bábsins og öllum fylgjendum Bábsins bæri að snúa sér til hans. Þessi yfirlýsing gekk í berhöggt við skýra og ótvíræða kenningu Bábsins um „Hann, sem Guð mun birta“ og olli miklu uppnámi og ágreiningi meðal hinna trúuðu.

Mírzá Músá frá Qúm

Hají Mírzá Músá frá Qúm var einn af fyrstu lærisveinum

1 Siyyid er titill, sem *shí'*ítar í Persíu nota um afkomendur Múhammeds. Þeir auðkenndu sig oft með því að bera græna vefjarhetti.

Bábsins. Hann hafði snúið baki við Mírzá Yaḥyá, því hann taldi að ekkert í persónu eða lundarfari Yaḥyá réttlætti tilkall hans. Hann áleit sjálfan sig djarfari, sjálfstæðari og hæfari til forystu en Yaḥyá og fylltist örvílnun, er hann varð vitni að niðurlægingu og umkomuleysi samfélagsins, sem Bábin hafði gefið líf sitt fyrir. Hann var meðal þeirra mörgu, sem taldi að fyrirheit Bábsins um „Hann, sem Guð mun birta“ ætti við þá sjálfa og tilkynnti það hverjum sem heyra vildi. En þegar hann heyrði um Bahá'u'lláh gerði hann sér ljóst að hann hafði blekkst sjálfan sig. Hann hraðaði sér á fund Bahá'u'lláh, baðst fyrirgefningar á gerðum sínum og hlaut hana. Mírzá Músá var svo hreinlundaður og laus við sín-girni, að Bahá'u'lláh hafði eitt sinn á orði, að hefði hann haldið fast við tilkall sitt, þá hefði Hann sjálfur samþykkt það. Í yfirbótaskyni ákvað Mírzá Músá að fasta uns hann dæi, en Bahá'u'lláh afstýrði þeirri fásinnu. Hann andaðist þremur dögum áður en Bahá'u'lláh hélt áleiðis til Konstantínópel.

Bahá'u'lláh í eyðimörkinni

Undirróður Mírzá Yaḥyá og féлага hans og fjandskapur þeirra gegn Bahá'u'lláh olli Honum sárri hryggð. Hann gerði það sem í Hans valdi stóð til að leiða honum fyrir sjónir þá vanvirðu, sem hann leiddi yfir málstað Bábsins með framferði sínu. En allt kom fyrir ekki.

Loks greip Bahá'u'lláh til þess ráðs að fara frá Baghdad. Þetta gerðist fyrirvaralaust og öllum að óvörum og Hann gerði ekki einu sinni nánustu vandamönnum sínum viðvart. Bahá'u'lláh hélt frá Baghdad 12. apríl, 1854. Ljóst er af því sem Hann ritaði síðar, að við brottförina í þessa útleigð, sem stóð í tvö ár, hugleiddi Hann ekki að snúa aftur né vænti framar endurfunda við ástvini sína. Hann segir í *Kitáb-i-Iqán*:

„Eina ætlunin með brottför Vorri var að forðast að verða misklíðarefni meðal hinna trúuðu, tilefni úlfúðar félögum Vorum, ástæða til sársauka nokkurri sálu eða orsök hryggðar nokkru hjarta. Enga aðra ósk ólum VÉR í brjósti og ekkert annað markmið höfðum VÉR í huga.“

Í fylgd með Bahá'u'lláh var þjónn Hans, sem var Múslim, Áqá 'Abu'l-Qásim að nafni. Skömmu síðar réðust ræningjar á 'Abu-

'l-Qásim og særðu hann til ólífis. Bahá'u'lláh var því einn síns liðs á auðnum Kurdistán, en þær byggja harðger og herskár þjóðflokkur, sem öldum saman hafði átt í erjum við Persa, sem þeir fyrirritu og töldu frávillinga frá hreinni kenningu Múhammeds. Bahá'u'lláh klæddist grófum fatnaði og tók ekkert með sér nema ölmususkál og ein föt til skiptanna. Hann tók sér nafnið Darvish Muḥammad og hafðist við í eyðimörkinni. Um skeið dvaldi Hann á fjallinu Sar-Galú, sem er svo fjarri mannabyggðum, að bændur frá Kúrdistán koma þar aðeins tvisvar á ári til að sá og uppskera. Bahá'u'lláh lét fyrirberast í kofa, hlöðnum af grjóti, þar sem bændurnir leituðu sér skjóls í illviðrum og stundum hafðist Hann við í hellum. Einu félagar Hans voru fuglar himinsins og dýr merkurinnar. Hann segir svo í *Kitáb-i-Iqán*:

„Marga nótt höfðum Vér ekkert til viðurværis og margan dag fékk líkami Vor enga hvíld. Sem Hann lifir, er hefur í hendi sér verund mína! Þrátt fyrir þessa storma þrenginganna og stöðuga ógæfu, var sál Vor umvafin sælum unaði og öll verund Vor gagntekin ólýsanlegri gleði. Því að í einsemd Vorri urðum Vér ekki varir ábata eða tjóns, heilsu eða sjúk-leika nokkurrar sálar.“

Bahá'u'lláh lifði enn þessu einmanalega lífi á fjallinu, þegar Shaykh nokkur frá borginni Sulaymáníyyih leitaði Hann uppi samkvæmd vísbendingu, sem hann fékk í draumi, er hann dreymdi um spámanninn Múhammed. Skömmu síðar heimsótti leiðtogi sunnita í héraðinu, Ismá'íl að nafni, Bahá'u'lláh og tókst eftir miklar fortölur að fá Hann til að koma með sér til Sulaymáníyyih og búa þar. Altalað var í borginni, að heilagur einsetumaður hefðist við í eyðimörkinni og orðrómurinn hafði borist alla leið til Baghdad. Vinir Bahá'u'lláh, sem heyrðu lýsingar á þessari heilögu mannveru, visku hennar og lyndisgöfgi, vissu þegar í stað að ekki gat verið um neinn annan en Bahá'u'lláh að ræða. Þeir gerðu því út hraðboða til höfuðborgar Kúrdistán á fund Hans.

Í hinu mikla ritverki sínu *Bahá'u'lláh — The King of Glory* segir H.M. Balyuzi, að það hafi verið vegna þeirra atburða, sem leiddu til dauða Áqá Abu'l-Qásim, þjóns Bahá'u'lláh, sem fjólskylda Hans vissi hvar átti að leita Hans. Abu'l-Qásim þurfti að yfirgefa Bahá'u'lláh og fara til Íran til að ná í varning og fjármuni. Er hann var á leiðinni til baka réðust stigamenn eða hermenn á

hann við landamæri vesturhéraðanna og veittu honum svöðusár, sem dró hann um síðir til dauða. Er hann fannst, sagði hann til nafns síns og fæðingarhéraðs og skýrði frá því að vörur þær og peningar, sem hann hefði haft meðferðis, tilheyrðu Darvish Muḥammad-i-Irání, sem hefðist við í fjöllum Kúrdistán.

Kúrdarnir hylla Bahá'u'lláh

Sulaymáníyyih er nú á dögum fögur lítil borg, byggð á þremur hæðum, umlukin skógum og gróðurlendi. En á dögum Bahá'u'lláh var hún aðeins þyrping lítilla og niðumíðdra húsa, tilsýndar eins og óhrjálegt sveitaþorp. Ibúamir voru hirðingjar, sem yfirgáfu þorpið á vorin og komu ekki aftur fyrr en síðla hausts.

Í bók sinni um Bahá'u'lláh segir Balyuzi:

„Enn þann dag í dag minnst margir fremstu borgarar (Sulaymáníyyih) dvalar Bahá'u'lláh meðal forfeðra sinna með blíðu og lotningu. Þótt almenningur hrifist mjög af Honum, var einungis titið á Hann sem þann, er Hann sagði sig vera: umflakkandi dervisja frá Iran. Þá gerðist það að sýnishorn af rithönd Bahá'u'lláh komst í hendur eins af lærisveinum Shaykh Ismá'il, leiðtoga súfista á þessum slóðum. Lærisveinninn fór með sýnishornið til meistara síns, sem hreifst mjög af því.¹

Shaykh Ismá'il hraðaði sér á fund Bahá'u'lláh ásamt nokkrum lærisveinum sínum og þeir fræddust mikið af Honum. Dag nokkurn báðu þeir Hann að útskýra dulda merkingu málsgreina (í helgiritinu) *al-Futuhát al-Makk-íyyah* eftir dulspekinginn mikla frá Andalúsíu, Ibnu'l-Arabí. Bahá'u'lláh svaraði því til að Hann hefði aldrei lesið bókina og væri ókunnugt um innihald hennar, en Hann myndi samt verða við bón þeirra. Á hverjum degi var ein blaðsíða úr bókinni lesin upphátt í návist Hans og Hann útskýrði síðan og útlistaði skoðanir hins dulspaka sjáanda. Þá báðu þeir Hann að semja óð í stíl við hið fræga Tá'íyyih-kvæði annars rómaðs dulspokings, Ibnu'l-Fárid frá Egyptalandi. Árangurinn varð hið andríkasta kvæði, sem hlaut viðurkenningu

1 Fögur rithönd var í þá daga mælikvarði á menntun.

og frægð undir nafninu *Qasídy-i-'Izz-i-Varqá'íyyih*. Upphaflega samanstöð það af 2000 versum, en Bahá'u'lláh valdi 127 þeirra, sem Hann leyfði að varðveita. Enginn maður hafði áður dirfst að semja kvæði í sömu stíltegund og Ibnul-Fárid.“

Balyuzi segir einnig frá því, að í hvert sinn er Bahá'u'lláh kom til Sulaymáníyyih hafi Hann dvalist í Takyih (guðfræðistofnun) Mawláná Khálids. Hann var þá aldurhniginn maður og naut mikillar virðingar meðal Kúrdanna. Mawláná Khálid bað Darvish Muhammad að rita skjal, þar sem kveðið var á um að vörslu stofnunarinnar skyldi fela í hendur afkomendum hans um ókomna tíð. Þetta skjal og ýmis önnur verk Bahá'u'lláh eru nú í fórum fjölskyldna í Sulaymáníyyih, sem neita að láta þau af hendi hvað sem í boði er. Fyrir þremur áratugum lýsti eigandi slíks helgigrips því yfir að þótt hann fengi eina milljón dínara (milljón sterlingspund) fyrir hann, mundi hann samt ekki láta hann af hendi, því hann væri þess fullviss að hann og fjölskylda hans yrðu svipt allri blessun, ef hann hyrfi úr fórum þeirra. Kúrdar í Sulaymáníyyih hafa mikla helgi á fornum dýrling, Káká Ahmad. En í samanburði við Íshán (bókstafleg þýð.: „Þeir“ — virðingartitill, sem Kúrdar gáfu Bahá'u'lláh) fölnaði jafnvel ljóminn, sem stóð af þessum dýrling. Fjallið Sar-Galú, þar sem Bahá'u'lláh dvaldi lengst af, er nú talið heilagur staður.

Um þetta mikilsverða tímabil í ævi Bahá'u'lláh segir 'Abdu'l-Bahá:

„Á Örskammri stund var Kurdistán allt sem bergnumið af ást til Hans. Á þessum tíma lifði Bahá'u'lláh í fátækt. Klæði Hans voru klæði fátæklinga og þurfamanna. Fæða Hans var fæða hinna auðmjúku og snauðu. Andrúmsloft tignar hjúp-aði Hann eins og sólin í hádegisstað. Hann var hvarvetna elskaður og mikilsvirtur.“

Raunirfjölskyldunnar helgu

Meðan grundvöllurinn að andlegu veldi Bahá'u'lláh var lagður í ókunnu landi meðal framandi manna, fór ástandið í samfélagi Bábíanna hríðversnandi. Utlegðin, sem Bahá'u'lláh lagði á sjálfan sig, varð þyngsta raunin, sem það hafði gengið í gegnum. Mírzá



Bahiyyih Khánum (Hið helgasta lauf). Myndin er tekin ca. 1875.

Yaḥyá og vinir hans höfðu nú gullíð tækifæri til að sýna í verki yfirburði sína og forystuhæfileika, ef einhverjír voru, en í stað þess að fylkja sér um Mírzá Yaḥyá, snerust fjölmargir Bábíanna gegn honum, þegar þeir urðu þess áskynja hvern þátt hann átti í að flæma á brott þann, sem þeir allir elskuðu. Dóttir Bahá'u'lláh, Bahíyyih Khánum, sem þá var barn að aldri, segir svo frá:

„Áður en Faðir minn hélt inn á auðnirnar bauð Hann vinunum að sýna Subh-í-Azal (Mírzá Yaḥyá) tillitssemi. Hann bauð honum og fjolskyldu hans athvarf og beina á heimili okkar. Hann bað Mírzá Músá, móður mína og mig að annast þau og gera allt sem í okkar valdi stæði til að þeim liði vel.

Harmur okkar var óbærilegur þegar Faðir minn yfirgaf okkur. Hann sagði engum frá því hvert hann ætlaði eða hvenær Hann myndi koma aftur. Hann tók engan farangur með sér, aðeins lítið eítt af hrísgrjónum og gróft brauð.

Við — móðir mín, bróðir minn ‘Abbás (‘Abdu’l-Bahá) og eg — héldum fast saman í sorg okkar og kvíða.

Subḥ-i-Azal fagnaði og vænti þess að ná fram áformum sínum nú þegar Jamál-i-Mubáarak¹ væri ekki nærstaddur.

Á meðan var hann gestur á heimili okkar. Hann gerði okkur lífið leitt og kvartaði yfir matnum. Samt var undan-tekningarlaust allt hið besta og ljúffengasta gefið honum.

Hann var um þær mundir hræddari en nokkru sinni fyrir um að verða handtekinn. Hann var stöðugt í felum, læsti húsinu og réðist með heift að hverjum þeim sem reyndi að opna.

Eg lifði mjög einmanalegu lífi og mig langaði stundum til að blanda geði við önnur börn. En Subḥ-i-Azal vildi ekki leyfa neinum litlum vinum að koma inn, né heldur hleypa mér út.

Tvær litlar stúlkur á mínum aldri áttu heima í næsta húsi. Eg var vön að standa á gægjum og horfa á þær, en gestur okkar kom ætíð og æpti á mig fyrir að opna dyrnar. Síðan læsti hann þeim vandlega. Hann lifði í sífelldum ótta við handtöku og stóð á sama um allt nema eigið öryggi.

1 Hin blessaða fegurð: Bahá'u'lláh.

Við lifðum afar erfiðu og einmanalegu lífi á þessum tíma. Hann vildi ekki einu sinni leyfa okkur að fara til Hammám til þess að baða okkur. Engum var leyft að koma inn í húsið til að hjálpa okkur og af þeim sökum var vinnan mjög erfið.

Klukkutímum saman dag hvern varð eg að standa við djúpan brunn og draga upp úr honum vatn í skjólu. Reipin voru hörð og gróf og skjólan þung. Móðir mín kær var vön að hjálpa mér, en hún var ekki sterk og handleggir mínir fremur veikburða. Gestur okkar hjálpaði aldrei til.

Þar sem Faðir minn hafði skipað okkur að virða og hlýða þessum harðstjóra, reyndum við að gera það, en það var ekki auðvelt að bera virðingu fyrir honum, þar sem hann gerði okkur lífið svo leitt.

Á þessum tíma varð ástkær bróðir okkar, sem fæddist skömmu eftir komuna til Baghdad, alvarlega veikur. Gestur okkar vildi ekki leyfa að lækni yrði sóttur. Við fengum ekki einu sinni að sækja nágranna okkar.

Móðir mín varð harmþrungin þegar litla barnið dó — jafnvel þá var okkur ekki leyft að fá neinn til að búa lík þess til greftrunar.

Yndislegur líkami fallega barnsins okkar var fenginn í hendur manni, sem fór á brott með hann og við vissum aldrei hvar hann var jarðsettur. Eg man vel mæðu þessara daga.

Litlu síðar fluttum við í stærra hús — til allrar hamingju var Subḥ-i-Azal svo hræddur við að einhver mundi bera kennsl á hann, ef hann kæmi með okkur, að hann kaus að vera kyrr í litlu húsi, að baki heimili okkar. Við sendum honum ennþá mat og sáum fyrir fjölskyldu hans, sem nú hafði stækkað, því hann hafði tekið sér aðra konu, stúlku úr nágrannaþorpi.

Við þurftum ekki lengur að vera í návist hans á hverjum degi, okkur létti og við vorum miklu hamingjusamari.“

Lífvana samfélag

Mestallan tímann, sem Mírzá Yaḥyá lokaði sig inni í húsi sínu, stóð hann í bréfaskriftum við ýmsa fylgismenn Bábsins og reyndi að grafa undan því trausti, sem Bahá'u'lláh naut á meðal þeirra. Af ótta við hugsanlega andstæðinga sína sendi hann bandamann

sinn til Adhirbayján til að myrða einn af fyrstu og fræknustu lærisveinum Bábsins, Dayyán. Hann sendi annan Bábía, Áqá Ján, til Núr, þar sem hann átti að bíða færís á sjálfum þjóðhófdingjanum og myrða hann úr launsátri. Hann fyrirskipaði, að einn frændi Bábsins og fylgismaður Hans ‘Alí-Akbar, skyldi ráðinn af dögum og þeim fyrirælu var hlýtt. Samstarfsmaður Yaḥyá, Siyyid Muḥammad, safnaði um sig flokki þorpara, sem rændu auðuga pflagríma í Karbilá, frömdu helgisþjöll í graphýsi Imám Ḥusayn og létu greipar sópa um sessur þess, kerti og drykkjarílát. Niðurlægingin, sem þessir menn höfðu sokkið í, hlaut að leiða huga hinna trúfastari meðal fylgjenda Bábsins að fórnunum og sjálfsafneitun Mullá Ḥusayn og annarra fremstu lærisveina Bábsins, sem höfðu neitað að taka ófrálsri hendi eigur annarra, jafnvel þótt þeir ættu vísan hungurdauðann.

Á þessum árum komu fram ekki færri en tuttugu og fimm einstaklingar, sem lýstu því yfir opinberlega, að þeir væru sá, sem Bábinn hafði boðað að koma mundi í fyllingu tímans. Svo illt orð fór af Bábíunum, að þeir þorðu tæpast að láta sjá sig á götum úti, því að Persar og Kúrdar kepptust um að hrakyrða þá og spotta Málstaðinn, sem þeir játuðu.

Þegar Bahá’u’lláh sneri aftur til Baghdad, lýsti Hann þeim á þessa lund:

„Vér fundum aðeins fáeinar sálir, daprar og sinnulausar, nei — fullkomlega líflausar og glataðar. Málstaður Guðs var ekki lengur á nokkurs manns vörum og ekkert hjarta var lengur móttækilegt fyrir boðskap Hans.“

Þetta fékk Bahá’u’lláh slíkrar hryggðar, að Hann neitaði um hrið að yfirgefa hús sitt nema til þess að heimsækja stöku sinnum vini sína í Kázimayn og Baghdad.

Síðustu rósemisstundimar

Hvað olli því, að Bahá’u’lláh sneri aftur úr útlegð sinni í Sulaymán-fjöllum? Hann gefur sjálfur svarið við þeirri spurningu í *Kitáb-i-Iqán*:

„ ... frá hinni dulúðgu Uppsprettu¹ framgekk skipun og

1 Í enskri þýðingu Shoghi Effendi úr persnesku: „the Mystic Source.“

Oss var boðið að hverfa aftur þangað, sem Vér komum. Vér gáfum vilja Vorn undir vilja Hans og hlýddum þessari skipun.“

Hann segir einnig:

„Við hinn eina sanna Guð! Hefði Mér eigi verið kunnugt um, að hinn blessaði málstaður Frumpunktsins (Bábsins) væri að því kominn að þurrkast út og öllu því heilaga blóði, sem úthellt hafði verið á vegi Guðs, hefði verið úthellt til einskis, þá hefði Eg aldrei samþykkt að snúa aftur til fylgjenda Bayánsins heldur látið þeim eftir að tilbiðja þá hjáguði, sem hugarórar þeirra höfðu smíðað.“

Þegar það rann upp fyrir Mírzá Yaḥyá, að tilkall hans til forystu fyrir Bábíunum hafði komið honum í slíka sjálfheltu, sem raun bar vitni, fór hann sjálfur þess þráfaldlega á leit við Bahá'u'lláh, að Hann sneri aftur. Síðast en ekki síst grátbáðu ættingjar Hans og vinir Hann um að koma aftur til Baghdad, einkum barnungur sonur Hans, 'Abdu'l-Bahá, sem hafði þjáðst svo af sorg og einmanaleik þessi tvö ár, að Hann, eins og Hann komst eitt sinn sjálfur að orði, hafði í bamæsku sinni orðið að gömlum manni.

Bahá'u'lláh kvaddi því íbúana og trúarleiðtogana í Sulaymáníyyih, sem nú voru meðal tryggustu stuðningsmanna Hans og hélt aftur til Baghdad. Hann sagði förunauti sínum, Shaykh Sultán, sem ásamt öðrum Bábía hafði farið á fund Hans til að biðja Hann að snúa heim aftur, að þetta yrðu síðustu hvíldardagar sínir og einu friðar- og rósemisstundimar, sem Hann mundi njóta upp frá þessu. Hann kom aftur til Baghdad þann 19. mars, 1856.

Bahá'u'lláh dvaldi í Írak í tíu ár og segir Shoghi Effendi, að þeim megi skipta í þrjú tímabil. Hið fyrsta einkenndist af þeirri djúpstæðu sundrung og kreppu sem undirróður Mírzá Yaḥyá olli í samfélaginu. Annað tímabilið hófst, þegar Bahá'u'lláh dró sig sjálfviljugur í hlé og hélt til Sulaymán-fjalla í tveggja ára útleigð, og hið þriðja gekk í garð, þegar birtan frá þeirri sól sannleikans, sem skein í persónu Bahá'u'lláh, tók að vekja lærisveinana til nýs lífs og umskapa hjörtu þeirra allt fram til þess tíma er Bahá'u'lláh gerði köllun sína heyrinkunna í Riḍván-garðinum í útjaðri Baghdad vorið 1863.

4. kafli

Bahá'u'lláh og opinberun Hans

Endurkoma Bahá'u'lláh til Baghdad er einn þýðingarmesti atburðurinn í sögu Bahá'í trúarinnar á fyrstu öld hennar. Í fyrsta sinn síðan Bábinn var líflátinn í Tabríz gátu átrúendurnir snúið sér til einnar sameiginlegrar uppsprettu og sótt þangað styrk og innblástur. Bahá'u'lláh hafði án nokkurrar viðleitni af eigin hálfu sannað vald sitt yfir hjortum mannanna. Með ást sína og langlundargeð sitt að vopni hafði Hann sigrast á grimmum fjandmönnum. Vinir Hans frá Sulaymáníyyih flyktust til húss Hans í Baghdad og kepptust um að votta Honum virðingu sína. Trúarleiðtoga borgarinnar furðaði á því að Kúrdarnir skyldu vera svo hændir að Bahá'u'lláh og þeir fóru sjálfir að venja komur sínar til Hans. Fyrr en varði urðu þeir einnig kappsfullir stuðningsmenn Hans. Allir luku þeir upp einum munnni um eiginleika Bahá'u'lláh og óviðjafnanlega sálargöfgi. Brátt bættust í hópinn ýmsir embættismenn, skáld og dulhyggjumenn. Þeir sem höfðu gert harðasta stríð að málstað Bábsins í fjarveru Bahá'u'lláh þóttust nú einlægustu stuðningsmenn Hans, og einn þeirra heyrðist gorta af því að hann hefði lýst yfir fylgi sínu við Bábinn árið 1834 — heilum áratug áður en Bábinn kunngerði köllun sína. Engin dæmi eru til um það, að heilt samfélag Bábsins á þessum tíma, hafi með jafn skjótum og ótvíræðum hætti verið hrifið úr helgreipum upplausnar og útslokkunar og lyft í nýjar hæðir hamingju og sæmdar. Um leið og blessunarrík áhrifin af persónulegri návist

Bahá'u'lláh bárust út í samfélagið, var eins og það vaknaði af þungu og þrúgandi móki hryggðar og ráðleysis.

Persóna Bahá'u'lláh

Vestrænir nútímamenn eiga oft erfitt með að skilja hvernig einn einstaklingur getur vakið svo skilyrðislausu hollustu og aðdáun þeirra, sem umgangast Hann, að þeir séu reiðubúnir að fórna lífinu fyrir Hann og málstað Hans. Vesturlandabúum, sem vanir eru að leyna tilfinningum sínum, kann að þykja slík aðdáun bera keim af persónudýrkun. Þess ber að gæta, að fylgismenn Bahá'u'lláh tignuðu ekki mannlega persónu Hans, heldur þær eigindir Guðs, sem Bahá'u'lláh endurspegladi í lífi sínu og gerðum. Bahá'u'lláh var þeim það sem Kristur og Múhammed voru lærisveinum sínum. Hann var æðstur og mestur allra manna vegna þess að í sérhverri athöfn og sérhverju orði opinberaði Hann Guð sjálfan.

‘Abdu'l-Bahá lýsir tengslum opinberenda Guðs, spámannanna, við hinn æðsta Veruleika með þessum orðum:

„Hvað varðar hina heilögu opinberendur Guðs: Þeir eru brennideplar, sem birta tákn, ummerki og fullkomnun þess heilaga og ævarandi Veruleika í öllum sínum ljóma. Þeir eru eilífð náð, himnesk dýrð og ódauðleiki mannsins er undir þeim kominn. Svo dæmi sé nefnt: Sól sannleikans (þ.e. Guð sjálfur) dvelur á himni, sem engri sálu er tilkvæmilegur og sem enginn hugur getur náð til, og Hann er hátt hafinn yfir skilning allrar skepnu. En heilagir opinberendur Guðs eru eins og speglar, fádír og flekklausir, sem safna ljósgeislunum frá þessari Sól og dreifa síðan dýrðarljómanum yfir allt sköpunarverkið. Í þessu fáða yfirborði birtist Sólin skýrt í allri sinni tign. Ef hin endurspeglada Sól segði: „Ég er Sólin“, þá er það eigi annað en sannleikur. Og ef hún hrópaði upp: „Ég er ekki Sólin“, þá er það einnig satt. Og þótt Dagstjarnan í allri sinni dýrð, fegurð og fullkomnun sé auðsæ í þessum flekklausu spegli, þá hefur hún samt ekki stigið niður frá háleitum stað sínum í ríkjunum hið efra, hún hefur ekki farið inn í spegilinn, heldur dvelur hún áfram og um alla eilífð í yfirskilvitlegum hæðum síns eigin heilagleika.“

En hvernig var Bahá'u'lláh í lifanda lífi? Hvers eðlis var áhrifavald Hans yfir hjörtum mannanna? Það er merkileg staðreynd, sem segir sína sögu, að enginn lærisveina Bahá'u'lláh, sem með Honum lifðu og deildu kjörum Hans, hefur látið eftir sig ritaða lýsingu á Honum. Eina lýsingin sem til er, er rituð af Vesturlandamanni, sem aldrei varð fylgjandi Hans.¹ Á hinn bóginn hafa margir lærisveina Hans gert tilraunir til að lýsa þeirri tilfinningu, sem þeir voru gripnir í návist Hans, tiginleikanum sem frá Honum stafaði og ljómanum, sem skein af ásýnd Hans. Allt þetta hafði þau áhrif, að menn urðu sem agndofa, er þeir komu í návist Hans, fylltust lotningu og krupu Honum ósjálfrátt. Skipti þar engu máli hvort í hlut áttu vinir eða andstæðingar.

Einn fremsti postuli Bahá'u'lláh, Hají Mírzá Haydar-'Alí frá Işfáhán, hefur lýst þeim áhrifum sem návist Bahá'u'lláh hafði á átrúendurna. Hann segir:

„Að lýsa andlegri reynslu er ógjörningur. Tveir eða fleiri kunna t.a.m. að koma í návist Bahá'u'lláh. Sérhverjum þeirra finnst sem ástrfki, samúð og hylli Hans beinist að sér einum ... Sérhver skynjar áhrifin á sinn persónulega hátt og verður fyrir innri andlegri reynslu, sem honum veitist ómögulegt að lýsa fyxir öðrum. Hið eina sem hann getur gert er að ávarpa vin sinn og segja: „Eg var sem ölvaður og sæla mín fullkomin.“ Vinur hans, sem ef til vill hefur orðið fyrir svipaðri reynslu, getur aðeins skilið þessar tilfinningar að því marki sem næmleiki hans leyfir... Eg á við, að allt sem lýtur að innri tilfinningum manns sjálfs, andlegum næmleik, innri uppljómun ... er hátt hafið yfir náttúruna, stað, stund, form og innihald, og fjarlægt öllu þessu. Enginn getur t.d. lýst ástandi fullþroskans eða andlegum hæfileikum þroskaðs manns fyrir ófullþroska barni, jafnvel þótt þessir hæfileikar lúti að hinum náttúrlega heimi. Því að barnið hefur enn ekki hæfni til að skilja. Hversu miklu síður er þá unnt að útskýra andlegt hugarástand, óhlutbundið ásíðkomulag, fyrir einstaklingi...

Merking þessara orða er sú, að það er ógjörningur að útskýra útstreymi þeirrar náðar, sem menn skynja í návist

1 Sjá 11. kafla.

(Bahá'u'lláh) eða lýsa með orðum dýrðarljómanum, sem frá Honum stafar.“

Hají Mírzá Ḥaydar-'Alí segir enn fremur:

„Maður nokkur, sem var fylgjandi Azals, það eitt sinn Hají Siyyid Javád-i-Karbilá'í... sem var einn af fyrstu átrúendunum og einn af speglum Bábi-ráðstöfunarinnar, að lýsa ásjónu Bábsins ... Hann sagði: „Hann var óviðjafnanlegur í feegurð sinni og yndisleik; eg sá í Honum alla þá feegurð og gæsku, sem eignuð er persónu Jósefs¹“.

Þar sem fyrirspyrjandinn var Azalíti² og nokkrir aðrir Azalítar voru nærstaddir, taldi eg að þessir menn gætu ályktað af orðum Hají Siyyid Javád, að hann væri einnig fylgismaður Azals. Eg það hann því að segja okkur einnig frá feegurð (Bahá'u'lláh). Hann svaraði: „Vit þú með fullri vissu, að ef nokkur maður, hvort sem hann er vinur eða fjandmaður, lýsir því yfir að hann geti horft beint í blessaða ásjónu Bahá'u'lláh, þá er hann lygari. Eg reyndi þetta oft og gerði ítrekaðar tilraunir til að horfa í blessaða ásýnd Hans, en mér varð það um megn. Stundum þegar maður kemur í návist Bahá'u'lláh, er hann svo hugfanginn og fullur af ást, að hann verður orðlaus, agndofa, gleymir sjálfum sér og öllum heiminum. Og ætíð þegar hann ekki er frá sér numinn og reynir að horfa á blessað andlit Hans með einbeitingu, þá er það eins og að reyna að horfa í sólina. Skínandi geislar hennar blinda augun og kalla fram tárin, og þannig fer einnig þeim, sem reynir af öllum mætti að horfa í ásýnd hinnar Blessuðu fegurðar — augu hans fyllast tárur og hann getur ekki greint útlit Hans.“

Hají Mírzá Ḥaydar-'Alí heldur áfram:

„Eg varð sjálfur fyrir þessari reynslu. Þá sjö mánuði sem eg dvaldi í Adriánópel var eg svo bergnuminn og heillaður (af návist Hans), að eg gleymdi sjálfum mér fullkomlega og öllu sem skapað er. Fjórtán eða fimmtán árum síðar kom eg til hinnar helgu borgar, 'Akká ... Ég var í návist Bahá'u'lláh í

1 Sjá Kóraninn, súra Jósefs, XII. 30—35.

2 Þ.e. fylgismaður Subḥ-i-Azals (Mírzá Yaḥyá).

þrjá mánuði. Allan þann tíma lék mér forvitni á að vita hvernig hinn blessaði táj (höfuðbúnaður Bahá'u'lláh) væri á litinn, en eg gleymdi samt alltaf að gæta að því uns Hann dag einn prýddi Ríðván-garðinn með blessaðri nærveru sinni og færði honum ilman og uppljómun ... Hann sat og mataðist í herberginu, sem pílgrímar heimsækja enn og þar sem legubekkurinn, stóllinn og nokkrir aðrir munir, sem Hann notaði, eru geymdir. Tveir eða þrír aðrir stóðu inni í herberginu og nokkrir fyrir utan. Þeir voru allir hugfangnir af óviðjafnanlegri, ófölnandi og dýrlegri fegurð Hans. Þá sá eg táj Hans, þar sem eg stóð að baki vinunum og félögum Hans ... hann var grænn á litinn.“

Í endurminningum Hájí Muḥammad-Ṭáhir-i-Málmírí, sem fór í pílgrímsför til 'Akká 1878, er að finna frásögn, sem sýnir enn hve heitt fylgjendur Bahá'u'lláh unnu Honum. Muḥammad-Ṭáhir var í 'Akká í níu mánuði og gekk á fund Bahá'u'lláh annanhvorn dag. Sonur Muḥammad-Ṭáhir, Adib Taherzadeh, segir í bók sinni *The Revelation of Bahá'u'lláh* frá því, að fóður hans hafi ætíð langað til að horfa á andlit Bahá'u'lláh. En jafnan er hann kom í návist Hans varð hann svo heillaður af fegurð Hans og orðum, að hann gleymdi öllu öðru. Dag nokkurn leit hann þó ásýnd Bahá'u'lláh. Hér fer á eftir þýðing á orðum hans:

„Dag nokkurn kom eg í návist hinnar Blessuðu fegurðar. Hann bauð mér náðarsamlegast að setjast. Þegar eg settist niður, kallaði Hann á Khádimu'lláh¹ og sagði: „Færðu Aqá Táhir te.“ Khádimu'lláh kom með bolla af tei og rétti mér hann. Er eg tók við bollanum, leit eg í ásýnd hinnar Blessuðu fegurðar og missti meðvitundina. Eg gat ekki slitíð augu mín af yfirskilvitlegri fegurð Hans. Þá sagði Hann við mig: „Ó, sjáðu hvað þú hefur gert! Þú hefur hellt niður teinu og skemmt kyrtilinn ('abá)! Gættu vel þessa kufls, hann verður eini fatnaður þinn á leiðinni til Persíu. Vér höfðum einnig aðeins eina skyrtu og nærfatnað á leiðinni til Sulaymán-íyyih.“² Við þessi orð hinnar Blessuðu fegurðar rankaði eg

1 Mírzá Áqá Ján, ritari Bahá'u'lláh.

2 Ekki ber að líta á þau orð, sem höfð eru eftir Bahá'u'lláh í endurminningum lærisveina Hans, sem orðrétt ummæli Hans, heldur gefa þau aðeins efnislega til kynna það sem Hann sagði.

við mér og sá að eg hélt aðeins á undirskálinni í hendinni og hafði misst bollann. Heitt teið hafði hellst yfir kuflinn og farið í gegnum fötin, en eg hafði ekki orðið þess var.“

Muḥammad-Ṭáhir hefur ritað í smáatriðum sögu þessa kufls. Er hann hélt aftur til Persíu var öllum eigum hans stolið frá honum. Hið eina sem honum tókst að ná af tur var þessi kufl og tvö umslög. Hann var í þessum kufl, sem gerður var úr þunnu silki-efni, í nístandi vetrarkuldanum og minntist þá orða Bahá'u'lláh að þetta yrðu einu klæði hans á leiðinni til Persíu. Hann gerði sér þá grein fyrir þjáníngum Bahá'u'lláh í Sulaymáníyyih.

Tyrknesku liðsforingjarnir

Hají Mírzá Ḥaydar-'Alí, sem áður var nefndur, hefur í lítilli frásögn lýst viðbrögðum nokkurra stjórnarerindreka í 'Akká, er þeir sáu Bahá'u'lláh í fyrsta sinn. Hann segir í bók sinni *Bih-jatu's-Ṣudúr* (Unaður hjartnanna):

„ ... Riḍván-hátíðin var nýgengin í garð og haldin í húsi Jináb-i-Kalím. Eg var í ytri íbúð húss hans. Þar voru aðrar íbúðir, sem ekki-Bahá'íar höfðu til umráða; í einni þeirra bjó Páshá nokkur, sem hafði komið til 'Akká og var yfirmaður tollgæslunnar.

Síðdegis fyrsta dag Riḍván-hátíðarinnar kom Bahá'u'lláh út úr innri íbúðinni inn í vistarveruna, þar sem yfirmaðurinn og liðsforingjar hans sátu. Um leið og Hann kom inn risu þeir ósjálfrátt á fætur, og þótt sá væri ekki siður þeirra, lutu þeir hofði. Ráðvilltir og agndofa stóðu þeir kyrrir í sömu sporum ... Bahá'u'lláh gekk til þeirra og talaði til þeirra ástúðlega. Síðan fór Hann aftur til innri hluta hússins. Felmtraður og undrandi spurði foringinn: „Hver var þessi tígulegi maður? Er Hann heilagur Andi eða konungur konunganna?“ Við svöruðum: „Hann er faðir 'Abbás Effendi ('Abdu'l-Bahá).“

Fóm Ismá'íls

Þúsundir lærisveina Bahá'u'lláh fórnúðu lífi sínu og öllum eignum fyrir málstað Hans. Þeir litu á þessar fórnir sem ædsta heiður og mestu vegsemd, sem þeim gæti hlotnast í þessum heimi.

Meðal lærisveina Bahá'u'lláh var Siyyid Ismá'íl, sem komið hafði frá Persíu til að vera nálægt Ástvini sínum. Hann var af gofugum ættum og meistari í fagurskrift. Um hríð vann hann að því ásamt Nabíl að afrita fyrsta ritverk Bábsins, *Qayyúmu-'l-Asmá'*. Þetta verk tók þá átján daga og að því loknu bað Nabíl hann að segja sér frá reynslu sinni af Bahá'u'lláh. Nabíl vissi að á hverju kvöldi um miðnætti fór Ismá'íl út og sópaði strætið, sem Bahá'u'IIáh bjó við, með vefjarhetti sínum. Hann safnaði síðan sópinu saman í kufl sinn og fleygði því í fljótið. Þetta ryk, sagði hann, hafði helgast af blessuðum fótum Hans og ekkert óhreint mætti snerta það. Siyyid Ismá'íl svaraði spurningu Nabíls og á meðan streymdu tárin úr augum hans. Hann sagði: „Engin oró fá lýst því sem eg hef séð. Eftir að eg hafði beðið Hann um andlega næringu og Hann sagði, að mér hefði veist hún, opnuðust einar dyrnar af öðrum fyrir hjarta mínu og sál mín kynntist hugsunum, sem ekki eru af þessum heimi. Kvöld eitt í bírúni (íbúð) Hans, bað blessuð persóna Hans um kerti til að lesa við. Að venju var eg að brjóta heilann um ástand sjálfs mín, undrandi og agndofa, og skyndilega laust þessari hugsun niður í huga minn: „Er það mögulegt að þessi ásjóna, sem hinir útvöldu og boðberar Guðs þráðu að líta, hafi getað afhjúpast í mannlegu musteri?“ og um leið og þessi hugsun leiftraði í vitund minni, kallaði blessuð rödd Hans til mín: „Áqá Siyyid Ismá'íl, sjáðu!“ Og þegar eg horfði á and lit Hans, sá eg það sem orð fá aldrei lýst. Það eina sem eg get sagt er þetta: það var því líkast sem hundrað þúsund sólstöfuð ómælishöf brimuðu á þessari blessuðu Ásýnd. Hvað síðan gerðist veit eg ekki. Síðasta heilræðið, sem eg get gefið þér, er þetta: bið þú aldrei um neitt þessu ltkt og ger þér að góðu það sem þér hefur verið gefið og seg ætíð: „Ö, Guð! Gef að okkur farnist öllum vel“ — og bið fyrir mér, að mín eigin endalok verði farsæl.“

Atvikið, sem Siyyid Ismá'íl lýsti fyrir Nabíl, gerðist með þeim hætti, að dag nokkurn var Bahá'u'lláh gestur í húsi Áqá Muḥammad-Riḏáy-i-'Aríd. Fyrir framan Hann voru diskar hlaðnir ávöxtum og sætindum. Er Bahá'u'lláh gaf Siyyid Ismá'íl af sætindunum bað hinn síðarnefndi þess, að sér yrði gefin andleg næring. Bahá'u'lláh svaraði þá: „*Hún hefur verið gefin þér.*“

Frá þeim tíma blossaði öll verund Ismá'íls upp í brennandi ást til Bahá'u'lláh. Hann gekk svo langt að skera skegg sitt og gera úr því sóp. Á hverju kvöldi fyrir sólsetur mátti sjá hann sópa dyraþrepin við hús Bahá'u'lláh. Dag nokkurn snemma morguns sáu

menn hann halda á brott frá Baghdad í áttina til Kázimayn. Er hann var kominn út fyrir borgina settist hann niður við vegarbrúnina og sneri í átt til húss Bahá'u'lláh og grafhýsis sjöunda og níunda Imámíns. Síðan skar hann á hálsæð sína og dó. Upp frá því var hann nefndur „Dhabíh“, sem merkir fórn.

Tollverðir, sem séð höfðu Siyyid Ismá'íl yfirgefa borgina, héldu af stað til að leita hans og fundu hann látinn við vegarbrúnina. Lík hans var flutt til Kázimayn og jarðsett á Fjallinu rauða (Tall-i-Pindár).

Nabíl-i-Akbar

Fremstur allra þeirra lærdómsmanna, sem komu til fundar við Bahá'u'lláh í Baghdad, var Mullá Muḥammad-i-Qá'iní, sem Bahá'u'lláh gaf nafnið Nabíl-i-Akbar („lærðastur manna“). Hann hafði numið fræði sín hjá Shaykh Murtiqá, leiðtoga Shí'ah samfélagsins í borginni Karbilá. Bæði Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá báru lof á Shaykh Murtiqá fyrir sanngirni hans og réttssýni. Hann var einhver vandaðasti og virtasti fræðimaður Persa í islömskum lögum og það er haft til marks um nákvæmni hans, að á fræðimannsferli sínum veitti hann aðeins þremur mönnum titilinn „mujtahid“ (doktor í islamskri trúarlöggjöf). Meðal þeirra var Nabíl-i-Akbar. Hann gekk til liðs við málstað Bábsins 1853, þremur árum eftir píslarvætti Hans í Tabríz, og sex árum síðar fór hann til Baghdad til að heimsækja Bahá'u'lláh í útlegðina og dvaldi í húsi Hans í fáeina daga. Hér fer á eftir frásögn hans af þessari heimsókn:

„Dag nokkurn sat eg í herberginu og ræddi við Mullá Muḥammad-Şádiq-i-Khurásaní, sem gekk undir nafninu Muqaddas. Hann var lærður maður og virðulegur á velli og í allri framkomu. Þegar við vorum að tala saman, kom Bahá'u'lláh, sem nýkominn var úr borginni, inn í ytri íbúðina ásamt Mulk-Árá, prins, sem Hann leiddi við hönd sér. Mullá Şádiq, sem var alvörugefnin og virðuleikinn holdi klæddur, reis strax á fætur og lagðist flatur við fætur Bahá'u'lláh. Bahá'u'lláh mislíkaði þetta og ávítaði Mullá Şádiq reiðilega og skipaði honum að rísa strax á fætur. Síðan fór Hann út úr herberginu og prinsinn á eftir.

Eg var ráðþrota og furðulostinn yfir hegðun Mullá Şádiq,

Því að eg hafði aldrei séð svo mikilsmetinn mann haga sér á þennan hátt. Og þar eð eg hafði lfka séð viðbrögð Bahá'u'lláh, lét eg í ljósi andúð mína á hátterni Mullá Şádiq og áminnti hann með þessum orðum: „Þú ert maður, sem nýtur mikillar virðingar og umfram allt hlotnaðist þér sá heiður, að komast í návist Bábsins sjálfs. Staða þín er næst stöðu Bókstöfum hins Lifanda og þú ert eitt af Vitnum¹ trúarráðstöfunar Bábsins. Rétt er það, að Bahá'u'lláh er mikilsháttar maður, sem tilheyrir aðlinum, og forfeður Hans hafa verið háttsettir í stjórninni. Rétt er það lfka, að Hann hefur þolað ofsóknir og fangelsun vegna fylgis síns við málstað Guðs og allar eigur Hans hafa verið gerðar upptækar og Hann hefur loks verið sendur í útlegð til þessa lands. Samt er hegðun þín gagnvart honum í dag eins og hegðun óverðugs þjóns gagnvart dýrlegum Drottni sínum.“

Mullá Şádiq svaraði þessu engu. Hann var sem andlega ölváður, andlit hans ljómaði af fögnuði. Hann sagði einungis við mig: „Eg bið Guð þess, að Hann slíti í sundur huluna, sem byrgir þig, og úthelli af örlæti sínu yfir þig rikulegum gjöfum.“

Eftir þetta atvik ákvað eg í hjarta mínu að rannsaka málið og fór að gefa mjög náinn gaum að persónu Bahá'u'lláh og gerðum Hans. Því meira sem eg gaumgæfði, þeim mun færri tákni sá eg, sem bent gætu til þess að Hann ætti tilkall til stöðu. Þvert á móti sá eg ekkert í Honum, hvorki í orði né gerð, nema auðmýkt, ósingirni, þjónustu og fullkomið sjálfleysi. Af þessum sökum leiddist eg í þá hrapallegu villu að álíta, að eg væri sjálfur á allan hátt fremri en Bahá'u'lláh og tók sjálfan mig fram yfir Hann.

Vegna hégómlegra hugmynda minna var eg því vanur á samfundum vinanna, að sitja ætíð í heiðurssæti og vera í hlutverki ræðumanns og gaf hvorki Bahá'u'lláh né öðrum tækifæri til að segja neitt. Dag einn hélt Bahá'u'lláh fund í húsi sínu og fjöldi vinanna safnaðist þar saman eins og

1 Bábinn útnefndi nokkra átrúendur sína „Vitni“ Bayánsins og áttu þeir að gefa vitnisburð um sannleiksgildi þessarar trúarbókar Bábsins allt fram til þess tíma, er „Hann, sem Guð mun birta“ (þ.e. Bahá'u'lláh) kæmi fram á sjónarsviðið, Þá væri hlutverki þeirra sem „Vitna“ lokið.

venjulega í sama stóra herberginu ... Aftur sat eg í heiðurs-
sætinu. Bahá'u'lláh sat mitt meðal vinanna og skenkti þeim
sjálfur teið.

Meðan á fundinum stóð, var viss spurning borin fram. Þar
sem eg þóttist viss um, að enginn annar í herberginu gæti
svarað henni, tók eg til máls. Allir vinirnir hlustuðu með
athygli og það var dauðapögn, nema hvað Bahá'u'lláh, sem
féllst á skýringar mínar, gerði athugasemd við efnið stöku
sinnum. Smám saman tók Hann af mér orðið og eg þagnaði.
Skýringar Hans voru svo djúpvittrar og úthaf orða Hans
svall af slíkum krafti, að öll verund mín fylltist lotningu og
ótta. Eg var bergnuminn af orðum Hans og magnþrota af
ráðleysi. Eftir að hafa hlýtt á orð Hans í nokkrar mínútur —
orð óviðjafnanlegrar tignar og undursamleika — var eg sem
yfirþyrmdur. Eg gat ekki lengur heyrt rödd Hans. Eg vissi
aðeins að Hann var að tala vegna þess að eg sá varir Hans
hreyfast. Eg sárþlygðaðist mín og varð óror yfir því að eg sat
í heiðursæti á þessum mannfundi. Eg beið óþolinmóður
þangað til eg sá, að varir Hans hreyfðust ekki lengur og vissi
að Hann var hættur að tala. Eins og hjálparlaus smáfugl,
sem losnað hefur úr klónum á máttugum fálka, reis eg á
fætur og fór út. Þar sló eg höfðinu utan í vegginn þrisvar
sinnum og álasaði sjálfum mér fyrir andlega blindu mína.“

Arfurinn

Í Baghdad bjuggu tveir auðugir Persar, Hádíy-i-Javáhirí og
Háshim-i-Attár. Þeir festu svo mikla ást við Bahá'u'lláh, að þeir
gerðust ekki aðeins fylgjendur Bábsins, heldur vildu einnig að
Bahá'u'lláh hjálpaði þeim við að skiptum eigum þeirra. Háshim-
i-Attár hélt veislu til heiðurs Bahá'u'lláh, og þótt hann væri
hniginn að aldri, vildi hann sjálfur fá að þjóna Honum til borðs.
Nokkru síðar lést hann. Tengdasynir hans slógu eign sinni á þann
hluta arfsins, sem Bahá'u'lláh bar að lögum, þrátt fyrir fyrirmæli
erfðaskrárinnar. Nokkrir heiðvirðir menn í Baghdad komu á
fund Bahá'u'lláh og báðu Hann að skerast í leikinn, ekki síst þar
sem ákvæðin í erfðaskrá Háshim væru á allra vitorði. Bahá'u'lláh
svaraði: „Það sem Oss tilheyrði var blessuð persóna Hájí (Há-
shim), sem nú er horfinn úr þessum heimi. Hvað auðæfi hans

snertir, leyfið þeim sem festa hjórtu sín við ríkidæmi þessa heims að halda áfram að færa sér þau í nyt.“ En þegar tengdasynirnir reyndu að hlunnfara ekkju og ung börn Hájí Háshim, skarst Bahá'u'lláh í leikinn og skipaði þeim að afhenda ekkjunni þegar í stað það sem henni bar. Þeir hlýðnuðust þessu. Arfi barnanna var skipt og fenginn móður þeirra til varðveislu, en Bahá'u'lláh tilnefndi heiðarlegan mann til að hafa umsjón með arfi þeirra og ávaxta hann fyrir þau.

Hvað snertir þær eignir, sem Hádíy-i-Javáhirí lét eftir sig, gerði Bahá'u'lláh ráðstafanir til þess að enginn yrði órétti beittur. Hann mælti svo fyrir að 'Abdu'l-Bahá og Áqáy-i-Kalím skyldu annast þessi mál. Nabíl segir að 30.000 túmáanar hafi verið tíundi hlutinn af eignum Hádí og hefðu því að lögum átt að koma í hlut Bahá'u'lláh, en Hann gerði ákvörðun sína heyrinkunna með þessum orðum: „Eg gef þessa 30.000 túmána Mírzá Músá (syni Hádí) til þess að hann megi halda friðinn við systur sína.“

Gamla konan

Allir urðu örlætis og hylli Bahá'u'lláh aðnjótandi — félagar Hans, gestir, nágrennar og vegfarendur. Nabíl segir frá því að Bahá'u'lláh hafi sent gjafir til allra, sem bjuggu í nágrenni við Hann, sérstaklega hinna snauðu, óvinnufæru og munaðarlausu. Ef þurfandi sál varð á vegi Hans, úthellti Hann yfir hana ást sinni og blíðu. Áttæð kona bjó í hálfhrundu húsi í nágrenninu. Í hvert sinn er Bahá'u'lláh fór yfir brúna á leið til veitingahússins, þar sem vinir Hans og félagar biðu Hans, stóð hún á veginum og beið Hans. Bahá'u'lláh nam jafnan staðar, spurðist fyrir um heilsufar hennar og gaf henni nokkra skildinga. Hún kyssti andlit Hans líka, en hún var mjög smávaxin og náði ekki upp og þá beygði Bahá'u'lláh sig niður að henni. Hann sagði: „Hún veit að Mér fellur vel við hana og þessvegna fellur henni vel við Mig.“ Er Hann fór frá Baghdad kom Hann því til leiðar, að henni var veittur daglegur lífeyrir til æviloka.

Andúð á launung

Öll launung, hvers eðlis sem hún var, var Bahá'u'lláh fjarri skapi og Hann lagði bann við henni meðal fylgjenda sinna. Meðal

þeirra, sem sóttust eftir fundum Hans í Baghdad, var Mírzá Muḥít, sem sóst hafði eftir forystu Shaykhí-hreyfingarinnar eftir andlát Siyyid Kazím. Mírzá Muḥít hafði snúið baki við Bábnúm, en tveimur áratugum síðar leitaði hann eftir leynilegum fundi við Bahá'u'lláh.

Nabíl ritar:

„Þegar aldurinn færðist yfir hann og hann fann dauðann nálgast, gerði hann sér upp undirgefni við Bahá'u'lláh og meðan hann dvaldi í Írak kom hann þeirri bón sinni á framfæri við Bahá'u'lláh með atbeina eins hinna persnesku prinsna, að fá að hitta Hann að máli. Hann fór þess á leit að fyrirhuguðu viðtali þeirra yrði haldið stranglega leyndu. „Seg honum,“ svaraði Bahá'u'lláh, „að á útleigðardögum Mínum í fjöllum Sulaymáníyyih hafi Eg sett fram frumkröfurnar á hendur hverjum þeim vegfaranda, sem fetar stig leitarinnar í eftirsókn sannleikans. Farðu með þetta vers úr því kvæði fyrir hann: „Sé tilgangur þinn sá að bjarga lífi þínu, nálgast þá eigi hirð¹ Vora; en þrái hjarta þitt fórn, kom þá og leyf öðrum að koma með þér. Því að slík er leið Trúarinnar, ef þú í hjarta þínu leitar endurfunda við Bahá; ef þú neitar að feta þennan stig, hví ónáðar þú Oss? Ver á brott!“ Þetta skorinorða svar kom Mírzá Muḥít úr jafnvægi. Hann gat hvorki staðið í gegn því né hlýðnast því og hélt heimleiðis til Karbilá sama daginn og hann fékk skilaboðin. Þegar heim kom veiktist hann og þremur dögum síðar dó hann.“

Mírzá Áqá Ján

Ritari Bahá'u'lláh, Mírzá Áqá Ján, var sá af lærisveinunum, sem oftast var samvistum við Hann. Mírzá Áqá Ján þjónaði Bahá'u'lláh dyggilega í fjörutíu ár, en eftir uppstigningu Hans í Bahjí 1892 fylltist hann hofmóði, snerist gegn 'Abdu'l-Bahá og gekk í lið með sáttmálsbrjótunum. Í bók sinni *God Passes By*²

1 „Hirð“ er hér og víðar í þessari bók þýðing á enska orðinu „court“, sem táknar ekki aðeins hirðfólk konungs heldur og sjálfan konungsgarðinn.

2 Bls. 115—116.

vitnar Shoghi Effendi til ritaðrar heimildar um Bahá'u'lláh, sem Mírzá Áqá Ján lét eftir sig:

„Þessi sami Mírzá Áqá Ján sagði Nabíl frá reynslu sinni þessa fyrstu og ógleymanlegu nótt í Karbilá í návist hins nýfundna Ástvinnar, sem þá var gestur Hájí Mírzá Hasan-i-Ḥakím-Bashí. Vitnisburður hans er svohljóðandi: „Í sumarhitanum var Bahá'u'lláh vanur að eyða kvöldunum á þaki húss síns, þar sem Hann einnig svaf. (Áqá Mírzá Muḥammad-Qulí og ég úðuðum vatni á þakið, sópuðum það og breiddum á það teppi. Þessu héldum við áfram þangað til Hann birtist. Hann ræddi við okkur, snæddi kvöldverð og hélt síðan til hvflu sinnar). Þá nótt, er Hann var genginn til hvflu, fór eg að fyrirmælum Hans og lagðist niður til stuttrar hvflar í nokkurra feta fjarlægð frá Honum. Eg var ekki fyrir staðinn upp ... og byrjaður að biðjast fyrir, en eg sá blessaða persónu Hans við vegginn, sem tengdist horni þaksins, og gekk Hann í átt til mín. Er Hann kom til mín, sagði Hann: „*Þú vakir líka.*“ Síðan tók Hann að syngja fyrir munni sér og gekk fram og aftur um þakið. Hvernig get eg nokkru sinni lýst þessari rödd og versunum, sem Hann söng, og fasi Hans, er Hann gekk fyrir framan mig. Mér þótti sem í hverju skrefi Hans og hverju orði sem Hann mælti ólguðu þúsundir úthafa úr ljósi og þúsundir veralda, óviðjafnanlega dýrlegra, afhjúpuðust fyrir augum mínum og þúsundir sólna úthelltu yfir mig geislum sínum! Hann hélt áfram að ganga fram og aftur og syngja, baðaður tunglsljósinu. Í hvert sinn sem Hann nálgast mig, staðnæmdist Hann og sagði með svo undursamlegri rödd að orð fá ekki lýst: „*Hlusta þú á Mig, sonur minnl Sem Guð, hinn sanni, lifir! Þessi málstaður mun vissulega verða opinberaður. Ljáðu ekki eyra fánýtu tali fylgjenda Bayánsins, sem umsnúa merkingu hvers orðs.*“ Á þennan hátt hélt Hann áfram að ganga og syngja og ávarpa mig uns fyrsta morgunskíman var á lofti...“

Viðreisn og endurnýjun

Eins og áður sagði heyrði það upplausnarástand, sem ríkt hafði meðal Bábíanna, fortíðinni til og þeir fylltust vongleði. Persneskir Bábíar komu í stórum hópum til heimilis Bahá'u'lláh og auk

þeirra fjölmargir gestir af öllum stigum og stéttum. Þegar þeir héldu aftur hver til síns heima, fluttu þeir með sér vitnisburð um ást og tign Bahá'u'lláh. Þessi vitnisburður efldi mjög viðgang Trúarinnar í Persíu. Jafnvel þeir sem gert höfðu það heyrinkunnugt í útleð Bahá'u'lláh, að þeir væru hinn Fyrirheitni, sem Bábinn hafði boðað, leituðu flestir á fund Bahá'u'lláh, játuðu villu sína og þáðu fyrirgefningu Hans. Kunnastur þeirra er Nabíl, sem varð einn af fremstu postulum Bahá'u'lláh og reit *Dagboða*, ritverkið mikla um sögu Trúarinnar á fyrstu árum hennar.

Auk flóttamanna, sem leituðu ásjár Bahá'u'lláh, komu til Hans margir Persar af háum stigum, sem reknir höfðu verið í útleð fyrir ýmsar sakir. Sumir þeirra dirfðust jafnvel að leita stuðnings Hans við ýmis vafasöm áform sín, en ætíð án árangurs. Fulltrúi bresku krúnunnar í Baghdad, Sir Arthur Burrows Kemball, hreifst svo af Bahá'u'lláh, að hann bauð Honum breskan þegnrett og tók að sér að flytja Viktoríu drottningu hvern þann boðskap, sem Hann vildi koma á framfæri við hana. Sir Arthur bauðst jafnvel til að flytja aðsetur Hans til Indlands eða hvers þess lands sem Hann sjálfur kysi. En Bahá'u'lláh hafnaði öllum þessum tilboðum og kaus að dvelja áfram í Tyrkjaveldi.

Á síðasta ári dvalarinnar í Baghdad heimsótti ríkisstjórinn, Námiq-Páshá, Bahá'u'lláh og festi slíka tryggð við Hann, að það var ekki fyrr en eftir þrjá mánuði, er hann hefði fengið fimm tilskipanir frá forsætisráðherranum 'Alí Páshá, að hann kom sér að því að kynna Bahá'u'lláh þann vilja tyrkneskra stjórnvalda, að Hann færi til Konstantínópel.

Aldrei hafði neinn, sem tengdur var trú Bábsins, getið sér slíkt orð meðal almennings eða notið svo almennrar hylli sem Bahá'u'lláh. En mikilvægasta verk Hans á þessum tíma var þó sú gagngera endurnýjun, sem Hann kom til vegar í hinu kornunga samfélagi. Sá siðgæðismælikvarði, sem Bahá'u'lláh innrætti átrúendunum, var enn háleitari en sá, sem Bábinn hafði beitt sér fyrir.

Bahá'u'lláh útskýrði að nýju og staðfesti þau grundvallarsannindi, sem Bábinn hafði kennt, og innblés sérhverju hjarta brennandi löngun til að ávinna sér þessa guðdómlegu eiginleika.

Meðal þeirra fyrirmæla, sem Bahá'u'lláh skyldaði fylgjendur sína til að hlýða í hvívetna, var fráhrarf frá hverskyns stjórn-málastarfsemi, leynifélögum og sérhagsmunasamtökum. Hann boðaði þeim strangar og ófrávíkjanlegar meginreglur um hlýðni

við lögmæt stjórnvöld og bann við ofbeldi í öllum þess myndum og hverskyns undirróðri, baktali, hefndum og deilum. Hann lagði þyngsta áherslu á guðrækni, góðsemi, auðmýkt og ástúð, heiðarleika og áreiðanleika, tryggð og skírlífi, réttlæti og umburðarlyndi, vináttu og alúð; á þá skyldu mannsins að afla sér þekkingar á listum, iðnum og vísindum. Hann brýndi án afláts fyrir þeim sjálfsfórn og fráskilnað við veröldina, þolgæði, staðfestu og undirgefni undir vilja Guðs. Þessar eru þær dyggðir, sem Bahá'u'lláh kvaðst kominn til að laða fram og rækta í sálum mannanna og sem einkenndu Hann sjálfan í ríkustum mæli allra þeirra sendi-boða Guðs, sem lifað hafa á jörðinni. Um þessa eilífu eiginleika, sem gefa manninn að kórónu sköpunarverks Guðs, fjallaði Bahá'u'lláh í öllum þeim fjölda bóka, ritgerða og pistla, sem streymdu frá penna Hans á þessum árum.

Einkennum kenninganna, sem Bahá'u'lláh boðar öllu mannkyni, verður best lýst með orðum Hans sjálfs, er Hann lét falla í viðræðum sínum við embættismann einn á þessum tíma, en þessi embættismaður skýrði Honum frá því, að hann hefði hikað við að veita illgerðarmanni nokkrum verðskuldaða refsingu, vegna þess að hann hefði lýst yfir hollustu sinni við Bahá'u'lláh. Bahá'u'lláh svaraði honum þannig:

„Seg honum, að enginn í allri veröldinni geti talið til tengsla við mig nema sá, sem í öllum gerðum sínum og framferði fylgir fordæmi Mínu svo staðfastlega, að öllum þjóðum jarðarinnar yrði um megn að hindra hann í að gera eða segja það, sem rétt er og sæmandi.“

Örbirgð og allsnægtir

Margir lærisveinar Bahá'u'lláh, auk 'Abdu'l-Bahá sjálfs, hafa borið vitni þeirri hamingju, sem ríkti í samfélagi átrúendanna á þessum tíma. Þótt þeir lifðu í sárustu fátækt og ættu iðulega ekki peninga fyrir næstu máltíð, fannst þeim sem öll sæla og blessun Paradísar hefði þegar fallið þeim í skaut. Móttökuherbergi Bahá'u'lláh var lágt undir loft, veggir þess voru gerðir úr leir og lítill garður inn af því. Í þessari vistarveru var aðeins einn legubekkur og engin önnur húsgögn. Samt lét prins einn í Kázimayn uppi þá ósk sína að byggja nákvæma eftirlíkingu af þessu herbergi, því honum virtist það eins og glæst höll. Annar prins, Zaynu'l-Abidín

Khán lýsti því með svofelldum orðum: „Eg veit ekki hvernig eg á að lýsa því — en þótt allar áhyggjur heimsins hvíldu á hjarta mínu, finnst mér sem þær hverfi allar, þegar eg kem í návist Bahá’u’lláh. Það er eins og að ganga inn í sjálfa Paradís.“

Sagnaritarinn Nabíl lýsir þessum dögum þannig:

„Svo ölvaðir voru þeir, sem drukkið höfðu af bikar návistanna við Bahá’u’lláh, að í augum þeirra voru hallir konunga ekki meira virði en köngulóarvefur ... Eg bjó ásamt tveimur öðrum í herbergi, sem engin húsgögn voru í ... Marga nótt drógu tíu menn fram lífið á einni handfylli af döðlum. Enginn vissi í rauninni hver átti skóna, kuflana eða kyrtlana, sem í húsum þeirra voru. Sá sem fór að markaðstorgið gat haldið því fram að skórnir á fótum hans væru hans eigin skór, og sá sem gekk fyrir Bahá’u’lláh gat fullyrt að kufl hans og kyrtillinn, sem hann gekk í, tilheyrði sér. Þeir höfðu gleymt sínum eigin nöfnum, hjörtu þeirra voru tóm af öllu öðru en aðdáun á Ástvini þeirra . . . Ó, fögnuður þessara daga, gleði og unaður þessara stunda!“

Ritverk Bahá’u’lláh í Baghdad

Annar mikilvægur þáttur í lífi og starfi Bahá’u’lláh eftir heimkomuna eru ritverk Hans, mörg og margvísleg. Slíkur var kraftur opinberunarinnar, að fyrstu tvö árin eftir heimkomuna jafngiltu ritningarversin, sem streymdu af vörum Hans á einum degi og einni nóttu, Kóraninum öllum, að sögn Nabíls. Í Kóraninum eru u.þ.b. sex þúsund og þrjú hundruð vers, en eins og kunnugt er opinberaði Múhammed hann á tuttugu og þremur árum. Á einni klukkustund opinberaði Bahá’u’lláh hins vegar eitt þúsund vers. Eíns og síðar mun koma í ljós fjölluðu ritningar Bahá’u’lláh um fjölbreytilegustu efni, en mestur hluti þeirra glataðist óafturkallanlega. Ritari Bahá’u’lláh, Mírzá Áqá Ján, hefur skýrt frá því, að Bahá’u’lláh hafi fyrirskipað sér hvað eftir annað að eyðileggja það sem Hann hafði skrifað með eigin hendi og einnig efni, sem Mírzá Áqá Ján hafði ritað eftir forsögn Hans, og varpa bókfellinu í Tígriis-fljót. „Þar eð eg hikaði við að framkvæma fyrirmæli Bahá’u’lláh,“ segir Áqá Ján, „hughreysti Hann mig og sagði: „Enginn fyrirfinnst á þessum tímum, sem er þess verður að hlýða á þessa söngva.“ “

Eðli opinberunarinnar

Ritningar Bahá'u'lláh eru venjulega nefndar „töflur“ og gefur sú nafngift meðal annars til kynna varanleik þeirra. Margar þessara taflna eru pistlar og bréf, sem rituð eru til ákveðinna einstaklinga, yfirleitt fylgjenda Bahá'u'lláh, en veigamiklar undantekningar eru frá þeirri reglu. Síðasta tafla Bahá'u'lláh *Pistill til sonar úlfsins* er formlega stíluð til Áqá Najáfí, háklerks í Ísfahán, eins hatursfyllsta fjandmanns Bahá'í trúarinnar. Hann bar ábyrgð á dauða og limlestingu margra píslarvotta.

Töflurnar eru ýmist opinberaðar á persnesku eða arabísku, stundum hvorutveggja. Bahá'u'lláh hefur nefnt arabísku „hina mælsku tungu“ og persnesku „tungu ljóssins“ eða „málið ljúfa“. Rit Bahá'u'lláh á arabísku eru þróttmikil, valdsmannsleg og tignarleg, en persnesk rit Hans eru fögur, hlý og einkennast af ljúfum þokka og yndisleik í framsetningu. Flestir rithöfundar leita friðar og næðis, þegar þeir setja saman bækur sínar, en Bahá'u'lláh opinberaði töflur sínar undir erfiðustu og þjáningarfyllstu kringumstæðum sem hugsast getur, í útlegð, örbirgð og við nær linnulaust harðræði af mannavöldum.

Opinberandi Guðs er ekkí rithöfundur í venjulegum skilningi þess orðs. Ekkert af því sem Hann segir eða ritar niður kemur frá Honum sjálfum, heldur verður Hann farvegur hins skapandi orðs Guðs, sem er fullkomið og ólýtanlegt.

Opinberunin er það orð sem kemur frá Guði til spámanna Hans og boðbera, og ritað er niður ýmist af Honum sjálfum eða eftir forsögn Hans. Ómælisdjúp er staðfest milli þessa Orðs og venjulegrar bókmenntasköpunar. Opinberun Guðs er ætluð öllum mönnum og talar til innsta eðlis hvers einasta einstaklings, sem á jorðunni býr. Það er því villandi að bera saman opinberunarrit eins og Kóraninn og skáldverk eins og Ílíonskviðu. Annað er skapandi orð Guðs, lagað að skilningi, aðstæðum og þörfum þeirra, sem spámaðurinn talar til — hitt er orð manns, sem lýsir sögulegum atburðum á skáldlegan hátt. Annað breytir hjarta mannsins frá grunni, snertir og ummyndar innsta kjarna verundrar hans, umskapar heil þjóðfélög og reisir nýja siðmenningu. Hitt fullnægir eða leitast við að svala þörf mannsins fyrir fegurð og drama, en megnar yfirleitt ekki að breyta hjartalagi hans, hvorki til góðs eða ills.

Þegar Bahá'u'lláh opinberaði ritningar sínar, streymdu orðin af

vörum Hans og einn ritari eða fleiri skrifuðu þau niður jafnharðan. En riturunum var oft um megn að skrá allt það niður, sem Bahá'u'lláh mælti. Þótt mikill hluti hins opinbera orðs hafi farið forgörðum með ýmsum hætti, fylla ritningar Bahá'u'lláh ekki færri en hundrað bindi.


Sá sem lengst af var ritari Bahá'u'lláh var Mírzá Áqá Ján frá Káshán, sem einnig var nefndur Khádímu'lláh (þjónn Guðs).¹ Margir lærisveinanna unnu að því dag og nótt að afrita töflur Bahá'u'lláh, meðal annars elsti sonur Hans 'Abdu'l-Bahá. Töflurnar voru síðan sendar viðtakendum víða um Persíu.

Þeir, sem urðu þeirra einstæðu forréttinda aðnjótandi að skrá niður orð Guðs á þeirri sömu stundu sem boðberi Hans mælti þau, hafa lýst þeim undursamlegu áhrifum sem opinberunin hafði á persónu Bahá'u'lláh. Þess ber að minnast að boðskapur spámannanna leysir úr læðingi gífurleg andleg öfl, sem blunda í manningum, líkt og sólin á vorin leysir öfl náttúrunnar úr viðjum frostsins. Þessi samlíking gefur ef til vill nokkra hugmynd um hvernig mannlegt musteri boðberans bregst við, þegar hann verður sjálfur farvegurinn fyrir heilagt orð Guðs til mannkynsins. Engum nema ritara Bahá'u'lláh var leyft að vera viðstaddur, þegar Bahá'u'lláh opinberaði töflur sínar, en stöku sinnum var fáeinum átrúendum leyft að koma inn í stutta stund. Þeir sáu að líkami Bahá'u'lláh hafði ummyndast og slík var ofurbirta ljóssins, sem frá Honum streymdi, að augu þeirra þoldu ekki að horfa á Hann. Bahá'u'lláh lýsir því sjálfur, að á þeim stundum væri líkt og allur líkami Hans stæði í björtu máli.

Orð Guðs

Göfugasta form sköpunar Guðs er orð Hans. Það er ytra form þeirra andlegu afla, sem opinberunin drepur úr dróma. Bahá'u'lláh varar við því að sköpun „orðsins“ sé borin saman við nokkra aðra sköpun. Hann segir að sérhvert orð Guðs sé eins og spegill, sem endurvarpar eigindum Guðs, og fyrir Orð Hans hafi allir hlutir verið skapaðir. Maðurinn skapar með hugsun sinni og striti, en spámaður Guðs skapar með Orðinu einu saman. Það, sem Hann segir, verður. Í sköpunarsögu Biblíunnar segir að Guð hafi

1 Sjá bls. 83.



Lýst tafla með rithönd Bahá'u'lláh.

skapað ljósið með skipuninni: „Verði ljós.“ Um þennan sköpun-annátt Orðsins segir Bahá'u'lláh:

„Sérhvertt orð, sem framgengur af munni Guðs, er gætt slíku afli að það getur blásið nýju lífi í sérhverja mannlega umgjörð, ef þér heyrið þeim til sem skilja þennan sannleik. Öll þau dásamlegu undur, sem þér eruð vitni að, hafa verið birt fyrir æðsta og upphafnasta vilja Hans og þjóna undursamlegu og óhaggandi áformi Hans. Með einni saman opinberun orðsins „Mótandi“¹, sem framgengur af vörum Hans og boðar mannkyninu þessa eigind Hans, leysist slíkur kraftur úr læðingi, að hann getur, öld fram af öld, fætt af sér allar þær margháttuðu listir, sem hendur mannanna geta skapað. Þetta er vissulega óskeikull sannleikur. Ekki fyrr hefur þetta geislandi orð verið talað, en endurlífgandi kraftur þess, sem bifast innra með öllu sem skapað er, ala af sér aðferðir og leiðir til að kalla fram slíkar listir og fullkomna þær. Öll þau undursamlegu afrek, sem þér nú eruð vitni að, eru bein afleiðing af opinberun þessa Nafns. Á komandi dögum munuð þér sannlega sjá hluti, sem þér hafið aldrei heyrt um áður. Svo hefur verið ákvarðað í töflu Guðs og enginn getur skilið það nema sá sem gæddur er skarpri sjón. Á sama hátt og á sama andartaki sem orðið, er lýsir eigind Minni „hinn Alvitri“ framgengur af munni Mínun, er allt sem skapað er gætt mætti til að öðlast þekkingu á hinum dásamlegu vísindum í samræmi við hæfni sína og takmarkanir og gert kleift að opinbera þau á sínurn tíma að boði Hans, sem er hinn almáttki, hinn alvísi. Vit með vissu að opinberun allra annarra Nafna fylgir samskonar birting hins himneska valds ...“

Á öðrum stað segir Bahá'u'lláh:

„Sérhver einstakur bókstafur, sem framgengur af munni Vorun, er gæddur slíkum endurnýjunarkrafti, að hann getur kallað til tilvistar nýtt sköpunarverk og víðfeðmi þess er órannsakanlegt öllum nema Guði.“

1 Í enskri þýðingu Shoghi Effendi úr persnesku: „Fashioner“.

Adib Taherzadeh bendir á í bók sinni *The Revelation of Bahá'u'lláh* að orði Guðs megi líkja við geisla sólarinnar, sem flytja orku hennar til jarðarinnar. Sólargeislarnir flytja takmarkað orkumagn eftir að hafa farið gegnum geimdjúpin, lofthjúp jarðarinnar og skýin á himninum. Með svipuðum hætti miðlar opinberun Orðsins takmörkuðum skerfi andlegra sanninda, því að vegna þeirra takmarkana, sem á mannshugann eru lagðar, getur hann ekki skilið þau í fyllingu sinni. Aðeins spámaður Guðs, farvegur þessa Orðs, getur skilið til fullnustu þýðingu þeirra og mátt.

En tilgangur hins opinberaða Orðs er ætíð hinn sami: að skapa manninn í mynd Guðs, gæða hann eigindum Hans, laða hann nær Honum og gera hann óháðan öllu nema Guði til þess að hann megi uppgötva fyllingu lífs síns í þessum heimi, ávaxta alla hæfileika sína til góðs fyrir mannkynið og ganga að lokum inn í ríki Guðs, glaður og fagnandi, til þess óprotlega þroska sem bíður hans í öllum veröldum Guðs.

Sönn þekking

Í Súriy-i-Haykal (Súru musterisins), sem opinberuð var í 'Akká segir Bahá'u'lláh, að á þessum degi hafi orð Guðs verið opinberað í níu mismunandi stíltegundum eða flokkum. Bahá'í fræðimaður, Jináb-i-Fáðil, hefur eftir ítarlega rannsókn flokkað þessar stíltegundir þannig:

1. Töflur í tóntegund skipunar og myndugleika.
2. Bænir og töflur, sem einkennast af auðmýkt og þjónustulund.
3. Rit sem fjalla um túlkun gamalla helgirita, trúarsíða og fornra kenninga.
4. Rit, þar sem opinberuð eru lög og fyrirmæli hins nýja tíma og trúarlöggjöf fortíðarinnar numin úr gildi.
5. Dulhyggjurit.
6. Töflur sem fjalla um stjórnun og heimsskipan og sem beint er til konunga og valdhafa jarðarinnar.
7. Töflur sem fjalla um lærdóm og þekkingu, guðlega heimspeki, leyndardóma sköpunarverksins, læknisfræði o.fl.
8. Töflur þar sem mennirnir eru hvattir til að afla sér menntunar, temja sér göfugt lunderni og himneskar dyggðir.
9. Töflur, þar sem settar eru fram félagslegar kenningar.

Adib Taherzadeh segir:

„Ritningar Bahá'u'lláh eru umfangsmiklar og opinberaðar í ýmsu formi og stíltegundum og fjalla um allar hliðar mannlegra þarfa, bæði andlegra og líkamlegra, og opna fyrir augum okkar víðsýni þekkingar og visku. Samt er auðvelt að skilja ritningar Hans, ef hjartað er hreint og helgað. Skilningur á opinberun Bahá'u'lláh er ekki háður akademískri þekkingu; menn þurfa ekki að vera veraldarvanir eða skólagengnir til að skynja himneskan uppruna hennar eða skilja kenningar hennar.

Raunar hafa nokkrir framúrskarandi lærisveinar Bahá'u'lláh, sem með lífi sínu brugðu miklum ljóma yfir annála hetjaldar Trúarinnar og unnu sér ódauðlegan orðstír sem andlegir risar þessarar ráðstöfunar, verið fólk með litla eða enga menntun.

Opinberun Bahá'u'lláh færir nýja hæfni þeim hjörtum, sem snortin eru af ljósi hennar og gerir þeim kleift að öðlast þekkingu, sem ekki er háð lærdómi. Í Íslám er þessi þekking nefnd „ljós, sem Guð varpar í hjarta hvers og eins, er Honum þóknast.“ Bahá'u'lláh lýsir henni með þessum orðum:

„Það er þesskonar þekking, sem er, og hefur alltaf verið, lofsverð, en ekki sú takmarkaða þekking, sem runnin er frá formyrkvuðum hugum. Þessari takmörkuðu þekkingu ræna þeir jafnvel með klækjum hver frá öðrum og hreykja sér af henni hégómlega!“

Dýpri skilningur á sannindum trúar Bahá'u'lláh og skarpari innsýn í leyndardómsfulla afhjúpun hennar, þarf ekki nauðsynlega að fara saman við vitsmunalega hæfni mannsins eða akademíska þekkingu. Raunar getur slík þekking stundum orðið að blæju milli manns og Guðs ...

Þetta þýðir þó ekki að fordæma beri lærdóm og þekkingu. Þvert á móti leit Bahá'u'lláh á þekkinguna sem mikla gjöf frá Guði og bauð að trúarbrögð og vísindi ættu að fylgjast að. Hann skyldaði fylgjendur sína til að kynna sér listir, iðnir og vísindi, boðaði allsherjarskyldunám og fór fögrum orðum um upphafna stöðu þeirra sannlærðu manna, hverra þekking elur ekki af sér dramb eða hégómadyrð. Þekking þeirra og lærdómur eru lofsverð, ef samfara er þekking á Guði. Um slíka menn talar Bahá'u'lláh sem „hina fremstu, er á jörðunni dvelja.“

Kitáb-i-Iqán

Fremst þeirra ómetanlegu gersema, sem streymdu frá penna Bahá'u'lláh í Baghdad, er *Kitáb-i-Iqán* (Bók fullvissunnar), sem opinberuð var á tveimur dögum og tveimur nóttum undir lok þessa tímabils (1863). Opinberun þessarar bókar var uppfylling á einum þungvægasta spádómi Bábsins, en Hann hafði lýst því yfir, að hinn fyrirheitni mundi ljúka við hinn ófullgerða persneska Bayán. *Kitáb-i-Iqán* er svar við spurningum, sem móðirbróðir Bábsins, Hájí Mírzá Siyyid 'Alí, hafði beint til Bahá'u'lláh. Þessi aldraði maður, sem varð einhver fremsti lærisveinn Bábsins og einn píslarvottanna sjö í Teheran, hafði tekið Bábinn að sér, er faðir Hans féll frá, og alið Hann upp.

Þessi bók er meistaraverk persneskrar stíllistar, frumleg, skýr og þróttmikil, ljós í framsetningu og óviðjafnanleg í mælsku sinni og þokka. Ekkert annað ritverk Bahá'u'lláh kemst í samjöfnuð við hana nema *Kitáb-i-Aqdas*, helgasta bók Bahá'u'lláh. Vörður Bahá'í trúarinnar, Shoghi Effendi hefur sagt, að af öllum þeim bókum, sem Bahá'u'lláh opinberaði, geti þessi ein talist hafa lagt breiðan og traustan grundvöll að fullkomnum sáttum fylgjenda allra trúarbragða mannkynsins með því að ryðja á brott aldagömlum múrum, sem aðskilið hafa hin opinberuðu trúarbrögð heimsins.

Grunntónn *Kitáb-i-Iqán* er hið völduga endurlausnaráform Guðs fyrir mankynið. Allt fram til þess tíma, er þessi bók var opinberuð, var hín sanna merking orða spámannanna, raunverulegt áform þeirra og þýðing trúarbragðanna, eins og innsigliuð bók, sem enginn hafði eða gat lesið. Í *Kitáb-i-Iqán* er þetta innsigli rofið og spádómurinn, sem engillinn talar til Daníels¹ uppfylltur. *Kitáb-i-Iqán* er því lykillinn að öllum opinberuðum trúarritum fyrri alda.

Í þessari bók fjallar Bahá'u'lláh fyrst um ýmsa trúarbragðahöfunda fyrri tíma, segir frá lífi þeirra og þjáningum, sýnir fram á sannleiksgildi orða þeirra og lýsir sameiginlegum þáttum trúarbragða þeirra. Með þeim hætti veitir Hann lesandanum skilning á trúarbrögðum hans og gerir honum kleift að skilja raunverulegt áfönn þess sérstaka boðbera Guðs, sem hann aðhyllist. Bahá-

1 Sjá Daníelsbók 12: 4–5 og 9–10.

‘u’lláh setur síðan fram hugtakið „stighækkandi opinberun“ fullmótað, sýnir fram á einingu allra spámanna Guðs og trúarbragða þeirra, útskýrir ýmsa torræða staði í helgiritunum, m.a. Biblíunní, og leggur grundvöllinn að einingu mannkynsins í einum allsherjarmálstað.

Kitáb-i-Iqán er ein víðlesnasta bók Bahá’u’lláh og hefur gert ótölulegum fjölda manna af öllum trúarbrögðum kleift að skilja veruleika sinnar eigin trúar og þar af leiðandi allra annarra trúarbragða. Án þessarar einstæðu og undursamlegu bókar er ógjörningur að skilja raunverulegt gildi trúarbragðanna fyrir manninn eða fá innsýn inn í hið einfalda en volduga samhengi sögu hans. *Kitáb-i-Iqán* veitir sýn á gervallri sögu mannsins á jörðunni, sem er jafn einföld og hún er mikilfengleg og sönn: Frá ómunatíð hefur Guð opinberað sig mönnunum með fulltingi spámanna sinna og Hann mun halda áfram að opinbera sig mönnunum meðan þeir lifa á þessari plánetu. Á þessari opinberun getur ekki fremur orðið lát en sólin hætti að gefa birtu sína. Allir spámennt Guðs — Sarafústra, Móses, Kristur, Múhammed, Krishna, Búddha, Bábinn og Bahá’u’lláh — hafa talað til manna í samræmi við skilning þeirra og þarfir á hverjum tíma. Allir spámenntirnir hafa sagt fyrir um þann tíma, er Guð muni grundvalla ríki sitt á jörðinni og allt mannkynið lifa saman í einingu og friði. Þeir hafa þannig allir sagt fyrir um komu Bahá’u’lláh, sem skapað hefur nýtt heimsskipulag, sem að lokum mun umlykja alla menn og færa þeim þá ævarandi hamingju og blessun, sem Guð hefur heitið þeim frá öndverðu.

Hulin Orð

Sú bók, sem stendur næst *Kitáb-i-Iqán* að mikilvægi, er safn hugleiðinga, sem hver um sig er ómetanlegt djásn trúarlegs sannleika og andlegrar fegurðar. Þessi litla bók er kölluð *Hulin Orð*. Bahá’u’lláh opinberaði hana, er Hann á hvíldarstundum sínum gekk um bakka fljótsins Tígris. Bókin skiptist í tvo hluta, annar er á persnesku, hinn á arabísku. Hún-var upphaflega nefnd „Hin hulda bók Fatímu“ og Bahá’u’lláh samkenndi hana bók með sama nafni, sem *shí’ítar* trúa að sé í forum hins fyrirheitna Qa’íms („Sá sem mun rísa“) og á að innihalda huggunarorð, sem engillinn Gabríel mælti að boði Guðs til Fatímu og lesin voru fyrir Imám ‘Alí henni til hugfróunar í hryggð hennar eftir andlát Múhamm-

eðs. Í upphafsorðum þessarar bókar ber Bahá'u'lláh því vitní, að í henni sé fólgin hinn innri kjarni eða veigur trúarbragðanna, klæddur búningi kjarnyrðis sem tákn um miskunn Guðs við hina réttlátu.

Þessar tvær bækur, *Kitáb-i-Iqán* og *Hulin orð*, eru ásamt *Kitáb-i-Aqdas* dýrmætasta framlag Bahá'u'lláh til trúarbókmennta heimsins.

Dalirnir sjö

Á þessum tímum jók Bahá'u'lláh einnig við þessa grein bókmennta ritsmið um dulhyggju (mystík), sem Hann nefndi *Dalina sjö*. Þessi bók er rituð sem svar við fyrirspurnum dulhyggjumanns, Muhyi'd-Dín, dómara í borginni *Kháníqayn*, en hann tilheyrði Súfistum, bræðralagi dulsærra Moslema. *Dalirnir sjö* lýsa þeim sjö stigum eða sviðum, sem sál leitandans verður að ganga í gegnum áður en hún nær markmiði leitar sinnar. Bókin einkennist af djúpum innileika og hlýrri, kliðmjúkri framsetningu og hefur haft djúpstæð áhrif á þúsundir trúaðra manna um allan heim og af öllum trúarbrögðum.

Önnur rit í Baghdad

Meðal hins mikla fjölda taflna, sem Bahá'u'lláh opinberaði eftir heimkomuna frá Sulaymáníyyih má nefna *Bók fljótsins* (*Şahífiy-i-Şhatíyyih*), sem að mestu leyti er á persnesku og fjallar um ómótstæðilegt afl Málstaðarins og yfirráð hans yfir hjörtum mannanna; *Borg geislandi undirgefni* (*Madíantu'r-Riḍá*), þar sem Bahá'u'lláh talar um dyggðir nægjuseminnar, auðmýktar og undirgefni frammi fyrir Guði; *Borg einingarinnar*, (*Madínatu't-Tawhíd*); *Súra hins Alvalda* (*Súriy-i-Qadír*); *Súra musterisins* (*Súriy-i-Haykal*), sem áður var getið; *Tafla Mærinnar* (*Lawḥ-i-Húriyyih*), sem er meðal fegurstu og leyndardómsfyllstu taflna Hans, en í henni talast við opinberandi Guðs og hin himneska Mær, sem í rítningum Bahá'u'lláh táknar nokkrar af hinum dýrlegu eigindum Guðs, sem fram til þessa hafa verið huldar mannkyninu. Önnur mikilvæg tafla er *Tafla hins heilaga sæfara* (*Lawḥ-i-Malláhu'l-Quds*), en þar segir Bahá'u'lláh fyrir ókomna

atburði og lýsir því með táknrænum hætti hvernig hatursmenn Trúarinnar muni ráðast gegn henni og vinna henni tjón.

Þessar eru meðal helstu taflnanna, sem Bahá'u'lláh opinberaði í Bagdad. Fjölmargir aðrir pistlar Hans og töflur fjalla um hin margvíslegustu efni og ef lýsa ætti þeim á verðugan hátt, mundi það vera efni í margar bækur.

5. kafli

Dregur fyrir sólu

Ekki gat hjá því farið, að sú mikla og almenna hylli sem Bahá'u'lláh naut, þau djúpstæðu áhrif, sem Hann hafði á trúbræður sína og systur, og vinsældir Hans fneðal háttsettra manna, vekti afbrýði óvina Hans. Hann var í næstum daglegu samneyti við ofstækisfulla píligríma, sem voru á leið til helgistaðanna í Najáf, Karbilá og Kázimayn. Sá sem fyrstur lagði til atlögu gegn Bahá'u'lláh og samfélaginu, sem Hann hafði heimt úr helju, var prestur einn, Shaykh 'Abdu'l-Ḥusayn. 'Alí Páshá, forsætisráðherra Tyrklands, hafði viljað losa sig við þennan kæna og metnaðargjarna prest og sendi hann til Karbilá til að annast umsjón helgistaðanna þar í borg. Hann tók brátt höndum saman við nýskipaðan aðalræðismann Persa í borginni, Mírzá Buzurg Khán, sem gaf honum lítið eftir í fláttskap. Með lygum og undirróðri reyndu tvímenningarnir að fá rfkisstjóran í Baghdad til að fyrirskipa brottflutning Bahá'u'lláh og félaga Hans. Þetta mistókst með öllu. 'Abdu'l-Ḥusayn reyndi þá að æsa upp öргеðja og fáfróða íbúa borgarinnar með því að segja þeim frá draumföllum sínum, en þessa drauma túlkaði hann svo, að borginni stafaði mikil hættu af Bahá'u'lláh. Honum varð lítið ágengt og ekki jók það á hróður hans, að hann mætti ekki til viðtals við Bahá'u'lláh, sem hafði verið fastráðið. Aðalræðismaðurinn reyndi að espa upp dreggjjar borgarlýðsins gegn Bahá'u'lláh í von um að aðgerðir þeirra mundu kalla á hefndir Bábíanna og þær yrðu síðan hafðar að yfirvarpi til að flæma Bahá'u'lláh úr borginni.

Þrátt fyrir viðvaranir vina og velunnara hélt Bahá'u'lláh áfram að fara leiðar sinnar um borgina, jafnt á degi sem nóttu, án fylgdarmanna. Návist Hans ein saman varð til þess að tilræðismönnum féllust hendur. Honum var vel kunnugt um áform þeirra, spaugaði við þá og skildi þá síðan eftir ráðvillta og miður sín — og staðráðna í að hætta við ráðagerðir sínar.

Buzurg Khán, aðalræðismaður, gekk svo langt að ráða stigmann einn, Riḍá að nafni, til að myrða Bahá'u'lláh, og fékk honum hest og tvær pístólur. Er Riḍá fregnaði dag nokkurn, að Bahá'u'lláh væri á leið til almenningsbaðanna, hélt hann sjálfur inn í baðhúsin með byssuna falda undir kuflinum. Skyndilega stóð hann augliti til auglitis við Bahá'u'lláh sjálfan. Hann varð svo felmtraður, að hann snerist á hæli og hljóp í brott. Riḍá sagði frá því sjálfur mörgum árum síðar, að öðru sinni hafi hann legið í launsátri og beðið færís á Bahá'u'lláh, en þegar Hann nálgadist varð hann svo yfirkominn af ótta, að vopnið féll úr höndum hans. Bahá'u'lláh bað bróður sinn, Áqáy-i-Kalím, sem var í för með Honum, að fá honum aftur byssuna og fylgja honum heim á leið.

Prestamir vilja kraftaverk

Mírzá 'Abdu'l-Ḥusayn fékk nú handbendi sitt, persneska aðalsræðismanninn, til að senda langar skýrslur til hirðar keisarans næstum daglega, þar sem ýkjusögur voru sagðar af þeim áhrifum, sem Bahá'u'lláh hafði í Baghdad. Hann átti meðal annars að hafa unnið hollustu hirðingjaættbálkanna í Irak og var sagður geta kvatt út eitt hundrað þúsund manna herlið á einum degi. Hann var einnig borinn þeim sökum að ráðgera ásamt ýmsum persneskum leiðtogum samsæri gegn Þjóðhöfðingjanum. Með þessum og þvflíkum aðferðum tókst Buzurg Khán að fá valdstjórnina í Teheran til að þröngva keisaranum til þess að gefa sér fullt umboð til að kalla til liðs við sig lögmennina og fræðimennina ('ulamás) og ýmsa embættismenn. Með þetta umboð í höndunum kallaði 'Abdu'l-Ḥusayn saman ráðstefnu kirkjunnar manna í Kázimayn, þar sem hann dvaldi. Þar sem þarna gafst kjörið tækifæri til að koma sér í mjúkinn hjá Þjóðhöfðingjanum, flyktust þangað mikill fjöldi presta og kennimanna. Er þeim var kynntur tilgangur ráðstefnunnar, ákváðu þeir að hefja heilagt stríð gegn nýlendu útlaganna í Baghdad og gera á hana skyndiárás í því augnamiði að uppræta Trúna fyrir fullt og allt. En þeim til undrunar og sárna

vonbrigða neitaði kirkjuhöfðinginn Shaykh Murtaday-i-Ansarí að fella tilskilinn dóm yfir útlögnum, þegar hann heyrði um fyrirætlanir prestanna. Shaykh þessi naut mikillar virðingar fyrir réttlætiskennd sína og guðrækni. Hann kvaðst hafa ónóga þekkingu á kenningum þeim, sem samfélag útlaganna lifði eftir, og ekki hafa orðið vitni að neinum þeim gerðum meðlima þess, sem brytu í bága við Kóraninn. Síðan yfirgaf hann ráðstefnuna í skyndingu en vottaði Bahá'u'lláh með milligöngu sendiboða eftirsjá sína vegna þessara atburða og óskaði Honum einlæglega velfarnaðar.

Þeir sem eftir voru tóku á ný ráð saman og upphugsuðu nú óbrigðult ráð til að-sverta Bahá'u'lláh og gera áhrif Hans meðal fólksins að engu. Þeir sendu heiðarlegan og virtan kennimann, Hájí Mullá Hasan-i-Ammú, til Bahá'u'lláh og fólu honum að leggja fyrir Hann nokkrar spurningar. Bahá'u'lláh svaraði þeim öllum greiðlega og Ammú bar kennimonnunum aftur svör Hans, en í ljósi þeirra sáu þeir sig tilneydda til að viðurkenna þekkingu Hans og lærdóm. Sem lokasönnun báðu þeir Hann um að framkvæma eitthvert kraftaverk, sem þeir allir gætu sætt sig við. Er Bahá'u'lláh var borin þessi beiðni, svaraði Hann því til, að þótt þeir hefðu engan rétt til að fara fram á þetta, með því að það væri Guðs að prófa skepnur sínar en ekki þeirra að prófa Guð, gæfi Hann samt, sem tákn um miskunn Guðs þeim til handa, leyfi sitt til þess að þetta mætti verða. Þá sagði Bahá'u'lláh:

„Fræðimennirnir (‘ulamás) verða að koma saman og í einu hljóði velja kraftaverkið og gefa skriflega yfirlýsingu þess efnis, að þegar þetta kraftaverk hefur verið unnið, muni þeir ekki lengur ala með sér neinar efasemdir gagnvart Mér. Þeir verða allir að viðurkenna og játaast undir sannleika Málstaðar Míns. Bréf þetta verða þeir að innsigla og færa Mér. Þessi verður hinn viðtekni prófsteinn: verði kraftaverkið unnið, munu þeir ekki lengur vera í neinum vafa, ef ekki, þá verðum Vér dæmdir sem falsarar.“

Þetta ótvíræða og skorinorða svar, sem á sér enga hliðstæðu í annálum trúarbragðasögunnar og beint var til hinna fremstu meðal kennimanna Shí'ismans, var svo fullnægjandi, að sendiboði þeirra reis þegar í stað á fætur, kyssti hné Bahá'u'lláh og hélt til húsbænda sinna. Þremur dögum seinna gerði hann þá orðsendingu til Bahá'u'lláh, að hin tigna samkoma hefði ekki komist að samkomulagi um kraftaverkið og vildi láta málið niður falla.

Sendiboðinn sagði frá þessu víða í Persíu og skýrði meðal annars utanríkisráðherra Persa á þeim tíma, Mírzá Sa'íd Khán, frá þessu atviki.

‘Abdu’l-Bahá hefur skrifað eftirfarandi með skírskotun til svipaðs tilboðs, sem Bahá’u’lláh gerði keisaranum í töflu sinni til hans:

„Ef við rannsökum vendilega texta Biblíunnar, komumst við að raun um að hinir guðdómlegu boðberar sögðu aldrei við þá, sem afneituðu þeim: „Eg er reiðubúinn að framkvæma hvert það kraftaverk, sem þér kjósið, og gangast undir hverja þá prófraun, sem þér stingið upp á.“ En í pistli sínum til keisarans segir Bahá’u’lláh skýrt og greinilega: Safna saman fræðimönnunum og kalla Mig á þeirra fund til þess að vottfesta megi sannanirnar og vitnisburðinn.“

Útlegð til Konstantínópel

Það níu mánaða tímabil, sem óvinir Bahá’u’lláh og þá einkum ‘Abdu’l-Ḥusayn og bandamaður hans, Mírzá Buzurg Khán, höfðu notað til linnulausrar rögsiðju gegn Bahá’u’lláh og átrúendunum, bar nú loks árangur. Keisari Persíu skipaði utanríkisráðherra sínum að gefa persneska ambassadornum í Konstantínópel, sem var náninn vinur ‘Alí Páshá, stórvesírs soldánsins, heimild til að fara þess formlega á leit við ‘Abdu’l-Azíz, soldán Tyrkjaveldis, að Bahá’u’lláh yrði fluttur tafarlaust frá Baghdad á þeim forsendum, að áframhaldandi vera Hans í þeirri borg, sem var mikilvæg miðstöð shí’ah píligríma, væri bein ógnun við öryggi Persíu og ríkisstjórn landsins.

Í orðsendingu sinni til ambassadorsins sagði utanríkisráðherraann, Mírzá Sa'íd Khán, að hér væri á ferðinni „vegwilltur og fyriritlegur sértrúarflokkur“. Hann harmaði sérstaklega, að Bahá’u’lláh skyldi hafa verið sleppt lausum úr prísundinni í Teheran og fordæmði Hann fyrir að „spilla á laun og leiða á villigötur fávísa menn og óuppfrædda vesalinga.“ I bréfinu er vitnað til alþekkts ljóðs, og kemur sú tilvitnun berlega upp um ótta ráðherrans: „Í óskunni sé eg leynast eldsglóð og ekki þarf nema andblæ til þess að hún verði að funandi báli.“

Með fulltingi erlendra ambassadora og ráðherra í Konstantínópel, tókst utanríkisráðherranum að fá heimild soldánsins til

brotthlutnings Bahá'u'lláh og félaga Hans (sem neyðst höfðu til að skipta um ríkisfang) til Konstantínópel. Það var á fimmta degi Naw-Rúz (nýársins), er Bahá'u'lláh var að halda þá hátíð ásamt lærisveinum sínum, að sendiboði kom frá Námiq Páshá og afhenti Honum orðsendingu þess efnis, að ríkisstjórinn óskaði eftir viðtali við Hann.

Bahá'u'lláh hafði sagt fyrir um tímabil mikilla þrenginga, sem framundan væru, og vinir Hans skildu á Honum að í hönd færu þáttaskil í lífi Hans og þeirra sjálfra. Þetta hryggði þá mjög. Í bréfi 'Alí Páshá, sem stílað var til borgarstjórans í Baghdad, var Bahá'u'lláh boðið að halda til Konstantínópel sem gestur tyrknesku stjórnarinnar í fylgd tyrkneskra hermanna. Fjárfúlga hafði verið lögð til hliðar til afnota fyrir Bahá'u'lláh, en Hann neitaði að taka við fénu. Er Honum var tjáð, að yfirvöld mundu líta á slíka neitun sem móðgun við sig, þáði Hann féð og lét dreifa því samdægurs meðal fátækra í borginni.

Hryggð og örvænting greip um sig í hópi átrúendanna og fyrst í stað neyttu þeir hvorki svefns né matar. En Bahá'u'lláh hughreysti þá og þeir fólu allt ráð sitt í hendur Honum. Í öllum þeim töflum, sem Hann opinberaði á þessum tíma, sagði Hann fyrir aðsteðjandi þrengingu og alvarlegustu kreppu í sögu Trúarinnar. Kunnust þessara taflna er *Tafla hins heilaga sæfara*.

6. kafli

Í Riðván-garðinum

Miðvikudaginn 22. apríl 1863 hélt Bahá'u'lláh af stað í fyrsta áfanga fjögurra mánaða ferðar sinnar til höfuðborgar Tyrkjaveldis. Þessi sögulegi dagur, sem þaðan í frá var nefndur fyrsti dagur Riðván-hátíðarinnar, átti sér enga hliðstæðu í sögu Baghdad. Fréttirnar um brottför Hans breiddust fljótt út meðal íbúanna í borginni og í nágrannabyggðunum. Mikill fjöldi manns kom til þess að kveðja Hann og votta Honum virðingu sína í síðasta sinn. Mannþröng var um hús Hans og margir grétu og báru sig illa. Brátt varð ljóst, að Bahá'u'lláh gat ekki tekið á móti öllu þessu fólki í húsi sínu vegna smæðar þess. Þegar Najíb Páshá, einn af yfirmönnum borgarinnar, heyrði þetta, fékk hann Bahá'u'lláh til ráðstöfunar fagran garð í útjadhri borgarinnar handan fljótsins. Garður þessi (Najíbíyyih) hefur síðan verið nefndur Riðván-garðurinn af fylgjendum Bahá'u'lláh.

Er Bahá'u'lláh hélt frá Baghdad var borgin í meira uppnámi en dæmi voru til um áður í sögu hennar. Fólk af öllum stéttum og stigum stóð umhverfis hús Hans á strætum og húspökum meðfram leiðinni, sem Hann gekk til fljótsins. Er Hann birtist í forgarði húss síns, vörpuðu félagar Hans sér að fótum Hans og voru óhuggandi. Hann staldraði við þar nokkra stund og talaði til þeirra ástúðlega og hét þeim að taka á móti þeim öllum í garðinum seinna. Bahá'u'lláh getur þess í töflu, að þegar Hann hefði gengið nokkum spöl í mannþrönginni áleiðis að hliðinu, hafði lítið barn komið hlaupandi, þrifið í kyrtilfald Hans og beðið Hann grátandi

að vera kyrran. Þetta atvik snart hjörtu viðstaddra djúpt og jók harm þeirra.

Mikill mannfjöldi var á gótunum, en fæstir þeirra höfðu jástast trú Hans. Engu að síður þyrptust þeir um Hann, krupu frammi fyrir Honum og leituðust við að snerta hendur Hans og klæði. Þessu hélt fram alla leið til fljótsbakkans.

Áður en Bahá'u'lláh fór yfir fljótið, ávarpaði Hann fylgjendur sína, sem safnast höfðu umhverfis Hann, og sagði:

„Ó, félagar Mímir! Ég fel í yðar umsjá þessa borg í því ástandi, sem þér nú lítið hana, þegar Ég hverf á braut og tárin falla eins og vorregn af augum vina jafnt sem óvina, er þyrpst hafa saman á húspökunum, götum hennar og markaðstorgum. Ykkar bíður nú að gæta þess, að gerðir yðar og framferði myrkvi ekki loga ástarinnar, sem brennur í brjóstum íbúa hennar.“

Bahá'u'lláh var ferjaður yfir fljótið ásamt þremur sona sinna: 'Abdu'l-Bahá, sem þá var átján ára gamall, Mírzá Mihdí, og Muhammad-'Alí. Í för með þeim var einnig Mírzá Áqá Ján, ritari Bahá'u'lláh. Ekki er vitað með fullri vissu hverjir af lærisveinum Hans fylgdu Honum yfir fljótið þennan dag eða slógu upp tjaldi Hans í garðinum og undirbjuggu komu Hans.

Bahá'u'lláh kom í Ridván-garðinn að kvöldi dags. Er Hann gekk inn í garðinn hljómaði bænaákallið „Alláh'u'Akbar“ frá bænarnunum og barst yfir borgina.

Adib Taherzadeh segir í bók sinni um Bahá'u'lláh:

„Kallið til síðdegisbæna hljómaði frá moskunnunni og orðin „Alláh'u'Akbar“¹ voru tónuðaf bænakallaranum (Muezzín) og bárust um allan garðinn. Er Konungur dýrðarinnar gekk inn í hann. Bahá'u'lláh gekk í miklum fögnuði og tign um garðinn milli blómanna og trjáanna. Ilmur rósanna og söngur næturgalanna fyllti loftið og gæddi allt töfrum og heillandi fegurð.“

1 „Guð er mestur“.

Yfirlýsingin

Félagar Bahá'u'lláh höfðu um nokkurt skeið vitað, að í nánd væri sá mikli atburður, er Hann kunngerði opinberlega endurlausnarhlutverk sitt. Þetta réðu þeir ekki einungis af orðum Hans á síðustu mánuðum dvalar Hans í Baghdad, heldur einnig af greinilegri breytingu í fari Hans.

‘Abdu'l-Bahá hefur lýst því, er Bahá'u'lláh við komuna í Riðván-garðinn kunngerði viðstöddum félögum sínum þessi miklu fagnaðartíðindi og tilkynnti jafnframt, að nú væri í hönd ný sig-urhátíð. Þessi hátíð hefur verið haldin af Bahá'um upp frá því og stendur yfir í tólf daga, eða jafnlengi og Bahá'u'lláh hélt kyrru fyrir í Riðván-garðinum.

Við þessi miklu tíðindi hvarf átrúendunum öll sútt og þeir fyllt-ust nýrri gleði og von. Þótt Bahá'u'lláh hefði verið gerður útlægur til fjarlægs lands og Hann vissi hverjar þrengingar og eldraunir biðu Hans sjálfs og félaga Hans, breytti Hann sorg þeirra í fögnuð og eyddi hamingjusamasta tímabili ævi sinnar í undurfögurum Riðván-garðinum.

Það er ekki vitað nákvæmlega með hverjum hætti Bahá'u'lláh kunngerði köllun sína frá þessum heilaga stað í hinni fornu borg, og ekki er heldur vitað um alla, sem viðstaddir voru þennan helg-asta og fagnaðarríkasta atburð gervallar mannkynssögunnar, er hinn Fyrirheitni allra trúarbragða heims, mannkynsfræðarinn og endurlausnarinn mikli, sem allir spámenn Guðs höfðu sagt fyrir um, sleit sundur síðustu blæjuna, sem hjúpaði geislandi ásýnd Hans og gekk fram á meðal mannanna til að skapa „nýja jörð og nýjan himinn“, breyta hjörtum mannanna, endurlífga þá og safna saman öllum þjóðum heimsins í eitt bræðralag og einn allsherj-armálstað.

Tafla þolinmæðinnar

Við þetta tækifæri opinberaði Bahá'u'lláh eina lengstu og mikilvægustu töflu sína, sem ber nafnið *Súra þolinmæðinnar* (Súriy-i-Sabr), sem einnig var þekkt undir heitinu *Tafla Jobs* (Lawḥ-i-Ayyúb). Þessari töflu hefur verið líkt við úthaf, sem geymir ómetanlega fjársjóði andlegrar þekkingar og visku.

Í *Töflu Jobs* beinir Bahá'u'lláh athygli lærisveina sinna að hetjulegum fórnum fylgjenda Bábsins í smáborginni Nayríz í

Fárs-héraði í Persíu. Bahá'u'lláh lýkur lofsorði á þá lærisveina Bábsins, sem týndu lffinu í aðför stjórnarhersins að málstað Bábsins á þessum árum og vegsamar stöðu þeirra átrúenda, sem þolað höfðu þrengingar og eldraunir með hugrekki og óhagganlegu stöðuglyndi. Þá brýnir Bahá'u'lláh fyrir fylgjendum sínum dyggð þolgæðisins, sem er ein mikilvægasta dyggðin, sem Guð hefur lagt í brjóst mönnunum. Hann hvetur átrúenduma til að vera staðfasta sem kletturinn í málstað Guðs og jafnframt segir Hann fyrir uppreisn Mírzá Yayhá og stuðningsmanna hans. Hann lofar einnig þennan fyrsta dag Riðván, sem er „dagur allra daga“ og lýsir því yfir, að á þessari stundu beindi Hann orðum sínum til allra manna frá Baghdad, til þess að hver og einn geti höndlað þann skerf af dýrð og miskunn Guðs, sem honum hafi verið afmældur. Hann staðfestir einnig, að á þessum degi hafi allir skapaðir hlutir verið uppljómaðir af birtunni frá þeirri skínandi sól sannleikans, sem þá hóf upprás sína á festingu mannkynsins.

Næturgalur og rósir

Þá tólf daga, sem Bahá'u'lláh dvaldi í Riðván-garðinum, lá þangað stoðugur straumur gesta til að votta Honum virðingu sína. Meðal þeirra voru lærdómsmenn og embættismenn í Baghdad, en þó fyrst og fremst fjöldi manns af óllum stéttum, sem elskaði Hann og vildí njóta sem lengst samvista við Hann. Bahá'u'lláh kallaði til sín á hverjum degi hóp lærisveina sinna og sendi þá frá sér aftur á kvöldin. Aðeins þeim, sem ekki áttu neinar fjölskyldur, var leyft að dveljast nætursakir. Vöktu þeir þá umhverfis tjald Hans.

Nabíl hefur gefið greinargóða lýsingu á þeim fögnuði og hamingju, sem ríkti meðal vinanna á þessum tíma:

„A hverjum degi fyrir sólarupprás týndu garðyrkjumennirnir rósirnar, sem uxu meðfram fjórum gangstígum garðsins, og lögðu þær í einn bing á mitt gólfid í blessuðu tjaldi Hans. Svo mikill varð þessi bingur, að þegar félagar Hans söfnuðust saman til að drekka morgunteið í návist Hans, gátu þeir ekki séð hvern annan yfir hann. Allar þessar rósir fékk Bahá'u'lláh með eigin hendi þeim, sem Hann sendi frá sér á hverjum morgni, og skyldu þeir afhenda þær í Hans nafni arabískum og persneskum vinum Hans í borginni ...

Kvöld eitt, níundu nótt hins vaxandi mána, var ég á meðal þeirra, sem vöktu í nánd við blessað tjald Hans. Þegar leið að miðnætti, sá ég Hann koma frá tjaldi sínu, fara framhjá nokkrum sofandi vinum sínum og ganga síðan fram og aftur um stíga garðsins, sem voru blómum stráðir og uppljómaðir í tunglsljósinu. Svo hávær var söngur næturgalanna allsstaðar í kring, að aðeins þeir, sem næstir voru Honum, gátu heyrt rödd Hans greinilega. Hann hélt áfram að ganga fram og aftur, uns Hann staðnæmdest á miðjum gangstígnum og mælti: „Sjáið þessa næturgala. Slík er ást þeirra á þessum rósum, að þeir syngja söngva sína frá húmi til dögunar án þess að þeim falli blundur á brá og af brennandi þrá samneyta þeir tilefni aðdáunar sinnar. Hvernig geta þeir þá sofið, sem segjast brenna af ást til rósumlíkrar fegurðar Ástvinarins?“ Þrjár nætur í röð vakti ég og hringsólaði um blessað tjald Hans. Í hvert sinn, er ég gekk framhjá beðnum, sem Hann hvíldist á, var Hann vakandi og á hverjum degi, frá morgni til kvölds, sá ég Hann ræða án afláts við straum gesta, sem komu í sífellu frá Baghdad. Ekki í eitt einasta sinn varð ég var við hinn minnsta þreytuvott í orðum Hans.“

Í ræðu, sem ‘Abdu’l-Bahá hélt á níunda degi Riðván 1916 í ‘Akká, sagði Hann, að óvinir Trúarinnar hefðu fastráðið að slökkva eld Málstaðarins og gert allt sem í þeirra valdi stóð til þess að flæma Bahá’u’lláh frá Baghdad. Þeir gerðu sér ekki grein fyrir því að þessi útleið mundi stuðla að útbreiðslu trúar Hans og færa henni sigur. Er Bahá’u’lláh hélt til Riðván-garðsins og þeir sáu þá augljósu ást og virðingu, sem Honum var hvarvetna sýnd, urðu þeir felmtri slegnir. ‘Abdu’l-Bahá sagði, að þótt útleiðardómur valdi yfirleitt djúpri sorg og sársauka, hafi Bahá’u’lláh gert hann að fagnaðarríkasta atburðinum í lífi sínu. Riðván-dagarnir urðu mesta gleðihátíð fylgjenda Hans og hafa verið það æ síðan.

Er að því dró, að Bahá’u’lláh skyldi leggja af stað til Konstantínópel, lýsti ríkisstjórinn, Námiq Páshá, því yfir að hann vildi aðstoða Bahá’u’lláh með hverjum þeim hætti, sem Hann kysi, og gaf út tilskipun til héraðsstjórnanna í þeim byggðum, sem Bahá’u’lláh fór um á leið sinni, að þeir skyldu sýna Honum fyllstu tillitssemi og hjálpa Honum í hvívetna. Bahá’u’lláh bað ríkisstjórnann að sýna ástvinum sínum, sem yrðu eftir í borginni, fyllstu góðsemi og halda yfir þeim verndarhendi. Námiq Páshá sam-

þykkti þetta feginshugar, því að hann þráði að geta orðið Bahá'u'lláh að liði.

Jafnvel þeir, sem átt höfðu drýgstan þáttinn í að Bahá'u'lláh var nú á ný gerður útlægur, iðruðust sáran. Námiq Páshá skýrði Bahá'u'lláh frá því, að persneski aðalræðismaðurinn, sem krafist hafði þess áður að Bahá'u'lláh yrði vísað á brott úr borginni, krefðist þess nú enn ákafar að Hann yrði kyrr.

Brottförin til Konstantínópel

Er Bahá'u'lláh, fjölskylda Hans og nokkrir lærisveinar, héldu af stað áleiðis til Konstantínópel 3. maí, 1863, fylgdi manngrúinn Honum eftir. Margir grétu og báru sig illa, aðrir sóttu að hinum arabíska gæðingi, sem Bahá'u'lláh reið, kysstu hófa hans og ístöðin, og enn aðrir gengu jafnvel svo langt að varpa sér fyrir hestinn til merkis um að þeir kysu fremur dauðann en aðskilnaðinn frá Ástvini sínum.

Bahá'u'lláh segir sjálfur:

„Það var Hann (Guð), sem gerði Mér kleift að halda út úr borginni (Baghdad) íklæddur slíkrí tign, að enginn nema afneitarinn og spottarinn getur fengið sig til að neita því.“

Alla leiðina frá Baghdad til Konstantínópel kepptust menn og konur um að sýna Honurn hollustu sína og ást. Mírzá Yahyá, sem gekk í humátt á eftir vagni Bahá'u'lláh, að eigin ósk, lét þessi orð falla í áheym annarra við Siyyid Muḥammad: „Hefði eg ekki kosið að dyljast, hefði eg opinberað hver eg í rauninni var, þá hefði þessi heiður, sem Honum (Bahá'u'lláh) er sýndur, einnig fallið mér í skaut á þessum degi.“

Fyrsti áningarstaður Bahá'u'lláh á leiðinni var Firayját. Með Honum voru þá fjölskylda Hans og tuttugu og sex lærisveinar. Mynduð var vagnlest, sem samanstóð af fimmtíu múlösnum, tíu ríðandi hermönnum og sjö vognum. Ferðin tók hundrað og tíu daga og farið var um blómleg sveitahéruð og dali, yfir hálendi og haga og gegnum þykka skóga austanverðrar Anatólíu til hafnarborgarinnar Samsún við Svartahaf. Hvar sem Bahá'u'lláh kom, var tekið á móti Honum með miklum virktum að boði Námiq Páshá. Ætíð er Hann nálgaðist eitthvert þorp eða byggðarlag,

kom sendinefnd á móts við Hann, og stundum slógu þorpsbúar upp veislu til heiðurs Honum og förunautum Hans.

Sjö dögum eftir komuna til Sámsún, byrjuðu spádómar Bahá'u'lláh í *Töflu hins heilaga sæfara* að rætast, er Hann var fluttur um borð í tyrkneskt gufuskip, sem lagði af stað til Konstantínópel 16. ágúst, 1863. Þar biðu Hans tveir vagnar og um tíma var Hann gestur á heimili Shamsí Big, sem gegndi störfum fyrir tyrknesku stjórnina. Síðan fékk Hann til afnota rúmbetra húsnæði í húsi Vísi Páshá í grennd við mosku Múhammeds soldáns.

Með komu Bahá'u'lláh til Konstantínópel hófst það tímabil í sögu Bahá'í trúarinnar, sem kalla má hvorutveggja í senn: ógæfusamasta og dýrlegasta kaflann í allri sögu fyrstu Bahá'í aldarinnar. Það var tímabil, er skortur og ólýsanlegar hörmungar fóru jafnhliða miklum andlegum sigrum. Í Baghdad hafði Bahá'u'lláh kunnert heiminum köllun sína og sáð til þess Guðsríkis á jörðu, sem Hann var kallaður til að skapa. Nú beið Hans að kynna konungum og valdhöfum heimsins þetta ætlunarverk sitt og kalla þá til hinnar nýfæddu trúar Guðs. Fyrsti áfanginn í þessari boðun Bahá'u'lláh til þjóðhöfðingjanna hófst í Konstantínópel, þegar hann sendi pistil til 'Abdu'l-'Azíz, soldáns, sem taldi sig staðgengil Múhammeds spámans og var ædsta yfirvald tyrkneska heimsveldisins. Texti þessa pistils er nú glataður. Hann var sendur til soldánsins eftir að tilskipun barst frá honum þess efnis að útlagararnir skyldu sendir til borgarinnar Adriánópel, sem var við ystu mörk ríkisins. Þeir höfðu þá verið fjóra mánuði í höfuðborginni. Ferðina þurftu þeir að fara um miðjan vetur og undir auðmýkjandi kringumstæðum.

Þessi orlagaríka ákvörðun, sem tekin var af soldáninum og tveimur ráðherrum hans, þeim 'Alí Páshá og Fu'ád Páshá, var ekki síst til komin vegna stöðugs þrýstings frá persneska ambassadornum í Konstantínópel, Mírzá Husayn Khán. Sjálfur var ambassadorinn undir miklum þrýstingi frá stjórninni í Teheran. Honum hafði verið falið að uppvekjja fjandskap tyrkneskra yfirvalda gegn Bahá'u'lláh. Það varð vatn á myllu hans, er Bahá'u'lláh neitaði að lúta þeirri ófrávíkjanlegu reglu gesta á vegum stjórnarinnar að heimsækja ædstu trúarleiddtoga landsins, forsætisráðherrann og utanríkisráðherrann. Bahá'u'lláh endurgalt ekki einu sinni heimsóknir nokkurra ráðherra stjórnarinnar, Kámál Páshá og fyrrum erindreka Tyrklands í Persíu. Afstaða Bahá'u'lláh vakti undrun og hneykslan og stakk mjög í stúf við

afstöðu persneskra prinsna, sem komu til Tyrklands og létu ekkert tækifæri ónotað til að afla sér fjár og fremdar meðal tyrkneskra stjórnámálanna. Ambassadorinn firrtist við, þegar Bahá'u'lláh neitaði að koma í sendiráð Persíu. Í viðtölum og opinberum skýrslum lét hann svo ummælt, að Bahá'u'lláh væri „drambsamur og stærilátur“ og teldi sig hafinn yfir lög og hefði á þjónunum ráðagerðir um að kollsteypa ríkjandi stjórnarfari. Ambassadorinn réðist einnig harkalega gegn útjögunum, fordæmði þá og bar á þá ýmsar svívirðingar og nefndi þá illvirkja og niðurrifsmenn, sem ættu skilið hörðustu refsingu.

Mágur 'Alí Páshá, forsætisráðherra, fékk það verkefni að flytja Bahá'u'lláh tilskipun soldánsins, sem eins og fram hefur komið var ávöxturinn af samvinnu tyrknesku og persnesku stjórnanna gegn sameiginlegum andstæðingi.

Bahá'u'lláh neitaði sendiþöðu stjórnarinnar um áheyrn, en hann bar þess í stað upp erindi sitt við 'Abdu'l-Bahá og Aqáy-i-Kalím, sem tóku á móti honum. Hann tjáði þeim, að hann mundi koma aftur nokkrum dögum seinna til að sækja svar Bahá'u'lláh við útleðardómnum.

Sama dag opinberaði Bahá'u'lláh áðurnefnda töflu, og sendi hana til forsætisráðherrans í innsigliðu umslagi. Shamsí Big var falið að skýra forsætisráðherranum frá því, að þessi tafla væri send niður til hans frá Guði. „Ég veit ekki hvað stóð í þessu bréfi,“ sagði Shamsí Big síðar við Aqáy-i-Kalím, „en forsætisráðherrann hafði ekki fyrr lesið það en hann varð nábleikur og sagði: „Það er engu líkara en konungur konunganna væri að gefa hinum minnsta meðal hjákonunga sinna til kynna vilja sinn og skipa honum að bæta framferði sitt.“ Hann var svo miður sín eftir lestur þessa bréfs, að eg fór og lét hann eftir einan.“

Bahá'u'lláh sagði síðar um þau áhrif, sem taflan tíj soldánsins hafði haft:

„Ekki er hægt að líta svo á, að þær aðgerðir sem ráðherrar soldánsins gripu til eftir að hafa kynnt sér innihald hennar, hafi verið óréttlætanager, hverjar sem þær voru. Þau illvirki, sem þeir frömdu áður en þeir lásu hana, er hinsvegar ekki hægt að réttlæta.“

Að kvöldi brottfararinnar til Adríanópel sendi Hann skilaboð til persneska ambassadorsins, þar sem Hann ávítaði Hann strengilega fyrir þá glæpi, sem hann hafði framið gegn varnar-

lausu samfélagi útlaganna. Undir lok þeirrar töflu segir Bahá'u'lláh:

„... Málstaður Hans er hafinn yfir öll ráð, sem þú bruggar gegn honum. Vit þó þetta: Þótt allar ríkisstjórnir jarðarinnar sameinuðust um að svipta Mig lífinu og alla þá, sem bera þetta Nafn, mun þessi himneski eldur aldrei verða slökktur. Öllu fremur mun málstaður Hans umlykja alla konunga jarðarinnar, nei — alla þá, sem skapaðir hafa verið af vatni og leir ... Hvert sem hlutskipti Vort verður, þá mun sigur Vor verða mikill og augljóst afhroðið, sem þeir bíða.“

Ferðin til Adrianópel

Á köldum desember-morgni lögðu Bahá'u'lláh, fjölskylda Hans og félagar, af stað, sumir í vögnum, aðrir ríðandi á klyfjuðum múlösnum, en eigum þeirra var staflað á uxakerrur. Til Adrianópel fór enginn nema sá sem gert hafði uppreisn gegn þjóðhöfðingjanum. Bahá'u'lláh segir:

„Þeir ráku Oss frá borg þinni (Konstantínópel) í slíkri niðurlægingu, að engin læging önnur á jörðunni kemst þar í samjöfnuð ... Hvorki fjölskylda Mín né þeir, sem fylgdu Mér, höfðu nauðsynleg klæði til að verjast frosthörkunum ... Óvinir Vorir tátuðust yfir hlutskipti Voru og auk þess sérhver skilningsríkur maður.“

Á þessum árstíma voru fádæma kuldar á þessum slóðum. Í sumum héruðum Tyrklands og Persíu hafði fjöldi dýra frosið í hel í snjónum. Efrat var í klakaböndum í nokkra daga við Ma'dan-Nuqrih, en það hafði aldrei gerst áður svo menn vissu. Norðar, við Diyár-bakr, var ís á fljótinu í fjórutíu daga. Einn útlaganna segir frá því, að til þess að fá vatn úr brunnunum, hafi þeir orðið að kveikja við þá mikið bál til þess að þíða innan úr þeim ísinn.

Eftir mikla vosbúð og raunir komu útlagarnir á áfangastað þann 12. desember og fengu inni í KJlán-i-'Arab, sem var gistihús fyrir þá, sem fylgdu úlfaldalestunum. Þremur dögum síðar var Bahá'u'lláh og fjölskylda Hans fenginn staður í húsi, sem aðeins var búið í á sumrin, en síðar fengu þau til afnota annað hús í grennd við moskuna í Mradíyyih-hverfinu. Hálfu ári síðar voru þau enn flutt í rúmbetra húsnaði, hús Amru'lláh norðanvert við mosku Salíms soldáns.

Þannig lauk mikilfenglegasta tímabilinu í Bahá'í sögunni á fyrstu öld Trúarinnar, en nú fór í hönd umbrotasamasta tímabil hennar, sem var undarfari þess að Bahá'u'lláh kunngerði heiminum og stjórnendum hans boðskap sinn.

7. kafli

Launráð gegn Bahá'u'lláh

Málstaður Guðs, sem nú hafði borið heiminum birtu sína í tvo áratugi, var í þann veginn að rétta við ef tir geigvænleg áföll, þegar yfir hann dundi þung og hörmuleg ógæfa, sem hafði næstum kæft ljós hans fyrir fullt og allt. Hvorki píslarvætti Bábsins, tilræðið við Naşíri'd-Dín Sháh né útleigðardómurinn yfir Bahá'u'lláh og brottför Hans til Kurdistán komust í samjöfnuð við þessi umbrot, sem fóru eins og krampaflog um bamungan líkama samfélagsins og ofurseldu það um stund sundrung og öngþveiti. Í meira en hálfu öld bar Bahá'í samfélagið menjar eftir þesas djúpstæðu innri kreppu, „umbrotadaga“ (Ayyám-i-Shidád), sem Bahá'u'lláh nefndi svo. Hún varð vatn á myllu andstæðinga trúarinnar, bæði borgaralegra og kirkjulegra, og vakti spott þeirra og óblandna ánægju. Hún ruglaði í ríminu vini og stuðningsmenn Bahá'u'lláh og skaðaði orðstír Trúarinnar í augum vestrænna aðdáenda hennar. Hún hafði verið í aðsigi allt frá því Bahá'u'lláh kom til Baghdad, en þá hafði óumdeild forystu Hans og sköpunarkraftur vikið henni til hliðar. Hún var þyngsta höggið, sem Bahá'u'lláh var lostinn um ævina, færði Honum bikar nístandi hryggðar og risti djúpar rúnir í ásjónu Hans. Þótt þessi kreppa orsakaðist fyrst og fremst af því, að Mírzá Yaḥyá rauf endanlega sáttmálann við Bábin varðandi „Hann, sem Guð mun birta“ og braut þannig helgustu og skýlausustu fyrirmæli Hans, átti Siyyid Muḥammad þar einnig stóran hlut að máli, því hann hafði virt ráðleggingar

Bahá'u'lláh að vettugi og fylgt Honum til Adrínaópel, þar sem hann tók strax til við moldvörpuiðju sína af endurnýjuðum krafti.

Yaḥyá fer huldu höfði

Æ síðan Bahá'u'lláh sneri aftur frá Sulaymán-fjöllum hafði Mírzá Yaḥyá tekið þann kostinn að loka sig inni í híbýlum sínum eða flýja, þegar hætta stæðjaði að, til óhultra staða eins og Hillih eða Basra við norðurmörk Arabíu. Til Basra hafði hann flúið dulbúinn sem Gyðingur frá Baghdad og vann fyrir sér með því að selja skófatnað. Hann lifði í sífelldum ótta við uppljóstrun og lét þessi orð út ganga: „Ég lýsi hvern þann mann svikara, sem segist hafa séð mig eða heyrtil mín.“

Er honum var tjáð, að Bahá'u'lláh væri á leiðinni í útlegð til Konstantínópel ásamt lærisveinurnum sínum og fjölskyldu, faldi hann sig í fyrstu í Huvaydar-garðinum í grennd við Baghdad og hugleiddi um hríð möguleikann á því að flýja til Indlands eða Abbyssíníu. Hann neitaði þráfaldlega að verða við þeirri ósk Bahá'u'lláh að fara aftur til Persíu og dreifa þar ritum Bábsins. Þess í stað sendi hann mann nokkurn, Ḥají Muḥammad Khán, til bækestöðva stjórnarinnar í Baghdad til að útvega sér fölsuð skilríki. Hann skildi síðan ritningar Bábsins eftir í borginni og hélt dulbúinn af stað til Mosúl ásamt Araba nokkrum, Zahír að nafni.

Bahá'u'lláh og fylgdarlið Hans var þá í námunda við Mosúl. Er Siyyid Muḥammad hafði veður af ferðum Mírzá Yaḥyá gerði hann Bahá'u'lláh viðvart og spurði hvort hann ætti ekki að fara og sækja Yaḥyá. Nokkru seinna kom hann sjálfur, en er hann varð þess var að ókunnugir menn voru á meðal útlaganna, þóttist hann ekki þekkja Bahá'u'lláh og féлага Hans, því hann grunaði að þessir menn væru útsendarar stjórnarinnar. Hann kynnti sig sem Ḥají 'Alí og kvaðst vera nýkominn úr pílagramsferð til Mekka. Hann ferðaðist síðan með hópnum án þess að hafa samneyti við lærisveinana og bjó einn í tjaldi á næturna. Einí trúnaðarmaður hans á leiðinni var Siyyid Muḥammad, hinn fláráði klerkur, sem Bahá'u'lláh neyddist um síðir til að reka frá sér.

Samband Mírzá Yaḥyá og Siyyid Muḥammad bar brátt sinn eitraða ávóxt í sundrung og umróti samfélagsins. Shoghí Effendi hefur lýst hinum síðarnefnda sem „lifandi holdtekju mannvönsku, ágirndar og svika“. Náíð samneyti Mírzá Yaḥyá við

þennan mann spillti honum svo, að í fjarvist Bahá'u'lláh í Sulaymáníyyih setti hann óafmáanlegan smánarblett á annála Trúarinnar, er hann gekk gegn boði Bábsins sjálfs og flekkaði heiður Hans með því að kvænast annarri konu Hans og gefa hana Siyyid Muḥammad sem eiginkonu nokkrum mánuðum síðar.

Þar sem Mírzá Yaḥyá var arf taki Bábsins að nafninu til, eins og áður er getið, beindist athygli fylgismanna Bábsins að honum eftir píslarvætti Meistara þeirra og alla fýsti að hitta hann í eigin persónu. Meðal þeirra var hinn hreinlundaði og skarpvitri Shaykh Salmán, sem í áraraðir var sendiboði Bahá'u'lláh til Bahá'íanna í Persíu og víðar. Salmán þrabað Yaḥyá um áheyrn og loks féllst hann á að hitta Salmán á hæð nokkurri í grennd við Baghdad. Í samræðum þeirra talaði Yaḥyá eingöngu um lítilsverða smámuni og Salmán varð engra þeirra eiginleika áskynja í honum, sem vakið gætu hollustu hans eða virðingu. Eins og margir aðrir Bábíar gerði hann sér brátt grein fyrir, að Yaḥyá, þessi nafntogaði leiðtogi Bábí-hreyfingarinnar, var einungis sýndarleiðtogi en skorti alla þá andlegu eiginleika, sem svo háleit staða útheimti.

Bahá'u'lláh hafði eitt sinn beðið Mírzá Yaḥyá að afrita nokkrar bækur Bábsins og að þessu verkefni vann hann í fjögur ár. Á þeim tíma lærði hann m.a. að stæla rithönd Bábsins. Síðar er hann reis gegn Bahá'u'lláh, færði hann sér þetta í nyt og samdi ritningartexta, sem líktust orðum Bábsins. Hann afbakaði og rangfærði einnig í mörgum tilvikum texta í ritningum Bábsins og jók við bænarákallið (adhán) orðum, þar sem hann samkenndi sjálfan sig Guðdómnum. Hann tilnefndi sjálfan sig og ættingja sína erfingja Bábsins og dæmði til dauða alla þá, sem Bábinn hafði útnefnt „spegla“ trúar sinnar, jafnvel þótt hann væri sjálfur á meðal þeirra. Meðal fremstu lærisveina Bábsins var Mírzá Asadu'lláh frá Khuy. sem nefndur var Dayyán („sá, sem umbunar“).¹ Bábinn hafði borið mikið lof á Dayyán og heitið honum því, að hann yrði hinn þriðji til að trúa á „Hann, sem Guð mun birta“. Dayyán ritaði Mírzá Yaḥyá og lagði fyrir hann nokkrar spurningar, en varð fyrir sárum vonbrigðum með svarið, sem kom upp um fáfræði og barnaskap Yaḥyá. Dayyán reit þá pistil, þar sem hann afhjúpaði þekkingarskort Yaḥyá og hafnaði með öllu tilkalli hans til forystu fyrir samfélagi Bábsins og vitnaði

1 Sjá bls. 70.

til margra ritningarstaða í Bayáninum máli sínu til stuðnings. Mírzá Yaḥyá reiddist þessu ákaflega og lagði upp frá því hatur á Dayyán. Hann skrifaði bók, sem nefndist „Sofandinn vakinn“ (Mustayqiz), þar sem hann meðal annars hvetur Bábíana til að bregðast fljótt við og svipta Dayyán og vin hans, Siyyid Ibrahim, lífinu. Dayyán komst til Baghdad, þar sem hann gekk fyrir Bahá'u'lláh, kraup við fætur Hans og játaðist málstað Hans. Nokkrum dögum síðar myrti einn af þjónum Yaḥyá Dayyán að undirlagi húsbónda síns. Yaḥyá lét einnig myrða 'Alí-Akbar, frænda Bábíns, en hann var eldheitur stuðningsmaður Dayyáns. Orð fá ekki lýst örvæntingu og sorg Bahá'u'lláh og félaga Hans, er þeim bárust fregnir af þessum voveiflegu atburðum.

Tilræðið við Bahá'u'lláh

Um það bil einu ári eftir að Bahá'u'lláh og félagar Hans komu til Adríanópel, hófst Mírzá Yaḥyá handa um að reyna að eittra fyrir Bahá'u'lláh. Hann tók að bjóða honum heim til sín, en það hafði hann ekki lagt í vana sinn. Dag nokkurn smurði hann tebolla að innan með eitri, sem hann hafði sjálfur búið til, og lét síðan færa Bahá'u'lláh te í honum. Bahá'u'lláh þjáðist lengi af eiturverkunum og var alvarlega sjúkur í einn mánuð. Eftirköstin af eitrinu voru þau, að hendi Hans titraði og má sjá þess merki í töflum, sem Hann reit með eigin hendi upp frá þeim tíma. Svo alvarlegt var ástand Hans, að læknir einn af erlendu bergi brotinn Shíshman að nafni, var kvaddur til Hans. Læknirinn varð felmtri sleginn, er hann sá blýgrátt litaraft Bahá'u'lláh. Hann féll á knén við sjúkrabeð Hans og sagði að engin von væri til þess að Hann lifði — síðan reis hann upp og hvarf á brott án þess að skrifa lyfseðil. Nokkrum dögum síðar veiktist þessi læknir og dó, en áður en hann lést lét hann þau orð falla við Mírzá Áqá Ján, ritara Bahá'u'lláh, að Guð hefði bænheyrt sig og eftir dauða sinn skyldi sent eftir öðrum lækni, Chúpán að nafni. Bahá'u'lláh gaf til kynna, áður en Shíshman dó, að hann hefði fórnað fyrir Hann lífi sínu.

Bahá'u'lláh vildi ekki afhjúpa illræði Mírzá Yaḥyá og ráðlagði félögum sínum að segja engum frá þessu. Verk Yaḥyá sjálfs síðar meir urðu þó til þess að málið komst á allra varir, því að skömmu eftir að Bahá'u'lláh hafði náð bata, hélt Yaḥyá því fram opinskátt og undir rós, að Bahá'u'lláh hefði reynt að ráða sig af dögum með

eitri! Þessi blygðunarlaus ásökun varð til þess eins að uppskált varð um áform Yaḥyá og öllum varð ljóst hvern mann hann hafði að geyma.

Í annað sinn setti Yaḥyá eitur í brunn þann, sem fjölskylda Bahá'u'lláh tók úr vatn sitt, með þeim afleiðingum að útlagarinn sýndu einkenni alvarlegs sjúkleika. Er þetta mistókst reyndi Yaḥyá að fá rakara og baðvörð Bahá'u'lláh, Ustád Muḥammad 'Alí, til að myrða Bahá'u'lláh. Samkvæmt áformum Yaḥyá átti þetta að gerast í almenningsbaði,¹ sem Bahá'u'lláh var vanur að heimsækja. Hann talaði utan að þessu við Ustád Muḥammad og lét í það skína, að það yrði greiði við málstað Guðs, ef hann réði Hann af dögum. Er Ustád heyrði þessa uppástungu, fylltist hann slíkri bræði að hann fékk vart stillt sig um að vega Mírzá Yaḥyá á staðnum. Hér fer á eftir frásögn hans sjálfs af þessum atburðum:

„Dag nokkurn hélt ég til baðanna og beið þar komu hinnar Blessuðu fegurðar. Azal² kom fyrstur. Ég þjónaði honum og bar rautt henna (jurtalit) í hár hans. Hann byrjaði að tala við mig. Um nokkurt skeið hafði hann á laun gert ítrekaðar tilraunir til að vinna mig á sitt band. Hann sagði: „Í nótt dreymdi mig að einhver væri með sóp í höndunum og sópaði jörðina allt í kringum mig.“ Hann lét í það skína að þessi „einher“ væri hin Blessaða fegurð. Af orðum hans skildi ég, að hann vildi að ég ynni eitthvert verk fyrir hann, en hann gaf engar nánari skýringar og yfirgaf brátt böðin ...“

Síðar segir Ustád Muḥammad:

„Dag einn, er ég beið komu Bahá'u'lláh í böðunum, kom Azal fyrstur, þvoði sér og tók að bera henna í hár sitt. Ég settist niður til að þjóna honum og hann tók að skrafa við

1 Á þessum tímum notuðust menn yfirleitt við almenningsböð í Miðausturlöndum, svonefnd tyrknesk böð, þar sem engin böð voru í heimahúsum. Menn heimsóttu böðin einu sinni í viku og héldu þar kyrru fyrir klukkutímum saman til að þvo sér og hvílast. Samtímis gegndu þessi böð félagslegu hlutverki. Menn ræddu þar ýmis málefni og skiptust á fréttum. Vinir fóru oft í böðin saman til að eyða saman dagsstund og ræðast við. Baðverðir voru við almenningsböðin, en þeir báru einnig litarefni í hár manna og rökuðu þá. Fyrirmenn höfðu iðulega sína eigin baðverði.

2 Subh-i-Azal (morgunn eilífðarinnar): titill, sem Mírzá Yaḥyá gekk undir.

mig. Hann sagði: „Mírzá nokkur Na’ím, fyrrum héraðsstjóri í Nayríz drap marga átrúendur og framdi marga glæpi gegn málstaðnum.“ Hann fór síðan mörgum orðum um hreysti og hugrekki. Hann sagði, að sumir væru hugaðir að eðlisfari og á tilsettum tíma mundu þeir opinbera þennan eiginleika í gerðum sínum. Síðan hélt hann áfram sögunni af Mírzá Na’ím: „Af ofsótttri fjölskyldu átrúendanna lifði aðeins ungur drengur, 10 eða 11 ára gamall. Dag einn, þegar Mírzá Na’ím fór inn í baðið, fór þessi drengur í humátt á eftir honum með hnif í hendinni. Þegar hann steig upp úr vatninu, stakk drengurinn hann og spretti upp á honum kviðnum. Na’ím hljóðaði upp yfir sig og þjónar hans, sem voru í forherberginu, þustu inn. Þeir eltu hann, réðust á hann og börðu. Síðar aðgættu þeir líðan húsbónda síns. Þótt drengurinn væri sár, reis hann á fætur og rak rýtinginn í hann aftur.“ Azal fór aftur fögrum orðum um hugrekki og sagði: „Hversu undursamlegt er það ekki fyrir manninn að vera hugrakkur. Sjáðu nú hvað þeir eru að gera málstað Guðs. Allir skaða hann, allir hafa risið gegn mér, jafnvel Bróðir minn. Ég finn hvergi neína huggun og líðan mín er hörmuleg.“ Með þessu gaf hann í skyn, að hann, arf taki Bábsins að nafninu til, væri rangindum beittur og að Bróðir hans (ég leita athvarfs hjá Guði)! væri árásar- og yfirtroðslumaðurinn. Síðan lauk hann enn miklu lofsorði á hugdirfskuna og sagði að málstaður Guðs þarfnadist hjálpar. Með öllu þessu tali og athugasemdum, sögunni af Mírzá Na’ím, lofræðu sinni um hugrekkið og brýningar sínar til mín, var hann í rauninni að segja mér að ráða Bahá’u’lláh af dögum.

Áhrifin af þessu voru svo yfirþyrmandi, að ég hef aldrei í lífi mínu komist í slíkt uppnám. Það var eins og öll byggingin væri að hrynja yfir mig. Ég var hræddur; orðalaust fór ég út úr herberginu. Ég vissi ekki mitt rjúkandi ráð. Ég hugsaði með sjálfum mér, að réttast væri að ég færi inn aftur og gerði hann höfðinu styttri, hverjar sem afleiðingarnar yrðu. Síðan hugsaði ég: að drepa hann er vandalaust, en ef til vill mundi ég vanþóknast hinni Blessuðu fegurð. Það sem kom í veg fyrir áform mitt var sú hugsun, að ef ég dræpi hann og kæmi síðan í návist hinnar Blessuðu fegurðar og Hann spyrði mig hversvegna ég hefði gert það, hverju ætti ég þá að svara?

Ég fór aftur inn á baðið og æpti til hans, frávíta af bræði:

„Farðu og láttu mig ekki sjá þig framar, hypjaðu þig.“ Hann kjökraði og skalf og bað mig um að hella yfir sig vatni. Ég varð við þeirri bón. Þveginn eða óþveginn varð hann á brott í mikilli hugarangist og ég hef aldrei séð hann síðan.“

Hugarástand mitt var slíkt að ekkert fékk sefað mig. Svo vildi til að hin Blessaða fegurð kom ekki til baðanna þennan dag, en Áqá Mírzá Músáy-Kalím (tryggur bróðir Bahá'u'lláh) kom. Ég sagði honum, að Azal væri valdur að þessari hugaræsingu með skuggalegri uppástungu. Áqá Mírzá Músá sagði: „Hann hefur verið að hugsa um þetta árum saman. Gefðu honum engan gaum.“ Hann ráðlagði mér að gleyma öllu saman og fór inn í baðið.

En þegar ég lauk starfi mínu í böðunum, fór ég til Meistarans ('Abdu'l-Bahá) og skýrði honum frá því sem mér og Mírzá Yaḥyá hafði farið á milli og að ég hefði fyllst heift og viljað myrða hann „.. Þá sagði Meistarinn: „Þetta er nokkuð sem þú einn veist. Minnstu ekki á það við nokkurn mann, það er betra að það fari leynt.“ Ég fór síðan til Mírzá Áqá Ján, sagði honum frá þessu atviki í smáatriðum og bað hann að segja Bahá'u'lláh. Hann kom aftur og sagði: „Bahá'u'lláh biður mig að segja Muḥammad 'Alí að minnast ekki á þetta við neinn.“

Þetta kvöld safnaði ég saman öllum ritum Azals og fór til testofunnar í húsi Bahá'u'lláh og brenndi þau öll í ofninum. Áður en ég gerði það sýndi ég þeim sjö eða átta átrúendum, sem viðstaddir voru, ritin. Þeir sáu allir að þetta voru rit Azals. Þeir mótmæltu allir og spurðu hversvegna ég gerði þetta. Ég sagði: „Fram að þessum degi virti ég Azal mikils, en núna er hann minna virði en hundur í mínum augum.“

Ustád Muḥammad-'Alí varð um megn að halda þessum atburðum leyndum og brátt breiddust fréttirnar út og olli miklum óróa og ótta meðal átrúendanna í Adríanópel.

Gagnyfirlýsing og aðskilnaður

Sú stund var nú runnin upp er Bahá'u'lláh kunngerði Mírzá Yaḥyá formlega stöðu sína og ætlunarverk. Yaḥyá var þegar kunnugt um yfirlýsingu Bahá'u'lláh í Riḍván-garðinum og gerði sér fulla grein fyrir þýðingu hennar, en engu að síður var slík

formleg tilkynning afar þýðingarmikil fyrir allt Bahá'í samfélagið, þar sem Mírzá Yaḥyá hafði þá ekki lengur neitt svigrúm til undanbragða og ef hann upp frá því neitaði að sýna málstað Bahá'u'lláh hollustu, gat það ekki þýtt neitt annað en að vegir hans og Bahá'í samfélagsins hlutu að skilja.

Það var ritari Bahá'u'lláh, Mírzá Áqá Ján, sem fékk það hlutverk að flytja Mírzá Yaḥyá þennan boðskap Bahá'u'lláh í sérstakrí töflu, *Súriy-i-Amr*. Áqá Ján áttí að lesa þessa töflu fyrir Mírzá Yaḥyá og biðja svars hans. Yaḥyá bað um eins dags frest til þess að hugleiða svarið, og var honum veittur sá frestur. En eina svarið, sem hann gaf, var í formi gagnyfirlýsingar — þ.e. hann tiltók stundina, er Guð hefði birt honum sjálfstæða opinberun og öllum þjóðum jarðarinnar í austri og vestri bæri skylda til að snúa sér til hans um handleiðslu og uppfræðslu.

Þessi yfirlýsing gat ekki orðið til annars en að leiðir Bahá'u'lláh og hálfbróðir Hans skildust fyrir fullt og allt. En til að slökkva þann heiftareld, sem brann í brjóstum óvina Hans, og ekki síður til að gefa öllum félögum sínum tækifæri til þess að velja á milli sín og Mírzá Yaḥyá, dró Bahá'u'lláh sig í hlé og flutti með fjölskyldu sinni í hús Riḍá Big og í samfleytt tvo mánuði neitaði Hann að hafa nokkur samskipti við vini eða ókunnuga, þar á meðal lærisveina sína. Hann bauð Kalím að skipta öllum húsgögnum og eigumunum, sem fyrirfundust í húsi Hans til helminga og senda helftina til húss Mírzá Yaḥyá. Hann fyrirskipaði einnig að Yaḥyá skyldu afhentir vissir fornmunir, sem hann hafði lengi ágirnst, svo sem innsigli, fingurgull og handrít með ríthönd Bábsins. Honum skyldi enn fremur tryggður réttmætur hluti þess lífeyris, sem stjómin veitti útlögunum.

Einn lærisveinanna segir: „Þessir dagar einkenndust af uppnámi og öngþveiti. Við vorum ráðvilltir og óttuðumst það mest að verða um aldur og ævi sviptir blessun návistar Hans.“

En Bahá'u'lláh varð brátt að koma aftur fram á sjónarsviðið vegna þeirra ásakana, sem Mírzá Yaḥyá og Siyyid Muḥammad báru fram á hendur Honum í fjölmörgum sendibréfum sínum til stjórnvalda. Yaḥyá hafði sent eina af eiginkonum sínum til bækistöðva stjórnarinnar þeirra erinda að kvarta yfir því að eiginmaður hennar hafði verið svikinn um lögmætan skerf sinn af lífeyrinum og að börn hennar væru að verða hungunnorða. Þessar upplognu ákærur bærust víða og urðu tilefni umræðna meðal manna, sem áður höfðu dáðst að því göfuga fordæmi, sem Bahá-

'u'lláh hafði sett í borginni. Siyyid Muhammad hélt einnig til höfuðborgarinnar og meðal þeirra ákæra, sem hann bar fram á hendur Bahá'u'lláh, var sú að Hann hefði sent launmorðingja til Persíu þeirra erinda að myrða keisarann, Naşirí'd-Dín Sháh.

Mubáhitih

Á því eina ári sem Bahá'u'lláh dvaldi í húsi Riḍá Big og eftir að Hann sneri aftur til húss Amru'lláh, hitti Hann aldrei Mírzá Yaḥyá, sem Hann hafði vísað frá sér fyrir fullt og allt. Yaḥyá og fjölskylda hans bjuggu í öðru húsi og Siyyid Muḥammad bjó meðal Múslima í borginni. Þegar Bahá'u'lláh hafði dvalið í þrjá mánuði í húsi Amru'lláh flutti Hann aðsetur sitt til húss 'Izzat Áqá, sem var í sama borgarhverfi. Þar var Hann það sem eftir var dvalarinnar í Adríanópel.

Skömmu eftir að Hann kom þangað gerðist þýðingarmikill atburður, sem innsiglaði örlög Mírzá Yaḥyá og opnaði augu jafnt fylgjenda hans sem yfirvalda í Adríanópel fyrir því hvern mann hann hafði að geyma. Þetta gerðist í september 1867. Eins og fyrr sagði hafði Bahá'u'lláh sýnt Yaḥyá slíkt langlundargeð, að hann og félagar hans töldu sig fullkomlega óhulta. Siyyid Muḥammad vissi, að Bahá'u'lláh var því frábitinn að sýna sig á almannafæri og til þess að treysta aðstöðu sína lét hann svo ummælt við nokkra Persa í Adríanópel, sem játuðu Islám, að þótt hann sjálfur og Mírzá Yaḥyá væru reiðubúnir að mæta Bahá'u'lláh í opinberri kappræðu, þá væri hann þess fullviss, að Bahá'u'lláh mundi ekki verða við slíkri áskorun.

Kappræða af þessu tagi nefndist „mubáhilih“ og er þekkt fyrirbæri í Islám. Kristnir menn í Medína höfðu á sínum tíma rætt um það sín á milli að skora á spámanninn Múhammed í slíka kappræðu. Áformið var að á slíkum fundi tækist sannleikurinn á við lygina og þess var vænst að sannleikurinn bæri sigurorð af fláræði og falsi.

Sá sem ötullagast vann að því að koma þessum fundi í kring var Bábí nokkur frá Shíraz, Mír Muhammad að nafni. Hann hafði fylgt Bábnum í pílgrímsför Hans til Mekka og síðar Bahá'u'lláh frá Baghdad til Konstantínópel. Mír Muḥammad var ómenntaður, en gæddur skörpum gáfum. Hann hafði komið til Adríanópel í því augnamiði að kanna hvað hæft væri í sögusögnunum um

Yaḥyá. Hann var vel þekktur bæði meðal Azalítanna og læri-sveina Bahá'u'lláh.

Er honum bærust til eyrna fyrrgreind ummæli Siyyid Muḥammad, kviknaði áhugi hans þegar í stað og hann hvatti Síyyidinn ákaft til þess að telja Yaḥyá á að mæta Bahá'u'lláh augliti til auglitis á opinberum vettvangi. Hann hét því að í stað-inn skyldi hann sjálfur bjóða Bahá'u'lláh til kappræðunnar. Shoghi Effendi segir frá því í bók sinni *God Passes By*, að Mír Muḥammad hafi sárnað ósvífni Siyyidsins og fylgífiska hans og eilíft laumuspil Mírzá Yaḥyá. Þegar Yaḥyá var borin fregnin um kappræðuna hélt hann í einfeldni sinni, að Bahá'u'lláh mundi aldrei samþykkja slíka uppástungu og benti á mosku Salíms sol-dáns sem heppilegan fundarstað.

Ekki hafði Bahá'u'lláh fyrr verið gert viðvart um þetta en Hann hélt af stað í steikjandi miðdegishitanum til moskunnar, sem varí fjarlægju borgarhverfi. Mír Muhammad fylgdi Honum. Fregnirnar um hina fyrirhuguðu kappræðu höfðu borist um alla borgina og múgur manns safnaðist saman til þess að verða vitni að þessum atburði. Á leiðinni til moskunnar hafði Bahá'u'lláh yfir ritning-arvers hárrí röddu, svo að alla sem sáu Hann og heyrðu undraði stórlega. Sum þeirra orða, sem Hann mælti við þetta eftirmínni-lega tækifæri, skráði Hann síðar í töflu, þar á meðal þetta:

„Ó, Múḥammed! Hann, sem er Andinn, hefur sannlega gengið út úr híbýlum sínum og með Honum sálir hinna útvöldu Guðs og kjami (eða raunvera) boðbera Hans. Lít því þá, sem dvelja í ríkjunum hið efra, yfir höfði Mér og allan vitnisburð spámannanna í greip Minni. Seg: Þótt allir kennimenn, allir vitríngar, allir konungar og valdhafar jarð-arinnar væru samankomnir, mundi Eg sannlega ganga á móti þeim og kunngera orð Guðs, yfirbjóðandans, hins al-máttka, al vitra. Eg er sá, sem engan óttast, þótt allir sem eru á himni og á jörðu rísi í gegn mér ...“ (Or Mubáhilih-töfl-unn).

Mír Muhammad fór á undan til þess að tilkynna komu Bahá'u'lláh, en brátt sneri hann aftur og með þau tíðindi, að Mírzá Yaḥyá hefði farið þess á leit að kappræðunni yrði frestað af ófyrirsjáanlegum ástæðum um einn eða tvo daga. Bahá'u'lláh opinberaði þá töflu, þar sem Hann lýsti því sem gerst hafði, tiltók stundina, er kappræðan skyldi fara fram, ínnsiglaði töfluna og fól

Nabíl að fara með hana til sölubúðar Mullá Muḥammad-i-Tabrízi, en þangað vandi Siyyid Muḥammad komur sínar. Siyyidinn hét því á móti að koma með skjal frá Yaḥyá, þar sem hann staðfesti með óyggjandi hætti að ef hann kæmi ekki til fundarstaðarins á tilsettum tíma, væru allar fyrri kröfur hans og yfirlýsingar dauðar og ómerkar. Nabíl beið eftir svári í solubúðinni í þrjá sólarhringa, en hvorki Siyyidinn né sendimaður hans komu aftur. Þessir atburður spurðust víða og fóru eins og eldur í sinu um allt samfélagið. Þeir innsigliðu smánarlegt fall og lægingu hatrómmustu óvinanna, sem trú Guðs hefur eignast frá upphafi vega.

Nánari málsatvik

Adib Taherzadeh hefur sagt ítarlega frá þessum einstæðu atburðum. Ritari Bahá'u'lláh, Mírzá Áqá Ján, var ekki viðstaddur, þegar Bahá'u'lláh hélt af stað til moskunnar ásamt Mír Muḥammad, en þegar hann heyrði fregnirnar hraðaði hann sér þangað sem mest hann mátti. Er hann kom til moskunnar sá hann Bahá'u'lláh, sem mælti af munni fram guðdómleg ritningarvers af slíkum krafti, að þeir sem hlýddu á Hann voru agndofa. Persi einn, sem heyrði til Bahá'u'lláh og skildi orð Hans, var sem þrumu lostinn. Hann skalf frá hvirfli til ilja og tárin streymdu niður vanga hans. Bahá'u'lláh var í moskunni allt til sólseturs, en þá hélt Hann heimleiðis.

Einn dyggasti lærisveinn Bahá'u'lláh, Ḥají Mírzá Ḥaydar-'Alí, sem var í Adriánópel á þessum tíma, hefur sagt frá þessum degi, meðal annars eftirfarandi:

„Fundurinn átti að vera á föstudegi í mosku Salíms soldáns á bænatímanum, er mikill fjöldi Muslima kemur í moskuna ... Mír Muhammad-i-Múkarí frá Shíraz, sem var Bábí... gat ekki ímyndað sér að Azal hefði rofið sáttmálann. Hann bað því hina Blessuðu fegurð að fræða sig um þetta mál. Bahá'u'lláh tjáði honum, að ef Azal mætti Honum nokkru sinni augliti til auglitis á opinberum fundarstað, gæti hann verið þess fullviss að yfirlýsingar Azals væru sannar. Mír Muhammad leit svo á að þessi orð Bahá'u'lláh væru prófsteinninn á sannleikann í málinu og hann gerði sér því allt far um að koma á slíkum fundi.

Fréttirnar um hinn fyrirhugaða fund bárust fljótt meðal

Múslima, kristinna manna og Gyðinga í borginni. Þeir höfðu allir heyrt um kraftaverk Móse, er Hann gekk fyrir Faraó. Og nú áttu þeir von á stórmerkjum, þegar Shaykh Effendi (virðingartitill, sem alþýða manna notaði um Bahá'u'lláh) gengi á fund Mírzá 'Alí, sem hafði afneitað Honum. Mírzá 'Alí var dulnefni sem Yaḥyá notaði af ótta við að menn bæru kennsl á hann. Mikill mannföldi safnaðist saman frá föstudagsmorgni og fram til hádegis milli húss Amru'lláh (þar sem Bahá'u'lláh bjó) og að inngangi moskunnar. Múgurinn var svo mikill að erfitt var að komast leiðar sinnar. Bahá'u'lláh ... kom út frá heimili sínu ... og er Hann gekk meðal fólksins, sýndi það Honum slíka virðingu að erfitt er að lýsa því með orðum. Það heilsaði Honum með blessunarorðum, hneigði sig og ruddi Honum braut, gegnum manngrúann. Margir krupu við fætur Bahá'u'lláh og kysstu þær. Bahá'u'lláh heilsaði mannföldanum að hætti Ottómana með því að lyfta höndunum og tjáði þeim árnaðaróskir sínar. Þessu hélt fram allt þar til Hann kom til moskunnar. Um leið og Hann gekk inn, hætti presturinn, sem var í miðri predikun, að tala eða virtist gleyma því sem hann ætlaði að segja. Bahá'u'lláh hélt áfram, settist og gaf síðan prestinum leyfi til að halda áfram ...“

Haydar 'Alí segir einnig frá því, að áður en Bahá'u'lláh yfirgaf moskuna án þess að hafa hitt Mírzá Yaḥyá, hafí Hann heimsótt stúku (takyih) Mawlaví-sértrúarflokksins, sem dervisjar aðhyllast. Þeir voru þá að halda guðsþjónustu sína. Asamt Bahá'u'lláh fór héraðsstórinn í borginni, yfirmaður trúarréttarins (Shaykh-u'l-Islám), fræðimenn og ýmsir aðrir. Þeir gengu allir í humátt á eftir Honum í virðingarskyni. Er Bahá'u'lláh benti héraðsstjóranum og öðrum að ganga á undan sér, færðust þeir undan því. Í Austurlöndum var það síður, að hinn fremsti meðal fyrrmanna gengi í fararbroddi og aðrir á eftir. Um leið og Bahá'u'lláh og föruneysi Hans kom í guðfræðistúku dervisjanna, hættu þeir að biðjast fyrir án nokkurrar sýnilegrar ástæðu og engin þeirra mælti orð frá vörum. Fegnirnar um þessa undarlegu atburði bárust víða um borgina. Haydar 'Alí segir, að Bahá'u'lláh hafi lýst þeim fyrir fylgismönnum sínum daginn eftir: „Er Vér gengum inn mannþröngina í moskunní gleymdi predikarinn því, sem hann ætlaði að segja, og er Vér komum inn í „takyih“ fylltust dervisjarnir slíkr

undrun og lotningu, að þeir misstu málið. En þar sem þetta fólk er uppalið við hugarburð og hindurvitni, heldur það í fávisku sinni að þessir atburðir séu yfirnáttúrulegir og lítur á þá sem kraftaverk.¹ Haydar 'Alí segir frá því hversu snortinn hann varð, er hann heyrði þessi orð um Bahá'u'lláh. Hann gerði sér grein fyrir þeim reginmun sem er á aðferðum Guðs og aðferðum manna. Hér vísaði Bahá'u'lláh á bug staðhæfingum þeirra sem tileinkuðu Honum kraftaverk og sýndi þannig fram á að dýrð Hans væri ekki fólgin í því sem menn héldu eða sögðu um Hann.

Áqá Mírzá Hádí færði átrúendunum í Persíu fréttir af þessum atburðum og skýrslu hans um þá var dreift víða í Persíu. Margir fylgjenda Bábsins gerðu sér nú grein fyrir því hver raunverulegur arftaki Bábsins og leiðtogi þeirra var, og þeir gengu hiklaust til liðs við málstað Bahá'u'lláh.

Yahyá heitið fyrirgefningu

Bahá'u'lláh hefur sjálfur ritað um þessa þrengingartíð, þegar undirróður Mírzá Yahyá var í hámarki, og þar segir Hann meðal annars:

„Sá sem Eg ól upp ástríkri hendi hefur risið upp og sækist eftir lífi Mínú ... Grimmd ofsóknarmannanna hefur beygt Mig og litað hár Mitt hvítt. Ef þú gengir fram fyrir hásæti Mitt, mundir þú ekki bera kennsl á hina Fornu fegurð, því bliknaður er ferskleiki ásýndar Hans og birta hennar fölnað sakir ofsókna hinna trúlausu ... Sem Guð lifir! Enginn blettur er eftir á líkama Mínú, sem spjót vélráða þinna hafa ekki níst ... Þú hefur drýgt það gegn Bróður þínum, sem enginn maður hefur drýgt gegn öðrum manni.“

Þrátt fyrir þá smán, sem Mírzá Yahyá hafði leitt yfir Málstað Guðs, ávarpar Bahá'u'lláh hann af mikilli ástúð í Kitáb-i-Aqdas og segir, að hann þurfi ekki að óttast afleiðingar gerða sinna, ef hann snúi sér aftur til Guðs „auðmjúkur, bljúgur og undirgefinn.“ Bahá'u'lláh segir þar, að hinn fyrirgefandi, máttugi og miskunn-sami Guð muni þá þvo hann hvítan af syndum hans. En Mírzá

1 Sjá viðauka þessarar bókar.

Yaḥyá iðraðist aldrei gerða sinna og hélt áfram andstöðu sinni og yfirtroðslu allt til dauðadags, löngu eftir að jafnvel hans eigin börn höfðu snúið við honum baki og afneitað honum.¹

1 Vörður Bahá'í trúarinnar, Shoghi Effendi, hefur ritað að fall Yaḥyá hafi verið sagt fyrir í alkunnum spádómi Páls postula í síðara bréfi hans til Þessalóníumanna (2:3,4,5): „Látið engan villa yður á nokkurn hátt; því að ekki kemur hann, nema fráhvafið komi fyrst og maður syndarinnar birtist, glötunarsonurinn, hann sem setur sig á móti og rís gegn öllu því, sem kallast Guð eða helgur dómur, svo að hann sest í Guðs musteri og kemur fram eins og hann væri Guð ...“

8. kafli

Opinberunin í Adríanópel

Þegar líkami Trúarinnar hafði verið hreinsaður af þessu illkynjaða æxli, sem svo lengi hafði þjakað hann og lamað starfsemi hans, gat Bahá'í samfélagið hafið nýja framsókn og unnið stærri sigra en nokkru sinni fyrr. Áður en þrengingartímanum lauk, hóf Bahá'u'lláh að opinbera ritningar sínar, og slíkur var kraftur opinberunarinnar, að ritarar Hans voru önnum kafnir nótt sem dag en réðu þó hvergi nærri við verkefnið. Einn þeirra, Mírzá Baqír-i-Shírází skrifaði niður tvö þúsund vers á hverjum degi. Í hverjum mánuði endurritaði hann nokkur bindi og sendi til Persíu. Hann skildi eftir sig um tuttugu bindi með fagurri rithönd í umsjá Mírzá Áqá Ján.

Bahá'u'lláh hefur ritað eftirfarandi um þessa tíma:

„Slík var úthellingin ... úr skýjum guðlegrar hylli, að á einni klukkustund voru opinberuð eitt þúsund vers ...

Eg sver við Guð! Á þessum dögum var opinberað jafngildi þess, sem sent var niður spámönnunum til forna ... Það sem þegar hefur verið opinberað í þessu landi (Adríanópel) hafa ritararnir ekki undan að endurrita. Það liggur því fyrir að mestu leyti óendurritað.“

Súra konunganna

Meðal þess mikla fjölda af töflum og pistlum, sem streymdu frá penna Bahá'u'lláh á þessum tímum, er *Súra konunganna*

(Súriy-i-Múluk) fremst og þýðingarmest. Þar beinir Hann orðum sínum í fyrsta sinn til allra einvalda í austri og vestri og nefnir Tyrkjasoldán og ráðherra hans, kristna konunga, leiðtoga Islám, ambassadora Frakklands og Persíu í Tyrklandi, íbúa Konstantínópel og hina vísu menn borgarinnar, heimspekinga og lærðómsmenn um víða veröld og persnesku þjóðina í heild.

Þessi tafla er opinberuð á arabísku. Í henni kunngerir Bahá'u'lláh ætlunarverk sitt og stöðu skýrt og ótvírætt. Í sviptignum upphafsorðum töflunnar gerir Hann það heyrinkunnugt, að Hann sé boðberi Guðs og spámaður Hans á jörðunni og býður öllum konungum og þjóðhöfðingjum jarðarinnar að snúa baki við eignum sínum og ganga til liðs við málstað sinn:

„Ó, konungar jarðarinnar! Ljáið eyru raust Guðs, sem kallar frá þessu göfuga, þessu svignandi Tré, sem vex á hæðinni fagurrauðu, á sléttunni helgu, mælandi þessi ómblíðu orð: „Enginn er Guð nerna Hann, hinn máttki, alvoldugi, alvitri“ ... Óttist Guð, ó konungafjöld, og sviptið eigi sjálfa yður þessari miklu náð, Varpíð því frá yður eignum yðar og takið fast í taug Guðs, hins upphafna og mikla. Snúið hjörtum yðar að ásýnd Guðs og hafnið því sem ástríður yðar hafa boðið yður að fylgja, og heyrið eigi til þeim, sem tor-tímast.“

Í þessari töflu segir Bahá'u'lláh frá þjáningum sínum og fylgjenda sinna og ávítar konungana strengilega fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að halda aftur af ofsóknarmönnunum. Hann segir:

„Ef þér haldið eigi aftur af kúgaranum, ef þér látið undir höfuð leggjast að vernda réttindi hinna fótumtroðnu, með hvaða rétti upphafið þér yður meðal manna? Hvað er það þá sem þér getið með réttu miklast af? Er það af mat yðar og drykkjarföngum, sem þér hreykið yður, eða þeim auðæfum, sem þér dragið í fjárhirslur yðar? Er það af fjölbreytni og dýrleika skrautsins, sem þér hlaðið á sjálfa yður? Sé sönn dýrð fólgin í eign svo forgengilegra gæða, þá hlýtur jörðin, sem þér gangið á, að hreykja sér yfir yður, því að hún sér fyrir þörfum yðar og gefur yður þessa sömu hluti fyrir ráðsályktun hins Almáttka. Í iðrum hennar er allt sem þér eigið, samkvæmt ákvörðun Guðs. Úr henni fáði þér auðæfi

yðar sem tákn um miskunnsemi Hans. Gefið því gaum að ástandi yðar og þeim hlutum, sem þér miklist af! Ef aðeins þér gætuð skilið það!

Nei! Sem Hann lifir, sem hefur í greip sinni ríki gervallarar sköpunarinnar! Sönn og varanieg dýrð yðar er ekki fólgin í neinu nema því að halda dyggilega boð Guðs, hlýða heilsuhugar lögum Hans og feta af staðfestu hinn rétta veg.“

Í þessari töflu minnir Bahá'u'lláh konunga kristindómsins sérstaklega á þessi orð Jesú: „Eg fer burt og kem aftur til yðar,“ og „... þegar Andi sannleikans kemur, mun hann leiða yður í allan sannleika.“ Bahá'u'lláh spyr hversvegna þeir hafi vanrækt að snúa sér til Hans, þegar þessi orð Krists rættust, heldur hafnað Honum og haldið áfram fánýtri og einskisverðri iðju sinni.

Bahá'u'lláh ávarpar hinn volduga einvald og harðstjóra Tyrkjaveldis, eins og væri hann þegn Hans, og býður honum að fylgjast í eigin persónu með málefnum undirsáta sinna og fela þeim mönnum ekki trúnaðarstörf, sem séu þeirra ekki verðir. Óheiðarleiki og spilling við hirð soldánsins hafði valdið Bahá'u'lláh og félögum Hans ómældum þjáningum. Hann mælir strengilega til kirkjuleiðtoganna í Konstantínópel, fordæmir þá fyrir gáleysi og vanrækslu, segir að þeir dýrki „nöfn“, ágirnist völd og metorð og heyri til hinum andlega dauðu.

Hann ávítar einnig harðlega franska sendiherrann og ráðherra Persíu í Konstantínópel, en í lokaorðum Hans til þeirra kemur einnig fram hvert áform Hans er með opinberun þessarar töflu:

„Með því að beina til þín þessum orðum, er það ekki ætlun Vor að léttu kvalabyrði Vora eða fá þig til að miðla málum fyrir Oss við nokkurn mann. Nei, sem Hann lifir, sem er Drottinn allra veraldanna! Vér höfum lagt fyrir þig þessi málefni, ef vera kynni að þú gerðir þér grein fyrir gerðum þínum og forðaðist að valda öðrum þeim þjáningum, sem þú hefur valdið Oss, og gætir tilheyrt þeim, sem hafa í sannleika iðrast frammi fyrir Guði, sem skóp þig og allt sem er... Betra væri þér þetta en allar eigur þínar og ráðherradómur þinn, sem brátt er á enda ...“

Konungarnir hafna Bahá 'u 'lláh

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að konungar og vald-

hafar heimsins skeyttu engu áminningum og varnaðarorðum Bahá'u'lláh. Af þeim sökum hefur mannkynið verið ofurselt styrjöldum, ógnum og þjáningum allt til þessa dagsog skipulag þess riðar til falls. Sundrungin og upplausnin er slík, að hvorki stjórnámálemenn heimsins né trúarleiddtogar fá nokkra rönd við reist. Þær hörmulegu þrengingar, sem eru hlutskipti mannsins á okkar tímum, voru sagðar fyrir af Bahá'u'lláh fyrir meira en einni öld ásamt endanlegu og óhjákvæmilegu falli hins gamla heimsskipulags.

Í bók sinni, *The Revelation of Bahá'u'lláh — Adrianopk 1863–1868*, segir Adib Taherzadeh:

„Þótt hlutskipti mannkynsins sé hryggilegt, þá er sá staðreynd ennþá hryggilegri, að miklum meginþorra mannkynsins, leiddtogum þess og vitringum, hefur ekki tekist að greina orsökina fyrir þjáningunum og ástæðuna fyrir þeim glundroða og sundrung, sem ríkir í veröldinni. Aðeins þeir, sem hafa viðurkennt stöðu Bahá'u'lláh og játast trú Hans, vita, að þessar hörmungar eru bein afleiðing af því að mannkynið í heild, og sérstaklega konungar þess og leiddtogar, virtu að vettugi kall Bahá'u'lláh. Það er óhaggandi sannfæring þeirra, að maðurinn finni ekkert hæli og ekkert skjól nema og þangað til hann leítar athvarfs í skugga málstaðar Guðs.“

Það er ekki aðeins í Súru konunganna sem Bahá'u'lláh varar gervalla ætt mannsins við að Ioka eyrum sínum fyrir kalli Hans. Í mörgum pistlum og töflum segir Hann fyrir þær eldraunir og hörmungar, sem bíða mannkynsins, ef það snýr sér frá Guði. Eftirfarandi málsgreinar hafa verið teknar saman úr ýmsum ritum Bahá'u'lláh og gefa góða hugmynd um hverskonar þrengingar það eru, sem bíða heims, sem er fullur gáleysis og mótfróa:

„Sá tími er kominn, þegar eyðing heimsins og þjóða hans fer í hönd.“ „Stund hinna ógnvænlegustu umbrota nálgast.“ „Eftir nokkurn tíma mun allt stjórnarfar í heiminum breytast. Kúgun mun umlykja alla veröldina. Og eftir allsherjarumbrot mun sól réttlætísins renna upp frá sjónarhring hins ósýnilega ríkis.“ „Hinn fyrirheitni dagur er kominn, þegar kvalafullar raunir munu ólga yfir höfðum yðar og undir fótum yðar, mælandi þessi orð: Smakkið það, sem hendir

yðar hafa gert!“ „Brátt mun fár refsingar Hans dynja yfir yður og ryk heljar hjúpa yður.“ „Og þegar hin tiltekna stund er upp runnin, mun skyndilega birtast það, sem láta mun limi mannkynsins nötra.“ „Sá dagur fer í hönd, þegar logar hennar (siðmenningarinnar) munu eyða borgunum, og Tunga tignarinnar¹ kunngerir: Ríkið er Guð, hins almáttka, altignaða.“ „Sá dagur nálgast óðum, er heiftarreiði hins Almáttka mun hremma þá. Hann er sannlega hinn almáttki, alltsigrandi, voldugasti. Hann mun hreinsa jörðina af saurgun spillingar þeirra og gefa hana að arfleifð þeim þjónum, sem nálægir eru Honum.“ „Brátt mun ríkjandi heimskipulagi verða vafið saman og nýtt breitt út í þess stað.“

Auk þess sem Bahá'u'lláh leiðir höfðingjum jarðarinnar fyrir sjónir vanrækslu þeirra og misgerðir, gefur Hann þeim einnig heilræði og útskýrir fyrir þeim eiginleikana, sem prýða verða hvem þann, sem kórónu ber. Hann varar þá alvarlega við afleiðingunum, sem afneitun þeirra á boðskap Hans og hirðuleysi um málstað Hans, munu hafa í för með sér. Hann ritar þessi skýru varnaðarorð:

„Ef þér skeytið engu þeim heilræðum, sem Vér höfum opinberað í þessari töflu með ótvíræðum og óviðjafnanlegum orðum, þá mun guðleg refsing stöðja að úr öllum áttum og réttlátur dómur Hans verða uppkveðinn yfir yður. Á þeim degi munið þér ekkert afl hafa til að standast Hann og munið viðurkenna vanmátt yðar. Hafið miskunn með sjálfum yður og þeim sem undir yður eru settir.“

Lawh-i-Sultán

Taflan til keisara Persíu, Nasiri'd-Dín Sháh, *Lawh-i-Sultán*, er hin lengsta sem Bahá'u'lláh opinberaði nokkrum einvaldi. Hluti hennar er á persnesku og hluti á arabísku. Aðeins brot af þessari töflu hefur verið þýtt á ensku af Shoghi Effendi. Þótt taflan væri opinberuð í Adríanópel var hún send keisaranum frá 'Akká. Sá sem færði honum töfluna var sautján ára gamall unglingur, sem

1 Rödd Guðs, sem talar til Bahá'u'lláh.

Bahá'u'lláh gaf nafnið Badí' („undursamlegur“). Skírnarnafn hans var Áqá Buzurg og hann var frá héraðinu Khurásán í Persíu. Badí' þótti mjög óstýrilátur æskumaður og foreldrar hans örvæntu um að hann yrði nokkru sinni að manni. Faðir hans, sem var kaupmaður, var öflugur stuðningsmaður Bábsins og einn þeirra fáu, sem lifðu af umsátrið um Shaykh Tabarsí. Sagnritarinn Nabíl dvaldi um skeið á heimili hans og hitti þá Badí' að máli og blés honum í brjóst brennandi löngun til að hitta Bahá'u'lláh og spyrjast fyrir um opinberun Hans. Milli 'Akká og Khurásán er mikil vegalengd, um 1700 kílómetrar. Fanganýlendan 'Akká tilheyrði þá Sýrlandi (nú Ísrael) og stendur við Haifa-flóann, en Khurásán er í NA-Iran.

Badí' lagði af stað fótgangandi til 'Akká. Á meðan beið Bahá'u'lláh með töfluna til keisarans, þótt þeir væru margir meðal lærisveina Hans sem kepptu um þann heiður að flytja einvaldinum hana. Þegar unglingurinn frá Khurásán kom til 'Akká sagði Bahá'u'lláh að sendimaðurinn væri kominn og fékk honum töfluna. Badí' hélt síðan aftur til Persíu á sama hátt og hann hafði komið. Að fyrirmælum Bahá'u'lláh leitaði hann ekki félagsskapar nokkurs manns heldur ferðaðist einn síns liðs til Teheran. Þetta ferðalag tók fjóra mánuði.

Er Badí' nálgadist Teheran, fregnaði hann, að keisarinn væri í sumarhöll sinni í Níyávarán, sem er í grennd við höfuðborgina. Hann lagði leið sína þangað og í nokkra daga lét hann fyrirberastá hæð nokkurri, þar sem sá yfir höll keisarans. Þar hóf hann föstu og beið átekta. Ekki leið á löngu uns keisarinn varð þess áskynja, að maður nokkur sat dag eftir dag í sömu stellingum uppi á hæðinni. Hann skipaði mönnum sínum að grennslast fyrir um hver hann væri og hvað hann vildi. Badí' sagði þessum mönnum, að hann hefði meðferðis mikilvægt bréf til keisarans og yrði að afhenda honum það persónulega. Þeir leituðu á honum og færðu hann síðan til hallarinnar. Þegar keisarinn kom út úr hallargarðinum á hvítum fáki sínum ásamt lífverði, kallaði Badí' upp hárra röddu á arabísku þessi orð úr Kóraninum: „Ó konungur! Ég hef komið til þín frá Sheba með þungvægan boðskap!“ Af orðum og djarfmannlegu látbragði Badí' skildi keisarinn strax, að hann hlaut að vera fylgismaður Bahá'u'lláh. Hann lét taka hann höndum og pynda grimmilega. Hreysti hans og þolgæði vöktu furðu böðlanna og annarra embættismanna, sem létu taka af honum nokkrar ljósmyndir. Á einni þeirra situr hann í hlekkjum fyrir framan



Þessi ljósmynd var tekin af Badí' skömmu fyrir aftökuna.

glóðarker, sem í eru rauðglóandi járnstangir, sem notaðar voru til að brennimerkja hann. Með þessum og þvílíkum aðferðum var reynt að þvinga Badí' til að ljóstra upp nöfnum féлага sinna. Hann sýndi framúrskarandi hugrekki og neitaði staðfastlega að segja til þeirra. Að lokum moluðu hermennirnir höfuðkúpu hans með riffilskeftum sínum og vörpuðu líkama hans í gryfju. Þetta gerðist í júlí 1870.

Keisarinn las tófluna, sem Bahá'u'lláh hafði sent honum frá 'Akká, en sendi hana síðan til klerkanna í Teheran og skipaði þeim að svara henni. Þeir sáu hinsvegar á því öll tormerki og færðust eindregið undan því, keisaranum til mikillar gremju.

Bahá'u'lláh minnst hinnar ungu hetju oft í töflum sínum, þar sem Hann ber lof á staðfestu hans og fórnfýsi og gefur honum sæmdarheitið „stolt píslarvottanna.“

Boðskapur Útlagans

Naşari'd-Dín Sháh var duttlungarfullur og drembinn harðstjóri, sem talið hafði fullvíst að útleið Bahá'u'lláh til ystu mæra

Tyrkjaveldis nægði til þess að slókkva fyrir fullt og allt eld þeirrar trúar, sem hann óttaðist og fyrirleit. Nú var honum fluttur boðskapur frá þessum Útlaga, sem ávarpaði hann í strengilegum tón, eins og sá sem valdið hefur.

Í þessari töflu lýsir Bahá'u'lláh yfir sakleysi sínu og félaga sinna og segir frá þeim þrengingum, sem dunið höfðu yfir þá af völdum ráðamanna og stjórnenda. Hann hvetur keisarann hvað eftir annað til að festa ekki hjarta sitt við þennan forgengilega heim og minnir hann á hlutskipti völdugra konunga, sem farið hefðu á undan honum og lægju nú gleymdir í gröfum sínum — hallir þeirra rústir einar, fjársjóðir þeirra eyddir, dýrð þeirra bliknuð. Bahá'u'lláh hvetur keisarann einnig til þess að sýna sanngirni og dæma af réttisýni milli sín og óvina sinna. Hann kemst svo að orði:

„Lít þennan Æskumann, ó konungur, augum réttvísinnar; dæm síðan með valdi sannleikans um það, sem Honum hefur fallið í skaut. Í sannleika hefur Guð gert þig að skugga sínum meðal manna og tákni valds síns frammi fyrir öllum, sem á jörðunni dvelja. Dæm þú í milli Vor og þeirra, sem sýnt hafa Oss rangsleitni án sannana og án upplýsandi bókar. Þeir, sem umkringja þig, elska þig sjálfra sín vegna, en þessi Æskumaður elskar þig vegna þín sjálfs og elur enga ósk aðra en þá að laða þig nær háseti miskunnarinnar og vísa þér til hægri handar réttlætínu. Drottinn þinn er til vitnis um það, sem Ég kunngerí þér.“

Í þessari töflu segir Bahá'u'lláh einnig fyrir um útlegð sína til 'Akká í Sýrlandi og jafnframt spáir Hann smán og hraklegri niðurlægingu írönsku klerkastéttarinnar í framtíðinni. Undir lok töflunnar lætur Bahá'u'lláh í ljós þá von sína, að Guð megi aðstoða þjóðhöfðingjann við að „fulltingja trú Hans og snúa sér til réttlætis Hans.“

Framþróun málstaðarins

Eftir uppreisn og fall Mírzá Yahyá stigu nokkrir lærisveinar Bahá'u'lláh fram fyrir skjöldu og sörnðu ýtarleg varnarrit fyrir málstað Hans, þar sem röksemdir andstæðinganna voru hraktar og sýnt fram á að þeir létu eingöngu stjórnast af hatri og óvild. Shoghi Effendi segir, að vel megi líta á þessa lærisveina sem þá

„fjárjóði jarðarinnar“, sem Bahá'u'lláh var heitið í vitrun Hans í Siyáh-Chál að reistir yrðu upp áður en langt um liði.

Um þetta leyti skaut trú Bahá'u'lláh einnig rótum í Kákasus og fyrsta miðstöð hennar var sett á laggirnar í Egyptalandi. Auk þess hafði hún náð útbreiðslu í Írak, Tyrklandi, Sýrlandi og Persíu.

Það var einnig á þessum tíma, sem forn kveðjuorð Múslima „Alláh'u'Akbar“ voru aflögð og tekin upp kveðjan „Alláh'u'Abhá.“ Farið var að tala um fylgjendur Bahá'u'lláh sem Bahá'ía, en nafngiftin „fólk Bayánsins“ var nú einvörðungu notuð um áhangendur Mírzá Yaḥyá.

Um svipað leyti sendi Bahá'u'lláh Nabíl í pílgrímsför í sinn stað til húss Bábsins í Shírás og Hússins mesta í Baghdad, þar sem hann fór með sérstakar pílgrímsbætur, sem Bahá'u'lláh hafði opinberað í þessu tilefni. Þetta markaði upphaf einhverra helgustu skyldna Trúarinnar, sem síðar voru formlega kunngerðar í *Kitáb-i-Aqdas*.

Bahá'u'Uáh bauð einnig um þetta leyti tveimur þekktum fylgjendum í Teheran, að flytja á laun jarðneskar leifar Bábsins frá Imám-Zadih Ma'súm, þar sem þær höfðu verið fólgnar, á annan óhultari stað. Þetta var nýr áfangi í löngum og erfiðum flutningi þeirra til Karmel-fjalls í Ísrael, þar sem þær nú hvíla.

Þá hófust einnig um sama leyti fyrstu reglulegu pílgrímsferðimar til aðseturs Bahá'u'lláh í Adríanópel, en frá þeim tíma hafa þær stöðugt aukist og nú er svo komið, að fylgjendur Bahá'u'lláh um heim allan verða að bíða árum saman eftir því að komast í pílgrímsför til þeirra helgu staða, sem tengdar eru nafni Bahá'u'lláh í Ísrael og annarsstaðar.

Þá gaf Bahá'u'lláh einnig til kynna stöðu elsta sonar síns, 'Abdu'l-Bahá, sem Hann þá þegar nefndi „heitté Guðs“, sem „sent hefur verið niður í formi mannlegs musteris.“

Ekki gat hjá því farið að þessi hraða þróun veki athygli þeirra andstæðinga Trúarinnar, sem voru utan vébanda hennar, og það leið ekki á löngu uns yfir dundi ný þrenging, ein hin síðasta og þyngsta, sem Bahá'u'lláh mátti þola.

Ný atлага gegn Bahá 'u 'lláh

Skömmu eftir að Bahá'u'lláh og félagar Hans höfðu rofið öll tengsl við Mírzá Yaḥyá, herti Siyyid Muḥammad undirróður sinn gegn Bahá'u'lláh. Hann hélt til Konstantínópel og hitti persneska



Nokkrir lærisveinar Bahá'u'lláh. Myndin er tekin í Adríanópel. Á henni má m.a. þekkja 'Abdu'l-Bahá, Mirzá Mihdí, Nabil (höfund Dagboða) og Mirzá Áqá Ján, ritara Bahá'u'lláh.

sendiherrann að máli nokkrum sinnum. Með refjum og mistúlkunum tókst honum að sverta heiður Bahá'u'lláh í augum stjórnvalda, sem áður höfðu borið mikla virðingu fyrir heiðarleika Hans og reisu. Sömuleiðis tókst honum að vekja ótta og tortryggni sendiherrans. Í viðræðum sínum við háttsetta embættismenn í höfuðborginni lét Siyyid Muḥammad sífellt í það skína, að Yaḥyá væri alls góðs maklegur, þar sem Bahá'u'lláh aftur á móti stefndi að því að grafa undan tyrknesku stjórninni og stofna til byltingar í ríkinu.

Samverkamaður Siyyid Muḥammad var persneskur maður, Áqá Ján, fyrrverandi stórskotaliðsforingi í her soldánsins. Hann hafði gegnt herþjónustu í persneska hernum en gerðist liðhlaupi og var um síðir gerður að höfuðsmanni í her Tyrkja. Hann var handtekinn og yfirheyður 1. apríl, 1868. Þá skýrði hann frá því, að hann hefði aldrei hitt Mírzá Yaḥyá persónulega, en hefði hinsvegar verið í sambandi við hann fyrir atbeina Siyyid Muḥammad. Hann játaði, að hann skildi ekki orð í ritum Mírzá Yaḥyá og hefði aldrei séð hann vinna kraftaverk — það hefði einungis verið ætlun sín að þjóna tyrknesku stjórninni með því að gerast fylgjandi hans. Hann gaf ennfremur þá fákænu yfirlýsingu, að mikill hluti persnesku þjóðarinnar, þ.á m. eiginkona Naṣiri'd-Dín Sháh, væri fylgjendur Mírzá Yaḥyá. Ef tyrkneska stjórnin styddi málstað Yaḥyá, myndi persneska þjóðin afsala sér stjórn sinni og gangast Ottómönnum á vald. Auk þess ljóstraði Áqá Ján því upp, að hann hefði ásamt Siyyid Muḥammad farið í utanríkisráðuneytið til þess að fá mánaðarlegan lífeyri frá stjórninni sendan til Yaḥyá í stað Bahá'u'lláh. Hann staðfesti einnig, að hann hefði tvisvar afhent forsætisráðherranum bænarskjal frá Mírzá Yaḥyá varðandi lífeyri hans.

Þegar Bahá'u'lláh bárust fréttir af rangfærslum Mírzá Yaḥyá, neitaði Hann að taka við þeim lífeyri, sem Honum var ætlaður. Frá þeim tíma varð Hann að selja eigur sínar til að geta útvegað fjölskyldu sínar brýnustu lífsnauðsynjar.

Þeim Siyyid Muḥammad og Áqá Ján tókst að slá ryki í augu ýmissa embættismanna við tyrknesku hirðina. Þeim varð svo vel ágengt í rógsherferðinni gegn Bahá'u'lláh og útlögunum í Adríanópel, að Mírzá Yaḥyá veitti Áqá Ján virðingarheitið Sayfu'l-Haq (sverð sannleikans) og spáði því að honum tækist að leggja undir sig Írak. Siyyid Muhammad nefndi hann Quddús („heilagur“) og gekk hann iðulega undir því heiti meðal embætt-

ismanna í Konstantínópel. Siyyid þessum hafði nú tekist að vekja ugg yfirvalda með fullyrðingum um að Bahá'u'lláh undirbyggi árás á Konstantínópel með aðstoð vina sinna — sem margir hverjir voru í heimsókn í Adríanópel — og með atfylgi búlgarskra leiðtoga. Þessar ásakanir, svo fávíslegar sem þær voru, vöktu ótta forsætisráðherrans og utanríkisráðherrans og höfðu það í för með sér að ný stefna var mörkuð í málefnum útlaganna. Lyktirnar urðu þær, að Bahá'u'lláh var hnepptur í fangelsi í borgvirkinu 'Akká í Sýrlandi.

Yfirheyrslur í Konstantínópel

Bahá'u'lláh sendi nú tvo dygga lærisveina sína til Konstantínópel til þess að flytja mál Hans fyrir sendiherranum. Þeir ræddu við hann nokkrum sinnum, en svo rækilega höfðu Siyyid Muḥammad og Áqá Ján unnið verk sitt, að hann lét handtaka sendimennina og setja þá í varðhald. Skömmu síðar voru þrír aðrir lærisveinar Bahá'u'lláh sendir til höfuðborgarinnar til að selja þrjá arabíska gæðinga, sem Bahá'í nokkur í Baghdad, Harf-i-Baqá, hafði sent Bahá'u'lláh að gjöf. Voru hestarnir seldir til að afla vista fyrir útlagana, sem bjuggu nú við sárustu neyð. Þegar lærisveinarnir þrír komu til borgarinnar, voru þeir handteknir og auk þeirra Áqá Ján. Sérstök rannsóknarnefnd yfirheyrði þá og gaf síðan skýrslu til yfirvaldanna um framburð þeirra.

Eins og fyrr sagði hélt Aqá Ján því fram við þessar yfirheyrslur, að eina áform hans hefði verið að afla stjórn Ottómana meiri pólitískra áhrifa, en saksóknararnir lögðu lítinn trúnað á orð hans og dæmdu hann til lífstíðarfangelsis í refsínýlendunni 'Akká. Sérhver Bahá'íanna var yfirheyrður með sama hætti og spurður áþekkra spurninga. Þær lutu flestar að því tilkalli til spámannsstöðu, sem Bahá'u'lláh hafði gert. Bahá'íarnir fóru varlega í sakirnar, því að þeir vildu ekki leggja vopnín upp í hendurnar á svörnum óvinum Bahá'u'lláh. Þeir voru allir spurðir að því hvort þeir hefðu heyrt Bahá'u'lláh lýsa því yfir að Hann væri Mihdí (hinn fyrirheitni í Íslám). Þeir kváðust aldrei hafa heyrt Hann lýsa því yfir, en sögðu að ef Hann gerði það í þeirra áheyrn, mundu þeir hiklaust viðurkenna sannleik orða Hans. Einn þeirra, Darvish Siq-'Alí, sagði að Bahá'u'lláh hefði ráðlagt fylgjendum sínum að bíðja og fasta, hlýða boðum Guðs og elska hverjir aðra. Hafa ber íhuga, að Bahá'u'lláh hafði boðið Bahá'íunum að kenna

ekki trúna rneðal Ottómana, til þess m.a. að vernda samfélagið. Þetta boð var fóngunum efst í huga við yfirheyrslurnar. Þeir svöruðu öllum spurningum, sem fyrir þá voru lagðar, af visku og fullri einurð. Þeir voru spurðir í þaula um starfsemi Bahá'u'lláh í Adríanópel, en miklar sögusagnir gengu um hana, allar runnar frá Siyyid Muḥammad og Mírzá Yaḥyá. Bahá'u'lláh umgekkst ekki borgarbúa í Adríanópel almennt, en margir fyrirmanna borgarinnar, þ.á m. borgarstjórinn Khursíd Páshá, höfðu laðast að honum og kepptu um hylli Hans. Khursíd Páshá heimsótti Bahá'u'lláh nokkrum sinnum og sat þá í auðmýkt við fætur Hans. Lærisveinarnir svöruðu þessum spurningum á þá leið, að Bahá'u'lláh samneytti ekki borgarbúum og hitti aðeins féлага sína, sem kæmu saman í návist Hans, læsu upphátt orð Guðs og hlustuðu á Bahá'u'lláh tala. Meðal þess sem Hann kenndi þeim væri að fylgja boðum Guðs og lifa í sátt og samlyndi við meðbræður sína.

Þá var einnig spurt um tengsl Bahá'u'lláh og Mírzá Yaḥyá. Þeir vildu vita hver Yaḥyá væri, hversu margir fylgdu honum að málum og hve mikil þekking hans væri. Þeir kváðust ekki hafa haft neittsaman við Yaḥyá að sælda og vissu því lítið um Hann. Flestir þeirra létu samt sem áður það álit í ljós, að þekking Yaḥyá væri eins og dropi í samanburði við úthaf þekkingar Bahá'u'lláh. Þeir minntust ekkert á undirróðursiðju Yaḥyá og myrkraverk hans, en allir létu þeir það koma skýrt fram, að Bahá'u'lláh væri eins og skínandi sólarljósið — og ljós og myrkur gætu ekki samrýmst. Þegar Siðq-'Alí var að því spurður hversu margir bræður Bahá'u'lláh væru í Adríanópel, svaraði hann því til, að þeir væru aðeins tveir. Er hann var spurður hver Mírzá Yaḥyá væri, svaraði hann, að Mírzá Yaḥyá væri ekki lengur bróðir Bahá'u'lláh — venslin þeirra á milli hefðu verið rofin og aðskilnaður þeirra staðfestur um alla framtíð.

9. kafli

Brottförin frá Adríanópel

Starfsemi óvina Bahá'u'lláh, sem vildu einangra Hann algjörlega frá umheiminum, náði hámarki fyrri hluta ársins 1868. Umbrotasamasta tímabilið í sögu Trúarinnar á 19. öld var nú að renna sitt skeið á enda. Orðstír hennar hafði nú borist svo víða, að yfirvöldum í Konstantínópel var hætt að lítast á blikuna. Öfgafullar skýrslur og rógur Siyyid Muḥammads og Áqá Ján, auk þess þrýstings, sem persneski sendiherrann beitti stjórnvöld, varð að lokum til þess að stjórn Ottómana ákvað að flytja Bahá'u'lláh af meginlandinu og einangra Hann í fjarlægri refsinsýlendu.

Það vakti mikinn ugg stjórnvalda, er þær fréttir bárust að nokkrir valinkunnir menn, á meðal þeirra Khurshíd Páshá, borgarstjóri í Adríanópel, væru meðal áköfustu aðdáenda Bahá'u'lláh, vendu til Hans komur sínar og auðsýndu Honum lotningu, sem samboðin væri þjóðhöfðingja. Það var einnig alkunna, að ræðismenn ýmissa erlendra ríkja höfðu laðast að Honum og töluðu oft um tign Hans og áhrifamátt. Ferðir pílagríma til og frá Adríanópel urðu ekki til að draga úr ótta yfirvalda. Tyrkneski utanríkisráðherrann, Fu'ád Páshá, fór í eftirlitsferð til Adríanópel og sendi frá sér ýkjukenndar skýrslur um stöðu og starfsemi Bahá'í samfélagsins. En auk þess hafði loks runnið upp fyrir nokkrum æstu valdhöfum landsins hversu feiknlegt tilkall Bahá'u'lláh var og hvað það í rauninni fól í sér.

Þeir, sem þyngsta ábyrgð báru á þessum síðasta útleigðardómi yfir Bahá'u'lláh, voru utanríkisráðherrann, Fu'ád Páshá, forsæt-

isráðherrann, ‘Alí Páshá, og persneski sendiherrann, Hají Mírzá Husayn Khán. Þessir þrír menn höfðu með sér náð samstarf, uns þeim tókst að fá uppkveðinn þennan útlegðardóm yfir Bahá’u’lláh og lífstíðarfangelsi í hinni illræmdu refsinylendu Tyrkja, ‘Akká í Sírylandi, þar sem allir verstu glæpamenn Tyrkjaveldis afplánuðu dóma sína. Hlutur sendiherrans var sýnu mestur í þessari ákvörðun stjórnvalda. Hér fer á eftir þýðing á bréfi, sem hann ritaði stjórn sinni, er Bahá’u’lláh hafði verið í rösklega eitt ár í ‘Akká: “

„Ég hef lagt bann við því í símskeytum og bréfleiðis, að Hann (Bahá’u’lláh) hafi samneyti við nokkurn mann nema meðlimi fjölskyldu sinnar eða yfirgefi undir nokkrum kringumstæðum húsið, þar sem Hann er í haldí ... Fyrir þremur dögum sendi ég aðalræðismanninn í Damaskus, ‘Abbás-Qulí Khán, til ‘Akká ... til þess að ráðgast við landstjórnann um allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að strangt eftirlit sé haft með föngunum ... og skipa fulltrúa, áður en hann snýr aftur til Damaskus, sem sjá muni um að fyrir-mælunum, sem berast frá Konstantínópel, verði hlýtt út í æsar. Jafnframt hef eg mælt svo fyrir, að einu sinni á þriggja mánaða fresti skuli hann fara frá Damaskus til ‘Akká og fylgjast með þeim persónulega og gefa skýrslu til sendinefndarinnar.“

Viðhorfm breytast

Þegar fram liðu stundir gjörbreyttist afstaða persneska sendiherrans til Bahá’u’lláh, og hann tók að gera sér grein fyrir því, að ákærurnar sem bornar höfðu verið fram á hendur Honum voru tilhæfulausar. Flekklaust líferni Bahá’u’lláh, sá heiðarleiki og lyndisgöfgi, sem endurspegladist í öllum orðum Hans og gerðum, snart sendiherrann svo djúpt, að eftir að hann sagði embætti sínu lausu í Konstantínópel og fór aftur til Iran, skýrði hann frá því að eini maðurinn, sem fært hefði þjóðinni heiður utan heimalandsins væri Bahá’u’lláh. Hann fullvissaði Naşiri’d-Dín Sháh um að fylgjendur Bahá’u’lláh ynnu ekki gegn hagsmunum landsins, eins og þeir voru jafnan sakaðir um.

Í *Pistli til sonar úlfsins* fór Bahá’u’lláh svofelldum orðum um Mushíru’d-Dawlih (persneska sendiherrann):

„Hans ágæti ... hinn látni Mírzá Ḥusayn Khán, Mushíru'd-Dawlih — megi Guð fyrirgefa honum — þekkti þennan rangtleikna (Bahá'u'lláh) og vafalaust hefur hann gefið stjórnvöldum greinargóða skýrslu um komu þessa rangtleikna til Konstantínópel, orð Hans og athafnir ... Gerðir hins látna embættismanns — megi Guð upphefja stöðu hans — mótuðust ekki af vináttu hans við þennan rangtleikna heldur öllu fremur af skarpri dómgreind og löngun til að inna af hendi þá þjónustu, sem hann á laun hugleiddi að veita stjórn sinni. Eg er til vitnis um það, að slík var hollusta hans í þjónustustarfi hans við stjórnina, að óheiðarleiki átti þar hvergi hlut að máli og var burtrækur ger af starfsvettvangi hans. Það var hann, sem bar ábyrgðina á komu þessara rangtleiknu til hins Mesta fangelsis ('Akká). Þar sem hann aftur á móti rækti skyldu sína af trúmennsku, verðskuldar hann hrós Vort...“

Búist til brottfarar

Meðan stjórnvöld í Konstantínópel beittu sér af fullum þunga gegn útlögunum í Adriánópel og leiðtoga þeirra, gerði borgarstjórinn þar, Khursíd Páshá, allt sem í hans valdi stóð til að hafa áhrif á rás viðburðanna og breyta þeim Bahá'u'lláh í hag, en allar tilraunir hans í þá átt mistókust. Að lokum tókst 'Alí Páshá að fá 'Abdu'l-'Aziz soldán til að gefa út tilskipun dagsetta 26. júlí 1868, að kristnu tímatali, þar sem Bahá'u'lláh var gerður útlægur til borgvirkisins 'Akká það sem Hann átti eftir ólifað. Í tilskipunni voru nafngreindir fimm aðrir, sem reknir voru í útlegdina með Honum. Þeir voru tveir dyggir bræður Hans, þjónn Hans, illvirkinn Siyyid Muḥammad-i-Isfáhaní og handbendi hans Áqá Ján. Mírza Yahyá var dæmdur í lífstíðarfangelsi í Famagusta á Kýpur ásamt fjórum fylgjendum Bahá'u'lláh. Í tilskipun soldáns var yfirvöldum í 'Akká boðið að halda strangan vörð um fangana og leyfa þeim ekki að hafa samskipti við nokkra utan síns eigin hóps. Er Khursíd Páshá var gerð grein fyrir efni tilskipunarinnar, gat hann ekki fengið sig til að flytja Bahá'u'lláh þessi tíðindi í eigin persónu heldur fól öðrum það verkefni og hélt sjálfur á brott úr borginni.

Mírzá Áqá Ján, ritari Bahá'u'lláh, hefur lýst aðdragandanum að brottför Bahá'u'lláh frá Adriánópel. Hann segir frá því, að síðla

kvölds hafi Bahá'u'lláh boðið einum fylgjenda sinna Jamál-i-Burújirdí, og tveimur pflagrímum frá Persíu, sem komnir voru til að hitta Hann, að fara strax úr borginni og halda aftur til Persíu. Enginn skildi tilganginn með þessum fyrirmælum, en morguninn eftir varð ástæðan deginum ljósari, er nokkrir embættismenn stjórnarinnar komu til að spyrjast fyrir um Jamál. Þeim var tjáð, að hann hefði yfirgefið borgina nokkrum klukkustundum áður. Jamál átti ásamt Hají Ákhúnd einna drýgstan þátt í að flytja jarðneskar leifar Bábsins frá graphýsi Imám-Zadieh á óhultari stað, eins og áður hefur verið greint frá.

Daginn eftir að Jamál fór frá Adríanópel voru meðlimir samfélagsins teknir höndum og fluttir til bækistöðva stjórnarinnar. Þar voru þeir í haldi, þegar hermenn umkringdu hús Bahá'u'lláh og settu verði við öll hlið þess. Embættismaður nokkur, fulltrúi stjórnarinnar, tilkynnti 'Abdu'l-Bahá, að Bahá'u'lláh og fjölskylda Hans ætti að fara til tyrknesku hafnarborgarinnar Gallipoli, en svo virðist sem útlögunum hafi ekki verið tilkynnt um endanlegan ákvörðunarstað sinn fyrr en þeir komu þangað. Embættismennirnir gáfu í skyn, að aðeins þeir tólf félagar, sem komið höfðu með Bahá'u'lláh til Adríanópel, gætu farið með Honum til Gallipoli. Aðrir fylgjendur Bahá'u'lláh komust í mikið uppnám, er þeir heyrðu þetta, því þeir vildu allir fylgja Drottni sínum. Þeir sem áttu sölubúðir í borginni lögðu niður viðskipti þegar í stað og seldu það sem þeir gátu á lágu verði eða skildu eigur sínar eftir.

Einn fylgjenda Bahá'u'lláh, sem komið hafði með Honum frá Baghdad, Qannád, segir svo frá þessum atburðum:

„Miklu felmtri sló á alla. Allir voru ráðþrota og fullir eftirsjár ... Sumir létu í ljós samúð sína, aðrir hughreystu okkur og grétu yfir okkur... flestar eigur okkar voru seldar á uppboði á hálfvirði.“

Eftir þrjá daga í Gallipoli, þegar enn var allt í óvissu, tilkynnti 'Umar Effendi, höfuðsmaðurinn tyrkneski, sem sendur hafði verið frá Konstantínópel til að fylgja útlögunum, að þeir fengju allir að halda hópinn og allir færu til sama ákvörðunarstaðar. En aðeins þeir, sem skráðir voru á lista stjómarinnar, gátu farið í sjóferðina á kostnað stjórnarinnar, hinir urðu að fara sjálfviljugir í útleðina og greiða sitt eigið fargjald. Höfuðsmanninum og öðrum til mikillar furðu keyptu nokkrir lærisveinar Bahá'u'lláh, sem ekki voru skráðir á þennan lista, far með gufuskipinu þegar í stað, glaðir og

reifir. Tyrkirnir spurðu undrandi hverskonar fólk það væri, sem keypti sig inn í óþekkt fangelsi í ókunnu landi og gleddist yfir því. Einn af fylgjendum Bahá'u'lláh, Husayn-i-Ashchi¹, hefur látið eftir sig þessa ljóslifandi frásögn af þessum atburðum:

„Tilskipunin kom frá Konstantínópel um útleigð Bahá'u'lláh til Sírylands. Þar sem Khursíd Páshá tókst ekki að hafa nein áhrif á atburðarásina, blygðaðist hann sín fyrir að koma fram fyrir auglit Bahá'u'lláh og tilkynnti að hann væri farinn til annarrar borgar. Hann fór frá Adríanópel og lét stjórnsýsluna eftir öðrum embættismanni. Hann fór þó ekki til annarrar borgar, heldur aðeins til sumarhýsis í útjaðri borgarinnar. Síðdegi eitt að afloknu starfi í eldhúsi¹ fór eg á markaðstorgið. Eg heimsótti Áqá Riḏá og Mírzá Maḥmúd í sólubúðir þeirra. Eg hafði aðeins staldrað þar við í fáeinar mínútur, þegar tveir hermenn komu og skipuðu þeim að koma með sér til höfuðstöðva stjórnarinnar. Eg reyndi að komast óséður út úr versluninni, en hermennirnir gripu mig og höfðu mig með. Eg varð þess var, að allir vinirnir, sem áttu sólubúðir við markaðstorgið höfðu verið fluttir til höfuðstöðvanna. Þar var kastað á okkur tölu ... Er þeir komust að raun um að eg var matsveinn á heimili Bahá'u'lláh, var hermaður fenginn til að fylgja mér til húss Hans ...

Er við vorum komnir í grennd við húsið, tók eg eftir nokkrum hermönnum á verði og varðliðar stóðu einnig við hliðin. Eg varð skelkaður, er eg sá þetta. Þegar eg reyndi að fara inn, var eg stöðvaður þótt hermaðurinn, sem fylgdi mér til hússins, útskýrði hver eg væri. Mér var sagt, að aðeins hæstráðandi yfirmaður gæti gefið inngönguleyfi og hann væri staddur í ytri íbúðinni á tali við 'Abdu'l-Bahá ... Loksins var mér hleypt inn og strax leiddur á fund Bahá'u'lláh. Hann spurðist fyrir um ástandið í borginni, en eg var svo hræddur að eg mátti vart mæla. Munnur minn þornaði upp af ótta. Eg fór út úr herberginu og bað um vatn að drekka. Þá leið mér betur og fór aftur inn til Bahá'u'lláh.

1 Husayn-i-'Ashchí var matsveinn í heimilisliði Bahá'u'lláh.

Hann leit á mig, brosti og sagði í gamansömum tón: „Var Káshí hræddur?“¹

Eg sagði Honum alla sólarsöguna. Þá sendi Hann mig til húss Áqáy-i-Kalím með boð um að koma þegar í stað ... Eg fylgdi honum til húss Bahá'u'lláh. Mér var hleypt inn en hermennirnir stöðvuðu Áqáy-i-Kalím, en hann bað mig að flytja Bahá'u'lláh þau skilaboð, að hann væri reiðubúinn til hjálpar. Þegar eg skýrði Bahá'u'lláh frá þessu, sagði Hann: „Seg Áqáy-i-Kalím að koma inn. Vér leitum ekki hjálpar frá neinum, málefni Vor eru ekki í höndum neins manns, þau eru í höndum Guðs.“²

Bahá'u'lláh tjáði yfirvöldum, að tveir dagar væru ekki nógur tími til að undirbúa ferðina. Hann gerði þeim grein fyrir að heimili Hans skuldaði nokkrum aðilum á markaðs-torginu fé. Hann fór þess á leit við stjórnvöld, að þau leystu úr haldi þá menn, sem væru í fangelsi í Konstantínópel og leyfðu þeim að selja hestana þrjá (sjá bls. 138) til þess að greiða mætti þessa skuld. Þá væri hægt að halda á brott... Á hverjum degi komu hermenn inn í ytri íbúðina³ til að hitta 'Abdu'l-Bahá að máli. Hermennirnir höfðu umkringt húsíð og voru á verði nótt sem dag. Á þessu gekk í átta daga ...

Nokkrir ræðismenn erlendra ríkja komu til að ganga á fund Bahá'u'lláh og hermennirnir vörnuðu þeim ekki inn-göngu. Allir sem einn sýndu þeir Bahá'u'lláh ósvikna virð-ingu og auðmýkt og buðu Honum vernd stjórna sinna. En Bahá'u'lláh gerði öllum ljóst, að Hann mundi ekki leita hjálpar neinnar ríkisstjórnar. Eina athvarf Hans var Guð ... Ræðismennirnir komu nokkrum sinnum, en hversu mjög sem þeir reyndu að tala um fyrir Bahá'u'lláh hafnaði Hann boði þeirra og ítrekaði að Hann setti traust sitt á Guð og leitaði ásjár hjá Honum einum ...

Við eitt tækifæri ráðlagði Bahá'u'lláh nokkrum vinanna,

1 Íbúar héraðsins Káshán eru nefndir Káshí. Persar skopast oft að þeim og segja þá hugdeiga og litla kjarkmenn.

2 Hér er ekki orðrétt haft eftir Bahá'u'lláh, heldur er þetta efnislega það sem Hann sagði við þetta tækifæri.

3 Að austurlenskri venju voru íbúðirnar tvískiptar -ytri og innri íbúð. Bahá-'u'lláh bjó í innri íbúðinni.

sem voru nýkomnir, að slást ekki í hóp útlaganna og halda sig í fjarlægð frá þeim. Hann mælti til þeirra hughreystingarorð og sagði þeim að staður sinn væri óþekktur ... Meðal þeirra sem Bahá'u'lláh ráðlagði að halda sig í fjarlægð voru tveir bræður, Hají Ja'far og Karbilá'í Taqí ... sem komið höfðu til Adríanópel til að ganga á fund Bahá'u'lláh. Þeir voru hugrakkir menn, miklir vexti, fullir eldmóðs og ákafa. Er þeir heyrðu ráðleggingar Bahá'u'lláh ... ákvað Hají Ja'far með sjálfum sér að hann vildi heldur deyja en vera fjarri Drottni sínum. Hann tók með sér rakhníf til ytri íbúðar hússins, þar sem krökkt var af hermönnum og embættismönnum. Hann stakk höfðinu út um glugga, sem opnaðist að strætinu, og skar sig á háls. Áqá Muhammad var nærstaddur er þetta gerðist og heyrði skelfilegt hljóð koma frá Hají Ja'far. Hann dró hann inn í herbergið og sá að hann hafði svöðusár á hálsinum. Þeir kölluðu þegar í stað á 'Abdu'l-Bahá. Allir voru skelfingu lostnir við þessa sjón. Á þeirri stundu kom eg inn í ytri íbúðina til að kasta tölu á fólkið, svo að eg gæti fært öllum kvöldmat. Hið Helgasta lauf (Bahíyyih Khánum) beið þess í eldhúsinu að eg segði henni hversu margir yrðu til kvöldverðar. En þegar eg sá Hají Ja'far reika um alblóðugan stóð eg sem bergnuminn, dofinn og í losti. Hermennirnir sögðu Hají Ja'far að lækni væri á leiðinni til að gera að sári hans, en þótt hann gæti ekki mælt orð frá vörum gerði hann þeim ljóst á táknmáli, að jafnvel þótt lækniinn gæti saumað skurðinn, mundi hann skera sig á háls aftur ...

Þegar eg kom ekki aftur inn í eldhúsið, sendi Bahíyyih Khánum ekkju Mírzá Mustáfá¹ til að sækja mig. En þegar hún sá Hají Ja'far í þessu hræðilega ásigkomulagi féll hún í öngvit. Þá var önnur kona send frá eldhúsinu — kristin þjónustustúlka — til að aðgæta hvað dveldi okkur. Hún féll einnig í öngvit við hlið ekkju Mírzá Mustáfá.

Á meðan sendi 'Abdu'l-Bahá mig inn í innri íbúðina til að sækja eitthvað af Hans eigin fötum til þess að Hann gæti skipt um föt á Hají Ja'far. Á leiðinni fann eg konurnar tvær í

1 Mírzá Mustáfá leið púslarvætti í Tabríz.

öngviti við hliðið (milli íbúðanna). Eg ýrði vatni á andlit þeirra og stumraði yfir þeim uns þær komust aftur til meðvitundar. Við komum aftur inn í eldhúsið þrjú saman og er hin helga fjölskylda sá okkur þannig á okkur komin, óttaslegin og titrandi, vildu þau vita hvað gerst hafði, einkum eftir að eg bað um klæðnað af Meistararum. Eg sagði að Meistarinn hefði svitnað mjög í þrönginni og vildi skipta um föt! En hið Helgasta Lauf trúði mér ekki. Hún sagði: „Segðu mér sannleikann, hvað gengur á? Hversvegna eruð þið öll svona óttaslegin?“ Eg reyndi að dylja fyrir henni það sem gerst hafði, en hún hvatti mig full ástúðar til að segja sannleikann og benti mér á, að ef eg leyndi honum mundi það valda öllu heimilisliðinu sorg. Eg sagði því söguna ... og stakk upp á því að Bahá'u'lláh ýrði ekki gert viðvart um þetta fyrr en eftir kvöldverð. Hið Helgasta lauf vísaði þessari hugmynd minni á bug sem veiklundaðri og áminnti mig um að þetta væri ekki í fyrsta sinn sem slíkt hefði gerst — þegar hefðu þúsundir elskaðra vina úthellt blóði sínu á vegi hinnar Blessuðu fegurðar ...

Af Hájí Ja'far er það að segja, að 'Abdu'l-Bahá hvatti hann til að sýna læknum ekki mótþróa, þegar hann kæmi, og hét honum að hann fengi að slást í för með félögum Bahá'u'lláh. Þeir bundu um sár hans með bómull uns hæfur læknir, Muhammad að nafni, kom á vettvang. En Hájí Ja'far vildi ekki að skurðurinn ýrði saumaður saman. Hann sagði í sífellu: „Fjarri ástvini mínum er líf mitt eínskis virði...“ Loks kom hin Aldna fegurð (Bahá'u'lláh) að beði hans ... og snerti andlit hans og höfuð með höndum sínum og fullvissaði hann um að Hann mundi gera boð eftir honum til hins nýja útleðarstaðar strax og sár hans væru gróin. Hann hvatti hann til að halda kyrru fyrir í Adríanópel uns hann hefði náð sér að fullu. Þegar Bahá'u'lláh fór aftur til herbergis síns, byrjaði læknirinn að sauma sárið, en þráðurinn slitnaði í sífellu. Hann varð að endurtaka aðgerðina nokkrum sinnum. Meðan á því stóð hrærði Hájí Ja'far hvorki legg né lið. Hann þoldi sársaukann af slíkri hugþýði, að ekki sáðust einu sinni viprur í handliti hans!¹

1 Hájí Ja'far og bróðir hans héldu til 'Akká skömmu á eftir Bahá'u'lláh.

Að því er varðaði brottför Bahá'u'lláh til Gallipoli, brugðust yfirvöld vel við þeirri kröfu Hans, að fangarnir í Konstantínópel yrðu látnir lausir ... og greiddu fullt andvirði hestanna. Þá hófst undirbúningur fyrir ferðalagið og sorgarfáni var dreginn að hún í borginni ... öll húsgögnin voru boðin upp á mjög lágu verði. Undirbúningurinn tók átta daga. Þá komu þeir með fimmtíu vagna fyrir okkur öll. Fjöldi manns, Muslimir, kristnir menn og Gyðingar söfnuðust í kringum vagnana, grátandi og harmþrungnir ... Þessi vitnisburður hryggðar og harms var átakanlegri en nokkrum árum áður, er Bahá'u'lláh hélt frá Baghdad ... Bahá'u'lláh mælti hughreystingarorð til þeirra allra og kvaddi þá ... Í Gallipoli geymdum við allar eigur okkar í gistihúsi, en sjálfir bjuggum við í húsi Bahá'u'lláh. Hann, fjölskyldan helga og konurnar í okkar hópi, voru á efri hæð hússins, en við á neðri hæðinni.“

Tveir fanganna í Konstantínópel Salmání og Jamshíd-i-GurjÍ voru fluttir til landamæra Persíu og afhentir yfirvöldum Kúrda, sem fara áttu með þá til Persíu. En er Kúrdarnir komust að raunum, að þetta voru heiðvirðir menn, sem ekkert höfðu til saka unnið, létu þeir þá lausa og þeim tókst að komast til borgvirkisins 'Akká, þar sem þeir náðu aftur fundum Bahá'u'lláh.

Lagt afstað til 'Akká

Shoghi Effendi hefur lýst brottför Bahá'u'lláh frá Adríanópel með þessum orðum:

„Tuttugasta og annan dag mánaðarins Rabí'u'th-Thání 1285 A.H. (12. ágúst, 1868) lögðu Bahá'u'lláh og fjölskylda Hans af stað í fylgd tyrknesks liðsforingja, Hasan Effendi, og öðrum hermönnum, sem svæðisstjórnin hafði tilnefnt, í fjögurra daga langt ferðalag til Gallipoli í vögnum. Á leið sinni námu þau staðar í Uzún-Kúprú og Kasháníh, en á síðarnefnda staðnum var *Súriy-i-Ra'ís* opinberuð. Sjónarvottur ritar: „Íbúar þess borgarhverfis, þar sem Bahá'u'lláh hafði dvalið, og nágrennarnir sem safnast höfðu saman til að kveðja Hann, gengu fram einn af öðrum sárhryggir í bragði og kysstu hendur Hans og kyrtilfald og létu í ljós sorg sína

vegna brottfarar Hans. Sá dagur var líka undarlegur dagur. Mér þótti sem borgin, múrar hennar og hlið öll kveinuðu yfir fastráðnum aðskilnaði sínum við Hann.“ Annar sjónarvottur ritar: „Á þeim degi varð undursamlegur samfundur Múslima og kristinna manna við dyrnar á húsi Meistara okkar. Kveðjustundin var minnistæð. Flestir viðstaddra grétu sáran og börmuðu sér, einkum hinir kristnu.“¹ Bahá'u'lláh segir sjálfur í *Súriy-i-Ra'ís*: „Seg: þessi Æskumaður hefur haldið á brott úr landinu og lagt undir sérhvert tré og hvern stein heitfé, sem Guð mun eftir skamma hríð leiða fram í dagsljósið með afli sannleikans.“

Nokkrir félaganna, sem fluttir höfðu verið frá Konstantínópel, biðu þeirra í Gallipoli. Er þangað kom mælti Bahá'u'lláh svo-felldum orðum til Hasan Effendi, sem leyst hafði af hendi skyldustörf sín og var að kveðja: „Seg konunginum, að þetta land muni hverfa úr höndum hans og upplausn verða í málefnum hans.“ Áqá Riḍá sem skráði þessi orð, hefur ritað: „Bahá'u'lláh bætti við: „Það er ekki ég, sem tala þessi orð, heldur talar Guð þau.“ Á þeirri stundu fór Hann með ritningarorð, sem við á neðri hæð hússins gátum heyrt. Slíkur var ofsi og kraftur þessara orða, að mér þótti sem sjálfar undirstöður hússins bifudust.“

Jafnvel í Gallipoli, þar sem útlagarnir eyddu þremur nóttum, vissi enginn hver ákvörðunarstaður Bahá'u'lláh yrði. Sumir töldu að Hann og bræður Hans yrðu gerðir útlægir á einum og sama stað, en hinum átrúendunum dreift í útlegð. Aðrir héldu að félagar Hans yrðu sendir aftur til Persíu, og enn aðrir bjuggust við að þeim yrði Öllum útrýmt án frekari tafar. Upphafleg fyrirmæli ríkisstjórnarinnar voru þess efnis, að Bahá'u'lláh, Áqáy-i-Kalím og Mírzá Muḥammad-Qulí ásamt þjóni yrðu sendir í útlegð til 'Akká, en þeir sem eftir væru skyldu halda til Konstantínópel. Þessi fyrirmæli, sem ollu ólýsanlegum harmi meðal útlaganna, voru afturkölluð fyrir ítrekuð tilmæli Bahá'u'lláh og að undirlagi 'Umar Effendi, höfuðsmannsins, sem tilnefndur hafði verið fylgdarmaður útlaganna frá Gallipoli. Að lokum var sú ákvörðun

1 Vitnisburður Bahá'u'lláh í *Súriy-i-Ra'ís* er þessi: „Fólkið umkringdi húsið og Múslimar og kristnir menn grétu yfir Oss ... Vér urðum þess áskynja, að fólk Sonarins (kristnir menn) grétu sáran en aðrir — tákni þeim, sem íhuga.“

tekin, að allir útlagarnir, um sjötíu talsins, skyldu sendir til 'Akká. Fyrimæli voru auk þess gefin út þess efnis, að nokkrir áhangenda Mírzá Yaḥyá, þeirra á meðal Siyyid Muḥammad og Áqá Ján, skyldu fylgja útlögunum, en fjórum félögum Bahá'u'lláh var skipað að fara með Azalítunum til Kýpur.

Svo uggvænlegar voru þær hættur og raunir, sem Bahá'u'lláh stóð andspænis á brottfararstundinni frá Gallipoli, að Hann var-aði félaga sína við því, að þessi ferð yrði ólík fyrri ferðum og að hver sá, sem ekki teldi sig „mann til þess að horfast í augu við framtíðina“ væri fyrir bestu „að fara til hvers þess staðar er hann kysi og varðveitast frá þrengingunni, því að héðan í frá mun hann ekki geta komist á brott.“ Félagar Hans tóku allir sem einn þann kostinn að láta þessi varnaðarorð sem vind um eyrun þjóta.

Að morgni 21. ágúst, 1868 fóru þeir allir um borð í austurrískt gufuskip Lloyd-skipafélagsins, sem hélt til Alexandríu með viðkomu í Madellí og tveggja daga viðkomu í Smyrnu, þar sem Jináb-i-Munír, sem nefndur var Ismu'lláhu'l-Muníb, varð alvarlega sjúkur og varð sér til sárrar hryggðar að vera eftir í sjúkrahúsinu, þar sem hann andaðist brátt.¹

Í Alexandríu fóru þeir um borð í annað gufuskip frá sama félagi. Förinni var heitið til Haifa. Þeir lögðust við akkeri á Haifa-flóanum eftir stutta viðdvöl í Port Said og Jaffa. Nokkrum klukkustundum síðar lögðu þeir af stað í seglbát til 'Akká og þar stigu þeir á land síðdegis 31. ágúst, 1868. Þegar Bahá'u'lláh steig um borð í bátinn, sem átti að flytja Hann á lendingarstað í Haifa, fleygði 'Abdu'l-Ghaffár sér í sjóinn og hrópaði hátt „*Yá Bahá'ul-Abhá*“² 'Abdu'l-Ghaffár var í hópi fjögurra lærisveina Bahá'u'lláh, sem dæmdir höfðu verið til útlegðar á Kýpur með Mírzá Yaḥyá. Honum var bjargað frá drukknun á síðustu stundu og lífgaður við, en síðan neyddu tyrknesku liðsforingjarnir hann til að halda áfram för sinni til Kýpur með Mírzá Yaḥyá.

1 Jináb-i-Munír var kornungur maður. Hann gekk á undan vagni Bahá'u'lláh alla leiðina frá Baghdad til Svartahafsins með lugt í hendinni. Hann var afburða fallegur unglíngur og hafði heillandi söngródd. Á göngunni til Svartahafsins söng hann jafnan hástöfum. Er hann tók trú Bábsins ætlaði faðir hans að vega hann, en hann slapp undan og náði fundum Bahá'u'lláh, sem hann þjónaði dyggilega upp frá því.

2 „Ö, Þú dýrð hins hæsta“, tilvísun til Bahá'u'lláh.

10. kafli

Prísundin mesta

„Þér hlið, lyftið höfðum yðar,
hefjið yður, þér öldnu dyr,
að konungur dýrðarinnar megi inn ganga.
Hver er þessi konungur dýrðarinnar?
Drottinn hersveitanna,
hann er konungur dýrðarinnar.“

Sálmarnir 24:9—10.

‘Akká stendur við Haifa-flóann í Ísrael. Hún er einhver elsta borg í heimi í samfelldri byggð. Á dögum Krists nefndist hún Ptolemais, og St. Jean d’Acre á dögum krossfaranna. Í byrjun nítjándu aldar stóðst hún illvíg áhlaup flota Napóleons. Er hún komst undir yfirráð Tyrkja, var hún gerð að refsínýlendu þangað sem morðingjar, stigamenn og pólitískir æsingamenn frá öllum homum tyrkneska heimsveldisins voru sendir og þar sem þeirra beið ekkert nema dauðinn. Borgin er umlukin tvöföldum virkisgarði, geysipykkum og háum. Íbúar hennar voru óupplýstir og hötuðu útlendinga. Innan borgarhliðanna var ekkert vatn að hafa og strætin voru þröng, skítug og ill yfirferðar. Í kunnum máls-hætti sagði að ódaunninn í ‘Akká væri svo megn, að ef fugl flygi yfir borgina, mundi hann detta dauður niður. Í *Lawh-i-Sultán* segir Bahá’u’lláh: „Sagt er að hún sé vissulega ömurlegust allra borga í heimi og sú óhrjálegasta, að lof tslag hennar sé hið versta og vatnið hið fúlasta — líkt og væri hún höfuðból uglunnar ...“

En í aldanna rás höfðu margir spámenn og boðberar Guðs farið hástemmdum orðum um þessa borg. Hósea nefnir hana „Vonarlið“. Esekíel kallar hana „hliðið, sem veit í austur,“ þangað sem „dýrð ísraels Guðs mun koma úr austurvegi.“

Komu Bahá'u'lláh til Landsins helga hafði verið spáð í fornum helgiritum. Múhammed nefnir 'Akká „borg í Sýrlandi, sem Guð hefur auðsýnt sérstaka miskunn.“ Hann sagði einnig: „Sæll er sá, sem heimsækir 'Akká, og sæll sá sem heimsótt hefur gestinn í 'Akká.“ Og enn segir Hann: „Hinir fátæku í 'Akká eru konungar og prinsar í Paradís. Mánuður í 'Akká er betri en þúsund ár annarsstaðar.“ Og enn segir í islamskrí arfsögn, sem Múslimar telja áreiðanlega: „Allir (félagar Qá'ims) munu verða vegnir nema einn, sem komast mun til sléttunnar 'Akká, veisluborðs Guðs.“

„Eyðimörkin og hið þurra landið skal gleðjast,“ segir Jesaja spámaður, „öræfin skulu fagna og blómgast sem lilja. Þau skulu blómgast ríkulega og fagna af unaði og gleði. Vegsemd Líbanons skal veitast þeim, prýði Karmels og Sarons; þau skulu fá að sjá vegsemd Drottins og prýði Guðs vors.“ (Jes. 35:1—3).

Amos segir: „Drottinn öskrar frá Zíon og lætur raust sína gjalla frá Jerúsalem. Þá munu hagar hjarðmannanna drúpa og Karmeltindur skrælna.“ (Amos 1:2).

Og Míka spáði svo: „Á þeim degi munu menn koma til þín frá Assyríu allt til Egyptalands og frá Egyptalandi allt til Fljótsins, frá hafi til hafs og frá fjalli til fjalls.“ (Míka 7:12).

Í *Lawḥ-i-Sayyáh*, sem Bahá'u'lláh opinberaði við komuna til Adríanópel, segir Hann fyrir útleigðina til 'Akká og nefnir borgina „dalverpi Nabíls“. Í töflunni segir Hann: „Er Vér komum þangað, var oss fagnað með fylktum ljósum og rödd Andans kallaði upp og sagði: „Brátt munu allir, sem á jörðunni dvelja, fylkja sér undir þessi ljós.“

Koman til 'Akká táknaði ekki að þrengingar Bahá'u'lláh og félaga Hans væru á enda, heldur færði hún þeim þvert á móti beiska kvöl og frelsisskerðingu. Bahá'u'lláh vísar til fyrstu níu áranna í 'Akká með þessum orðum: „Vit þú, að þegar Vér komum á þennan stað, nefndum Vér hann „Prísundina mestu“. Þótt Vér hefðum áður verið lagðir í fjotra í öðru landi (Teheran), gáfum Vér því ekki þetta nafn. Seg: gefið gaum að þessu, ó þér, sem skilning hafið!“

Aðbúnaðurinn í Akká

Þegar fangarnir stigu á land í 'Akká, tók á móti þeim mannfjöldi, sem kominn var til að sjá með eigin augum „Guð Persanna“ og lét háðsglósom og formælingum rigna yfir útlagana. Þeir voru leiddir í gegnum öngstræti elsta borgarhlutans til herskálanna, þar sem þeir voru læstir inni og vörður settur um þá. Bahá'u'lláh fékk til umráða litla vistarveru, illa hirta og óhrjálega. Þykkt ryklag var á gólfinu og gipsflygsur hrundu úr lofti og veggjum. Bahá'u'lláh segir í *Lawh-i-Ra'is*: „Fyrstu nóttina fékk enginn mat eða drykk ... Þeim var jafnvel neitað um vatn.“ Vatnið í garðpollinum var svo fúlt og gruggugt að enginn gat fengið sig til að drekka það. Hver fanganna fékk þrjá hleifa af svörtu, söltu brauði, afar ólystugu, en síðar var þeim leyft að skipta á þeim og tveimur hleifum af betra brauði.

Áqá Ridá, einn félagi Bahá'u'lláh í útlegðinni, segir svo frá fyrstu nóttinni í Akká:

„Fyrstu nóttina þjáðumst við mjög af þorsta. Vatnið í pollinum var illþefjað. Við vildum fara út og sækja ferskt vatn, en þeir vildu ekki leyfa okkur það. Þeir komu með lítið eitt af soðnum hrísgrjónum frá húsi 'Abdu'l-Hadí Páshá, sem var mutasarraf (héraðs- eða borgarstjóri) í 'Akká, en það nægði ekki. Þeir gengu á fund hinnar Blessuðu fullkomnunar og Hann mælti til þeirra af slíkri þekkingu og visku, að þeir gerðu sér grein fyrir á þessum fyrsta fundi, að hér voru á ferðinni menn, sem höfðu til að bera lærdóm, visku og fágætan skilning. Einn þeirra lýsti því yfir þar og þá, að aldrei áður hefðu svo hreinlundaðar og heilagar sálir stigið fæti sínum í 'Akká ...“

Þegar líða tók á haust veiktust allir útlagarnir nema tveir ýmist af malaríu, blóðkreppusótt eða taugaveiki. 'Abdu'l-Bahá veiktist þó ekki og hugaði ávallt vel að því hvað Hann át og drakk. Það féll í Hans hlut að hlynna að hinum sjúku. Þrír útlagarnir dóu af veikindum og vösbúð, þeirra á meðal tveir bræður, sem létust „hvor í annars faðmi“, að sögn Bahá'u'lláh. Hann fékk varðmónnunum teppi sitt og bað þá selja það til þess að kaupa lín til að sveipa í læk þeirra og greiða útförina. Smánarupphæð fékkst fyrir teppið, en hermennirnir neituðu að greftra líkin nema gegn



Prísundin mesta í Akká.

þóknun. Síðar kom í ljós að þeir höfðu stungið peningunum í eigin vasa en huslað lík bræðranna í tötrunum sem þeir voru í, þegar þeir dóu. Þá höfðu hermennirnir fengið helmingi hærri upphæð en sem svaraði útfararkostnaðinum.

Algjör einangrun

Vörður Bahá'í trúarinnar, Shoghi Effendi, hefur ritað:

„Ótvíræð fyrirmæli höfðu verið gefin út af soldáninum og ráðherrum hans þess efnis, að útlagamir, sem bornir voru þeim sökum að hafa ratað í stóra villu og leitt aðra á glapstigu, skyldu sæta ströngustu innilokun. Sú von og fullvissa var látin í ljós, að lífstíðardómurinn yrði til þess að útrýma þeim með öllu. Tilskipun ‘Abdu’l-Azíz, soldáns, dagsett fimmta Rabí’u’th-Tháni, 1285 A.H. (26. júlí. 1868) kvað ekki aðeins á um eilífa útlegð þeirra, heldur fyrirskipaði einnig strengilega einangrun þeirra og bannaði þeim að hafa samskipti sín í milli og umgangast borgarbúa. Texti þessarar tilskipunar var lesinn upp í heyranda hljóði skömmu eftir að útlagarnir komu til ‘Akká í einni af helstu moskum borgarinnar sem viðvörun til íbúanna.“

Bahá'u'lláh segir frá því að þessum fyrirmælum hefði verið fylgt svo fast eftir, að ætíð þegar þeir þurftu á rakara eða baðverði að halda, hafi hann komið inn í borgvirkið í lögreglufylgd. Af þessum sökum gekk Bahá'u'lláh ekki til almannabaðanna um skeið.

Einangrunin var svo algjör, að Bahá'íar í Persíu tóku að óttast um afdrif Bahá'u'lláh, ekki síst eftir að fylgismenn Mírzá Yaḥyá í Işfahán tóku að breiða út þann orðróm, að Hann hefði druknað. Þeir fengu um síðir bresku símskeytastofuna í Julfá til að komast að hinu sanna í málinu.

Þótt sjúkdómar herjuðu enn á útlagana, létust ekki fleiri af þeirar völdum. Áqá Riḍá segir frá því að í fjóra mánuði samfleytt hafi daglega verið eldaður fullur pottur af súpu fyrir sjúklingana, en á kvöldin fengu þeir hrísgrjónaskammt, sem ‘Abdu’l-Bahá skipti á milli þeirra í samræmi við þarfir hvers og eins. Loks veiktist ‘Abdu’l-Bahá sjálfur og lá um nokkurt skeið milli heims og helju. Honum batnaði aftur og einn af öðrum fengu allir útlagarnir bata á ný.

Áqá Ḥusayn-i-Ashchí skýrir frá því í endurminningum sínum,

að ‘Abdu’l-Bahá hafi verið önnum kafinn við aðhlyningu sjúkra nótt sem nýtan dag. Hann stóð jafnan við hlið borgvirkisins og beið þeirra sem farið höfðu í fylgd varðmanna í verslunarerindum inn í borgina. Er þeir sneru heim, rannsakaði Hann kostgæfilega allt sem þeir höfðu keypt til þess að ganga úr skugga um, að ekkert óheilmæmt væri borið inn til útlaganna. Væri maturinn skemmdur fleygði Hann honum.

Síðar var ‘Abdu’l-Bahá sjálfum ásamt nokkrum félögum leyft að fara út úr herskálunum til að kaupa mat og aðrar nauðsynjar á markaðinum í ‘Akká. Þessar ferðir reyndust mjög þýðingarmiklar fyrir Bahá’í samfélagið, því að ekki gat hjá því farið að fólk veitti þessu geislandi ungmenni athygli, hrifist af vingjarnleik Hans og sálargöfgi. Dag nokkurn var Hann staddur í sölubúð einni ásamt félögum sínum. Meðan þeir biðu afgreiðslu, fóru Múslim einn og kristinn maður að rökraða trúarbrögð og fór Músliminn halloka í umræðunum. ‘Abdu’l-Bahá gaf sig á tal við mennina og með einföldum en áhrifamiklum rökum sýndi hann kristna mannum fram á sannleika og gildi Islám. Fregnirnar um þessi orðaskipti bárust víða og yljudu mörgum um hjartaræturnar. Þetta breytti afstöðu fjölda manns til útlaganna og var upphafið á þeirri fádæma hylli og vinsældum, sem ‘Abdu’l-Bahá naut meðal almennings í ‘Akká.

Á þessum daglegu verslunarferðum komust íbúar borgarinnar í nána snertingu við ‘Abdu’l-Bahá. Allir skynjuðu þá ást og samúð, sem ætíð streymdi frá Honum og heilandi persónuleiki Hans laðaði að sér háa sem lága. Smám saman hvarf borgarbúum allur ótti og andúð í garð Bahá’u’lláh og fylgjenda Hans og margir fengu einlæga samúð með Trúnni. Sumir þeirra, sem drógust þannig ómótstæðilega að Málstaðnum, reyndu stundum að hjálpa þeim Bahá’íum, sem neitað var um inngöngu í borgina, til dæmis með því að láta reipi síga til þeirra yfir borgarmúranna, en varðmennirnir stöðvuðu jafnan þessar björgunartilraunir.

Embættismenn í ‘Akká höfðu gert ýmsar ráðstafanir til þess að Bahá’íarnir kæmst ekki inn í borgina. Siyyid Muhammad og Áqá Ján voru fyrst í haldi innan múra borgvirkisins ásamt Bahá’u’lláh og félögum Hans, en eftir nokkra daga fóru þeir þess á leit við yfirvöld að verða fluttir burt, og þeim var fenginn staður í vistarveru yfir öðru borgarhliðinu í ‘Akká, þar sem þeir gátu gjörlla fylgst með ferðum þeirra, sem nálgudust borgina eða yfirgáfu hana. Þeir fengu það verkefni að halda uppi njósnum um ferðir



Loftmynd af borgvirkinu 'Akkå.

þeirra, sem fóru um hliðið, og gera varðmönnum viðvart um leið og einhveijir Bahá'íar reyndu að komast inn. Þeir unnu starf sitt af stakri kostgæfni og báru kennsl á marga átrúendur, sem komið höfðu um langan veg til að hitta Bahá'u'lláh, jafnvel þótt þeir væru dulbúnir. Þeim var umsvifalaust meinuð innganga í borgina.

Erfiðleikar pílgrímanna

Þeir fáu pílgrímar, sem þrátt fyrir bann yfirvalda og miklar hættur tókst að komast að hliðum borgarinnar — sumir fótgangandi alla leið frá Persíu — urðu að láta sér nægja að sjá Bahá'u'lláh bregða fyrir í svipsýn. Þeir tóku sér þá stöðu handan annarrar virkisgrafarinnar og horfðu á gluggann í fangaklefa Bahá'u'lláh. Þeir sáu Honum bregða fyrir eitt andartak innan járnrimlanna og Hann veifaði til þeirra með línklút til merkis um að Hann vissi af þeim. Síðan héldu þeir aftur heim sömu leið og þeir höfðu komið yfir brennandi eyðimerkursanda Sýrlands og íraks og illfær firnindi V-Persíu, glaðir í hjarta og þakklátir.

Aldurhniginn pflagrímur, Ustád Ismá'íl, sem kominn var alla leið frá Mosúl, tók sér stöðu á bakka virkisgrafarinnar og horfði frá sér numinn á gluggann í klefa Ástvinar síns, en sakir sjóndepru tókst Honum ekki að sjá ásjónu Hans og sneri aftur til hellísins í hliðum Karmel-fjalls, sem var afdrep hans. Þetta atvik hrærði hina helgu fjölskyldu til tíra, en hún hafði fylgst áhyggjufull með ferðum hans. Nabíl, sagnritarinn mikli, flúði borgina eftir að menn báru kennsl á hann. Hann sá Bahá'u'lláh bregða fyrir stuttlega frá þessari sömu virkisgröf, en síðan hélt hann áfram að reika um héruðin í grennd við Nasaret, Haifa, Jerúsalem og Hebron, uns slakað var á hömlunum og hann gat á ný slegist í lið með útlögunum.

Aðeins örfáum pílgrímum tókst að sleppa ósédur inn í borgina, en þeir urðu jafnan að hverfa þaðan aftur án þess að sjá Bahá'u'lláh. Fyrstu tveir átrúendurnir, sem komust inn í Akká, voru Hájí Sháh Muḥammad, sem síðar þoldi píslarvætti fyrir trú sína, og Hájí Abu'l-Ḥasan, auknefndur Amín-i-Iláhi („sá, sem nýtur trausts Guðs“). Þeir voru báðir frá héraðinu Yazd í Persíu. Hinn síðarnefndi lifði allt fram á daga Shoghi Effendi, Varðar

Bahá'í trúarinnar, og hafði umsjón með Huququ'lláh.¹ Til þess að komast inn í borgina keyptu þeir nokkra úlfalda og dulbjuggu sig sem Araba. Enginn bar kennsl á þá og þeir komust óáreittir inn í borgina.

Þeir hittu 'Abdu'l-Bahá að máli og Bahá'u'lláh voru fluttar fregnirnar af komu þeirra. Ráðstafanir voru gerðar til þess að þeir gætu hitt Bahá'u'lláh í almannaböðunum, en þeir voru varaðir stranglega við því að gefa með nokkrum hætti til kynna, að þeir þekktu Hann. En er Hájí Amín leit ásjónu Ástvinar síns, komst hann í slíka geðshræringu, að hann byrjaði að skjálfa, fæturnir báru hann ekki og hann féll í öngvit og skall með höfuðið á steinnibbu. Hann meiddist illa á höfði og var borinn út í skyndingu af vinum sínum.

Koma þessara tveggja átrúenda til 'Akká auk fáeinna annarra, sem tókst að komast inn í borgina síðar, varð til þess að boðskipti komust á milli Bahá'u'lláh og samfélags hinna trúuðu, sem með svo grimmdarfullum hætti hafði verið svift allri von um að sjá Hann eða heyra framar. Bréf frá þeim streymdu til 'Akká og Bahá'u'lláh opinberaði töflur sínar til þeirra og sendi þær út. Margir átrúendanna sýndu fádæma hetjuskap og fórnfýsi og hættu lífi sínu hvað eftir annað til að halda uppi þessum lífsnauðsynlegu tengslum. Meðal þeirra var víðkunnasti sendiboði Bahá'u'lláh, Shaykh Salmán, „sendiboði hins Miskunnsama“, sem fyrr á árum hafði borið töflur Bahá'u'lláh frá Irak og Adríanópel til viðtakenda í Persíu. Hann hélt þessu erfiða og lífshættulega starfi áfram og fór ótal ferðir fótgangandi milli 'Akká og Persíu. Hann lifði jafnan í sárustu fátækt og dró fram lífið á brauði og lauk. Þessi mikla hetja Trúarinnar var ólæs og óskrifandi, en er talin meðal andlegra risa Bahá'í trúarinnar.²

Fómardauði Mírzá Mihdí

Við þrengingar Bahá'u'lláh í borgvirkinu í 'Akká bættist nú hörmulegur dauðdagi yngsta sonar Hans, Mírzá Mihdí (Greinin

1 „Réttur Guðs“ — einskonar tíund, sem persneskir Bahá'íar greiða til Trúarinnar.

2 Sjá grein eftir Adib Taherzadeh „Three momentous years of the Heroic age -1868—1870“, The Bahá'í World 1973–1976.

skírasta). Þessi göfugi og guðrækni æskumaður hafði það fyrir sið á kvöldin að fara upp á þak borgvirkisins, ganga þar fram og aftur og biðjast fyrir eða hugleiða. Af þakinu er fagurt útsýni yfir Miðjarðarhafið og Karmel-fjall handan flóans, en öndvert má sjá 'Akká-sléttuna og tind Hermon-fjalls blána í fjarlægð. Kvöld eitt er Mírzá Mihdí gekk um þak herskálans í rökkrinu, niðursokkinn í hugleiðslu og bæn, féll hann niður um óvarinn þakglugga á trégrind, sem stóð á gólfinu undir honum. Oddhvasir rimlarnir gengu í gegnum brjóst hans og hann lést af sárum sínum tuttugu og tveimur stundum síðar, 23. júlí 1870. Hann var þá tuttugu og tveggja ára gamall.

Bahá'u'lláh var sóttur til hans þegar í stað og spurði hvað hefði gerst. Mírzá Mihdí sagði, að hann hefði alltaf talið skrefin að þakglugganum, en þetta kvöld hefði hann gleymt því. Ítalskur læknir var sóttur, en hann fékk engu áorkað. Þótt Mírzá Mihdí þjáðist mjög, var hann við fulla meðvitund og talaði til félaganna, sem stóðu umhverfis hann. Áqá Husayn segir frá því, að honum hafi þótt það mjög miður að þurfa að leggjast niður í návist þeirra. Áqá Husayn minnst þess einnig að hafa heyrt Bahá'u'lláh kveina í sorg sinni: „Mihdí! Ó, Mihdí!“ Áður en hann dó spurði Bahá'u'lláh: „Áqá, hver er ósk þín, segðu Mér það.“ Sonur Hans svaraði: „Ósk mín er að fylgjendum Bahá verði gert kleift að komast í návist Þína.“ Bahá'u'lláh sagði: „Svo mun verða. Guð mun uppfylla ósk þína.“ Þessi æskumaður, sem elskaður var af öllum fyrir lyndisgöfgi sína, blíðu og nærgætni, gaf þannig líf sitt sem lausnargjald fyrir þá, sem meinað var samneyti við Ástvin sinn. Fjórum mánuðum síðar var hinni ströngu einangrun í borgvirkinu aflétt.

Vörður Bahá'í trúarinnar hefur skrifað:

„Í afar þýðingarmikilli bæn, sem Bahá'u'lláh opinberaði í minningu sonar síns — bæn, þar sem dauði hans er settur jafnfætis friðþægingarverkunum miklu, sem tengd eru ásetningi Abrahams að fórna syni sínum, krossfestingu Jesú Krists og píslarvætti Imám Husayn — lesum við eftirfarandi:

„Eg hef, ó Guð minn, fórnað því sem Þú hefur gefið mér til þess að allir þjónar Þínir megi öðlast nýtt líf og allir, sem á



Mirzá Mihdí, Hin skírasta grein.


jörðu dveljast, sameinast.“ Hann beinir ennfremur þessum spámannlegu orðum til sonar síns, sem bergt hafði á bikar píslarvættisins: „Þú ert heitfé Guðs og fjársjóður Hans í þessu landi. Áður en langt um líður mun Guð opinbera fyrir atbeina þinn það sem Hann hefur áformað.“

Múftinn (trúarleiddtogi) í ‘Akká, Shaykh Maḥmúd, fór fram á það við ‘Abdu’l-Bahá, að fá að þvo lík Mírzá Mihdí og sveipa það, til þess að varðmennirnir legðu ekki hendur sínar á það sem var heilagt. Þessu boði var tekið. Er líkið hafði verið búið til greftrunar í viðurvist Bahá’u’lláh, var hann borinn á brott í fylgd virkisvarðanna og lagður til hinstu hvíldar í námunda við graphýsi spámannsins Şálih. Þaðan voru jarðneskar leifar hans og móður hans fluttar sjötíu árum síðar og greftraðar í hlíðum Karmel-fjalls við hliðina á legstað systur hans í skugga hins heilaga graphýsis Bábsins.

Um nokkurt skeið hafði Mírzá Mihdí starfað sem ritari Föður síns og enn eru til töflur með rithönd hans. Áqá Riḍá gefur honum þann vitnisburð, að hann hafi verið stoð og stytta lærisveina Bahá’u’lláh allt frá þeim degi, er Hann hélt frá Baghdad, uns þetta hörmulega slys varð honum að aldurtila. Allt líf hans einkenndist af hæversku og þolgæði, göfuglyndi og geislandi rósemi í þjáningum og erfiðleikum.

Slakað á hömlunum

Fjórum mánuðum eftir dauða Mírzá Mihdí voru tyrknesku herflokkarnir kvaddir til vopna og þá varð að flytja Bahá’u’lláh, skyldulið Hans og útlagana alla frá herskálunum. Hann og fjölskylda Hans voru fyrst flutt í hús Maliks í vesturhluta borgarinnar, en fjórum mánuðum síðar eftir nokkra hrakninga til húss ‘Údi Khammár. Sá dvalarstaður var svo ófullnægjandi, að þrettán manns af báðum kynjum urðu að láta fyrirberast í einu herbergi. Sumir félaganna urðu að leita aðseturs í öðrum húsum, en hinum var komið fyrir í gistihúsinu Khán-i-’Avamíd, sem er fyrsta pílagramshús Bahá’ía í Landinu helga. ‘Údi Khammár var nafnkunnur mektarmaður í ‘Akká. Hann játaði kristna trú, nánar tiltekið hina rómversk-kaþólsku grein hennar. Hann og frændi hans, Ilyás ‘Abbúd, sem einnig var kaþólskur og átti heima í næsta



Klefi Bahá'u'lláh íprísundinni í 'Akká.

húsi, voru nánir félagar. 'Údí Khammár, sem alræmdur var fyrir nísku, var að byggja sér veglega höll í nágrenni Bahjí, eigi fjarri höll 'Abdu'lláh Páshá. Í hinu mikla ritverki sínu *Bahá'u'lláh — The King of Glory* segir H.M. Balyuzi, að þessi höll 'Abdu'lláh Páshá hafi þegar fram liðu stundir komist í hendur Baydún-fjölskyldunnar, sem voru áhrifamiklir Múslimir í 'Akká og mjög andsnúnir Bahá'u'lláh. 'Údí Khammár hélt áfram að byggja höll sína, en 'Abbúd leit á þetta sem flónsku, þótt ýmsir úr fjölskyldu hans létu byggja sér hús í grennd við höllina. Er 'Údí Khammár flutti frá 'Akká, seldi hann Bahá'u'lláh hús sitt í borginni. 'Abbúd var mjög mótfallinn þessu og reyndi að hindra kaupin. Hann forðaðist allt samneyti við útlagana og lagði krók á leið sína, ef hann mætti þeim á förnum vegi. Til þess að vera alveg óhultur lét hann reisa mikinn múrvegg milli húss síns og húss Bahá'u'lláh. Þá gerðist hörmulegur atburður, sem staðfesti allar verstu grunsemdir 'Abbúd, varpaði djúpum skugga á Bahá'í samfélagið og jók enn þrengingar og mæðu Bahá'u'lláh.

Morðin á Azalítunum¹

Vart hafði verið slakað á þeim þungbæru hömlum, sem lagðar höfðu verið á Bahá'u'lláh, og varðmennirnir sem gættu Hans og útlaganna, sendir á brott, fyrir en innri ólga, sem vaxið hafði í samfélaginu um hríð, náði skyndilega hámarki. Tveir útlaganna, sem fylgdu Bahá'u'lláh til 'Akká, höfðu hagað sér á þann veg, að Hann neyddist til að reka þá frá sér. Annar þeirra var Mírzá Riḍá-Qulí, mágur Mírzá Yaḥyá. Þessir menn tóku strax höndum saman við Siyyid Muḥammad, sem reyndi að notfæra sér þennan liðsauka eins og best hann mátti. Ásamt nýliðunum og gömlum félögum, sem héldu uppi njósnum um útlagana, hóf hann nýja rögsherferð á hendur Bahá'u'lláh, ennþá illskeyttari en þá sem hann hafði staðið að í Konstantínópel og sem hafði lyktað með því að Bahá'u'lláh var sendur í lífstíðarútlegð til 'Akká. Tilgangurinn að þessu sinni var að espa upp fordómafullan og tortrygginn múg gegn Bahá'í samfélaginu. Ný hætta vofði nú yfir Bahá'u'lláh og fylgjendur Hans voru í miklu uppnámi. Nokkrir þeirra tóku að bollaleggja hefndaraðgerðir gegn Siyyid Muḥammad. Bahá'u'lláh hafði hvað eftir annað bannað fylgismönnum sínum, bæði skriflega og munnlega, að reyna að ná fram hefndum á ofsóknarmönnum sínum og Hann lét senda aftur til Beirut óábyrgan arabískan fylgismann, sem ætlaði að hefna rangindanna, sem hinn elskaði Leiðtogi hans hafði verið beittur. En þrátt fyrir strengilegar viðvaranir Hans og ítrekað forboð gegn hefndum og hverskyns ofbeldi, leituðu sjö fylgismenn Hans uppi kúgara sína, þrjá talsins, og vógu þá. Þeir voru Siyyid Muḥammad, sem Shoghi Effendi hefur nefnt Andkrist Bahá'í opinberunarinnar, handbendi hans Áqá Ján og Mírzá Riḍá-Qulí.

Ólýsanlegum óhug sló á hið litla og langhrjáða samfélag, er fréttirnar um þetta ódæði bárust út. Sorg og reiði Bahá'u'lláh þekkti engin takmörk. Í töflu, sem Hann opinberaði skömmu eftir að þessir glæpir voru framdir, segir Hann:

„Ef Vér minntumst þess sem Oss hefur fallið í skaut, mundu himnarnir klofna og fjöllin verða að dufti.“

Hann segir einnig:

1 Áhangendur Mírzá Yáhyá.

„Helsi Mitt getur ekki skaðað Mig. Það sem getur skaðað Mig er framferði þeirra, sem elska Mig, sem segjast tengdir Mér og fremja þó það sem fær hjarta Mitt og penna til að kveina ... Helsi Mitt getur ekki leitt yfir Mig nokkra smán. Nei, sem Eg lifi, það færir Mér aðeins dýrð. Það sem getur komið Mér til að blygðast er framferði þeirra fylgismanna Minna, sem segjast elska Mig en fylgja í raun hinum illa.“

Bahá'u'lláh handtekinn

Bahá'u'lláh var að lesa ritara sínum fyrir, er flokkur hermanna með brugðna branda og borgarstjórann í 'Akká í fararbroddi, umkringdi hús Hans. Öll borgin var í miklu uppnámi. Hvarvetna mátti heyrja hróp og háreysti. Þá sömu nótt lagðist rússneskt gufuskjap við akkeri úti fyrir 'Akká og herforingjar bönnuðu samtundis allar ferðir til og frá skipínu. 'Abdu'l-Bahá fór inn í íbúð Föður síns til að gera Honum viðvart um komu hermannanna. Skömmu seinna kom Hann út í náttmyrkrið og maður nokkur gekk á undan Honum með skriðbyttu. Þeir sem sáu Hann þessa nótt hafa lýst því hvernígg andrúmsblær tignar og valds hjúpaði Hann, svo að vegfarendurnir sem mættu Honum námu staðar höggdofa, lostnir ótta og lotningu. Einn borgarbúa, sem varð vitni að þessum atburðum og sá sjálfur Bahá'u'lláh, játaðist málstað Hans umsvifalaust og gekk í hóp fylgismanna Hans.

Er Bahá'u'lláh kom inn í salinn þar sem yfirheyrslurnar yfir Honum áttu að fara fram, risu allir embættismennirnir á fætur sem einn maður. Dauðapögn ríkti í salnum þegar Bahá'u'lláh gekk inn og tók sér sæti í innri enda hans. Loks sagði yfirmaður tyrkneska setuliðsins: „Er það við hæfi, að menn yðar fremji svo guðlausan verknað?“ Bahá'u'lláh svaraði: „Ef hermenn undir þinni stjórn gerðust brotlegir við reglur, yrðir þú þá gerður ábyrgur og látinn sæta refsingu?“ Aftur varð dauðapögn. Loks reis Bahá'u'lláh á fætur og yfirgaf salinn. Enginn reyndi að hefta för Hans.

Fáeinum klukkustundum síðar var Bahá'u'lláh settur í stofu-fangelsi ásamt syni sínum, Mírzá Muḥammad-'Alí, í gistihúsinu Khán-i-Shávirdí. Hinum útlögunum var varpað í fangelsi og þeir hlekkjaðir tuttugu og fimm saman í einum fangaklefa. Eftir fáeina daga sendi borgarstjórinn í 'Akká símskeyti til ríkisstjórans í Sýrlandi og skýrði frá öllum málavoxtum. Şubhí Páshá ríkisstjóri

brást reiður við og ávítaði undirmann sinn harðlega fyrir aðförina að Bahá'u'lláh. Borgarstjórinn tjáði Bahá'u'lláh skömmu síðar að Hann væri frjáls ferða sinna og baðst afsökunar á frumhlaupi sínu. Bahá'u'lláh og nokkrir lærisveinanna héldu síðan heim.

Sjómenningarir, sem drýgt höfðu ódæðið, voru dæmdir í sjö ára fangelsi. Sextán aðrir félagar Bahá'u'lláh voru fluttir til Khán-i-Shávirdí í sama herbergið og Bahá'u'lláh hafði gist og þar var þeim haldið í sex mánuði.

Borgarbúar, sem margir hverjir höfðu haft illan bifur á útlögunum, fylltust nú óstjórnlegri heift gegn öllum, sem játuðu trú Bahá'u'lláh og sökuðu þá um guðleysi, hermdarverk og trúvillu. Ef börn útlaganna sýndu sig á götum úti, réðist götulýðurinn að þeim með bölbænum og grjótkasti. Bikar þrenginganna var barmafullur og yfirflóandi. Eins og áður sagði greip nágrenni Bahá'u'lláh, 'Abbúd, til þess bragðs að hlaða einskonar virkisvegg milli heimilis síns og húss Bahá'u'lláh af ótta við þau illu áhrif, sem honum þótti stafa frá útlaganýlendunni.

Áqá Ridá hefur lýst vist fanganna í Khán-i-Shávirdí. Fallbyssuliðarnir, sem settir voru til að gæta þeirra, voru fullir tortryggni í þeirra garð og beittu þá mikilli hörku. Stöðugar svívirðingar dundu á þeim. En óaðfínanleg hegðun þeirra og blíðlyndi braut smám saman niður alla múra milli þeirra og fangavarðanna, uns hinum síðarnefndu varð ljóst, að yfirmenn þeirra hefðu logið sökum upp á þessa fanga. Brátt rann upp sá dagur, er þeim var leyft að fara í heimsóknir í önnur hús og til Bahá'u'lláh. Á kvöldin buðu þeir fallbyssuliðunum og lögreglumönnum til tedrykkju. Þeir gróðursettu blóm í húsagarðinum og héldu gamla veitingahúsinu snyrtilegu. Þeir skiptust á um matseld og hreingerningar. Að lokum létu fangaverðirnir í ljós megna andúd á hörku og mannúðarleysi yfirvalda, sem neituðu föngunum enn um heimfararleyfi. En frelsið var í nánd. Brátt var borgarstjórinn leystur frá starfi og í hans stað skipaður Aḥmad Big Tawqí, sem var réttlátur maður og grandvar.

Breyttir tímar

Ekki leið á löngu uns fallbyssuliðarnir snerust öndverðir gegn yfirmönnum sínum. Þeir leystu nokkra útlaganna úr haldi og fóru með þá til bækistöðva stjórnarinnar. Þar gerðu þeir boð fyrir

hernaðaryfirvöld og lýstu því umbúðalaust yfir, að þeir væru hermenn en ekki fangaverðir. Ef útlagarnir væru glæpamenn, bæri yfirvöldum skylda til að sjá svo um að þeir yrðu settir undir lás og slá, en ef þeir væru saklausir, ætti að leyfa þeim að fara frjálsum ferða sinna.

Andstaða yfirvalda linaðist mjög við þessa djarfmannlegu áskorun og brátt voru fangarnir leystir úr haldi.

Upp frá því fóru breyttir tímar í hönd fyrir Bahá'u'lláh og félag Hans. Smám saman gengu borgarþáttfarar og embættismenn stjórn-arinnar í 'Akká úr skugga um sakleysi Hans og nánustu fylgismanna. Það var ekki síst að þakka þrotlausri viðleitni 'Abdu'l-Bahá, að rás viðburðanna tók þessa nýju og óvæntu stefnu. Hann var í stöðugri snertingu við alla íbúa borgarinnar, háa sem lága, og vann skilyrðislausu vináttu og virðingu allra, sem Hann umgekkst. Auk þess sem Hann hafði yfirumsjón með öllu húshaldinu, annaðist gesti og gangandi og sá fyrir þörfum þessa mannmarga heimilis, varði Hann Föður sinn ásókn gesta og hverskyns óþægindum af völdum utanaðkomandi fólks. Enginn gekk á fund Bahá'u'lláh nema hann hefði fyrst fengið leyfi til þess frá 'Abdu'l-Bahá og þannig fékk Hann næði í fyrsta sinn á æfinni til að helga sig eingöngu opinberun taflna og ritninga.

Hinn nýi borgarstjóri í 'Akká var eins og fyrr segir réttssýnn maður og grandvar. Hann varð svo hugfanginn af 'Abdu'l-Bahá, tign Hans og þekkingu, að hann gekk aldrei á fund Hans án þess að hafa fyrst dregið skó af fótum sér. Haf t var á orði, að vildarvinir og helstu ráðgjafar borgarstjórans væru allir fylgismenn þess Fanga, sem hann var settur til að gæta. Síðar sendi hann son sinn í kennslu til 'Abdu'l-Bahá.

Rit Bahá'u'lláh, sem andstæðingar Hans höfðu safnað í þeirri fánýtu von að snúa borgarstjóranum gegn Bahá'u'lláh, höfðu á hann gagnstæð áhrif. Eftir að hann hafði kynnt sér efni þeirra kostgæfilega, vildi hann óðfús kynnast ritningunum betur. Hann hafði lengi óskað eftir því að fá áheyrn hjá Bahá'u'lláh og er hann loksins gekk á fund Hans, baðst hann leyfis að fá að inna af hendi einhverja þjónustu við Hann. Bahá'u'lláh lagði þá til að hann léti gera við vatnsleiðsluna til borgarinnar, en hún hafði legið í niðurníðslu í þrjátíu ár og kom engum að gagni. Borgarstjórinn greip tækifærið fegins hendi og það varð íbúum 'Akká mikið fagnaðar-etni, er þeir loksins fengu ferskt vatn inn í borgina. Borgarstjórinn að þá ekki þakka sér þetta, heldur Bahá'u'lláh.

Ilyás ‘Abbúd

Umburðarlyndi og ástríki Bahá’u’lláh mýkti lund hörðustu andstæðinga Hans og breytti svörnum fjendum í vini. Ilyás ‘Abbúd, sem reist hafði múr milli heimilis síns og húss Bahá’u’lláh komst brátt ápreifanlega að raun um að þær kynjasögur sem gengu af Bahá’u’lláh og félögum Hans voru heilaspuni öfundarmanna Hans og áður en varði reif hann niður með eigin höndum vegginn, sem hann hafði hlaðið. Þegar fram liðu stundir varð hann náinn vinur ‘Abdu’l-Bahá og svo gagntekinn varð hann af Bahá’u’lláh sjálfum, að hann lét Honum eftir hús sitt og flutti sjálfur í annað. Bahá’u’lláh gat þá flutt í rúmgott herbergi, þar sem sá yfir hafið. Aðstæður útlaganna, sem lengi höfðu búið við mikil þrengsli í húsinu, sem ‘Údí Khammár seldi Bahá’u’lláh, bötnuðu til muna. Húsasamstæðan, sem Bahá’u’lláh og fjölskylda Hans bjuggu í, er nú nefnt Bayt ‘Abbúd („hús ‘Abbúds“) eftir eiganda sínum.

Það var fyrir ítrekuð tilmæli ‘Abbúds að Bahá’u’lláh veitti borgarstjóranum í ‘Akká, Aḥmad Big Tawqí, áheyrn. Áqá Riḍá skýrir frá því, að hann hafi dag nokkurn gegið á fund Bahá’u’lláh „þögull og auðmjúkur.“ ‘Abbúd benti viðstöddum á að koma með qalydn (vatnspípuna), sem að austurlenskum sið var jafnan borin fyrir tigna gesti. Aḥmad Big bandaði frá sér til merkis um að hann vildi einskis neyta í návist Fangans. Bahá’u’lláh bað hann að segja sér frá máli og aðstæðum hvers fanga um sig, sem þá voru enn í haldi í Khán-i-Shávirdí. Borgarstjórinn leysti greiðlega og samviskusamlega úr spurningum Hans og sagði einnig frá sjömenningunum, sem voru í haldi í alræmdu og ógnvekjandi Límándýflissunni í ‘Akká. Yfirvöld höfðu áður fyrr gert þá kröfu, að 300 sterlingspund yrðu greidd fyrir hvern fanga, sem sleppt yrði úr Khán-i-Shávirdí, en öllum til undrunar heimilaði borgarstjórinn að mönnum yrði sleppt án nokkurs lausnargjalds.

Eiginkona Mírzá Yahyá

Badrí Ján, ein af konum Mírzá Yahyá, sem verið hafði í slagtogi með sáttmálsbrjótunum, leitaði á náðir Bahá’u’lláh en fór síðar aftur til andstæðinga Hans. Hún kvartaði nú sáran yfir því að líf sitt væri í hættu og að útlagarnir hefðu í hyggju að koma sér fyrir kattarnef eins og bróður sínum, Mírzá Riḍá-Qulí. Borgarstjórinn í

‘Akká ákvað að hún skyldi fara aftur til eiginmanns síns, en hún vildi ekki fara með friði og því varð að flytja hana til Mírzá Yaḥyá með lögregluvaldi. Er hún kom til Kýpur fór hún ekki í launkofa með andstyggð sína á Mírzá Yaḥyá og neitaði að fara til Fama-gusta, þar sem hann bjó, en lagði þess í stað lykkju á leið sína og hélt til Nikósíu. Eftir nokkurn tíma fór hún til Smyrnu og bjó þar í húsi tóbakskaupmanns frá Persíu. Tvær dætur hennar giftust Shaykh Aḥmad-i-Rúḥi og Mírzá Áqá Khán-i-Kirmání, sem voru báðir Azalítar. Þeir voru pólitískir æsingamenn og hatrammir andstæðingar Bahá’u’lláh. Þeir voru dæmdir til dauða í Tabríz árið 1896 fyrir pólitíska undirróðursstarfsemi og hálfhöggnir í viðurvist persneska krónprinsins.

Sex árum eftir að Badrí Ján kom til Smyrnu, frétti hún að önnur eiginkona Mírzá Yaḥyá¹ hefði látist. Hún sneri þá aftur til Kýpur og tók saman við eiginmann sinn eins og ekkert hefði í skorist.

Sagan af Shaykh Maḥmúd²

Múftinn (safnaðarleiðtoginn) í ‘Akká hét Shaykh Maḥmúd. Hann var vel þekktur í borginni, harður í lund og einstrengingslegur og fyrst í stað lagði hann brennandi hatur á útlagana. Árið 1922 sagði sonardóttir hans lafði Blomfield³ frá undarlegu atviki sem borið hafði fyrir afa hennar 72 árum áður, og sem hann hafði sjálfur sagt henni frá.

Dag einn í föstumánuði Múslima, Ramadán-mánuðinum, 1850 rauf fjölskylda Shaykh Maḥmúd föstuna við sólsetur, eins og siðvenjan bauð. Er fjölskyldan settist niður við hefðbundinn málsverð varð Shaykh Maḥmúd litið út og sá þá mikið og ein-kennilegt ljós á vesturhimninum. Shaykh Maḥmúd, sem þá var lítill drengur, varð skelfingu lostinn og hrópaði: „Sólin hefur snúið við!“ Eftir nokkra stund varð aftur almyrkt, en þetta atvik olli föður Shaykh Maḥmúd þungum áhyggjum. Hann var dyggur og

1 Hún var móðir Mírzá Aḥmad, sem sneri um síðir baki við föður sínum, fór frá Kýpur til ‘Akká og leitaði athvarfs hjá ‘Abdu’l-Bahá. Hann var tryggur stuðningsmaður Trúarinnar til æfiloka.

2 Sjá bls. 162

3 Sjá *The Chosen Highway* (Wilmette: Bahá’í Publishing Trust, 1970), bls.239-241.

staðfastur Múslim og hann óttaðist að þetta tákni á himninum merkti að hann eða einhver úr fjölskyldu hans hefði brotið föstuna. Hann leitaði til gamals Shaykhs, sem var elskaður og virtur af öllum sakir ráðvendni sinnar og guðsótta og sagði honum allt af léttu. öldungurinn svaraði honum á þessa leið: „Þú hefur ekki brotið föstuna, en á þessum degi hefur hræðilegur glæpur verið framinn í fjarlægri borg í Persíu. Þeir hafa myrt Mihdí,¹ sem við höfum beðið eftir og sem kom til að boða komu „hins Mikla“ til þessa dauðlega heims til að uppfylla spádómana.“

Næsta dag kom öldungurinn heim til Shaykh Maḥmúd og sagði við hann: „Hlustaðu á orð mín, barnið mitt. Dag einn mun „hinn Mikli“ koma hingað til ‘Akká. Hann mun búa í háu húsi og mörg þrep liggja að vistarveru Hans. Ríkisstjórnin mun sjá um framfærslu Hans (þ.e. Hann verður fangi). Þú verður hér í þessari borg, þegar Hann kemur. Eg og faðir þinn verðum farnir úr þessum dauðlega heimi, en taktu nú vel eftir því sem eg segi:

Við felum þér að flytja Honum kveðjur úr djúpum hjartna okkar og votta Honum innilega hollustu okkar, mína og föður þíns.“

Árið 1868 frétti Shaykh Maḥmúd að voldugur óvinur Islám hefði verið fluttur til ‘Akká ásamt mörgum fylgjendum sínum og væru þeir allir læstir inni í borgvirkinu. Hann heyrði tilskipun Tyrkjasoldáns um einangrun fanganna lesna upp í moskunni og fylltist brennandi heift í garð Bahá’u’lláh, sem hann taldi að hefði framið óheyrilegan glæp gegn islömskum rétttrúnaði. Hann hélt þegar í stað til hliða borgvirkisins og krafðist þess að sér yrði hleypt inn. Hann hugðist svala heift sinni á hinum fyrirlitna Fanga, móðga Hann og svívirða. Þar sem hann naut mikillar virðingar í ‘Akká gátu varðmennirnir ekki vísað honum frá. Þeir sögðu honum að hann þyrfti að fá leyfi frá Bahá’u’lláh til að ganga á fund Hans. Hann bað um þetta leyfi, en fékk það svar um hæl frá Bahá’u’lláh, að áður en hann kæmi á fund Hans yrði hann að hreinsa hjarta sitt af því sem í því byggi. Shaykh Maḥmúd varð hverft við þegar hann heyrði þetta svar, en reiði hans dvínaði ekki. Eftir skamman tíma reyndi hann aftur að komast á fund Bahá’u’lláh og í þetta sinn fól hann rýting í ermi sinni og var staðráðinn

1 „Hinn fyrirheitni“, titill Bábsins. Sjá inngangsorð þessarar bókar.

í að losa heiminn við þennan ógnvald Isláms. Hann bað á ný um leyfi að fá að hitta Bahá'u'lláh. Að þessu sinni báru verðirnir honum þau svör, að áður en hann fengi að sjá Fangann yrði hann að varpa því frá sér, sem hann feldi í hendi sinni. Shaykh Maḥmúd féll allur ketill í eld og spurði sjálfan sig hver þessi maður væri, sem læsi innstu hugrenningar hans án þess að hafa nokkru sinni litið hann augum. Er hann baðst leyfis til að ganga á fund Bahá'u'lláh í þriðja sinn, var honum veitt það. Þá varpaði hann sér niður við fætur Fangans og játaði Honum hollustu sína. Öll fjölskylda Shaykh Maḥmúd fylgdi honum eftir og játaðist málstað Bahá'u'lláh.

Mírzá Núrí'd-Dín segir frá því í endurminningum sínum, að Shaykh Maḥmúd hafi haft það fyrir sið að fara út fyrir borgina með skriðbyttu þegar kvöldla tók og þegar hann hitti fyrir Bahá'ía, sem kominn var langt að en fékk ekki inngöngu í borgina, afhenti hann honum skriðbyttuna. Bahá'íinn gekk síðan á undan honum eins og hann væri þjónn hans og þannig komust þeir báðir inn í borgvirkið. Með sama hætti leiddi hann Bahá'íann aftur út úr borginni, þar sem hann var óhultur.

Misheppnuð atлага

Eftirmaður Ahmad Big Tawqí borgarstjóraembættinu í 'Akká hét 'Abdu'r-Raḥmán Páshá og var beggja handa járn. Hann var vanur að sýna 'Abdu'l-Bahá mikla lotningu þegar þeir hittust, en þó stóð hann í nánú sambandi við sáttmálsbrjótana í 'Akká. Þeir sendu sameiginlega fjölmargar skýrslur til stjórnvalda, þar sem þeir kvörtuðu undan því að Bahá'íarnir, sem sendir höfðu verið í einangrun til 'Akká, nytu í raun frelsis, hittu hvern þann að máli sem þeir vildu, færu hvert á land sem þeim lysti og rækju jafnvel arðbær viðskipti í borginni. Loks barst borgarstjóranum bréf, þar sem tekið var af skarið um það að Bahá'íar hefðu engan rétt til að eiga sölubúðir né stunda viðskipti af neinu tagi, enda væru þeir fangar soldánsins. 'Abdu'r-Raḥmán ákvað að fylgja þessum fyrirmælum fast eftir. Í Ramadán-mánuðinum ákvað hann að fara sjálfur með mönnum sínum á markaðina í 'Akká og skipa Bahá'í-unum að loka sölubúðum sínum. Slík gerð af hálfu borgarstjórans hefði orðið til þess að draga mjög úr virðingu og álitu Bahá'íanna.

En 'Abdu'l-Bahá var kunnugt um áform borgarstjórans og öllum Bahá'íum, sem áttu verslanir í 'Akká voru gefin fyrirmæli um

að loka þeim. Þegar ‘Abdu’r-Raḥmán gekk ásamt fylgdarliði sínu morgunn einn inn á markaðinn í ‘Akká, komst hann að raun um sér til mikillar furðu, að allar sölubúðir í eigu Bahá’ía voru harðlæstar. Hann hélt að þeir væru ekki enn komnir til vinnu og beið því átektu í húsi varðliðanna. En morguninn leið og aldrei komu Bahá’íarnir. ‘Abdu’r-Raḥmán bjóst vonsvikinn til heimfarar, en í því bili kom múftinn í ‘Akká til húss varðliðanna og flutti borgarstjóranum þau skilaboð frá Raf’at Big, landsstjóra í Damaskus, að hann væri rekinn úr embætti sínu og As’ad Effendi hefði verið skipaður borgarstjóri til bráðabirgða í hans stað. Í skeytinu frá landsstjóranum var beið þyrir kveðju til ‘Abdu’l-Bahá. Um sama leyti gekk forstöðumaður símskeytastöðvarinnar í ‘Akká á fund ‘Abdu’l-Bahá og sýndi Honum afrit af þessu sama skeyti. Allir luku upp einum munnri um það, að hér hefði gerst kraftaverk.

As’ad Effendi var gerður út af örkinni til að rannsaka hvað hæft væri í þeim kynjasögum, sem gengu af útlögunum. Velunnarar Trúarinnar höfðu varað hann eindregið við því að sýna bráðræði eða beita valdi sínu, því að þessir persnesku útlagar væru menn, sem bæri að sýna sérstaka tillitssemi. Af þessum sókum vildi As’ad Effendí ganga fyrir Bahá’u’lláh og sjá Hann með sínum eigin augum, en leyfi til þess var ekki gefið fyrr en Ilyás Abbúd gerðist milligöngumaður hans og bað Bahá’u’lláh um að veita honum áheyrn. As’ad Effendi gekk fyrir Bahá’u’lláh í auðmýkt og lotningu, kyssti kyrtilfald Hans og bað um blessun Hans.

Næstu borgarstjórar í ‘Akká voru allir ráðvandir menn og réttlátir og einn þeirra, Mustafá Díyá Páshá, gaf oftsinnis í skyn að Bahá’u’lláh væri frjáls til að yfirgefa borgina hvenær sem Honum þóknaðist. Bahá’u’lláh hafnaði jafnan því boði og kvaðst vera fangi. Hann hafði þá ýmist verið í einangrun eða stofufangelsi í ‘Akká í níu ár.

11. kafli

Í Bahjí

Eins og áður var frá greint hafði auðugur maður, ‘Údi Khammár, reist veglega höll á sléttunni skammt fyrir utan ‘Akká og kostað til hennar miklu fé. Þegar höllin var reist var Bahá’u’lláh fangi í herskálunum í ‘Akká. Tveimur árum eftir að Bahá’u’lláh flutti til Mazra’ih kom upp farsótt í sveitahéruðunum í nágrenni ‘Akká og ‘Údi Khammár flýði höllina ásamt fjölskyldu sinni. ‘Abdu’l-Bahá tók þá höllina á leigu við lágu verði og síðar keypti Hann hana. Þangað flutti Bahá’u’lláh haustið 1879. Hann nefndi þennan fagra bústað *Bahjí* („unaður“).

‘Abdu’l-Bahá hefur sagt frá tildrögum þess að Bahá’u’lláh flutti til Mazra’ih og síðar til Bahjí:

„Bahá’u’lláh elskaði fegurð og grósku sveitarinnar. Dag nokkurn lét Hann þessi orð falla: „Eg hef ekki litið gróðurlendi augum í níu ár. Sveitin er heimur sálarinnar; borgin er heimur líkamanna.“ Er eg heyrði þessi orð höfð eftir Honum, skildi eg að Hann þráði sveitina, og eg var þess einnig fullviss að mér mundi heppnast allt sem eg gerði til þess að þessi ósk Hans rættist. Á þessum árum var í ‘Akká maður að nafni Muḥammad Páshá Safwat, sem var mikill andstæðingur okkar. Hann átti höll, sem kölluð var Mazra’ih, fjórar mílur norður af borginni; yndislegur staður umlukinn görðum og þar rann lækur. Eg fór og heimsótti þennan Páshá. Eg sagði: „Páshá, þér hafir skilið höll yðar eftir mannlausu og búið í

‘Akká.’ Hann svaraði: „Eg er sjúkur maður og get ekki yfirgefið borgina. Búi eg í höllinni verð eg einmana og fjarri vinum mínum.“ Eg sagði: „Leigið okkur staðinn meðan þér búið þar ekki og hollin stendur auð.“ Þessi málaleitan kom honum mjög á óvart, en hann féllst brátt á hana. Húsið fékk eg leigt við mjög lágu verði, u.þ.b. fimm pund á ári. Eg greiddi leigu fyrir fimm ár og gekk frá samningum. Eg sendi verkamenn til að annast viðgerðir á húsinu og skipuleggja garðinn og reisa baðhús. Eg fékk einnig vagn fyrir hina Blessuðu fegurð.¹ Dag nokkurn ákvað eg að fara og sjá staðinn með mínum eigin augum. Þrátt fyrir ítrekuð fyriræmli í margendurteknum tilskípunarbréfum þess efnis, að við mættum ekki undir neinum kringumstæðum fara út fyrir borgarveggina, gekk eg óhindraður gegnum borgarhliðið. Hermenn voru á verði, en þeir hreyfðu engum mótmælum, svo að eg hélt beint til hallarinnar. Næsta dag fór eg þangað aftur með nokkrum vinum og embættismönnum. Alls engin tilraun var gerð til að hindra för mína, þótt varðmenn stæðu báðumegin við borgarhliðið. Annan dag hélt eg veislu, lagði á borð undir furutrjánum í Bahjí og safnaði um það fyrir mönnum og embættismönnum úr borginni. Um kvöldið héldum við til borgarinnar saman.

Dag einn gekk eg í heilaga návist hinnar Blessuðu fegurðar og sagði: „Staðurinn í Mazra’ih er reiðubúinn fyrir Þig ásamt vagni til að aka Þér þangað.“ (Á þeim tíma voru engir vagnar í ‘Akká eða Haifa.) Hann neitaði að fara og sagði: „Eg er fangi.“ Síðar bað eg Hann aftur en fékk sama svar. Eg gekk svo langt að biðja Hann í þriðja sinn, en Hann sagði enn „Nei!“ og eg dirfðist ekki að halda áfram. Í ‘Akká var Muḥammad nokkur Shaykh. velþekktur maður, sem hafði töluverð áhrif. Hann elskaði Bahá’u’lláh og var í miklum metum hjá Honum. Eg kallaði til mín þennan Shaykh og útskýrði fyrir honum málið. Eg sagði: „Þú ert djarfur. Farðu í kvöld í hina helgu návist, krjúptu á kné frammi fyrir Honum, gríptu hendur Hans og slepptu þeim ekki fyrr en Hann lofar að yfirgefa borgina!“ Hann var Arabi... Hann fór beint

1 Jamál-i-Mubáarak („hin Blessaða fegurð“): Bahá’u’lláh.

til Bahá'u'lláh og settist niður við kné Hans. Hann tók um hendur hinnar Blessaðu fegurðar, kissti þær og spurði: „Hvers vegna ferð þú ekki úr borginni?“ Hann sagði: „Eg er fangi.“ Shaykhinn svaraði: „Guð forði því! Hver hefur vald til að gera þig fanga? Þú hefur haldið sjálfum þér í fangelsi. Það var þinn eiginn vilji að vera í þrúskuldinni og nú bigg ég þig að koma út og fara til hallarinnar. Þar er gróskumikið og unaðslegt umhverfi. Trén eru fögur og gæoaldinin líkjast eldhnöttum!“ Ætíð þegar hin Blessaða fegurð sagði: „Eg er fangi, það getur ekki orðið,“ tók Shaykhinn hendur Hans og kissti þær. Í heila klukkustund hélt hann áfram að sárbiðja Hann. Að lokum sagði Bahá'u'lláh: „Khayli khub (gott og vel)“ og Shaykhinn uppskar laun þolinmæli sinnar og þrautseigju. Hann kom til mín fagnaði með fréttirnar um samþykki Hans Heilagleika. Þrátt fyrir stranga tilskipun 'Abdu'l-Aziz, sem hafði bannað mér að hitta eða samneyta á nokkurn hátt hinni Blessuðu fullkomnun, tók ég vagninn næsta dag og ók með Honum til hallarinnar. Enginn hreyfði neinum mótmælum. Eg skildi Hann þar eftir og sneri aftur til borgarinnar.

Í tvö ár var Hann á þessum töfrandi fagra stað. Þá var það ráð tekið að flytja á annað stað, til Bahjí. Svo vildi til að farsótt hafði brotist út í Bahjí og eigandi hússins flúði burt í skelfingu ásamt allri fjölskyldu sinni og vildi því láta húsið falt án endurgjalds. Við tókum húsið við afar lágru leigu og þar voru dyr tignar og sannra yfirráða opnaðar á gátt. Bahá'u'lláh var fangi að nafninu til (því að strengilegar tilskipanir soldánsins, 'Abdu'l-'Aziz, voru aldrei numdar úr gildi), en í reynd sýndi Hann slíka göfgi og virðuleik í lífi sínu og fari, að allir auðsúndu Honum lotningu og stjórnendur Palestínu sáu ofsjónum yfir áhrifum Hans og valdi. Ríkisstjórar og Mutasarrifar, hershöfðingjar og héraðsembættismenn báðu auðmjúklega um að sér yrði veittur sá heiður að ganga á fund Hans — en Hann gaf sjaldan samþykki sitt fyrir því.

Eitt sinn bað ríkisstjóri borgarinnar um leyfi til að heimsækja hina Blessuðu fullkomnun ásamt hershöfðingja nokkrum á þeim forsendum að æðri stjórnvöld hefðu fyrirskipað honum það. Beiðnin var samþykkt. Hershöfðinginn sem var mjög feitlaginn Evrópumaður, varð svo gagntekinn

af hátignarlegri návist Bahá'u'lláh, að hann kraup á kné á gólfinu við dyrnar. Slík var auðmýkt gestanna beggja, að það var fyrst eftir að Bahá'u'lláh hafði ítrekað boð sitt að þeir fengust til að reykja vatnspípuna, sem þeim var boðin. Jafnvel þá snertu þeir hana aðeins með vörunum, lögðu hana síðan til hliðar, krosslögðu hendur og sátu kyrrir í slíkri undirgefni og lotningu, að það vakti undrun allra viðstaddra.“

Konungur konunganna

Ljóst er af þessum orðum ‘Abdu’l-Bahá, að þótt af opinberri hálfu hefði ekkert verið slakað á fangavistinni og Bahá'u'lláh væri ennþá að nafninu til fangi tyrknesku stjórnarinnar, var tilskipun Tyrkjasoldáns fyrir löngu orðin að marklausu plaggi í augum þeirra sem framfylgja áttu fyrirmælum hennar.

‘Abdu’l-Bahá segir:

„Lotning vinanna samfara ást þeirra, tillitssemin og virðingin sem allir fyrirmenn og embættismenn sýndu (Bahá'u'lláh), straumur pílagríma og sannleiksleitenda, sá andi hollustu og þjónustu sem augljós var hvarvetna, tigin og konungleg ásýnd hinnar Blessuðu fullkomnunar, skjótvirkni fyrirmæla Hans, fjöldi eldhugaðra stuðningsmanna Hans — allt þetta bar vitni þeirri staðreynd, að Bahá'u'lláh var í rauninni ekki fangi heldur Konungur konunga. Tveir harðstjórar voru Honum andsnúnir, tveir áhrifamiklir einvaldar,¹ þó mælti Hann til þeirra mjög stróngum orðum, jafnvel þegar Hann var lokaður inni í þeirra eigin fangelsum, líkt og þegar konungur ávarpar undirsáta sína. Síðar bjó Hann í Bahjí eins og prins, þrátt fyrir hinar harðorðu tilskipanir. Oft sagði Hann: „Sannlega, sannlega hefur hinni ægilegustu prísund verið breytt í Edenslund.“

Slíkt hefur vissulega aldrei gerst áður síðan heimurinn var skapaður.“

1 ‘Abdu’l-‘Azíz, Tyrkjasoldán, og Naşiri’ d-Dín Sháh, keisari Persíu.



Loftmynd af Bahjí.

Lífið í Bahjí

Bahjí er ekki langt frá hafinu, en umhverfi hallarinnar er gjörólíkt hinu gróa og drungalega svipmóti 'Akká. Höllin stendur á fögrum stað, umlukin furutrjám og frá svölum hennar má sjá himinblátt Miðjarðarhafið, bænarnana í 'Akká og mjúkar, aflíðandi hliðar Karmel-fjalls.

Þótt líf Bahá'u'lláh í Bahjí hafi að sönnu verið konunglegt í göfugustu merkingu þess orðs, þá einkenndist það hvorki af ytri dýrð né allsnægtum. Dr. John E. Esslemont lýsir því á þennan hátt í einstæðu og heillandi kynningarriti sínu *Bahá'u'lláh og nýi tíminn*:

„Hin Blessaða fullkonnun og fjölskylda Hans lifðu mjög óbrotnu og hófsömu lífi og eigingjörn sóun peninga í munað var óþekkt á því heimili. Nálægt heimili Hans gerðu fylgjendur Hans unaðsfagan garð, sem nefndur var Riðván, og þar eyddi Hann oft mörgum dögum og jafnvel vikum og svaf á næturnar í litlu skýli í garðinum. Stundum fór Hann í lengri ferðir. Hann heimsótti 'Akká og Haifa nokkrum sinnum og oftar en einu sinni sló Hann upp tjöldum sínum á

Karmel-fjalli, eins og Hann hafði spáð þegar Hann var fangi í herskálunum í ‘Akká. Tíma sínum eyddi Bahá’u’lláh mestmegnis í bænir og hugleiðslu, ritun heilagra ritninga, opinberun taflna og andlega upppfræðslu vinanna. Til þess að Hann fengi fullt næði til að sinna þessu mikla verki, tók ‘Abdu’l-Bahá að sér stjórn allra annarra málefna; Hann hitti jafnvel mullána, skáldin og meðlimi stjórnarinnar. Þeir voru allir ánægðir og himinlifandi að hitta ‘Abdu’l-Bahá að máli og gerðu sér útskýringar Hans og samræður fyllilega að góðu, og þótt þeir hefðu ekki hitt Bahá’u’lláh sjálfan, fylltust þeir vináttu í Hans garð vegna viðkyningar sinnar við son Hans, því að viðhorf ‘Abdu’l-Bahá veitti þeim skilning á stöðu Föður Hans.“

Riḍván-garðurinn

Í ‘Akká bjó á þessum tíma kristinn maður, ofstækisfullur mót-mælandi, Jurjus al-Jamál að nafni, sem átti landið sem lá að svæðinu umhverfis Bahjí. Hann gerði með eigin höndum olífu-plantekru, sem verið hefur í ræktun allt fram á þennan dag. Á landi hans var einnig hávaxin furðutré og gekk Bahá’u’lláh iðulega í skugga trjáanna. Þegar ‘Abdul’-Bahá bauðst til að kaupa landið, þar sem furutrén uxu, heimtaði Jurjus tíu þúsund pund í tyrknesku gulli. Í erfðaskrá sinni mælti hann svo fyrir að hann skyldi grafinn á landareigninni og bannaði bróður sínum að selja hana strax — hann ætti að bíða, því að Bahjí biði glæsileg framtíð. Bróðir hans seldi eignina samt sem áður og flutti lík hans til greftrunar í Nasaret. ‘Abdu’l-Bahá keypti sömuleiðis garð, sem nefndur var Na’mayn. Garðurinn var á eyju í miðju fljótinu skammt frá ‘Akká. Bahá’u’lláh nefndi þennan garð Riḍván (paradís), eins og garð Najíb Páshá í Baghdad, þar sem Hann kunngerði fyrst köllun sína. Þessa unaðslegu vin á ‘Akká-sléttunni, sem þá var næsta gróðurvana, nefndi Hann hina „nýju Jerúsalem“. Fylgjendur Bahá’u’lláh snyrtu þennan garð og fegrðu hann og Bahá’u’lláh leitaði þangað tíðum. Stundum dvaldi Hann í sumarhúsi þar í grennd, sem í voru tvær íburðarlausar vistarverur. Bahá’u’lláh nefnir Riḍván-garðinn nokkrum sinnum í töflum sínum og segir frá vitrunum, sem Honum bar fyrir augu í þessum unaðsreit.



Herbergi Bahá'u'lláh í Bahj.

Meistarinn

Fyrir þrotlausa viðleitni 'Abdu'l-Bahá hafði Bahá'u'lláh loks verið leystur undan áþjáninni í 'Akká. Hann gat nú notað tímann einvörðungu til að sinna fylgjendum sínum og opinbera orð Guðs. 'Abdu'l-Bahá bjó fram í 'Akká og var í stöðugum og nánum tengslum við embættismenn og borgarbúa. Hann verndaði Bahá'í samfélagið, sinnti velferðarmálum þess og skýldi Föður sínum.

Þegar Hann gekk á fund Bahá'u'lláh, fór Hann jafnan fótgangandi frá 'Akká til Bahj, en það er löng leið. Tarázu'lláh Samandarí, Hönd málstaðar Guðs, var sextán ára gamall þegar hann kom sem pílgrímur til Bahj. Þar dvaldi hann síðustu sex mánuðina sem Bahá'u'lláh lifði. Samandarí lést árið 1968. Hann fegir frá því að dag nokkurn hafi hann fylgt 'Abdu'l-Bahá frá 'Akká til Bahj. Það hafði rignt og jörðin var blaut, en er þeir komu fyrir beygjuna á veginum þar sem Bahj blasir við, féll 'Abdu'l-Bahá á knén og lagði enni sitt á jörðina. Þegar 'Abdu'l-Bahá nálgadist Bahj, sneri Bahá'u'lláh sér oft á tíðum að nærstöddum fylgjendum sínum og sagði: „Meistarinn er að koma. Farið á

móts við Hann í skyndi og fylgið Honum hingað“. — Fjölmargir lærisveinar Bahá'u'lláh urðu vitni að þessu og sögðu frá því síðar.

Samandará minnst þess einnig, er Bahá'u'lláh veitti honum ástúðlega en afar þýðingarmikla áminningu. Hann hafði ekki verið kvaddur í návist Bahá'u'lláh í nokkra daga. Loks hitti hann lítið stúlkubarn, sem tilheyrði heimilisliðinu, og bað hana að flytja Bahá'u'lláh þá ósk sína, að hann fengi að ganga á fund Hans. Er honum var veitt þessi ósk, spurði Bahá'u'lláh hann: „Hittir þú ekki Meistarann (‘Abdu’l-Bahá) á hverjum degi?“ Samandará svaraði því játandi. „Hversvegna segist þú þá ekki hafa verið návistum við Mig í nokkra daga, þegar þú hittir Meistarann daglega og nýtur þess heiðurs að vera í félagsskap Hans?“ Bahá'u'lláh lagði þáhnig að jöfnu að vera návistum við ‘Abdu’l-Bahá og Hann sjálfan.

Einn fremsti postuli Bahá'u'lláh, Ḥají Mírzá Ḥaydar-'Alí, hefur skráð í ævisögu sína *Bihjatu's-Sudúr* (Unaður hjartnanna) annan vitnisburð Bahá'u'lláh um ‘Abdu’l-Bahá, stöðu Hans og vald. Ḥaydar-'Alí hafði skrifað ritgerð um þær arfsagnir islamskar, sem vísuðu til ‘Abdu’l-Bahá. Bahá'u'lláh lauk lofsorði á þessa ritgerð og sagði niðurstöður hennar réttar. Auk þess sagði Hann:

„Aflið, sem býr í orðum hinnar Mestu greinar (‘Abdu’l-Bahá) og vald Hans hefur enn ekki verið opinberað til fulls. Í framtíðinni mun koma í ljós hvernig Hann, einn og óstuddur, reisir upp merki hins Mesta nafns í miðju hjarta heimsins, með mætti, myndugleik og himneskri dýrð. Þá mun koma í ljós hvernig Hann safnar saman þjóðum jarðarinnar undir einum himni friðar og samstillingar.“

Andinn í Bahjí

Vorið 1890 var Austurlandafræðingurinn mikli, Edward Granville Browne, gestur í Bahjí í fimm daga (15.—20. apríl) og á þeim tíma gekk hann fjórum sinnum fyrir Bahá'u'lláh. Dvölin í Bahjí hafði gagntakandi áhrif á prófessor Browne og alla ævi síðan minntist hann þeirrar tignar, rósemi og hugsvölunar, sem gegn-sýrði allt andrúmsloftið þar. Í innganginum að bókinni „A Traveller's Narrative“ lýsir hann veru sinni í Bahjí og gefur þar ennfremur lýsingu á Bahá'u'lláh, eins og Hann kom honum fyrir sjónir. Ekki er vitað um neinn annan nafngreindan Vesturlanda-

mann, sem varð þeirra ómetanlegu forréttinda aðnjótandi að ganga á fund Bahá'u'lláh. Lýsing Edward G. Browne's á Bahá'u'lláh er hin eina sinnar tegundar og hún er því einstæð og óviðjafnanleg heimild um hvernig Bahá'u'lláh kom menntuðum Vesturlandamanni fyrir sjónir.

Um dvöl sína í Bahjí segir Browne:

„Eg var þá hingað kominn í miðdepil alls þess sem Bábisminn telur göfugast og helgast; og hér eyddi eg fimm eftirminnilegustu dögum og naut þess óvænta og ómetanlega tækifæris að geta rætt við þá, sem sjálfir eru uppsprettur þessa máttuga og undursamlega anda, sem verkar með ósýnilegum en vaxandi krafti til að umskapa og endurlífga þjóðir, sem fljóta sofandi að feigðarósi. Þetta var í sannleika einkennileg og gagntakandi reynsla, og eg örvænti um að geta gefið nema óljósa hugmynd um hana. Eg gæti að sönnu reynt að lýsa í meiri smáatriðum þeim andlitum og formum, sem umkringdu mig, samræðunum sem eg bar gæfu til að hlýða á, alvörubrúnum og hljómfögnum upplestri úr helgum bókum, hinni almennu tilfinningu samræmis og gleði, sem flæddi um staðinn, og ilmandi skuggsælum gördunum, þar sem við dvöldum stundum síðdegis; en allt var þetta sem hjóm eitt í samanburði við þann andlega andrúmsblæ, sem umvafði mig ... Andinn, sem gegnsýrir Bahá'íana er slftur að tæpast getur hjá því farið að hann hafi hin öflugustu áhrif á hvern þann sem verður hans áskynja. Hann kann að hrinda frá sér eða láða að sér, en það er óhugsandi að virða hann að vettugi eða láta sem ekkert sé. Leyfum þeim sem ekki hafa séð með sínum eigin augum að rengja mig ef þeir vilja — en ef þessi andi skyldi einhverju sinni opinberast þeim sjálfum, munu þeir verða fyrir áhrifum, sem ekki er líklegt að þeir gleymi.“

Lýsingin á Bahá'u'lláh

Sú mynd, sem Edward G. Browne dregur upp af Bahá'u'lláh er áhrifamikil og ógleymanleg og því fer frásögn hans hér á eftir óstytt:

„Morguninn eftir að eg kom til Bahjí kom einn af yngri

sonum Bahá (Bahá'u'lláh) inn í herbergið, þar sem eg sat, og benti mér að fylgja sér. Eg gerði eins og hann bauð og var leiddur gegnum ganga og herbergi, sem eg hafði vart tíma til að skoða, inn í mikinn sal, sem þakinn var mósaíkmyndum úr marmara, ef eg man rétt (því eg var niðursokkinn í aðrar hugsanir). Fylgdarmaður minn nam staðar eitt andartak frammi fyrir dyratjaldi sem hékk á veggnum í þessum mikla forsal, meðan eg dró skó af fótum mér. Síðan lyfti hann dyratjaldinu með snöggu handtaki og lét það falla niður aftur, er eg gekk inn. Eg var staddur í stórum sal og fyrir gaffli hans var lágt hægindi, en gegnt dyrunum tveir eða þrír stólar. Þótt eg hefði óljósan grun um hvert eg væri kominn og hvern eg mundi sjá (mér hafði ekki verið gert það fyllilega ljóst), liðu ein eða tvær sekúndur áður en eg varð þess var með undrun og lotningu, að salurinn var ekki mannlus. Í horninu þar sem hægindið nam við vegginn sat virðulegur og undursamlegur maður, krýndur höfuðfati af þeirri tegund, sem förumunkar nefna táj (en af óvenjulegri hæð og gerð) og um það neðst var sveipað litlum, hvítum höfuðdúk. Ásýnd þess sem eg horfði á get eg ekki gleymt, þótt eg geti ekki lýst henni. Þessi nístandi augu virtust lesa innsta hugskot mitt; vald og myndugleiki lýsti af þessum miklu brúnum; djúpar rúnir á enni og andliti gáfu til kynna aldur, sem hrafnsvart hár og skegg, er náði næstum niður á mitti í óviðjafnanlegri fegurð, virtust afsanna. Þarflaust var að spyrja frammi fyrir hverjum eg stóð, er eg laut Honum, sem nýtur ástar og virðingar, sem konungar mættu öfunda Hann af og keisarar þrá án árangurs!

Mild og virðuleg rödd bauð mér að setjast og mælti síðan: „Lof sé Guði að þú hefur náð takmarki þínu! ... Þú hefur komið til að sjá fanga og útlaga ... Vér æskjum veröldinni aðeins góðs og hamingju öllum þjóðum; samt telja þeir Oss upphafsmann deilna og undirróðurs, verðugan fjötra og útleghar... Að allar þjóðir verði ein í trú og allir menn bræður; að bönd ástúðar og einingar milli mannanna sona styrkist; að trúarbragðaágreiningi linni og mismunun kynþátta hverfi úr sögunni — hvaða skaði er að þessu? ... Þó mun þetta verða; þessar tilgangslausu deilur, þessi eyðileggjandi stríð munulíða undir lok og Friðurinn mesti komast á ... Þarfnist þið í Evrópu þess ekki líka? Er þetta ekki það sem Kristur

sagði fyrir um? ... Samt sjáum Vér konunga ykkar og stjórnendur sóa fjársjóðum sínum af meira á örlæti á tæki til eyðingar mannkynsins en á það sem stuðla mun að farsæld þess ... Þessum deilum og þessum blóðsúthellingum og ósætti verður að linna og allir menn verða sem ein fjölskylda, ein ættkvísl. Lát manninn eigi miklast af því að hann elskar fósturjörð sína, lát hann fremur miklast af því að hann elskar meðbræður sína ...“

Þessi og mörg önnur voru, að því er eg best man, orðin sem eg heyrði af vörum Bahá. Látum þá sem lesa þau hugleiða vel með sjálfum sér hvort slíkar kenningar eigi skilið fjötur og dauða, og hvort líklegra sé að veröldin tapi eða hagnist við útbreiðslu þeirra.“

Lýsingin á ‘Abdu’l-Bahá

Prófessor Browne hitti ‘Abdu’l-Bahá margoft að máli meðan á dvöl hans í Bahjí stóð og síðar. Hann var heillaður af þessum syni Bahá’u’lláh og vinátta þeirra hélst nær óslitið þangað til ‘Abdu’l-Bahá lést árið 1921.

Browne hefur einnig gefið greinargóða lýsingu á ‘Abdu’l-Bahá:

„Sjaldan hef eg séð nokkurn mann, sem með útliti sínu einu saman hefur haft jafn sterk áhrif á mig. Hann var hávaxinn, sterkbyggður maður, teinréttur eins og ör, með hvítan túrban og í hvítum kufli, með langa svarta lokka, sem náðu næstum niður á axlir, breitt og kröftugt enni, sem gaf til kynna skarpa vitsmuni og ósveigjanlegan viljastyrk, haukfrán augu og sterka en viðfelldna andlitsdrætti. Þessi voru fyrstu áhrif mín af ‘Abbás Effendi, „meistarannum“ (Áqá), eins og hann þar exellence var kallaður af Bábíunum. Samræður mínar við hann urðu aðeins til að auka þá virðingu mína fyrir honum, sem útlit hans hafði fyrst vakið. Mælskari mann, rökfimari, fundvísari á myndrænar samlíkingar, gjörkunnugri helgiritum Gyðinga, kristinna manna og Múslima, held eg að vart verði fundinn, jafnvel meðal þess mælska, skarpskyggna og næmgeðja kynþáttar, sem hann tilheyrir. Þessir eiginleikar ásamt fasi, sem er hvorutveggja í senn tiginlegt og innilegt, gerðu það að verkum, að eg hætti að undrast þau áhrif og þá virðingu, sem hann naut langt

utan raða þess samfélags, sem fylgdi Föður hans að málum. Um mikilleik þessa manns og vald hans gat enginn efast, sem litið hafði hann augum.“

Bahá 'u 'lláh heimsækir Haifa

Shoghi Effendi segir, að Bahá'u'lláh hafi heimsótt Haifa fjórum sinnum. Fyrsta heimsókn Hans þangað var örstutt, en þá steig Hann á land 1868 af Lloyd-Triestino gufuskípinu, sem flutti Hann til 'Akká. Önnur heimsókn Hans stóð í fáeina daga og þá dvaldi Hann í húsi einu (Bayt-i-Fandug) í þýsku nýlendunni við rætur Karmel-fjalls. Fjöldi þýskra aðventista, Karmelítamunkarnir svonefndu, yfirgáfu heimaland sitt árið 1863, sama árið og Bahá'u'lláh kunngerði köllun sína í Baghdad. Þeir settu á fót klaustur á Karmel-fjalli og biðu þar komu Drottins herskaranna. Yfir inn-ganginn að bækistöðvun sínum letruðu þeir: „*Der Herr ist nahe*“ (Herrann er í nánd).

Til er tafla með rithönd Mírzá Áqá Ján, sem gefur vísbendingu um að Bahá'u'lláh hafi verið í Haifa í ágúst 1883 og er það líklega önnur heimsókn Hans þangað. Hann fór til Haifa í þriðja sinn árið 1890, og þegar Edward G. Browne kom til 'Akká, var Hann í Haifa. Hann fór þangað í fjórða og síðasta sinn 1891 og dvaldi þar þá í þrjá mánuði samfleytt í húsi Ilyás Abyað í námunda við þýsku nýlenduna. Tjald Hans var reist skammt þar frá.

Legstaður Bábsins

Dag nokkurn, þegar Bahá'u'lláh stóð við kýprusviðarlund í miðri hlíð Fjallsins helga, benti Hann á grýtta og gróðurvana jörðina við fætur sínar og sagði elsta syni sínum, 'Abdu'l-Bahá, að á þeim stað ætti að reisa grafhýsi fyrir jarðneskar leifar Bábsins. Hann var líflátinn á herskálatorginu í Tabríz, 9. júlí, 1850.

Meira en áratugur leið þangað til 'Abdu'l-Bahá gat framkvæmt það mikla og erfiða verkefni, sem Faðir Hans lagði fyrir Hann. Í dag stendur á þeim stað, sem Bahá'u'lláh benti á fyrir nær einni öld, dýrlega fagurt grafhýsi með gullnu hvolfþaki, sem endurspeglar öll litbrigði lofts og sjávar, umlukið fögrum og blóm-skrúðugum görðum. Í þessu grafhýsi voru lagðar til hinstu hvíldar heilagur líkami Bábsins og lærisveinsins unga, sem leið píslar-vættisdauðann með Honum.

Tafla Karmels

Bahá'u'lláh hafði slegið upp tjaldi sínu í grennd við Karmelíta-klaustrið í Haifa, en undir þessu klaustri er hinn frægi hellir Elía spámanns. Á þessum stað opinberaði Hann hinn volduga sigur- og fagnaðarsöng Töflu Karmels, þar sem Hann segir fyrir stofnun Allsherjarhúss réttvísinnar og aðsetur stjórnstofnana Bahá'í trúarinnar á Fjallinu helga. Í þessari töflu segir Bahá'u'lláh meðal annars:

„Öll dýrð sé þessum degi, þeim degi, er ilmi miskunnarinnar hefur verið dreift yfir allt, sem skapað er; þeim degi, orðið hefur slíkrar blessunar aðnjótandi, að liðnar aldir og árþúsundir geta aldrei komist í samjöfnuð við hann; þeim degi, er auglit hins Aldna hefur beinst að heilögum veldisstóli Hans. Og þá heyrðist raust alls, sem skapað hefur verið, og auk þess sem stjórnar í ríki nafnanna, og skapara himnanna, hefur verið úthellt yfir þig ...

Kalla til Zíons, ó Karmel, og kunnger fagnaðartíðindin: Hann, sem hulinn var sjónum dauðlegra manna, er kominn! Alltsigrandi yfirráð Hans eru gerð heyrinkunn; alltumvefjandi dýrð Hans er opinberuð ... Aður en langt um líður mun Guð sigla Örksinni á þér og opinbera fólk Bahá, sem skráð hefur verið í Bók nafnanna.“

Þróun Trúarinnar

Ör þróun átti sér stað á þessum tíma innan Trúarinnar og hún eflaðist mjög að ytri og innri styrk. Keyptar voru meðal annars eignir við Genaserat-vatn, sem helgast áttu trú Hans. Þeim bréfum og pistlum, sem Bahá'u'lláh sendi frá sér, fjölgaði mjög og í Alexandríu var sett á fót stofnun, sem annast átti dreifingu rita Hans og taflna. Dyggur fylgjandi Hans, Muḥammad Mustafá, gerði einnig ráðstafanir til að tryggja öryggi og hagsmuni pílagríma, sem komu inn í borgina. Bahá'u'lláh gat nú haft bréfaskipti við Bahá'í miðstöðvar í Persíu, Írak, Kákasus, Turkístan og Egyptalandi. Jafnframt voru fyrstu skrefin stigin til að útbreiða Trúna í Indlandi og Burma. Á þessum tíma snerust talsverður fjöldi Persa, Gyðinga og Búddhista til fylgis við Bahá'u'lláh og játuðu trú Hans hollustu.

Blómlegt Bahá'í samfélag var starfandi í Iskábád í rússneska Turkistán og naut velvildar stjórnarinnar. Þeir gátu komið upp Bahá'í grafreitum og lagt grundvöllinn að fyrsta Bahá'í musterinu, sem byggt var í heiminum. Trúin náði nú allt til Samarkand og Bukhára í hjarta Asíu fyrir atfylgi hinna miklu fræðimanna Fáðil-i-Qá'íní og Mírzá Abu'l-Faðl, sem var um langt skeið rektor háskólans í Alexandríu og ritaði fjölmörg varnarrit fyrir Bahá'í trúna. Á Indlandi voru um þær mundir prentuð og gefin út fimm bindi ritverka Bahá'u'lláh, þar á meðal *Kitáb-i-Aqdas*.

Refsihönd Guðs

Einn útlaganna hefur skýrt frá því að Bahá'u'lláh hafi látið eftirfarandi orð falla um þann útlegðardóm, sem á Honum hvíldi:

„Abdu'l-'Azíz soldán gerði Oss útlæga til þessa lands í hinni mestu niðurlægingu. Þar sem tilgangur hans var að auðmýkja Oss og útrýma, þá höfnuðum Vér ekki tækifærum til dýrðar og þæginda, hvenær sem þau buðust.“

Bahá'u'lláh sagði ennfremur:

„Lof sé Guði að því marki er náð, er allir menn á þessum landssvæðum sýna Oss undirgefni.“

Og enn:

„Soldán Ottómana reis upp til að kúga Oss að ástæðulausu og án nokkurrar réttlætningar og sendi Oss til borgvirkisins 'Akká. Í keisaralegri tilskipun hans var mælt svo fyrir að enginn skyldi samneyta Oss og allir skyldu hata Oss. Hönd guðlegs valds var því skjót til hefnda. Hún leysti fyrst úr læðingi storma eyðingarinnar gegn tveimur ómissandi ráðherrum hans og ráðgjöfum, 'Alí og Fu'ád, en síðan vafði þessi hönd saman veldi 'Azíz sjálfs og hremmdi hann, eins og aðeins Hann getur hremmt, sem er hinn máttki, hinn styrki.“

Og 'Abdu'l-Bahá sagði:

„Óvinir Hans áformuðu að fangelsun Hans mundi uppræta og tortíma fyrir fullt og allt þessum blessaða Málstað, en þetta fangelsi varð í raun hin öflugasta hjálp og

stuðlaði að framþróun hans ... Þessi háleita Vera hóf upp málstað sinn í Fangelinu mesta. Frá þessu fangelsi breiddist ljós Hans um veröldina; orðstír Hans sigraði heiminn og boðun dýrðar Hans náði til austurs og vesturs.“ „Ljós Hans var í fyrstu stjarna; nú hefur það orðið að völdugri sól.“ „Allt frá upphafi til okkar tíma hefur ekkert gerst þessu líkt.“

Breytingarnar á högum Málstaðarins, sem orðið höfðu á tuttugu og fjögurra ára útleigðarferli Bahá'u'lláh í 'Akká, voru slíkar að Hann ritaði sjálfur þessi þungvægu orð: „*Hinn Almáttki ... hefur umbreytt þessari þrísund í hina upphöfnustu paradís, himin himnanna.*“

12. kafli

Viðvörðun til valdhafa heimsins

Shoghi Effendi segir í bók sinni *God Passes By*, að hin víðfeðmu rit Bahá'u'lláh, sem Hann opinberaði á þessu tímabili, megi greina í þrennt. Fyrst eru þau rit, sem skoða má sem beint framhald af yfirlýsingunni í Adríanópel, þar sem Hann kunngerir guðlegt ætlunarverk sitt og stöðu. Síðan kemur trúarlöggjöf Hans og fyrirmæli ýmiskonar, sem að mestu leyti eru skráð í helgustu bók Hans, *Kitáb-i-Aqdas*. Í þriðja flokknum eru töflur og pistlar, þar sem Hann setur fram eða ítrekar grundvallarkenningar og meginreglur Trúarinnar.

Bahá'u'lláh beinir yfirlýsingunni um ætlunarverk sitt til konunga og valdhafa jarðarinnar sérstaklega, því að í krafti valds síns og yfirráða báru þeir sérstaka ábyrgð á örlögum og hlutskipti þegna sinna. Auk þess beinir Bahá'u'lláh hvatningar- og varnað-arorðum til trúarleiðtoga heimsins, sem báru ekki minni ábyrgð en konungarnir á andlegri velferð alls þorra fylgjenda sinna. Bahá'u'lláh segir: „Við komuna til þessa Fangelsis (þ.e. 'Akká) var það áform Vort að flytja konungunum boðskap Drottins þeirra, hins máttuga og al-vegsamaða. Þótt Vér höfum í allmörgum Töflum flutt þeim það sem Oss var boðið, gerum Vér það samt aftur sem tákni um miskunn Guðs.“

Hér á eftir verður leitast við að gefa ofurlitla hugmynd um efni þessara taflna. Því fer að sjálfsögðu víðsjarri að þessi stutta samantekt gefi tæmandi upplýsingar um innihald taflnanna og

fróðleiksfúsum lesendum skal bent á að kynna sér þær í heild sinni.¹

Konungar jarðarinnar

Í töflu sinni til Viktoríu Bretadrottningar býður Bahá'u'lláh konungunum að halda fast við „hinn minni frið“ úr því þeir hafi hafnað „hinum mesta friði.“ Hann hvetur þá til að sættast heilum sáttum, draga úr vopnabúnaði sínum og íþyngja ekki þegnum sínum meðan þeir sjálfir lifi í munaði og ríkidæmi. Hann hvetur Bretadrottningu til að hneigja eyru sín að raust Drottins og fullvissar hana um að öll fyrirheit Guðspjallanna hafi verið efnd á þessum Degi. Hann segir einnig að Guð muni umbuna henni fyrir að hafa bannað verslun með þræla, ef hún fylgdi því sem sent hefði verið niður til hennar frá himni Drottins hennar. Hann lýkur á hana lofsorði fyrir að hafa „falið stjórntaumana í hendur fulltrúum fólksins“ og hvetur þessa fulltrúa til að „líta á sjálfa sig sem fulltrúa allra þeirra, sem á jörðunni dvelja“ og fella úrskurði sína um málefni manna með „óflekkudu réttlæti.“

Sagt er að þegar Viktoría drottning hafði lesið þessa töflu frá Bahá'u'lláh, hafi hún sagt: „Ef þetta er frá Guði, mun það standast.“

Napóleon III.

Meðan Bahá'u'lláh var fangi í herskálunum í 'Akká, var önnur tafla Hans til Napóleons III. send til Frakklands með aðstoð franska konsúlsins í 'Akká. Fyrri töfluna, sem Bahá'u'lláh hafði opinberað í Adríanópel, hafði Frakkakeisari varpað frá sér að loknum lestri með svofelldum orðum: „Ef þessi maður er Guð, þá er eg tveir guðir.“

Í seinni töflunni ítrekar Bahá'u'lláh það sem Hann sagði áður

1 Sjá t.a.m. *The Proclamation of Bahá'u'lláh* (Haifa: Bahá'í World Centre, 1972). Bók William Sears *The Prisoner and The Kings* (Toronto: General Publishing Company Ltd, 30 Lesmill Road, Don Mills, Ontario, 1971) gefur góða hugmynd um efni taflnanna og uppfyllingu spádómanna, sem þar eru settir fram.

og segir tilgang sinn vera þann einn að endurlífga heiminn og sameina þjóðir Hans. Hann tekur af allan efa um það að Kristur hafi boðað komu Hans og fer hörðum orðum um óhreinlyndi einvaldsins. Hann spáir því með ótvíræðum orðum, að glundroði muní verða í ríki hans og veldi hans tekið frá honum, ef hann hjálpi ekki málstað Guðs og fylgi Honum, sem er andi Guðs.

Forsetar Ameríkulyðveldanna

Í *Kitáb-i-Aqdas* ávarpar Hann stjórnendur Ameríku og forseta lýðveldanna í þeirri heimsálfu og hvetur þá til að iðka réttlæti og óttast Guð. Hann kunngerir þeim að hinn fyrirheitni Lausnari mannkynsins sé kominn til að endurlífga heiminn og býður þeim að græða hina krömdu og undirokuðu með höndum réttlætisins og refsa kúgurunum harðlega.

Nikolajevits Alexander II. Rússakeisari

Hann beinir orðum sínum einnig til einvaldsins í Pétursborg og kunngerir í pistli sínum til hans, að Faðirinn, sem tunga Jesaja spámanns hafi vegsamað, sé kominn, og býður honum að kalla þjóðirnar til Guðs. Bahá'u'lláh varar Zarinn við því að láta ekki vald sitt og ytri dýrð halda sér frá „þeim, sem er hinn æðsti Yfirbjóðandi.“ Hann nefnir þá aðstoð, sem ambassador keisarans hafði látið Honum í té í Teheran og varar hann við að fyrirgera ekki þeirri stöðu, sem Guð hafi áformað honum.

Vilhjálmur I. konungur Prússa

Bahá'u'lláh ávarpar Prússakeisara í *Kitáb-i-Aqdas* og býður honum að hlýða á rödd sína, sem er rödd Guðs sjálfs, og varar hann við því að láta hroka og drembilæti varna sér að viðurkenna boðbera Guðs. Hann býður keisaranum að hugleiða hlutskipti þess þjóðhöfðingja (Napóleons III.), sem var honum valdameiri, en „féll í duftið og fall hans var mikið.“ Í frægum og ógnþrungnum kafla í þessari töflu segir Bahá'u'lláh að Hann sjái bakka Rínarfljóts ataða blóði og spáir því að sverð hefndarinnar verði tvívegis dregið úr slíðrum gegn þeim og að Berlín muni kveina, þótt dýrð hennar um þær mundir væri mikil. Þessi spádómur rættist í tveimur blóðugustu styrjöldum mannkynsins nokkrum áratugum síðar.

Frans Jósef, keisari Austurríkis

Á öðrum stað í *Kitáb-i-Aqdas* ávarpar Bahá'u'lláh Frans Jósef, Austurríkiskeisara. Hann ávítar þjóðhöfðingjann fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að spyrjast fyrir um Hann í pílagrímsför keisarans til Jerúsalem. Hann kallar Guð sér til vitnis um, að keisarinn hafi „haldið fast við greinina en skeytt engu um rótina,“ harmar villu hans og biður hann opna augun og líta „ljósið, sem skín ofar þessum geislandi sjónhring.“

‘Alí Páshá, forsætisráðherra

Skömmu eftir komuna til ‘Akká sendi Bahá'u'lláh aðra töflu til stórvesírs (forsætisráðherra) soldánsins af Tyrklandi, ‘Alí Páshá, þar sem Hann ámælir honum harðlega fyrir grimmd hans og kúgun og fordæmir hann sem einn þeirra, sem frá ómunatíð hafi ofsótt spámenn og boðbera Guðs. Bahá'u'lláh segir fyrir fall hans og niðurlægingu og skýrir frá þjáningum sínum og félaga sinna á vegi Guðs. Hann spáir því að heiftarreiði Guðs munu koma yfir stórvesírinn og ríkisstjórn hans. Bahá'u'lláh segir einnig, að ef stórvesírinn opnaði augu sín, mundi hann snúa baki við öllum eigum sínum til þess að dvelja í niðurníddum klefum Prísundarinnar mestu. Í *Lawḥ-i-Fu'ád*, þar sem Bahá'u'lláh minnst á skyndilega dauða utanríkisráðherrans, Fu'ád Páshá, staðfestir hann þennan spádóm. „Brátt munum Vér senda frá Oss þann (‘Alí Páshá), sem var eins og hann (Fu'ád Páshá) og munum hremma þjóðhöfðingja þeirra (‘Abdu'l-'Azíz, soldán), sem stjórnar landinu, og Eg er sannlega hinn Almáttki, hinn al-knýjandi.“

Trúarleiðtogarnir og fylgjendur þeirra

Í ódauðlegum köflum *Kitáb-i-Aqdas* og í sérstökum töflum býður Hann öllum trúarleiðtogum heimsins að óttast Guð og hverfa frá fánýtum hégiljum sínum og hugarburði. Hann varar þá við að meta bók Guðs (*Kitáb-i-Aqdas*) með mælistiku þeirra vísinda, sem tíðkist meðal þeirra, og segir að þessi Bók sé óskeikul mælistika Guðs þeim til handa. Hann harmar blindu þeirra og villu og varar þá við því „að byrgja mönnunum sýn með enn annarri blæju“, þegar Hann sjálfur hafi „svift frá blæjunum.“ Hann gerir trúarleiðtogana ábyrga fyrir því að Trúnni var hafnað

á fyrstu dögum hennar og eggjar þá til að lesa með sanngirni það sem Guð hafi sent niður til þeirra.

Bahá'u'lláh ritaði töflu til Píusar IX. páfa, voldugasta kirkjuhöfðingja kristindómsins, og kunngerði honum að „Hann sem er Drottinn drottanna er kominn yfirskyggður í skýjunum.“ Hann varar páfann við því að deila við Hann, eins og farísearnir til forna deildu við Krist og býður honum að yfirgefa glæst salarkynni sín og láta þau þeim eftir, sem ágirntust þau, og „rísa upp ... meðal þjóða jarðarinnar“ og kalla þær til Trúar Hans. Bahá'u'lláh hvetur hann til þess að „áminna konungana“ og ráðleggur honum að feta í fótspor Drottins síns og fylgja fordæmi Hans.

Hann ávarpar ennfremur patriárka kirkjunnar, biskupa hennar, presta og munkka, og hvetur þá enn til að óttast Guð og fylgja ekki fánýtum hégiljum hinna hjátrúarfullu. Hann býður prestunum að ganga út úr kirkjum sínum og kunngera nafn Guðs meðal þjóðanna og áminnur þá um að „dagur reikningsskilanna“ sé upp runninn. Hann ráðleggur þeim að snúa hjörtum sínum til hins örláta og vorkunnsama Guðs. Í fjölmörgum ritningargreinum beinir Hann orðum sínum til munkanna og býður þeim að ganga út úr klaustrum sínum og taka sér það fyrir hendur, sem verða muni sálum þeirra og annarra til hagsbóta. Hann hvetur þá til að kvænast og segir, að ef þeir fylgi Honum, muni Hann gera þá að erfingjum ríkis síns, og ef þeir sýni Honum mótþróa og yfirtroðslu, þá muni Hann í þolinmæði sinni umbera það.

Og loks í allmörgum ritningargreinum ávarpar Hann alla fylgjendur Krists og kunngerir þeim, að Hann sé sjálfur Faðirinn, sem Jesaja talaði um, huggarinn, sem Kristur hafði skírskotað til, og sá Andi sannleikans, sem leiða muni þá í allan sannleika. Hann lýsir því yfir, að þessi Dagur sé dagur Guðs, og kveðst hafa opnað fyrir þeim hlið ríkisins og fullvissar þá um að ef þeir fylgi Honum, muni Hann gera þá að „endurlífurum mannkynsins.“

Í ótölulegum fjölda ritningargreina talar Bahá'u'lláh til íslamskra klerka. Hann fordæmir harðlega grimmd þeirra, hroka og drambsemi, segir þeim að snúa baki við eigum sínum og hlýða á orðin, sem Hann mælir til þeirra. Hann staðhæfir, að með gerðum sínum hafi þeir niðurlægt háleita stöðu þjóðarinnar, fótumtroðið siðgæðismælikvarða Íslám og kippt stöðunum undan máttugum veldisstól þeirrar trúar. Til persneskra klerka og kennimanna mælir hann sérstök fordæmingarorð og spáir því að um síðir verði

dýrð þeirra snúið í smánarlegustu niðurlægingu og þeir muni sjálfir líta þann refsidóm, sem Guð hafi fyrirbúið þeim.

Bahá'u'lláh ávarpar einnig Gyðinga og Parsa og bendir þeim á að allir spádómar og helgiritu þeirra hafi ræst og öll fyrirheit trúarbragða þeirra hafi verið efnd til fulls.

Ógjörningur er, innan þeirra marka sem þessari bók eru sett, að lýsa til fullnustu innihaldi þessara taflna eða annarra, þar sem Hann beinir máli sínu til fylgismanna Bábsins, til vitringa heimsins, skálda og rithöfunda, dulhyggjumanna og fólks af öllum stigum og stéttum. En alla hvetur Hann til að ljá eyru rödd Guðs, viðurkenna tilkall Hans og fylgja boðum Hans.

Kitáb-i-Aqdas

Hin Helgasta Bók (Kitáb-i-Aqdas) var opinberuð skömmu eftir að Bahá'u'lláh hafði verið fluttur til húss 'Údí Khammadar (ca. 1873), þegar þrengingar og erfiðleikar steðjuðu enn að Honum og trúföstum fylgjendum Hans. *Kitáb-i-Aqdas* er mikilvægasta bókin, sem Bahá'u'lláh opinberaði, einstæð og óviðjafnanleg meðal allra helgiritu heimsins. Hún hefur ekki aðeins að geyma lög og fyrirmæli hins nýja tíma, heldur leggur hún einnig grundvöllinn að nýju heimsskipulagi, byggðu á orði Guðs. Hún geymir sáðkornin að Guðsríki á jörðu og leggur óhagganlegan grundvöll að ríki friðar, farsældar og ævarandi bræðralags á hnettinum. Í Opinberun Jóhannesar er sagt fyrir um opinberun *Kitáb-i-Aqdas* og henni lýst sem nýjum himni og nýrri jörð, sem tjaldbúð Drottins og hinni nýju Jerúsalem, sem stígur niður af himni og grundvölluð er meðal manna. Útilokað er að lýsa öllu innihaldi hennar í stuttu máli, heldur skulu hér aðeins nefnd helstu efnisatriði hennar.

Í þessari bók ávarpar Bahá'u'lláh konunga jarðarinnar og segir þá vera þegna sína og hjákonunga, en kveðst ekki vera kominn til að leggja undir sig ríki þeirra, heldur áskilur sér rétt til að leggja undir sig hjörtu manna. Hann mælir varnaðarorð til trúarleiðtoganna og grundvallar formlega „Hús réttvísinnar“ og setur ákveðin lög um starf þess og aðild að því. Hann gefur Miðju sáttmálans ('Abdu'l-Bahá), sem þá hafði ekki enn verið tiltekin, rétt til að túlka orð sín og ritningar, gefur til kynna stofnun

Vörslunnar (þ.e. starf það sem Shoghi Effendi hafði á hendi frá 1921—1957). Hann setur fram kenninguna um óskeikulleika opinberanda Guðs og útilokar þann möguleika, að annar opinberandi kom fram a.m.k. næstu þúsund árin.

Í þessari bók mælir Hann einnig fyrir um lestur skyldubænanna, ákvarðar tíma föstunnar, bannar samlestur bæna nema fyrir hinum látnu, ákvarðar Qiblih, grundvallar Húqúqu'lláh (rétt Guðs), skýrgreindir erfðalögin, ákveður stofnun Mashriqu'l-Adhkár, staðfestir 19 daga hátíðina, Bahá'í hátíðir og helgidaga, afnemur prestastéttina, bannar þrælahald, meinlæti og munklífi, skriftir og notkun predikunarstóla. Hann boðar einkvæni, bannar veðmál, notkun ópíums, áfengis og eiturlyfja, tiltekur refsingu fyrir morð, morðbrennu, hórdóm og þjófnað, leggur áherslu á mikilvægi hjúskapar og fjallar um nauðsynlegar undirstöður hans. Hann skyldar alla menn til að leggja stund á einhverja atvinnu eða iðn og segir, að á þessum degi jafngildi það sem maðurinn tekur sér fyrir hendur af einlægni, trúmennsku og ást, tilbeiðslu til Guðs. Hann leggur áherslu á uppfræðslu barna og felur það verkefni Húsi réttvísinnar, ef foreldramir af einhverjum ástæðum geta ekki sinnt því, og gerir öllum að skyldu að gera erfðaskrá og hlýðnast réttmætum stjórnvöldum landsins.

Auk alls þessa hvetur Bahá'u'lláh fylgjendur sína til að samneyta í vináttu og eindrægni og án aðgreiningar fylgjendum allra trúarbragða, býður þeim að vera á varðbergi gegn ofstæki og einstrengingi, undirróðri, drambi, deilum og ágreiningi; skyldar þá til fullkomins hreinlætis í klæðaburði, algjörri sannsögli, skírlífis, heiðarleika, gestrisni, tryggðar, hæversku, umburðarlyndis, réttlætis og sanngirni; ráðleggur þeim og skyldar þá til fullkominnar einingar og ástar sín í milli, hvetur þá til að rísa upp og þjóna Málstað sínum og heitir þeim hjálp sinni og fulltingi. Hann lýsir því yfir að hið sanna frjálsræði sé að finna í hlýðni við boð sín. Hann býður þeim að gæta hófsemi og varast öfgar.

Þessi lög og fyrirmæli ásamt fjölmörgum öðrum, sem öll snerta hegðun manna, fágun lundernis og siða, ræktun dyggða í öllu sem maðurinn tekur sér fyrir hendur og iðkun sannrar guðrækni og hollustu, nefnir Bahá'u'lláh sjálfur „hið máttugasta virki“, „ávéxtina af tré Mínú“, „æðsta tækið til viðhalds reglu í veröldinni og öryggis fyrir þjóðir heimsins“, „lampa visku Hans og ástríkrar forsjónar.“ Hann segir: „Þessi bók er himinn, sem Vér höfum prýtt stjörnum boða Vorra og banna.“ Og ennfremur:

„Sæll er sá, sem les hana og flugar ritningarorðin, sem send hafa verið niður af Guði, Drottni valdsins, hinum almáttka ... Vissulega er hún þungvægasti vitnisburður Minn til handa öllum mönnum og sönnun hins Almiskunnnsama fyrir alla, sem eru á himni og jörðu.“

Í *Kitáb-i-Aqdas* varar Bahá'u'lláh við því að menn dragi þá ályktun af skýrum fyrirmælum bókarinnar, að þessi Málstaður hins nýja tíma sé lagabókstafur einn saman. Hann segir:

„Haldið ekki að Vér höfum opinberað yður lagabálk einn saman. Nei, öllu fremur höfum Vér rofið innsigli úrvals víns með fingrum máttar og valds. Þessu ber vitni það sem penni Opinberunarinnar hefur opinberað. Hugleiðið þetta, ó þér menn innsæis!“

Ýmis rit

Auk þeirrar voldugu trúarlöggjafar, sem Bahá'u'lláh skráði á *Kitáb-i-Aqdas*, hélt Hann áfram til loka ævi sinnar að skýra og ítreka vissar meginreglur, sem kjarnlægar eru trú Hans, og setja fram aðrar nýjar, jafnframt því sem Hann birtir spádóma og varnaðarorð, sem beint er til alls mannkynsins. Sumar þessara ritningargreina má skoða sem viðauka við hina Helgustu bók, og ýmsar þessara taflna eru meðal fegurstu ávaxtanna á meiði opinberunar Hans og hámark fjörutíu ára spámannsferils Hans.

Meðal þeirra meginreglna, sem þessar töflur geyma, er hin veigamesta eining og heild mannkynsins. Á þessa meginreglu má líta sem höfuðeinkenni opinberunar Bahá'u'lláh og burðarás kenninga Hans. Meginreglan um einingu mannkyns hefur slíka höfuðþýðingu, að vísað er til hennar í Bók sáttmálans og Bahá'u'lláh lýsir því sjálfur afdráttarlaust yfir, að hún sé kjarnlægt áform trúar Hans. Eining, segir Hann, er það markmið, sem er öllum öðrum markmiðum fremra. Hann staðfestir einnig, að eining mannkynsins, síðasta stigið í þróun mannsins til félagslegs þroska, sé óhjákvæmileg og fastráðin.

Bænir og huganir eru stór þáttur í opinberun Bahá'u'lláh. En auk þeirra taflna og rita, sem Hann opinberaði á síðari hluta útlegðartímabilsins í 'Akká, er *Lawh-i-Hikmat* (Tafla vискunnar), þar sem Hann setur fram grundvallaratriði sannrar heimspeki; *Tafla vitjunarinnar*, sem opinberuð er til heiðurs Imám Ḥusayn,

Spurnir og svör, þar sem ljósi er varpað á lög og fyrirmæli hinnar Helgustu bókar; *Lawḥ-i-Burhán* (Tafla sönnunarinnar), þar sem fordæmdir eru harðlega glæpirnir, sem tveir persneskir klerkar, Shaykh Muḥammad-Baqir, auknefndur Dhi'b (úlfulur), og æðstipresturinn í Ísfáhán, Mír Muḥammad-Ḥusayn, auknefndur Raqshá (naðra), höfðu framið gegn Bahá'íum í Persíu. Nefna má einnig *Töflu Karmels*, sem áður var getið, en þar talar Höfundurinn um „borg Guðs, sem stigið hefur niður frá himnum“.

Loks ber að geta pistils Bahá'u'lláh til Shaykh Muḥammad-Taqí, sem auknefndur var Ibn-i-Dhi'b (sonur úlfsins), þar sem þessi grimmi og ofstækisfulli klerkur, sem valdur var að dauða og pyntingum margra píslarvotta, er hvattur til að iðrast gerða sinna og þar sem Bahá'u'lláh vitnar til fjölmargra kafla úr sínum eigin ritum og eykur við þá fjölda óhrekjanlegra röksemda um sannleiksgildi Málstaðar síns. Með þessari bók, *Pistli til sonar úlfsins*, lauk ritstörfum Bahá'u'lláh. Heilagt orð Hans er varðveitt í yfir eitt hundrað bindum, sem eru miklu víðfedmari en svo að hægt sé að gera efni þeirra viðhlítandi skil í stuttu máli. Hér hefur aðeins verið gerð vanburða tilraun til að miðla lesandanum fáeinum dropum úr hinu mikla úthafi opinberunar Bahá'u'lláh.

„Tákn Mín hafa umlukið jörðina“

Er leið að lokum ævi Hans í útlegðinni í 'Akká, reit Hann eftirfarandi orð: „Vér höfum vissulega ekki brugðist þeirri skyldu Vorri að áminna alla menn og flytja það, sem Mér var boðið af Guði, hinum almáttka, al-vegsamaða.“

Og enn segir Hann: „Getur nokkur í þessari Opinberun fært fram nokkuð sér til afsökunar? Nei, sem Guð lifir, Drottinn hins máttka hásætis! Tákn Mín hafa umkringnt jörðina og vald Mitt umlukið allt mannkynið.“

13. kafli

Uppstigning Bahá'u'lláh

Níu mánuðum fyrir uppstigningu sína gaf Bahá'u'lláh til kynna þá ósk sína að hverfa úr þessum heimi. Upp frá þeim tíma varð fjölskyldu Hans og lærisveinum æ ljósara að endir hins jarðneska lífs Hans var í nánd, þótt Hann segði það ekki berum orðum við neinn. Aðfaranótt 8. maí 1892 fékk hann væga hitasótt, sem elnaði næsta dag en rénaði síðan aftur.

Er Bahá'u'lláh lagðist veikur, kom þjónn Hans ríðandi frá Bahjí og bar 'Abdu'l-Bahá eftirfarandi orðsendingu frá Föður Hans: „Eg er ekki við góða heilsu, komdu til Mín ásamt Khánum.“ Þjónninn kom með hesta frá Bahjí og 'Abdu'l-Bahá og systir Hans, Bahíyyih Khánum, lögðu strax af stað þangað. Á hverjum degi bárust fregnir um líðan Bahá'u'lláh til 'Akká frá Bahjí og eftir fimm daga fór öll fjölskyldan til Bahjí frá heimilinu í 'Akká. Á fimmtánda degi veikinda Bahá'u'lláh kallaði Hann til sín fjölskyldu sína og átrúendurna alla, þar á meðal nokkra pílgríma frá Persíu, sem komið höfðu saman í bústaðnum. Þetta var í síðasta sinn sem þeir gengu á fund Hans. Hann ávarpaði þá með mikilli blíðu og ástúð, en þeir gátu ekki dulið harm sinn og grétu sáran. Bahá'u'lláh hvatti þá sem fyrr til ástar og eindrægni sín í milli og hrósaði þeim fyrir þá þjónustu, sem þeir höfðu innt af hendi við Málstaðinn. Hann hughreysti fjölskyldu sína og sagði, að í skjali sem 'Abdu'l-Bahá hefði undir höndum, hefði Hann falið Honum umsjá þeirra.

Í dögum 29. maí 1892 leystist þessi voldugi Andi úr jarðneskum

viðjum sínum. Hraðboði var sendur til ‘Akká og fregnin um uppstigningu Bahá’u’lláh var kunngerð frá sjö bænaturnum borgar-moskunnar og síðan Öllum moskum í Palestínu. Fréttin var einnig send ‘Abdu’l-Hamíd, Tyrkjasoldán, í skeyti sem hófst á þessum orðum: „Sól Bahá ergengin til viðar.“ Einvaldinum var skýrt frá því að heilagar líkamsleifar Bahá’u’lláh yrðu jarðsettar í nágrenni Bahjí og samþykkti hann strax þá ráðstöfun. Bahá’u’lláh var jarðsettur í nyrstu vistarveru hússins, þar sem einn tengdasona Hans hafði búið, en hún er nyrst þeirra þriggja húsa, sem tengjast bústaðnum vestanverðum. Athöfnin fór fram í dögun, átta stundum eftir sólsetur.

Sagnaritarinn Nabíl, sem hafði orðið þeirra forréttinda aðnjótandi að eiga einkaviðtal við Bahá’u’lláh meðan Hann lá sjúkur, var svo harmþrunginn að hann gat ekki hugsað sér að lifa lengur. Hann fannst drukknður á ströndinni fyrir utan borgina skömmu eftir andlát Bahá’u’lláh. Hann lýsti sársauka þessara daga með svofelldum orðum: „... Í miðjum glundroðanum sem hvarvetna ríkti mátti sjá íbúana í ‘Akká og nálægum þorpum safnast saman fyrir utan bústaðinn, grátandi og kveinandi, og slá sér á höfuð í sorg sinni.“

Næstu sjö daga kom mikill fjöldi syrgjenda til bústaðarins, ríkir og fátækir, fólk af öllum stigum og stéttum, til að láta í ljósi sorg sína og votta hinni helgu fjölskyldu samúð. Meðal þeirra voru shíítar og sunnítar, kristnir menn, Gyðingar og Drúsar, og auk þess skáld, kennimenn og embættismenn, sem allir vottuðu hinum látna virðingu sína og hylltu Hann í bundnu máli og óbundnu, á arabísku og tyrknesku. Samúðarkveðjur bárust hvaðanæva að, frá Damaskus, Aleppo, Beirut og Kairó.

Sú sorg, blandin ást og lotningu, sem greip íbúa Landsins helga og nálægra landa við fráfall Bahá’u’lláh, var þó næsta lítil í samanburði við hryggðina, sem gagntók hjörtu tugþúsunda fylgjenda Hans, sem héldu uppi merkjum Trúarinnar í Persíu, Indlandi, Rússlandi, Írak, Tyrklandi, Palestínu, Egyptalandi og Sýrlandi. Vitnisburðurinn um hollustu þeirra á þessari örlagastundu varpar ljóma á annála þessa tímabils hetjaldar Trúarinnar.

Shoghi Effendi segir í bók sinni *God Passes By*, að með uppstigningu Bahá’u’lláh hafi liðið að lokum tímabils, sem á margan hátt á sér enga hliðstæðu í trúarbragðasögu mannkynsins. Fyrsta öld Bahá’í ráðstöfunarinnar var hálfnuð og boðskapurinn, sem Bábin hafði kunngert, hafði borið sinn gullna ávöxt. Hin ný-



Inngangurinn að grafhýsi Bahá'u'lláh í Bahjí.

borna trú Guðs hafði verið boðuð til fullnustu og án nokkurra fyrirvara. Allir þeir fornu spádómar helgiritanna, sem vísuðu til hennar, höfðu ræst. Lög hennar og meginreglur höfðu verið settar fram skýrt og afdráttarlaust og tengsl hennar við önnur trúarbrögð skilgreind. Grundvallarstofnanir hins rísandi Heimsskipulags Bahá'u'lláh höfðu verið settar á fót og sáttmálinn, sem tryggja og vernda átti einingu og flekkleysi þessa völduga kerfis, hafði verið gefinn mönnunum.

Konungsríki falla

Á þeim tíma sem liðinn er frá uppstigningu Bahá'u'lláh hafa allir hinir þungvægu spádómar Hans um fall konungsríkjanna og þjóðhöfðingja, sem birtir voru í töflum Hans til þeirra, ræst til fullnustu og ekki stafkrókur þeirra er lengur óuppfylltur. Bahá'u'lláh hafði gengið í dóm við konunga og höfðingja jarðarinnar og sá eyðandi og hreinsandi stormur, sem Hann leysti úr læðingi, hefur síðan kollvarpað einvöldum og konungsaettum, upprætt áhrif klerkavaldsins, komið af stað styrjöldum og byltingum og velt úr hásæti prinsum og harðstjórum jarðarinnar.

‘Abdu'l-'Azíz, soldán Tyrkjaveldis, sem var höfundur þriggja útleðardóma á hendur Bahá'u'lláh, og sem spáð hafði verið falli í *Lawh-i-Fu'ád*, var settur af eftir hallarbyltingu, dæmdur af klerkunum í sinni eigin höfuðborg og myrtur af launmörðingja fjórum dögum síðar, 1876. Eftirmaður hans var veill á geði. Styrjöldin 1877—'78 leysti ellefu milljón manns undan tyrkneska okinu. Rússneskur her tók Adríanópél og tyrkneska heimsveldið leystist endanlega upp eftir fyrri heimsstyrjöldina. Landið var þá gert að lýðveldi og endir bundinn á stjórnarfar, sem staðið hafði samfleytt í sex hundruð ár.

Naşiri'd-Dín Sháh, keisari Persíu, sem Bahá'u'lláh hafði nefnt „prins kúgaranna“ og spáð að yrði gerður að „lexíu fyrir heiminn“, sami harðstjórinn sem hafði beitt sér fyrir aftöku Bábsins og útleð og fangelsun Bahá'u'lláh og sem í samráði og samvinnu við persnesku klerkastéttina hafði svarið þess dýran eið að kyrkja Trúna í vöggunni, var ráðinn af dögum undir fáheyrðum kringumstæðum að kvöldi mestu fagnaðarhátíðar sinnar, en sá dagur átti að verða hinn mesti og eftirminnilegasti í allri sögu persnesku þjóðarinnar. Liðsforingjar og fylgdarmenn keisarans þorðu ekki að láta múginn sjá að keisarin væri dáinn og reistu upp líkið í

viðhafnarvagninum og óku þannig um götur borgarinnar meðan múgurinn fagnaði þjóðhöfðingjanum. Gifta Qajár-keisaraættarinnar, sem þyngsta ábyrgð bar á glæpunum gegn Bahá'í samfélaginu og niðurlægingu persnesku þjóðarinnar, dvínaði óðfluga þaðan í frá og skömmu eftir aldamótin hvarf þessi ætt með öllu af sjónarsviðinu.

Napóleon III., fremstur einvalda í Evrópu á sinni tíð, var drambsamur, undirföfull og yfirborðslegur í öllum gerðum sínum. Í síðari töflu sinni til hans sagði Bahá'u'lláh, að hann hefði verið veginn og léttvægur fundinn og sagði fyrir fall hans og endalok. Ári síðar, 1870, beið Napóleon III. einn mesta hernaðarósigur sögunnar í orrustunni við Sedan. Það sem eftir var ævinnar eyddi hann í útlegð í Bretlandi. Krónprinsinn, sonur hans, féll í Zulusstyrjöldinni. Eftir grimmilega borgarastyrjöld var Vilhjálmur I., konungur Prússa, hylltur í Versölum sem keisari sameinaðs Þýskalands.

Bahá'u'lláh hafði áminnt Vilhjálm I. Í *Kitáb-i-Aqdas* og beðið hann að hugleiða örlög Napóleons III. Í þessari sömu töflu spár Bahá'u'lláh ófriði og segir fyrir báðar heimsstyrjaldirnar. Vilhjálmur I. var tvisvar sýnt banatilræði. Sonur hans lést af banvænum sjúkdómi þremur mánuðum eftir að hann settist í hásæti og þá tók við af honum Vilhjálmur II., skammsýnn og hrokafullur einvaldur. Bylting var gerð í höfuðborg ríkisins, prinsar þýsku smárikjanna sögðu af sér og Vilhjálmur II. flúði til Hollands og neyddist til að afsala sér öllu tilkalli til krúnunnar.

Franz Jósef, keisari Austurríkis og Ungverjalands, var áminntur í *Kitáb-i-Aqdas*, er hann lét urdir höfuð leggjast að spyrjast fyrir um Bahá'u'lláh, þegar hann kom í pílgrímsför til Landsins helga. Veldistími hans var giftusnauður. Bróðir hans, Maximilian, var myrtur í Mexíkó. Krónprinsinn Rúdólf fórst við smánarlegar kringumstæður. Keisaraynjan var myrt af launmorðingja. Franz Ferdinand, erkihertogi, og kona hans voru myrt í Serajevo. Keisaraveldið var leyst upp og lýðveldi stofnað, sem þurrkað var út af pólitísku landakorti Evrópu eftir stutta og umbrotasama ævi.

Nikolajevits Alexander II. Rússakeisari barst þrívegis áminning og viðvörðun frá Bahá'u'lláh. Honum var nokkrum sinnum sýnt banatilræði og loks féll hann fyrir höndum launmorðingja. Sú harkalega kúgunarstefna, sem arftaki hans, Alexander III., fylgdi, ruddi braut byltingu, sem sópaði burt ríkisvaldinu í stjórnartíð Nikulásar II. og kallaði yfir þjóðina styrjöld, sjúkdóma og hung-

ursneyð og festi í sessi herskáa öreigastjórn, sem stráfelldi aðalsmennina, afnam ríkistrúna, tók Zarinn og fjölskyldu hans af lífi og þurrkaði út Romanoff-ættina.

Völdin tekinfrá klerkunum

Píus páfi IX., sem var óumdeildur leiðtogi völdugustu kirkju kristindómsins, og sem Bahá'u'lláh hafði boðið að yfirgefa hallir sínar og kalla þjóðirnar til hinnar nýju trúar Guðs, neyddist til að gefast upp fyrir umsátursliði Viktors Emanúels og var sviftur öllum völdum yfir páfaríkjunum og Rómaborg. Píus IX. hafði sjálfur nefnt páfaríkin „kyrtil Jesú Krists“ og hann er höfundur páfabréfsins víðfræga, þar sem sett er fram kenningin um óskeikulleika páfa. Síðustu árum ævi sinnar eyddi hann við hugarvél í Vatikaninu og var þar nánast fangi. Formleg viðurkenning eins eftirmanns hans á ítalska konungdæminu staðfesti, að endir var bundinn á veraldleg yfirráð páfans í Róm.

Í *Kitáb-i-Aqdas* kunngerði Bahá'u'lláh: „Af tveimur stéttum jarðarinnar hafa öll völd verið tekin: konungum og klerkum“. Konunga jarðarinnar hafði Hann áminnt með svofelldum orðum: „Ef þér hlýðnist eigi þeim ráðum, sem ... Vér höfum opinberað yður í þessari Töflu, mun hirting Guðs stöðja að yður úr öllum áttum ... Á þeim degi munuð þér ... viðurkenna vanmátt yðar.“

Auk konungdæmanna, sem áður voru nefnd, hafa önnur konungsríki fallið eitt af öðru uns nú er svo komið að konungsstjórn hefur verið afnumin í flestum löndum heims og þeir konungar, sem enn eru eftir, hafa engin pólitísk völd eða áhrif í löndum sínum.

Bahá'u'lláh fór mjög hörðum orðum um kirkjuleiðtoga heimsins. Hann segir: „Kennimennimír hafa verið uppspretta og upphaf kúgunarinnar ... Guð hefur vissulega snúið við þeim baki og Vér höfum einnig snúið við þeim baki.“ Hann segir einnig: „Vér gengum úr skugga um að andstæðingar Vorir voru mestmegnis meðal kennimannanna.“ Hann ávarpar þá með þessum orðum: „Ó, guðsmannafjöldi! Þér munuð héðan í frá engin völd eða áhrif hafa, með því að Vér höfum tekið þau frá yður ... Hefðuð þér trúað á Guð, er Hann opinberaði sig, þá hefði fólkið ekki snúið við Honum baki og það sem þér eruð vitni að í dag hefði ekki fallið Oss í hlut.“

Þeir kirkjuleiðtogar, prinsar og ráðherrar, sem áttu hlutdeild í

þeim þrengingum, sem Bahá'u'lláh og fylgjendur Hans liðu, hlutu ömurleg örlög. Fu'ád Páshá, tyrkneski utanríkisráðherrann, sem bar ábyrgðina á útleið Bahá'u'lláh til 'Akká, féll niður í Nizza ári síðar og dó þar (1869). Forsætisráðherrann, 'Alí Páshá, var sviftur völdum og dó gleymdur og yfirgefinn. Tveir ofsækjendur Málstaðarins í Persíu, prinsarnir Mas'úd Mírzá, elsti sonur Naširi'd-Dín Sháh, og Jalálu'd-Dawlih, féllu í ónáð, voru reknir úr embættum sínum með smán og neyddust til að skila aftur hluta þeirra eigna, sem þeir höfðu rænt frá fórnarlömbum sínum.

Persneski aðalræðismaðurinn í Baghdad, Mírzá Buzurg Khán, var sviftur embætti og dó sannur lífdaga, snauður og einmana. Dómarinn Siyyid Sádiq, sem nafntogaður var fyrir grimmd sína og gefið hafði út tilskipun þess efnis að allir karlmenn í Bahá'í samfélaginu í Persíu skyldu drepnir og konur þeirra sendar í útleið, varð sjúkdómi að bráð, sem leiddi hann loks til dauða. Hinn hrokafulli Subhí Páshá, sem kallað hafði Bahá'u'lláh til yfirheyrslu í stjórnarhúsið í 'Akká, var sviftur embætti og kallaður heim. Sagnritarinn Nabíl segir, að sérhver páshá í 'Akká, sem sýnt hefði velvild, hafi orðið langlífur í embætti, en sérhver ríkisstjóri, sem sýndi fjandskap, missti embætti sitt, eins og þeir 'Abdu'r-Rahman Páshá og Muḥammad-Yusúf Páshá, sem tilkynnt var um brottrekstur sinn í símskeyti sama daginn og þeir höfðu ákveðið að leggja hendur á Bahá'íana í 'Akká.

Mírzá Yaḥyá, sem rofið hafði sáttmálann við Bábinn, lifði fram á annan áratug þessarar aldar á Kýpur, eygni sem Tyrkir kölluðu „eyju Satans“. Vonir hans um forystu og frama í samfélagi Bábíanna brugðust fullkomlega. Hann þáði lífeyri frá Tyrkjum og síðar frá Bretum, en er hann sótti um breskan þegnirétt var honum neitað um hann. Ellefu hinna átján „vitna“, sem hann útnefndi, yfirgáfu hann og leituðu á náðir Bahá'u'lláh, sem fyrirgaf þeim og tók þá inn í samfélag sitt. Hann varð viðriðinn hneykslismál, sem flekkaði orðstír hans og elsta sonar hans, og svifti þennan son sinn og alla afkomendur hans erfðum. Í staðinn varð Persi einn, Mírzá Hádí, hægri hönd hans. Þegar Mírzá Ashraf leið píslarvætti, greip slíkur ótti Mírzá Hádí, að hann afneitaði trú sinni og Mírzá Yaḥyá frá predikunarstól moskunnar fjóra daga í röð. Mörgum árum síðar kom elsti sonur Yaḥyá ásamt frænda sínum og frænku til 'Abdu'l-Bahá, sem þá var miðpunktur þess sáttmála, sem Bahá'u'lláh hafði gert við fylgjendur sína, og lét í ljós iðrun sína, bað um fyrirgefningu og hlaut hana. Vörður trúarinnar, Shoghi Effendi,

segir að hann hafi til dauðadags verið dyggur fylgjandi þeirrar Trúar, sem faðir hans hafði af slíkri fákænsku, blygðunarleysi og með svo aumkunarverðum hætti reynt að tortíma.


14. kafli

‘Abdu’l-Bahá

Meðan Bahá’u’lláh dvaldi í Adríanópel opinberaði Hann töflu á arabísku, sem nefnist *Súriy-i-Ghusn* (Tafla greinarinnar). Orðum hennar var beint til Bahá’ía nokkurs frá *Khurásán*-héraði í Persíu, Mírzá ‘Alí-Riḏá. Hann gegndi ábyrgðarmiklu starfi fyrir stjórnina í heimahéraði sínu og hafði þar mikil áhrif. Sá sem kennt hafði honum Trúna, var enginn annar en Mullá Ḥusayn, fyrsti lærisveinn Bábsins.

Í þessari mikilvægu töflu varpar Bahá’u’lláh í fyrsta sinn ljósi á stöðu elsta sonar síns, ‘Abdu’l-Bahá, og hið einstæða hlutverk sem Hann átti eftir að gegna sem miðdepill sáttmála Bahá’u’lláh við mannkynið og óskeikull túlkandi orða Hans. Bahá’u’lláh segir í þessari töflu:

„Færið Guði þakkir, ó menn, fyrir birtingu Hans, því að vissulega er Hann mesta gjöfin, sem yður hefur verið gefin, fullkomnasta örlætið, sem yður hefur verið sýnt, og fyrir Hann hefur lífi verið blásið í sérhvert fúnandi bein. Sá sem snýr sér til Hans hefur snúið sér til Guðs, og sá sem snýr sér frá Honum hefur snúið sér frá fegurð Minni, mælt í gegn vitnisburði Mínum og brotið gegn Mér. Hann er heitfé Guðs á meðal yðar, tilkall Hans hið innra með yður, opinberun Hans yður til handa og birting Hans meðal útvalinna þjóna Hans ... Vér höfum sent Hann niður í ímynd mannlegs musteris.“



'Abdu'l-Bahá

Sáttmálinn

Einn skýrasti og þýðingarmesti þáttur Bahá'í trúarinnar er sáttmáli sá, sem Bahá'u'lláh gerði við fylgjendur sína og raunar mannkynið allt í Kitáb-i-Aqdas og Kitáb-i-Ahdí (Bók sáttmála Míns). Þessi sáttmáli er einstæður í sögu mannkynsins og á sér enga hliðstæðu í trúarbrögðum þess fyrr og síðar. Með þessum sáttmála hefur opinberandi Guðs í fyrsta sinn bent á eftirmann sinn á svo ótvíræðan hátt, að enginn vafi getur leikið á vilja Hans í þeim efnum og enginn getur dregið þessa útnefningu í efa.

Í þeim heimildum, sem við höfum um líf og boðskap Krists, Nýja testamentinu, er sagt frá því er Kristur segir við hinn fremsta af postulum sínum: „Þú ert Pétur . . . og á þér mun Eg byggja kirkju Mína.“ Og skömmu áður en Múhammed lést, gaf Hann til kynna að 'Alí, eiginmaður Fatímu, Væri réttmætur arftaki sinn og átrúendunum bæri að snúa sér til hans um handleiðslu og forystu eftir sinn dag. Þrátt fyrir þetta klofnuðu bæði kristindómurinn og Islám eftir dauða höfundu þeirra og sundruðust síðan í marga og ólíka sértrúarflokka og söfnuði. Á þessum klofningshópum er yfirleitt það einkenni, að þeir telja sig eina hafa höndlað hina réttu kenningu, boða hina sönnu trú og hafa hinn eina sanna skilning á orðum Opinberandanna, en fordæma þá sem villutrúarmenn, er hafa aðra skoðun. Orsökina fyrir þessari ógræðanlegu sundrung, sem er eitt helsta einkenni hinna miklu trúarbragða heimsins, er sú að hófundar þeirra létu ekki eftir sig nein ótvíræð fyrirmæli um hver skyldi teljast arftaki þeirra og leiða átrúendurna. Þeir gáfu engum einum aðila heimild til að túlka orð sín eftir sinn dag, þannig að hver og einn gat túlkað þau að eigin geðþótta. Hið ómetanlega gildi sem sáttmáli Bahá'u'lláh hefur fyrir allt mannkynið felst einmitt í því að hann kemur í veg fyrir það í eitt skipti fyrir öll að Trúin geti klofnað eða orðið sundrunaröflunum að bráð. Bahá'u'lláh hefur útskýrt rækilega í fjölda taflna og bóka, að megingilgangur Trúarinnar hafi ætíð verið, og sé enn, að koma á einingu og sáttum milli allra manna og allra trúarbragða — allsherjarbræðralagi, sem byggist á jafnrétti, gagnkvæmri ást og fórnfýsi. Þetta háleita og lífsnauðsynlega hlutverk getur Trúin ekki rækt, ef hún er sjálfri sér sundurþykk. Eining alls mannkynsins er því komin undir sáttmála Bahá'u'lláh. Hversu mikilvægur hann er sést best af því, að ein meðal allra trúarbragða heimsins hefur Bahá'í trúin varðveitt órjúfanlega einingu sína, hreinleika og upprunaleika kenninga sinna. Í sögu

Þessarar Trúar hefur berlega komið í ljós, að hið eina sem haldið getur aftur af sundrunaröflunum er sáttmálinn og annað ekki.

Miðdepill þessa mikla og óbifanlega sáttmála Guðs við menn á okkar tímum er ‘Abdu’l-Bahá. Enginn annar, hvorki stofnun né einstaklingur, getur nokkru sinni gert tilkall til óskeikulleika í túlkun sinni á orðum og kenningum Bahá’u’lláh; enginn annar en ‘Abdu’l-Bahá getur krafist þess að átrúendurnir beygi sig undir skýringar sínar eða túlkanir á orðum Bahá’u’lláh og Bábsins. Bahá’u’lláh tók af öll tvímæli um það, að orð ‘Abdu’l-Bahá hefðu sama gildi og þau hefðu komið frá penna Hans sjálfs. Hann segir í Kitáb-i-Aqdas:

„Þegar haf návistar minnar hefur fjarð út og bók opinberunar Minnar er á enda, beinið þá augliti yðar til Hans, sem Guð hefur áformað, og runninn er af þessari fornu rót.“
„Berið allt sem þér eigi skiljið í Bókinni (ritningum Bahá’u’lláh) undir Hann, sem greinst hefur frá þessum máttka meiði.“

Á öðrum stað ávarpar Bahá’u’lláh ‘Abdu’l-Bahá og segir:

„Vér höfum gert þig að athvarfi fyrir allt mannkynið, skildi fyrir alla sem eru á himni og jörðu, rammgerðu vígi fyrir hvern þann sem trúað hefur á Guð, hinn óviðjafnanlega, alvitra.“

Í erfðaskrá sinni skipaði ‘Abdu’l-Bahá elsta dótturson sinn, Shoghi Effendi, Vörð Bahá’í trúarinnar og veitti honum sama rétt til túlkunar á ritningunum og Hann hafði sjálfur haft. Shoghi Effendi hefur lýst viðhorfi Bahá’ía til ‘Abdu’l-Bahá, nú og um alla framtíð, með þessum orðum:

„Hann er fyrst og fremst — og þannig ber okkur ætíð að líta á Hann — burðarás og þungamiðja hins óviðjafnanlega og alltumlykjandi sáttmála Bahá’u’lláh, upphafnasta handverk Hans, flekklaus spegill ljóss Hans, fullkomið for-dæmi kenninga Hans, óskeikull túlkandi orðs Hans, líkamning sérhverrar Bahá’í hugsjónar, holdtekja sérhverrar Bahá’í dyggðar, hin máttugasta Grein, sem runnin er af þessari öldnu Rót ... þessi eru þau nöfn og titlar, sem .. finna hæstu og sönnustu tjáningu sína í því töfrum þrungna nafni ‘Abdu’l-Bahá. Hann er ofar og handan þessara nafna

„leyndardómur Guðs“ — með því nafni kaus Bahá'u'lláh sjálfur að lýsa Honum, og þótt það heimili okkur enganveginn að hefja Hann upp í spámannsstöðu, gefur það okkur til kynna hvernig ósamræmanlegar eigindir mannseðlis og ofurmannlegrar fullkomunar og þekkingar hafa samtvinnað og náð fullkomnu jafnvægi í persónu 'Abdu'l-Bahá.“

Sáttmálsbrjótarnir

Innan Bahá'í trúarinnar, sem og allra annarra trúarbragða mannkyns, hafa risið upp einstaklingar, sem þyrst hefur eftir völdum og metorðum og svifust einskis til þess að svala persónulegum metnaði sínum. Með gerðum sínum og framferði vógu þeir að rötum þeirra trúarbragða, sem þeir sjálfir þóttust játa. Saga Mírzá Yahyá og fylgismanna hans hefur verið rakin að nokkru í þessari bók, en fleiri komu á eftir. Viðleitni þeirra beindist öll að því að valda sundrungu innan Trúarinnar, afvegaleiða hina trúföstu fylgjendur og fylkja þeim um sjálfa sig.

Í hinu almenna bréfi Júdasar í Nýja testamentinu er fjallað um þessa yfirtroðslumenn sáttmálans og lýsingin á þeim er að sjálf-sögðu ekki aðeins bundin við sáttmálsbrjóta innan kristindómsins, heldur á hún við slíka menn innan allra trúarbragða á öllum tímum. Þar segir meðal annars:

„Því inn hafa læðst nokkurir menn, sem fyrir löngu voru innritaðir til þessa dóms, óguðlegir menn, sem vanbrúka náð Guðs vors til ólifnaðar og afneita vorum einasta lávarði og Drottni, Jesú Kristi...

En þessir menn lastmæla öllu því, sem þeir þekkja ekki, en á öllu því sem þeir skilja af eðlisleiðslu sinni, eins og skynlausar skepnur, gjörspilla þeir. Vei þeim, því þeir hafa gengið á vegu Kains og hrapað í villu Bileams, fyrir ávinnings sakir, og tortímast í þverúð Kóra.¹ Þessir menn eru blindsker við kærleiksmáltíðir yðar ... þeir eru vatnslaus ský, sem rekast fyrir vindum, fölnuð tré, ávaxtarlaus, tvisvar dauð, rifin upp með rötum; ofsalegar hafsbylgjur, sem freyða eigin skömm-

1 Kóra rauf sáttmálann við Móse og reis upp gegn Honum. Sjá IV. Mósebók, 16.

um, reikandi stjörnur, sem sorti myrkursins er geymdur til eilífdar ...

Þessir menn eru möglarar, umkvörtunarsamir, og ganga eftir girndum sínum — og munnur þeirra mælir ofmetnað-arorð ... Á síðasta tíma munu koma spottarar, sem ganga eftir sínum eigin óguðlegu girndum. Þessir menn eru þeir, sem valda sundrungu ...“

‘Abdu’l-Bahá sagði oftsinnis, að sáttmálsbrjótarnir væru haldnir illkynjuðum andlegum sjúkdómi, sem helst mætti líkja við líkþrá. Hann brýndi stranglega fyrir Bahá’íunum að biðja fyrir þeim en forðast allt samneyti við þá, því að „sá sem situr með líkþráum, verður sjálfur líkþrá.“ En þótt þeir vinni mikið tjón og valdi Trúarhöfundunum og trúföstum fylgjendum þeirra sársauka og þjáningu, munu áhrif þeirra verða að engu þegar til lengdar lætur og þeir sjálfir hverfa nafnlaust og sporlaust í djúp sögunnar, ‘Abdu’l-Bahá líkir þeim við sjávarfroðu, sem skolast á land og verður að engu í sólarbreiskjunn. Þessi eru orð Hans:

„Hvað yfirtroðslumennina varðar, þá eru holdlegar ást-ríður orsök ágreiningsins. Þeir draga sannleiksgildi Sátt-málans ekki í efa, en eigingjarnar hneigðir þeirra hafa dregið þá niður á þetta svið. Því er ekki svo varið, að þeir viti ekki hvað þeir gera — þeir vita það mætavel, en samt sýna þeir þverúð...“

Sáttmáli Guðs er eins og ómælishaf. Holskefla mun rísa og svella á hafinu og kasta á land allri samsafnaðri froðu ...“

(‘Abdu’l-Bahá, *The Star of the West*, X. bindi).

Ef ekki væri fyrir hinn mikla og altæka sáttmála Bahá’u’lláh við fylgjendur sína, og raunar mannkynið allt, um óskoraðan túlkunarrétt ‘Abdu’l-Bahá, og síðar Shoghi Effendi, hefði Bahá’í trúin fyrir löngu sætt sömu örlögum og önnur trúarbrögð heims og væri klofin í ótal sértrúarflokka. Kraftur sáttmálans hefur því til leiðar komið, að Bahá’í trúin hefur fram á þennan dag staðið af sér allar atlögur sáttmálsbrjótanna, og mun gera það áfram í framtíðinni.

Bókarauki

Helstu einkenni og meginreglur Bahá'í trúarinnar

Hér á eftir verður leitast við að gefa skýra og samfellda mynd af séreinkennum og meginkenningum Bahá'í trúarinnar. Þess ber að geta, að þótt í Bahá'í trúnni hafi verið miðlað nýrri opinberun Guðs til manna, þá er sú trú, sem hún boðar, ekki ný. Öllum trúarbrögðum mannkyns er afmarkaður tími, og þegar þau hafa runnið sitt skeið á enda, eru þau endurnýjuð. Hin eilífa trú Guðs, sem birst hefur undir ýmsum nöfnum í aldanna rás hefur á okkar tímum endurnýjast í þeim völduga málstað friðar, sáttfýsi og einingar, sem Bahá'u'lláh boðar öllu mannkyni. Trúarbrögðin hafa ekki orðið til í tómarúmi. Þau eru ein órofa heild og það er aðeins hægt að skilja þau og meta í samhengi. Saga mannkyns er að mjög veigamiklu leyti saga trúarbragða þess og séu ein trúarbrögð tekin út úr þessu samhengi og reynt að skýra þau á sínum eigin forsendum verða þau sjálf óskiljanleg sem einstök af mörkuð fyrirbæri og mannkynssagan missir allt innra samhengi.¹ Öll

1 Sé samhengi trúarbragðanna hafnað blasir að endingu við sú sýn á mannkynssögunni, sem skilmerkilegast hefur verið tjáð með þessum orðum Macbeths: »A morgun, og á morgun, og á morgun, / þumlungast þessi smáspor dag frá degi / til loka hinztu línu á tímans bók; / og gærdagarnir allir lýstu leið / flónum, í dauðans duft. Slökk, slökk þig, skar! / Sljór farandskuggi er lífið, leikari / sem fremur kæki á fjölunum um stund / og þagnar síðan; það er ævintýri / þulið af bjána, fullt af mögli og muldri / og merkir ekkert.“ (Makbeð, V. þáttur, 5. svið. Þýð. Helgi Hálfðánarson.)

trúarbrögð sögunnar eru ein samfelld opinberun, sem á sér að-eins einn höfund — Guð sjálfan. Í þessum trúarbrögðum hefur Guð, öld fram af öld, opinberað þjóðum og ættkvíslum jarðarinnar vilja sinn og veitt þeim leiðsögn sína. Skilningur á þessu grunnstefi Bahá'í trúarinnar er lykillinn að skilningi á sögu og trúarbrögðum mannkynsins og jafnframt forsendan fyrir sannri og varanlegri einingu þjóða jarðarinnar.

Þótt öll opinberuð trúarbrögð mannkynsins séu ein í kjarna sínum og komi frá einni Uppsprettu, hefur ytra form þeirra tekið breytingum, því þau hafa ávallt verið sniðin að aldarhættinum — aðstæðum, skilningi og lífsháttum þeirra, sem þau voru ætluð. Guð talar til mannanna í samræmi við þroska þeirra á hverjum tíma. Ýmsir meðal ágætustu manna kristinnar trúar hafa komið auga á þennan sannleika. William Ellery Channing, einn af frumkvöðlum únítarakerkjunnar, orðar þetta svo:

Sé Guð óendanlega vitur, gerir hann sér ekki leik að skilningi skepna sinna. Vitur kennari gerir sér allt far um að laga mál sitt að skilningi nemenda sinna; hann ruglar þá ekki í ríminu með því sem þeim er óskiljanlegt og hrellir þá ekki með augljósum mótsögnum ... Opinberunin færir okkur ljósið að gjöf. Hún getur ekki aukið myrkrið og margfaldað vandkvæðin.“

Hver er þá sá nýi skilningur, sem opinberun Bahá'u'lláh miðlar hinum sérstöku aðstæðum og þroskastigi okkar tíma? Hvert er framlag hennar til andlegs þroska þeirra, sem nú byggja jörðina? Best má ef til vill svara þessum spurningum með því að greina í sundur eftirfarandi höfuðþætti í ytra og innra skipulagi Bahá'í trúarinnar:

- (1) Sáttmálann
- (2) Stjórnskipulagið
- (3) Einingu þjóða heimsins og trúarbragða þeirra
- (4) Fyllri skýringar á tengslum Guðs og opinberenda Hans
- (5) Félagslegar kennisetningar og meginreglur
- (6) Nýja sýn á tilgangi og eðli mannlífsins
- (7) Nýjan siðgæðismælikvarða
- (8) Fyrirheit um næstu opinberun Guðs
- (9) Uppfyllingu fyrirheitisins um Guðsríki á jórðu.

Sáttmálinn¹

Maðurinn sem lífvera á sér að baki geysilanga þróun. Áður en hann birtist á jörðinni í sinni núverandi mynd, hafði Guð séð honum fyrir öllum líkamlegum og efnislegum þörfum hans og lagt honum í brjóst möguleikann til andlegrar og félagslegrar þróunar.

Guð sér fyrir líkamlegum og efnislegum þörfum mannsins — ekki aðeins með atbeina allra þeirra hluta, sem eru í jörðinni og á henni og í andrúmsloftinu, sem umlykur hana — heldur einnig með atbeina alheimsins alls, en í samanburði við hann er jörðin sjálf eins og dustkom í geimnum.

Guð sér einnig fyrir öllum andlegum nauðsynjum mannsins og félagslegri framþróun með atfylgi opinberenda sinna. Líkt og blóm og jurtir í einum garði ná ekki fegurð og fullkomnun nema með tilstuðlan garðyrkjumannsins, þannig getur maðurinn ekki þroskað hina andlegu og félagslegu möguleika sína og séreinkenni nema með hjálp og fyrir milligöngu opinberenda Guðs. Þessi sáttmáli Guðs og manns er innbyggður í sjálft sköpunarverkið. Maðurinn hefur ákveðnu hlutverki að gegna í hinum efnislega og andlega sáttmála: hann ber ábyrgð á því, sem honum hafa verið gefin yfirráð yfir og þar sem honum hafa verið gefin yfirráð yfir jörðinni, ber maðurinn ábyrgð á jörðinni gagnvart Guði. Þannig má ljóst vera, að t.a.m. verndun auðlinda jarðarinnar er ekki annað en hlutverk mannsins í hinum efnislega sáttmála.

Kjarni hins eilífa sáttmála Guðs og manns er því sá, að Guð mun að sínu leyti sjá manninum fyrir andlegum og efnislegum þörfum hans, en maðurinn heitir því á móti að fylgja leiðsögn Guðs, sem veitt er með milligöngu opinberenda Hans, og að hlíta boðum Hans. Brot gegn þessum sáttmála, sem er óaðskiljanlegur sjálfri sköpun mannsins, leiðir af sér mikinn ófarnað fyrir manninn, andlegan og efnislegan. Þessi sáttmáli er skilmerkilega settur fram í fyrstu bók Móse og dæmisagan um Adam og Evu fjallar um afleiðingarnar af brotum gegn honum.

Til er einnig sérstakur sáttmáli milli Guðs og hvers einstaks opinberanda Hans. Þessi sáttmáli, sem Guð gerir við boðbera sína a þeirri stundu, er Hann gerir þeim til fullnustu kunnugt um ætlunarverk sitt, er í því fólgin, að opinberandinn gefur vilja sinn

1 Þessi greinargerð um sáttmálann, eins og hann er útskýrður í Bahá'í trúnni, er byggður á samantektinni „Hinn eilífi sáttmáli“ eftir Betty Reed.

í einu og öllu undir vilja Guðs, en Guð fyrir sitt leyti tryggir málstað opinberandans vöxt, viðgang og endanlegan sigur. Skýrt dæmi um þetta er að finna í kristinni trú. Þegar Kristur var krossfestur á Golgata, höfðu nánast allir fylgjendur Hans yfirgefið Hann eða afneitað Honum. Þeir sem að krossfestingunni stóðu höfðu ekki ástæðu til annars en ætla, að þeir hefðu slökkt eld þessarar trúar og kæft ljós hennar fyrir fullt og allt. Sagan sýnir okkur hinsvegar hvernig hinn smáði og fyrirlitni málstaður Krists skaut rötum í hjörtum mannanna, óx og eflidist, uns mikill hluti mannkynsins hafði gengið honum á hönd.

Opinberandi Guðs gerir einnig sáttmála við þann, sem koma mun á eftir Honum á þeim tíma, sem Guð tiltekur. Dæmi um þennan sáttmála er sáttmálinn, sem Bábinn gerði við fylgjendur sína um „Hann, sem Guð mun birta“ (þ.e. Bahá'u'lláh). Önnur dæmi úr trúarbrögðunum eru fyrirheit Krists um komu „huggarans“, orð Múhammeds um „hina miklu boðun mannkynsins“ og síðast en ekki síst orð Bahá'u'lláh um þann, sem koma mun á eftir Honum að fullnuðum a.m.k. eitt þúsund árum.

Loks er að geta þess sáttmála, sem opinberandinn gerir við þann sem leiða á átrúendurna eftir Hans dag. Þessi sáttmáli, auk hins persónulega sáttmála milli opinberandans og hvers einstaks fylgjanda Hans, hefur þegar verið rakinn í þessari bók (sjá 14. kafla). Þar er einnig fjallað um hinn sérstaka sáttmála 'Abdu'l-Bahá við átrúendurna um Shoghi Effendi og Allsherjarhús réttvísinnar.

Stjórnskipulagið

Það hefur aldrei gerst áður í neinum trúarbrögðum, að hofundur þeirra hafi með eigin penna lagt drögin að stjórnskipan, sem væri svo órjúfanlega tengd sjálfum anda og siðgæði Trúarinnar, að annað væri óhugsandi án hins. Bahá'íar trúa því, að sú stjórnskipan, sem sett var fram í ritningum Bahá'u'lláh og erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá, og mótuð af Verði Trúarinnar, Shoghi Effendi, á þessari öld, sé vísirinn að því Guðsríki á jörðu sem heitið hefur verið í helgiritum allra trúarbragða og sem öll þróun mannsins hefur stefnt að.

Þar sem í öðrum trúarbrögðum hefur vaxið upp formlegt stjórnkerfi, byggt á forræði klerkastéttar, hefur Bahá'u'lláh lagt niður prestastéttina og í Bahá'í trúnni eru því engir prestar.

Bahá'íar líta svo á, að á umliðnum öldum hafi prestar haft hlutverki að gegna, þegar ekki var unnt fyrir hvern einstakan að afla sér menntunar, og þetta hlutverk megi ekki vanmeta. En nú eru þeir tímar gengnir í garð, að leggja verður ábyrgðina á andlegri þróun og trúarþroska hvers einstaklings á herðar honum sjálfum. Í Bahá'í trúnni er því sérhver einstaklingur, karl og kona, kallaður til ábyrgðar á andlegum vexti samfélagsins. Þau hlutverk, sem presturinn hafði áður með höndum, svo sem giftingar, greftranir o.s.frv. eru nú í höndum Andlegra ráða.

Þessi Andlegu ráð (sem þegar fram líða tímar verða nefnd Hús réttvísinnar) eru stofnsett á hverju því svæði, þar sem búa níu eða fleiri Bahá'íar, sem náð hafa 21 árs aldri. Séu þeir fleiri en níu verður að kjósa til Ráðsins árlega leynilegri kosningu. Svæðin, sem hér um ræðir, fylgja í öllum meginatriðum skiptingu landsins í bæjar- og sveitarfélög.

Engin tilnefning fer fram til Ráðsins og bann er lagt við því að reyna að hafa áhrif á kosningu með áróðri eða öðru slíku. Í Bahá'í ritningunum eru skýr fyrirmæli þess efnis, að sérhver Bahá'í skuli íhuga með sjálfum sér í einlægni og bænarhug hverja hann telur hæfasta til að þjóna í hinu Andlega ráði. Enginn kjörlisti er lagður fram, ekkert framboð á sér stað og verði það uppvíst, að minnsta tilraun hafi verið gerð til að hafa áhrif á kosninguna, getur það gert hana ógilda. Bahá'íum er heitið því, að ef hver þeirra um sig íhugar í fullkominni auðmýkt, bænarhug og trausti á handleiðslu Guðs hvern honum beri að kjósa, muni hann hljóta slíka handleiðslu til starfs síns. Þeir eiginleikar, sem þyngst vega, þegar íhugað er kjör í Andlegt ráð, eru fyrst og fremst manngerðin, eiginleikar hans eða hennar, þjónusta við Trúna, reynsla, menntun o.s.frv. Ekkert tillit er tekið til fjárhagslegrar eða félagslegrar stöðu.

Bahá'í stjórnskipulagið er farvegurinn fyrir andlegan tilgang, lög og meginreglur Bahá'u'lláh, og tjá anda Trúarinnar á formlegan og skipulegan hátt. Trúnni má á vissan hátt líkja við mannslíkama: meginreglur og siðgæðisboð Bahá'u'lláh eru sál hans, en stjórnskipulagið hold hans og blóð. Hvorugt fær lifað eða staðist án hins.

Meðal helgustu skyldna Andlegra ráða er að finna leiðir til að vekja athygli umheimsins á boðskap Bahá'u'lláh, vernda heiður og flekkleysi trúar Hans, stuðla að ást og einingu meðal meðlima Bahá'í samfélagsins, hjálpa sjúkum og þurfandi, stuðla að upp-

fræðslu barna, skipuleggja reglulega fundi Bahá'ía og vinna að félagslegri, andlegri og vitsmunalegri upplýsingu samfélagsins.

Mikilvægasta tækið, sem Andlega ráðið hefur í sínum höndum til að ná þessum markmiðum, er *leið samráðgunar*. Í raun fær Bahá'í stjórnskipunin ekki staðist án samráðs þeirra, sem þjóna hæstu hagsmunum hennar.

Meginregla samráðgunar er tvíþætt: í fyrsta lagi hefur sérhver einstaklingur óskoraðan rétt til að tjá skoðanir sínar, en þegar hann eitt sinn hefur tjáð þessar skoðanir, má hann ekki hamra á þeim með einþykkni og kreddufestu án tillits til skoðana annarra. Nauðsynlegt er, að hann kanni gildi annarra skoðana af jafn mikilli einlægni og hann setur fram sínar eigin og að ekkert vaki fyrir honum nema heill og velferð samfélagsins. Sú ákvörðun, sem tekin er að höfðu slíku samráði, er oft á tíðum miklu betri og farsælli en nokkuð sem einstakir meðlimir Ráðsins höfðu í huga, þegar samráðgunin hófst. Samráð, sem haft er í þessum anda, leiðir oftast til samhljóða ákvörðunar. Ef þetta gerist ekki, ræður vilji meirihluta Ráðsins. Allir meðlimir Ráðsins og allt Bahá'í samfélagið verður síðan að styðja þessa ákvörðun af alhug. Óleyfilegt er að gagnrýna Ráðið fyrir þessa ákvörðun eða ganga í gegn henni á nokkurn hátt. Augljós viska er að baki þessu: ef sérhver Bahá'í vildi haga málum samfélagsins eftir eigin geðþótta og í samræmi við eigin dómgreind, mundi andi einingar og samstöðu í samfélaginu hverfa gjörsamlega og glundroði ná yfirhöndinni. Sérhver einstaklingur hefur þó rétt til að fara þess á leit við Andlega ráðið, að það endurskoði afstöðu sína, telji hann að mistök hafi verið gerð.

Nafn Ráðanna „Andleg ráð“ sýnir, að hér er fyrst og fremst um stjórnæki að ræða sem beitir sér að andlegri uppbyggingu einstaklinganna og andlegum þroska þeirra. Maðurinn er samkvæmt Bahá'í trúnni fyrst og fremst andleg vera og efnisleg velferð hans skilyrðist af andlegum þroska hans, en ekki öfugt.

Allir Bahá'íar í samfélaginu koma reglulega saman á 19 daga fresti til að biðjast fyrir, taka ráð saman um starfsemi sína og styrkja bönd vináttu og einingar sín í milli. Þessi samkoma nefnist 19 daga hátíðin. Henni er skipt í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum eru lesnar bænir og ritningargreinar úr Bahá'í ritningunum. Í öðrum hlutanum fer fram samráðgun samfélagsins og Andlega svæðisráðið gefur skýrslu til samfélagsins um starfsemi sína og hefur samráð við það um frekari starfsemi. Þess er gætt, að sérhver

meðlimur samfélagsins fái við þessi tækifæri að tjá skoðanir sínar og taka þátt í samráðinu. Tillögur, sem þannig koma fram, eru skráðar og ræddar á næsta fundi Andlega svæðisráðsins. Á þennan hátt geta allir meðlimir samfélagsins, ungir og aldnir, lagt sinn skerf af mörkum til stjórnunar samfélagsins, jafnvelþótt þeir séu ekki meðlimir Ráðsins. Síðasti hluti hátíðarinnar er félagslegur og tilgangur hans að efla vináttu og einingu í samfélaginu.

Andleg svæðisráð geta skipt hundruðum í einu landi, en öll heyra þessi Ráð undir eitt Andlegt þjóðráð, sem stjórnar, örvar og samræmir starfsemi Bahá'íanna í landinu. Til hins Andlega þjóðráðs er kosið árlega af fulltrúum frá Svæðisráðssamfélögum um allt land. Sömu lög gilda um þessa kosningu og kosningu til Andlegra svæðisráða. Allar tilraunir til að hafa áhrif á skoðanir annarra eru bannaðar og harðlega fordæmdar. Allir Bahá'í í landinu yfir 21 árs aldri eru í kjöri til Andlega þjóðráðsins.

Andlega þjóðráðið stendur í stöðugu sambandi við öll Svæðisráð í landinu með fulltingi til þess skipaðra nefnda, en fjallar um málefni sem ekki eru svæðisbundin og lúta að velferð Bahá'í samfélagsins í landinu í heild. Bahá'íar sem eru utan Svæðisráðslögsögu standa í beinu sambandi við Andlega þjóðráðið, sem miðlar þeim fréttum og leiðbeinir þeim í starfsemi þeirra, uns þeir sjálfir hafa myndað Svæðisráð.

Meðlimir hinna Andlegu ráða njóta engra forréttinda framyfir aðra Bahá'ía og hafa enga sérstaka stöðu. Vald þeirra takmarkast við fundi Ráðsins, þegar þeir hafa rétt á, og ber raunar skylda til, að taka fullan þátt í samráðguninni og móta ákvarðanir, sem allt Bahá'í samfélagið síðan fylgir.

Öll Andleg þjóðráð heims lúta lögsögu alþjóðlegrar stofnunar, sem nefnd er Allsherjarhús réttvísinnar. Líkt og Þjóðráðið samræmir, örvar og leiðir starfsemi Svæðisráða í sínu landi, þannig samræmir og leiðir Allsherjarhús réttvísinnar starfsemi Þjóðráðanna um allan heim. Allsherjarhús réttvísinnar gerir áætlanir og setur markmið fyrir allan Bahá'í heiminn og Andlegu þjóðráðin framfylgja síðan þessum áætlunum í einingu hvert í sínu heimalandi.

Meginmunurinn á Andlegu þjóðráðunum og Allsherjarhúsi réttvísinnar er sá, að Bahá'u'lláh hefur gefið þessari æðstu stofnun Bahá'í heimsins vald til að setja lög um málefni, sem Hann kvað ekki á um sjálfur. Allsherjarhúsið getur ekki breytt neinum þeirra laga, sem Bahá'u'lláh setti, en það getur leitt í lög þau

atriði, sem Hann veitti því heimild til. Allsherjarkhús réttvísinnar getur einnig breytt sínum eigin lögum, þegar þörf krefur.

Annar meginmunur á Allsherjarkhúsinu og öllum öðrum Ráðum er sá, að Bahá'u'lláh hefur gefið fylgjendum sínum það fyrirheit, að Allsherjarkhúsið muni ávallt njóta handleiðslu Guðs í ákvörðunum sínum og þessar ákvarðanir muni því ávallt vera réttar.

Telji Bahá'í, að Andlegt svæðisráð hafi tekið ranga ákvörðun, getur hann beðið Ráðið um að endurskoða málið. Sé hann ennþá óánægður með niðurstöðuna, getur hann skotið máli sínu til Andlega þjóðráðsins. Sé hann óánægður með úrskurð þess, getur hann skotið máli sínu til Allsherjarkhúss réttvísinnar. Ákvörðun þess er hinsvegar endanlega og gildir sem lög.

Bahá'u'lláh valdi í sínu eigin lífi nokkra fylgjendur sína til sérstakrar þjónustu við málstað sinn og gaf þeim samheitið „Hendur málstaðar Guðs“. Shoghi Effendi skipaði fleiri slíkar Hendur málstaðarins úr röðum virkustu og hæfustu Bahá'ía síns tíma til að aðstoða sig í hinu gífurlega umfangsmikla starfi sínu. Aðeins Vörðurinn hafði heimild til að skipa Hendur málstaðarins og verða þær því ekki fleiri í framtíðinni. Shoghi Effendi skipaði einnig sérstaka aðstoðarráðgjafa til hjálpar Höndum málstaðarins, en 1968 setti Allsherjarkhús réttvísinnar á fót nýja stofnun með skírskotun til ritaðra orða Shoghi Effendi. Nefnist hún Álfuráð og er eitt slíkt ráð starfandi í hverri heimsálfu, en þessi stofnun hefur sér til fulltingis aðstoðarráðgjafa, sem starfa í hverju landi og vinna að vernd Trúarinnar og útbreiðslu hennar. Álfuráðin munu, þegar fram líða stundir, taka við starfsemi Handa málstaðarins. Allsherjarkhús réttvísinnar skipar einstaklinga til starfa við þessa stofnun og lýtur hún fyrirmælum og ákvörðunum Allsherjarkhússins. Meginhlutverk Álfuráðanna er að örva Bahá'í samfélög um heim allan, vera í fararbroddi í kennslu- og útbreiðslustarfi Trúarinnar og annast vernd hennar.

Bahá'u'lláh mælti svo fyrir, að á hverju svæði skyldi reisa tilbeiðsluhús, musteri (*Mashriqu'l-Adhkár*), þar sem fólk getur komið saman til tilbeiðslu, hver svo sem trúarbrögð þess eru. Í þessum musteum er lesið úr helgiritum trúarbragðanna. Þar sem engir prestar eru í Bahá'í trúnni, annast venjulegir menn og konur úr röðum átrúendanna lesturinn. Engar predikanir eru fluttar og engir helgisíðir hafðir um hönd. Bahá'í musterið gegnir því hlutverki að vera athvarf, þar sem menn og konur af öllum trúarbrögðum geta komið saraan til bænar og hugleiðslu og annað fer

ekki fram í þeim. Musterin hafa viss einkenni sameiginleg. Á þeim eru níu dyr til allra átta, sem tákna að þau eru opin öllu mannkyni. Fagrir garðar umlykja þau og Bahá'u'lláh mælti svo fyrir, að í námunda við þau skyldi reisa menntastofnanir, munaðarleysingjahæli og aðrar góðgerðarstofnanir, til þess að tilbeiðsla á Guði mætti fara saman við fegurð náttúrunnar og hagnýta þjónustu við alla menn. Bahá'í musteri hafa verið reist í öllum meginlöndum heims.

Fjár til starfsemi Bahá'í trúarinnar er aflað með frjálsum, leynilegum framlögum. Engir aðrir en Bahá'íar mega gefa í sjóði Trúarinnar. Litið er á það sem andlega skyldu sérhvers Bahá'ía að leggja eitthvað af mörkum fjárhagslega til málstaðarins, en það er á valdi hvers og eins að ákveða framlag sitt. Bahá'íar líta á það sem mikil forréttindi að mega ekki aðeins veita Trú sinni siðferðilegt og andlegt brautargengi, heldur einnig styðja hana fjárhagslega eftir því sem aðstæður þeirra og fjárhagur leyfir.

Bahá'í trúin hefur sitt eigið tímatal, eins og öll opinberuð trúarbrögð heims, og er upphafsár þess tímatals miðað við árið 1844, þegar Bábin yfirlýsti köllun sína. Árinu er skipt í 19 mánuði og eru nítján dagar í hverjum mánuði.¹ Nýársdagur er 21. mars, en þá lýkur einnig 19 daga tímabili, þar sem Bahá'íar fasta frá sólarupprás til sólarlags. Í Bahá'í árinu eru níu helgidagar, þegar vinna er felld niður, en þeir eru auk nýársdagsins, 21. apríl, 29. apríl og 2. maí (1., 9., og 12. dagur Ridván-hátíðarinnar), yfirlýsingardagur Bábsins 23. maí, uppstigning Bahá'u'lláh 29. maí, píslarvættisdagur Bábsins 9. júlí, fæðingardagur Bábsins 20. október og fæðingardagur Bahá'u'lláh 12. nóvember. Nokkrir aðrir dagar eru einnig haldnir hátíðlegir, þótt vinna sé ekki lögð niður þá daga.

Bahá'íar nota tímatal sitt aðeins innan Bahá'í samfélagsins, en þeir telja, að það muni verða tekið upp smám saman eftir því sem Bahá'í trúnni vex fylgi um allan heim og það muni að lokum koma í stað þeirra mörgu tímatala, sem nú eru notuð víða um heim.

Eining mannkyns og trúarbragða þess

Það áform Guðs fyrir mannkynsheildina, sem Bahá'u'lláh var sendur til að leiða til lykta á okkar tímum, er eining allra þjóða

1 Þeir dagar sem eftir lifa ársins eru sérstakir hátíðisdagar (Ayyám-i-Há).

heims í einu stjórnskipulagi og einni trú. Þessu helgasta takmarki Bahá'í trúarinnar verður best lýst með þessum orðum Bahá'u'lláh sjálfs: „*Jörðin er ei nema eitt ættland og mannkynið íbúarþess.*“

Ljóst er, að öll skilyrði fyrir raunverulegri einingu mannkynsins eru þegar fyrir hendi. Frá því á síðustu öld, þegar Bahá'u'lláh flutti mannkyninu þennan fagnaðarboðskap, hafa öll tæki til sameiningar og sátta þjóðanna verið lögð í hendur mönnum. Fjarskipta-, samgöngu- og samskiptamöguleikar manna eru nú orðnir slíkir, að segja má í raun réttir, að hið ytra sé mannkynið þegar ein heild. Hér er um svo augljósa staðreynd að ræða, að ekki þarf að fjölyrða um hana.

Það sem svo sárlega skortir í heiminum nú er *innri eining* mannkynsins. Helstu tálmannir á hinni vandrötuðu leið til þessarar einingar eru ólík stjórnmalakerfi, kynþátta- og þjóðernisfordómar og síðast en ekki síst innbyrðis erjur trúarbragðanna sjálfra.

Fordómar á grundvelli stjórnmála, litarháttar og þjóðernis eiga rót sína í fáfræði; upplýsing á grundvelli þeirrar meginreglu, að allir menn eru bræður og sköpun eins Guðs mun verða til þess að dreifa myrkri vanþekkingar og harðýðgi og fá menn til að leggja til hliðar fánýt og eyðileggjandi deiluefni sín og sameinast um það sem efla mun sameiginlega hagsmuni allra jarðarbúa.

Alvarlegasta hindrunin á þessari einingarleið eru þó ef til vill trúarbragðafordómarnir. Eins og þegar hefur komið fram í þessari bók lagði Bahá'u'lláh hornsteininn að varanlegum sáttum og gagnkvæmum skilningi hinna ólíku trúarbragðakerfa heims í bók sinni *Kitáb-i-Iqán*.

Bahá'u'lláh útskýrir þar, að trúarbrögð mannkynsins hafi frá ómunatíð stefnt að einu og sama marki: einingu þjóða heimsins og varanlegum friði á jörð. Hann staðfestir þannig hið mikla fyrirheit um ríki Guðs á jörð, sem öll helgirit trúarbragðanna geyma með einum eða öðrum hætti. Hann segir, að Guð hafi frá öndverðu opinberað sig mönnum og það geti ekki fremur orðið lát á þeirri opinberun en sólin hætti að gefa birtu sína. Þótt trúarbrögðin kunni að greina á hið ytra, m.a. í löggjöf sinni og fyrirmælum, þá á þessi munur sér sögulegar orsakir og stafar af því að opinberendur Guðs hafa talað til ólíkra þjóða á ólíkum tímum og sniðið orð sín og leiðsögn að þörfum þeirra og skilningi á hverjum tíma. Bahá'u'lláh segir einnig, að þessir guðlegu opinberendur hafi ekki aðeins staðfest sannleiksgildi fyrri opinberanna, heldur einnig sagt

skýrum stöfum fyrir um komu nýs opinberanda og nýrrar opinberunar. Bahá'u'lláh staðfestir þannig svo ekki verður um villst, að trúarbrögðin eru lifandi vaxtarfyrirbæri, sem eiga sér viðgangs- og blómaskeið, en verða síðan hægfara hnignun að bráð. Þegar hnignunin er í hámarki; hinn lifandi andi trúarbragðanna hefur yfirgefið þau og eftir stendur formið eitt, kalt og lífvana, verður mikil og gjörtæk endurnýjun, líkt og þegar sólin brýst fram úr skýjunum í vetrarlok og sendir lífgandi geisla sína til jarðarinnar. Opinberendur Guðs, þessar sólrir á himni mannsandans, auka stöðugt við þekkinguna og vísa mönnunum veginn fram til andlegrar og félagslegrar fullkomnunar. Á hinu félagslega sviði birtist þessi hreyfing í fullkomnunarátt í aukinni þörf fyrir einingu, sættir og frið. Einmitt þetta er, samkvæmt orðum Bahá'u'lláh, áform Guðs fyrir allt mannkynið á okkar tímum.

Af orðum Hans má einnig skilja, að það sem hefur vakað fyrir trúarbragðahöfundunum er eining og samlyndi allra manna í einum málstað, sem er hið eilífa orð Guðs. Það hefur aldrei verið jafn ljóst og á okkar tímum, að þroski, velferð og hamingja allra manna er aðeins möguleg í andrúmslofti slíkrar einingar og sáttfýsi.

En til þess að þessi endurnýjun og umsköpun einstaklinga og þjóðfélaga geti farið fram, þarf þetta orð Guðs, sem allir trúarbragðahöfundarnir hafa ítrekað og léð nýjan kraft hver fram af öðrum, að snerta sjálft hjarta mannsins og skapa með honum brennandi löngun til að leiðrétta siði sína og hegðun, þjóna öðrum og styðja þá til þroska jafnframt því sem hann hefur vakandi auga með sínum eigin andlega vexti. Til þess verður hann að nota skynsemi sína, sem með öðrum Bahá'u'lláh er „dýrmætasta gjöf Guðs til mannsins.“

Nú kann einhver að spyrja: Ef öll trúarbrögðin hafa frá öndverðu stefnt að einingu mannkynsins og friði á jörð, hvernig má það þá vera að þau hafa haft í för með sér stríð og blóðsúthellingar; að í þeirra nafni hafa verið framin hræðileg ódæði, að trúin hefur verið notuð til að réttlæta ofstæki og hverskyns fordóma og henni hefur verið beitt eins og svipu á bök milljónanna til að halda þeim í eynd, fáfræði og niðurlægingu?

I fyrrnefndri bók, *Kitáb-i-Iqán*, gefur Bahá'u'lláh skýrt svar við þessari mikilvægu spurningu og það skal rakið hér á eftir í stuttu máli. Það verður í fyrsta lagi aldrei gerður of skýr greinarmunur á orðum og kenningum opinberanda Guðs og orðum og kenningum

þeirra, sem játast hafa trú Hans. Það sem opinberandinn segir, er það sem Guð hefur lagt Honum í munn og annað ekki. Sérhver orð opinberandans felur því í sér sama myndugleik og Guð hafi mælt það sjálfur. Opinberandinn er sérstaklega útvalinn farvegur hins skapandi orðs Guðs og engum öðrum er gefið það vald, sem Hann hefur.

Nú hefur Guð áformað ást og einingu milli allra mannanna barna, réttlæti og frið milli þjóða heims, eins og helgiritt allra opinberaðra trúarbragða bera mælskt vitni. Ef eitthvað er í trúarbrögðunum, sem stríðir gegn þessu háleita markmiði, þá er það augljóslega ekki frá Guði. Þegar Pétur postuli vildi verja meistara sinn fyrir handtökusveitinni í Getsemane, dró hann sverð sitt úr slíðrum, en Kristur skipaði honu að slíðra það. Ef einhverjir í Krists nafni draga sverð úr slíðrum einhverntíma seinna, stríðir það vissulega gegn fyrirmælum Krists og ekki er með neinum sanni hægt að gera Krist eða opinberun Hans ábyrga fyrir slíkri gerð. Öll sundrung, hversu lítilvæg sem hún kann að virðast, er í andstöðu við hið eilífa lögmaál Guðs. Það er ljósasti vitnisburðurinn um að trúarbrögðin hafa firrst Guð og horfið frá upphaflegum vilja Hans, þegar þau verða ósætti og sundurlyndi að bráð — þegar jafnvel fylgjendur einnar og sömu trúar hefja vígafjerli hver á hendur öðrum í nafni trúarinnar. Meiri afskræming á raunverulegum tilgangi trúarbragðanna er óhugsandi.

Það er því ekki orð Guðs, sem veldur ósætti og sundrung, heldur túlkun manna á þessu orði. Sú stétt manna innan allra trúarbragða, sem hefur á hendi völd og forystu, hefur ávallt túlkað opinberunina sjálfri sér til framdráttar og stefnt að einskonar andlegu alræði í öllu sem lýtur að trúnni og túlkun hennar. Opinberendur Guðs hafa ævinlega verið ofsóttir hatrammlegast af fræðimönnum og faríseum trúarinnar. Með lífi sínu sýndu þessir opinberendur ekki fram á veraldlegt vald og yfirráð, heldur andlegt vald og andlegan herradóm. Þrátt fyrir allar þrengingar og píslir, sem að þeim stöðjuðu af manna völdum, unnu þeir ómótstæðilega sigra yfir hjörtum mannanna og gerðu þá að nýjum mönnum og jörðina að nýrri jörð.

Nú er svo komið, að sú eining, sem trúarbrögð mannkynsins hafa stefnt að frá upphafi, er í sjónmáli. Öllum er ljóst, að mannkyninu mundi famast betur, ef vinátta og einhugur ríkti meðal þjóða þess, ef sérhver jarðarbúi væri gegnsýrður vitundinni um, að hann tilheyrði einn fjölskyldu mannsins; fjölskyldu, sem þrátt

fyrir allan sinn fjölbreytileika, ólíkt litaraft og ólíka siði, er órjúfanlega tengd og þjónar einum og sama Guði.

Spurningin um einingu trúarbragðanna er ekki spurning um „samkrull“ hins besta úr öllum trúarbrögðum, eins og margir guðfræðingar nútímans halda fram, heldur um alnýtt viðhorf til sameiginlegrar arfleifðar alls mannkynsins — trúarinnar. Þetta viðhorf hefur verið kröftuglega ítrekað og endurnýjað á okkar tímum í Bahá'í trúnni. Bahá'u'lláh gefur fylgjendum sínum þessi þýðingarmiklu fyrirmæli: „Miklist ekki af því, að þér elskið ættjörð yðar, miklist heldur af hinu, að þér elskið allt mannkynið.“ Bahá'í trúin markar þannig síðasta áfangann í völdugri þróun: fríðsamlegri einingu þjóða heimsins og órjúfanlegu bræðralagi alls mannkynsins.

Tengsl Guðs og opinberenda Hans

Eitt af því sem torveldar kristnum mönnum hvað mest að viðurkenna Bahá'u'lláh sem endurlausnara alls mannkynsins, er hefðbundinn skilningur þeirra á Kristi. Þeir segja, að Bahá'u'lláh hafi vissulega verið göfugmenni og kenning Hans sé óvenjulega fögur og margt megi af henni læra, og það sé jafnvel ekki útilokað, að Hann heyri til flokki hinna miklu spámannanna mannkynsins, en Hann geti aldrei nálgast Krist eða komist í neinn samjöfnuð við Hann fremur en aðrir dauðlegir menn, *því að Kristur sé Guð*. Með öðrum orðum: Kristur opinberi ekki Guð á sama hátt og Bahá'íar trúa, að Bahá'u'lláh hafi opinberað Guð, heldur sé Kristur hvorki meira né mínna en Guð orðinn maður með öllu því sem það felur í sér.

Þessi skilningur á Kristi á sér enga stoð í orðum Hans, eins og þau eru skráð í Guðspjöllunum, sem eru einu heimildirnar um líf Krists og orð Hans. Þar lýsir Kristur því yfir oftar en einu sinni að Hann sé sonur Guðs og Honum undirgefinn. Hvergi gefur Kristur í skyn, að Hann sé Guð sjálfur. Aftur á móti eru orð Hans þess efnis, að Hann og Faðirinn séu eitt, lykillinn að sönnum skilningi á tengslum Guðs og opinberenda Hans á öllum tímum.

Þessi tengsl eru samkvæmt Bahá'í trúnni einstæðs eðlis. Mikill þorri menntaðra nútímamanna, þ.á m. margir úr röðum kristinna guðfræðinga, eru þeirrar skoðunar, að Kristur hafi verið merkilegt göfugmenni, mildur og gæddur einstæðu atgervi og siðgæðisstyrk,

en Hann hafi engu að síður verið dauðlegur maður. Hann hafi þekkt efa og beiskju, verið misvitur, tækifærissinnaður, látið aðra hafa áhrif á sig, og sú skoðun hefur verið sett fram í fullri alvöru, að Kristur hafi látið undan Messíasarvæntingum fylgismanna sinna og tekið að ímynda sér, að Hann væri sjálfur Messías.

Þessar skoðanir eru í flestum greinum mjög áþekkar því sem kristnir guðfræðingar hafa haldið fram um Múhammed og þeir hafa nokkrir einnig skrifað í þessum anda um Bahá'u'lláh. Það er skemmst frá því að segja, að Bahá'íar vísa þeirri staðhæfingu á bug, að Kristur hafi, þegar allt kom til alls, aðeins verið venjulegur maður. Þeir telja að Kristur (og um leið allir aðrir opinberendur Guðs) hafi staðið öllum mönnum ómælanlega framur að visku, innsæi og skapandi mætti — í stuttu máli: á Kristi og venjulegum mönnum er grundvallareðlismunur og hann felst í því, að Kristur miðlaði mönnum sannindum, sem þeir hefðu með engu móti getað komist að öðruvísi. Milli Kristis og dauðlegra manna er staðfest óbrúanlegt djúp. En Kristur er samt sem áður ekki það sem á máli guðfræðinga nefnist „holdtekja Guðs“. Hann er ásamt öðrum guðlegum opinberendum maður sinnar tegundar — einstæður og óviðjafnanlegur.

Í heimi náttúrunnar er talað um þrjú ríki: steinaríkið, jurtaríkið og dýraríkið. Hvert þessara ríkja er hinu æðra og felur þau í sér. En samkvæmt Bahá'í trúnni lýkur upptalningunni ekki hér. Ofar dýraríkinu er ríki mannsandans, ofar því ríki er ríki hinna guðlegu opinberenda, en æðst allra ríkja og innifelandi þau öll er ríki Guð sjálfs.

Vegna þeirra óyfirstíganlegu takmarkana sem hverju hinna náttúrulegu ríkja um sig eru sett, er þeim ókleift að skilja veruleika hinna æðri ríkja. Hversu þróuð sem heilastarfsemi dýrsins er, fær það aldrei innsýn inn í heim hins mannlega anda, sem fyrirstöðulaust rýfur lögmál náttúrunnar og öðlast þekkingu á sínu eigin ríki og hinum óæðri með rannsóknum, samanburði og afleiðslu. En skynsemi og hugvit mannsins stendur ráðþrota andspænis veruleika hinna æðri ríkja — honum er jafn ókleift að skilja ríki hins guðlega opinberanda og dýrinu að skilja veruleika mannsandans. Sérhver tilraun af hálfu mannsins til að leggja mælistiku sinnar eigin skynsemi og þekkingar á opinberendur Guðs missir marks, því hann hefur engin þau tæki til umráða og í honum eru engin þau skynvit, sem tekið gætu við upplýsingum um eðli og gerð þessa ríkis.

Maðurinn lendir þar af leiðandi einnig á villigötum, ef hann reynir að bera saman einstaka opinberendur Guðs. Bahá'u'lláh mælir eftirfarandi varnaðarorð í því sambandi:

„Sýnið aðgát, ó þér sem trúið á einingu Guðs, að þér freistist ekki til að gera nokkurn greinarmun á opinberendum málstaðar Hans eða metast um táknið, sem fylgt hafa og kunnbert opinberun þeirra. Þetta er að sönnu merking guðlegrar einingar, ef þér tilheyrið þeim, sem skilja og trúá þessum sannleika. Verið auk þess fullvissir þess, að verk og athafnir allra þessara opinberenda Guðs, nei, hvaðeina sem að þeim lýtur og hvað svo sem þeir kunna að birta í framtíðinni, er allt ákvarðað af Guði og endurspeglar vilja Hans og áform. Hver sá sem gerir hinn minnsta greinarmun á persónum þeirra, orðum, boðskap, athöfnum og gerðum, hefur að sönnu hafnað trú á Guð, afneitað táknum Hans og svikið málstað boðbera Hans.“

Í Bahá'í trúnni er því sett fram ný og fyllri sýn á einingu Guðs. Samkvæmt henni er Guð ómælanlega hátt hafinn yfir allan mannlegan skilning. Hann er ótilkvæmilegur allri mannlegri hugsun, hversu háleit og stórfengleg sem hún kann að vera, því að allar hugsanir mannsins, allar göfugar og guðdómlegar kenndir, sem í sál hans bærast, eru sköpunarverk Guðs og geta aldrei náð út fyrir svið hins skapaða og takmarkaða. Af þessu leiðir að engin bein tengsl eru milli Guðs og manna og geta aldrei orðið. Öllum staðhæfingum dulhyggjumanna (mystikera) um „samruna við Guðdóminn“ er afdráttarlaust vísað á bug sem fánýtum hugarburði.

Guð hefur þó ekki aðeins gefið mannum möguleika á að þekkja *eigindir* sínar heldur skyldað hann til þess að tileinka sér þær með því að birta þær í opinberendum sínum. Þetta er merking orðsins *opinberandi*: hann er sá sem opinberar mönnunum eigindir, ljós og fegurð Guðs. Þekking á opinberendum Guðs jafngildir því þekkingu á Guði sjálfum. Orð Krists bera þessum sannleika skýrt vitni, er Hann segir: „Eg er vegurinn, sannleikurinn og lífið; engin kemst til Föðurins nema fyrir mig.“ Sérhver opinberandi Guðs er „vegurinn, sannleikurinn og lífið“ fyrir sína eigin öld.

Bahá'u'lláh segir, að staða opinberenda Guðs sé tvíþætt. Sú hin fyrri er staða kjarnlægrar einingar. Hann segir:

„Þér er það augljóst og óvæfengjanlegt, að allir spámennirnir eru musteri málstaðar Guðs, sem birst hafa íklæddir ýmsum búningi. Ef þú aðgætir glöggskyggnum augum munt þú líta þá alla dvelja í einni tjaldbúð, svífa á sama himni, sitja í sama háseti, mæla sömu orð og boða sömu Trú ... Ef einn þessara opinberenda heilagleikans segði: „Ég er endurkoma allra spámanna, þá mælir Hann vissuleg sannleikann. Á sama hátt er í sérhverri opinberun endurkoma hinnar næstu á undan og sannleikur hennar tryggilega staðfestur.“

Um síðari stöðu opinberendanna segir Bahá'u'lláh:

„Hin staðan er staða auðkenna og tilheyrir heimi sköpunarinnar og takmörkunum hennar. Að þessu leyti hefur sérhver opinberandi Guðs sérstök einstaklingseinkenni, tiltekið fyrirhugað ætlunarverk, forákvarðaða opinberun og sérstaklega áformuð einkenni. Sérhver þeirra er þekktur með sérstöku nafni, einkennist tiltekinni eigind, uppfyllir ákveðið ætlunarverk og hefur verið treyst fyrir sérstakri opinberun.“

Bahá'u'lláh segir einnig:

„Það er vegna þessa mismunar á stöðu þeirra og ætlunarverki, sem orð þau og ummæli, sem streymt hafa frá þessum Uppsprettulindum himneskrar einingar virðast ólík og greina á. Að öðru leyti eru orð þeirra ... í raun aðeins tjáning eins sannleika.“

Þessi orð Bahá'u'lláh skýra þann greinarmun sem oft virðist vera á orðum opinberenda Guðs og jafnvel þær mótsagnir, sem menn hafa talið sig geta lesið úr orðum eins og sama opinberanda. Þannig segir Kristur við eitt tækifæri: „Ég og Faðirinn erum eitt“. Og í annað sinn segir Hann: „Hví kallið þér mig góðan? Enginn er góður nema einn, og það er Guð.“

Bahá'u'lláh skýrir þetta enn nánar í *Kitáb-i-Iqán*:

„... Ef einhver þessara alltumlykjandi opinberenda Guðs segði: „Ég er Guð“, þá mælir Hann vissulega sannleikann og á því leikur enginn vafi. Því það hefur verið sannað hvað eftir annað, að með opinberun þeirra, eigindum þeirra og nöfnum, hefur opinberun Guðs, nöfn Hans og eigindir, verið kunngerð

í heiminum ... Og ef einhver þeirra mælti: „Ég er boðberi Guðs“, þá talar Hann sannleikann, óvæfengjanlegan sannleikann ... Séðir í þessu ljósi eru þeir aðeins boðberar hins fullkomna Konungs, hins óumbreytilega Kjarna ... Því að þeir eru aðeins ein persóna, ein sál, einn andi, ein verund, ein opinberun. Þeir eru allir opinberendur „Upphafsin“ og „Endisins“, hins „Fyrsta“ og hins „Síðasta“, hins „Séða“ og hins „Hulda“ — en allt lýtur þetta að Honum, sem er innstur Andi Andanna og eilífur Kjarni Kjarnanna. Og ef þeir segðu: „Vér erum þjónar Guðs“, þá er það einnig augljós og óvæfengjanleg staðreynd. Því að þeir hafa verið birtir í hinni fullkomnustu þjónustu — þjónustu, sem engum manni getur nokkru sinni hlotnast.“

Félagslegar kenningar og meginreglur

Þær félagslegu kenningar, sem Bahá'u'lláh setti fram í ritningum sínum, ná til allra sviða mannlegra athafna og samfélagslífs. Auk einingar mannkynsins og trúarbragðanna, sem í raun réttir er burðarás heimsskipulags Bahá'u'lláh, kveður Hann sérstaklega á um eftirtalin atriði:

- (10) Sjálfstæða leit að sannleikanum
- (11) Útrýmingu hverskyns fordóma
- (12) Allsherjarskyldunám
- (13) Jafnrétti karla og kvenna
- (14) Upptöku alþjóðlegs hjálpartungumáls, skrifleturs og peninga- og mælieiningakerfis
- (15) Samstillingu trúarbragða og vísinda
- (16) Útrýmingu óhóflegs rfkisdæmis annarsvegar og fátæktar hinsvegar
- (17) Alþjóðlegt löggjafarþing
- (18) Alþjóðlegan dómstól

(1) Kenningin um sjálfstæða leit að sannleikanum felur það í sér, að einstaklingnum er sjálfum lögð sú skylda á herðar, að leita sér andlegrar upplýsingar og nota sjálfstæðan vilja sinn og dómgreind til að afla sér þekkingar og skilnings á öllum hlutum. Sannleiksleitinn er fæðingarréttur sérhvers manns og enginn hefur leyfi til að hindra hana. Ekki síst á þetta við um trúarbrögðin —

menn skyldu ekki láta fornar hefðir eða rótgrónar hugmyndir aftra sér frá því að kanna sjálfir með opnum og fordómalausum huga staðhæfingar trúarbragðanna.

(2) Ekkert er jafn hættulegt mannlegu samfélagi, heilsu þess, velferð og einingu, og fordómar á grundvelli trúarbragða, litarháttar, þjóðernis eða kynferðis. Allir menn eru bræður og allir eru jafnir fyrir Guði. Bahá'u'lláh hefur boðið fylgjendum sínum að umgangast fólk af öllum trúarbrögðum í anda ástar og vináttu. Allir fordómar eiga rót sína í fáfræði um manninn sem sköpun eins Guðs. Gagnvirkasta ráðið til að vinna bug á fordómum og mannlegum hegildum hvað snertir hörundslit, þjóðerni og kynferði, er menntun og uppfræðsla, sem hefur það að markmiði að innræta mönnum ást á Guði, löngun til að þjóna mannkyninu, virðingu fyrir umhverfi sínu og innilegan hlýhug í garð allra, sem á jörðunni dvelja.

(3) Aðeins lítill hluti jarðarbúa nýtur reglulegrar menntunar. Uppfræðslu fólks frá barnsaldri má ekki undir neinum kringumstæðum vanrækja. Bahá'u'lláh hefur mælt fyrir um allsherjarskyldunám, sem ná skuli til hvers einasta einstaklings á jarðkringlunni og Hann kallar mennina til ábyrgðar, ef þeir vanrækja þetta háleita hlutverk. Samfélaginu er lögð sú skylda á herðar að annast uppfræðslu barnsins, ef foreldrar þess eða aðstandendur af einhverjum ástæðum geta það ekki.

(4) Fátt skilur þjóðirnar meira að en ólík tungumál þeirra. Bahá'u'lláh býður, að uppi skuli tekið alþjóðlegt hjálpartungumál, sem kennt skuli í öllum skólum samhliða móðurmálinu. Hann leggur það í vald yfirþjóðlegs þings, sem skipað er fulltrúum allra þjóða, að ákveða hvaða tungumál skuli valið til að gegna þessu hlutverki. Hvar sem menn fara um heimsbyggðina eiga þeir því að geta samneytt fólki af öðru þjóðerni í vináttu og eindrægni. Bahá'u'lláh kveður einnig um sameiginlegt skrifletur og samræmt mælieininga- og peningakerfi um allan heim.

(5) Bahá'u'lláh setur fram kenninguna um fullt jafnræði karla og kvenna. Sérstök áhersla er lögð á gagnvirka menntun kvenna, því að móðirin er fyrsti uppalandi mannkynsins. 'Abdu'l-Bahá tekur af allan vafa um það, að engar raunverulegar framfarir muni verða íheiminum fyrr en óskorað jafnrétti kynjanna sé orðið að veruleika.

(6) Bahá'u'lláh kennir, að samræmi verði að vera á milli vísinda og trúarbragða; hvorugt geti staðist án hins. Við höfum fyrir

okkur mýmörg dæmi á þessari öld hvernig trú án vísindalegrar þekkingar hefur skrumskælt líf manna og samfélaga, og einnig hvernig vísindi án þess aðhalds, sem trúarlegt siðgæði veitir þeim, hafa tortímt og lagt í rústir líf milljóna manna um allan hnöttinn.

(7) Í Bahá'í trúnni er talað um „andlega lausn“ efnahagsvandans. Óhóflegt ríkidæmi annarsvegar og sárasta fátækt hinsvegar eru aðstæður sem skapast hafa vegna fáfræði manna um raunveruleg gildi mannlífsins. Hvorutveggja er andstygð í augum Guðs. Það er á valdi mannanna að breyta þessum aðstæðum, en það geta þeir ekki nema um fullkomna og gjörtæka hugarfarsbreytingu verði að ræða hjá öllum þorra manna og þessi hugarfarsbreyting getur ekki orðið nema menn þekki vilja Guðs eins og hann er opinberaður á okkar tímum. Misréttinu verður ekki hægt að breyta með vopnavaldi eða skyndilegri eignaupptöku — það getur aðeins breyst með fúsum og frjálsum vilja mannanna sjálfra. Bahá'u'lláh hefur þó sett ákveðin erfðalög, sem verða munu til þess, þegar fram líða tímar, að minnka bilið milli ríkra og fátækra eins mikið og unnt er. Algjör jöfnuður er þó óhugsandi, því að ávallt munu einhverjir verða meiri hæfileikum búnir en aðrir. Þjóðfélagið verður að fá að njóta hinna hæfileikaríku einstaklinga og launa þeim maklega. 'Abdu'l-Bahá setur fram ákveðin fyrirmæli þess efnis, að launþegar skuli auk fastra launa fá hlutdeild í arði þess fyrirtækis, sem þeir starfa fyrir. Jafnari dreifing auðsins í samfélaginu er höfuðforsenda fyrir friði og velmegun sérhvers þjóðfélags og þar af leiðandi alls mannkynsins.

(8) Bahá'u'lláh kveður á um stofnun yfirþjóðlegs löggjafarþings, sem skipað er kjörnum fulltrúum allra þjóða heims. Þetta heimsþing styðst við alþjóðlegt framkvæmdavald, sem hefur fullt og óskorað umboð til að koma lögum yfir sérhvern meðlim samveldisins. Samfara stofnun þessa þings verður að mynda einskonar yfirríki, og því í vil munu allar þjóðir heims afsala sér sérhverju tilkalli til stríðsrekstur, tilteknum réttindum til skattheimtu og öllum rétti til viðhalds vopnabúnaðar, nema til þess að halda uppi lögum og reglu innan landamæra sinna.

(9) Bahá'u'lláh kveður einnig á um stofnun yfirþjóðlegs dómstóls, sem skera mun úr deilumálum og misklíðarefnum, sem upp kunna að rísa þjóða í milli. Dómar hans eru bindandi, jafnvel í þeim málum, sem málsaðilar hafa ekki sjálfviljugir samþykkt að lögð yrðu fyrir.

Ný sýn á eðli og tilgangi lífsins

Tilgangur mannlífsins á jörðunni er tjáður í einni af þremur skyldubænum, sem Bahá'u'lláh opinberaði, og hefst á þessum orðum: „Ég ber því vitni, ó Guð minn, að Þú hefur skapað mig til að þekkja Þig og tilbiðja Þig ...“

Bahá'u'lláh ítrekar þetta á öðrum stað:

„Áform Guðs með sköpun mannsins hefur verið og mun ætíð vera það, að gera honum kleift að þekkja Skapara sinn og komast í návist Hans.“

Eins og þegar hefur komið fram tekur Bahá'í trúin af öll tvímæli um það, að maðurinn geti ekki þekkt Guð sjálfan, eins og Hann er í kjarna sínum. Þegar talað er um þekkingu á Guði í Bahá'í ritningunum, er fyrst og fremst átt við þekkingu á eigindum Guðs, en þessar eigindir eru birtar með fullkomnustum hætti í opinberendum Guðs. Þeir endurspeglar þær í lífi sínu, orðum og gerðum. Manninum er lögð sú andlega skylda á herðar, að tileinka sér þessar eigindir Guðs í sem allra ríkustum mæli. Þegar hann hefur tileinkað sér þær, má segja um hann, að hann sé skapaður í mynd Guðs. Þessar eigindir eru ást, miskunn, fórnfýsi, sannsögli, gjafmildi, góðsemi, samúð, háttvísi, grandvarleiki, auðmýkt, svo aðeins nokkrar séu nefndar. Þessir fullkomnunar-eiginleikar eru þess eðlis, að sá sem reynir að rækta þá í sjálfum sér, færist ávallt nær Guði, bæði í þessu lífi og því sem kemur, án þess þó nokkurn tíma sé um það að ræða, að hann „sameinist“ eða „verði eitt“ með Guði.

Svo brýn og mikilvæg er sú skylda mannsins, að rækta með sér þessa eiginleika, að allir boðberar Guðs hafa, þegar allt kemur til alls, verið sendir til þess eins að hjálpa manninum við þetta verkefni og laða þessa eiginleika fram í sál hans. Eitt meginhlutverk opinberandans hefur verið að vara manninn við því sem bíður hans, ef hann vanrækir eða lætur undir höfuð leggjast að rækta þessa eiginleika í sál sinni. Þetta helgast af því, að þegar jarðneskri vegferð mannsins lýkur, stendur hann uppi með það eitt sem hann hefur gert úr sál sinni. Ekkert mun stóða manninn í því lífi sem kemur, nema þeir andlegu eiginleikar, sem hann hefur áunnið sér á þessari jörð, *því að sá heimur sem kemur er heimur slíkra eiginleika*. Opinberandinn gegnir þannig hlutverki uppalandans.

Orð boðbera Guðs um „himnaríki“ og „helvíti“ voru til þess ætluð að setja mönnunum fyrir sjónir afleiðingar gerða þeirra. Þessi hugtök tákna andlegt ástand mannsins bæði í þessu lífi og því sem bíður hans eftir líkamsdauðann. Sá sem ræktar með sér eiginleika Guðs, þrátt fyrir erfiðleikana og mótlætið, sem er arfleifð alls holds, öðlast andlega hamingju bæði í þessu lífi og hinu næsta, en sá sem lætur það undir höfuð leggjast sviftir sig sjálfum þeim skynfærum, sem hann getur fundið þessa hamingju með.

Þetta verður þeim mun skiljanlegra, þegar haft er í huga, að líf mannsins á þessari jörð er aðeins undirbúningur undir raunverulegt líf hans í næstu veröld. Líkt og fóstrinu í móðurkviðnum vaxa fætur og hendur, sem það getur ekki verið án í þessum heimi, þannig verða þeir andlegu eiginleikar, sem þroskast í mannsálinni í jarðlífinu, sjálf þau skynfæri sem gera manninum kleift að skynja nálægð Guðs, fegurð Hans og frið, í næstu veröld. Ef fóstrinu vaxa ekki hendur í móðurkviðnum, geta þær ekki vaxið eftir að það fæðist í þennan heim. Á sama hátt, getur maðurinn ekki ræktað í næsta lífi þá andlegu eiginleika sem hann vanrækti að þroska með sér í þessu. Munurinn er sá, að á fósturstiginu er vöxturinn ekki háður vilja mannsins heldur náð Guðs, en í þessu lífi getum við ekki öðlast andlegar eigindir og andlegan þroska nema með beitingu viljans. Opinberendurnir hafa því lagt alla áherslu á að brýna fyrir mönnunum gott og grandvart líforni, hófsemi og heiðarleika, ást til Guðs og manna, algjört fráhráfr frá veraldlegri eftirsókn, en að öðlast þetta er að vaxa andlega. Sjálfur kjarni trúarbragðanna lýtur að þessari andlegu ræktun mannsálarinnar og mannhugans og því ber gleggst vitni hin gullna regla, sem gengur eins og rauður þráður gegnum öll trúarbrögð mannkynsins: „Það sem þú vilt að aðrir gjöri þér, það skalt þú og þeim gjöra.“

Þar sem hlutverk einstaklingsins í þessu jarðlífi er að ávinna sér eigindir Guðs og rækta andlega verund sína í samræmi við vilja Guðs, þá er það tilgangur alls samfélags manna að stefna til æ hærri menningarsviða. Bahá'u'lláh segir:

„Allir menn hafa verið skapaðir til að vinna að sífram-sækinni menningu. Það sæmir eigi manninum að hegða sér eins og dýr merkurinnar. Þær dyggðir, sem hæfa tign hans, eru umburðarlyndi, miskunn, samúð og ástriki gagnvart Öllum þjóðum og kynkvíslum jarðarinnar.“

„Einstaklingurinn, hversu fögru lífi sem hann lifir sjálfur, hefur ekki uppfyllt tilgang lífs síns á jörðunni fyrr en hann lærir að lifa og starfa í sameiningu með öllum öðrum mönnum. Enginn vafi er á því, að til er fjöldi einlægs og góðs fólks í öllum þeim ólíku hreyfingum og flokkum, sem nú á dögum vinna að félagslegum eða andlegum umbótum. En þar sem engin eining eða samvinna er á milli þessara einstaklinga, er mikill hluti erfiðis þeirra unnið fyrir gíg. Raunar má oft sjá hina ágætustu menn vinna hver gegn öðrum í andstæðum hópum og fylkingum. Einstaklingurinn á því ekki aðeins að vinna að því að betrumbæta sjálfan sig heldur einnig vinna með öðrum að því að skapa farsælla þjóðfélag.“¹

Nýr siðgæðismælikvarði

Í Kitáb-i-Aqdas setti Bahá'u'lláh fram umfangsmikla siðgæðislöggjöf. Fjallað hefur verið um þessa löggjöf fyrr í þessari bók (sjá kafla 12) og því verður hún ekki rakin nánar hér. Sú andlega og veraldlega leiðsögn, sem veitt er með þessum lögum, er til þess ætluð fyrst og fremst að vernda manninn frá illum afleiðingum rangra gerða. Boð og bönn eru fá í Bahá'í trúnni, en þau lög sem banna Bahá'íum neyslu áfengis og eiturlyfja, rógburð, þátttöku í stjórnmálum, undirröður gegn lögmætum stjórnvöldum og ofbeldi í hverskonar mynd eru skýr og afdráttarlaus. Við þeim liggja þyngstu viðurlög sem Bahá'í stjórnskipanin getur beitt, þ.e. svipting á stjórnarfarsrétti innan Bahá'í trúarinnar, sem þýðir í raun að viðkomandi getur ekki lengur starfað sem Bahá'í. Hin andlega löggjöf Bahá'í trúarinnar skyldar fylgjendur hennar, eins og fyrir segir, til að rækta með sér dyggðir og þjóna hæstu hagsmunum mannkynsins. Markmið þessarar löggjafar er að maðurinn geti þroskast andlega og rækt til fullnustu háleitt ætlunarverk sitt hér á jörðunni.

Bahá'u'lláh tekur af öll tvímæli um það, að raunverulegt frelsi mannsins er fólgið í því að hlýðnast þessum boðum og fylgja út í æsar þessum fyrirmælum. Ekkert er skylt með þessu raunverulega frelsi mannsálarinnar og því frjálsræði, sem virðir að vettugi öll lög, setur sig ofar öllu mannlegu skipulagi og telur sér allt

1 Sjá „The Bahá'í Faith — An Introduction“ eftir Gloira Faizi, bls. 67—68.

heimilt. Slíkt „frelsi“ lægir manninn að endingu niður á svið hins dýrslega. Bahá'u'lláh segir:

„ ... vitið að holdtekja frjálsræðis og tákn þess er dýrið. Það sem manninum er sæmandi er að gefa sig undir þær hömlur, sem munu vernda hann fyrir eigin fáfræði og varðveita hann fyrir atlögum illvirkjans. Frjálsræðið leiðir manninn til þess að fara yfir mörk hófseminnar og skerða tign stöðu sinnar. Það lægir hann í djúp spillingar og vonsku. Seg: Hið sanna frjálsræði er fólgið í hlýðni mannsins við boð Mín, svo lítt sem yður er það kunnugt. Ef menn gættu þess, sem Vér höf um sent þeim frá himni opinberunar, mundu þeir vissulega verða alfrjálsir. Seg: Það frjálsræði, sem gagnar yður, er hvergi að finna nema í fullkominni þjónustu við Guð, sannleikann eilífa. Sá sem smakkað hefur sætleik þess mun neita að skipta á því fyrir ríki himins og jarðar.“

Fyrirheitið um næstu opinberutt Guðs

Fyrirheit Bahá'u'lláh um næstu opinberun er í raun rétttri hluti af sáttmála Hans, en vegna þeirrar höfuðþýðingar sem þetta at-riði hefur fyrir skilning á Bahá'í trúnni, er hér fjallað um það sérstaklega.

Allir opinberendur Guðs eða þeir innblásnu spámenn, sem starfað hafa í skugga þeirra, hafa sagt fyrir um næstu opinberun og eitt skýrasta dæmið um það eru þau orð Krists, sem lúta að komu „huggarans“. Bahá'u'lláh hefur sagt fyrir um komu næsta mannkynsfræðara. Hann segir, að trú Guðs verði endurnýjuð á um það bil þúsund ára fresti og næsta boðbera Guðs sé ekki að vænta innan næstu þúsund ára. Þessi eru orð Hans:

„Hver sá sem gerir tilkall til beinnar opinberunar frá Guði áður en þúsund ár eru liðin, slíkur maður er vissulega ósannorður svikari. Vér biðjum Guð, að Hann megi náðar-samlega hjálpa honum til að taka aftur orð sín og afneita slíku tilkalli. Ef hann iðrast, mun Guð án efa fyrirgefa hon-um. Ef hann eftir sem áður þverskallast í villu sinni, mun Guð vissulega senda niður þann sem taka mun vægðarlaust á honum. Ægileg er að sönnu hirting Guðs! Sá sem túlkar þessa ritningargrein á annan hátt en augljós merking hennar

gefur til kynna er sviftur anda Guðs og miskunn Hans, sem umvefur alla skapaða hluti. Óttist Guð og fylgið ekki fánýt-um ímyndunum yðar! Nei, fylgið heldur boði Guðs yðar, hins almáttka, hins alvísa.“

Stofnun Guðsríkis á jörðu

Í helgiritum allra trúarbragða heims hafa ákveðin fyrirheit verið gefin um að sá dagur muni renna upp, þegar ríki Guðs — ríki friðar, farsældar, hamingju og réttlæt is — verður stofnað á jörðunni. Þessi dagur er nú runninn upp. Guðsríkið er samt sem áður ekki eitthvað sem birtast mun með yfirskilvitlegum hætti á einni nóttu; það útheimtir erfíði og fórnir af hálfu allra manna, þegar leiðin hefur loks verið sýnd þeim. Á okkar tímum hefur öll handleiðsla verið veitt og öllum tálum og hindrunum rutt úr vegi. Bahá'u'lláh hefur þegar sáð til þessa ríkis og hinir fyrstu smáu teinungar þess eru þegar komnir í ljós. Öll leiðsögn og öll tæki til að skapa þetta heimsríki friðarins hafa verið lögð mönnum í hendur í opinberun Bahá'u'lláh og það er nú undir þeim komið að gera það að veruleika. Guðsríkið er komið í fyllingu sinni, þegar allt mannkynið beygir sig undir vilja Guðs, framkvæmir boð Hans og uppsker ávextina af hlýðni sinni við lögmál Guðs, eins og það er tjáð í stjórnskipan og andlegri löggjöf Bahá'í trúarinnar. Þar sem þetta er áform Guðs er spurningin ekki hvort það verður nokkru sinni að veruleika, heldur hvenær þessi mikli og völdugi meiður mun yfirskyggja þjóðir og kynkvíslir jarðarinnar í fyllingu dýrðar sinnar og mannkynið njóta langþráðrar rósemi og hvíldar í forsælu hans.

Kraftaverk

Allir opinberendur Guðs hafa verið þess megnugir að vinna kraftaverk — þ.e. framkvæma einhverja þá hluti, sem í ljósi mannlegrar reynslu eru óútskýranlegir. Kristur græddi sjúka og gaf blindum sýn. Móse laust klett með staf sínum og vatn spratt af honum. Hann fæddi lýð sinn með yfirnáttúrlegum hætti í eyðimörkinni og klauf hafið svo menn gengu þar þurrum fótum o.s.frv. Múhammed opinberaði Kóraninn, þótt Hann væri bæði ólæs og óskrifandi. Kraftaverkasögur eru einnig sagðar af Búddha, Krishna og Sarabústra. Í „Dagboðum“ Nabíls er því lýst er Bábinn reisir upp dauðvona og gerir sjúka heila af meinum sínum og þar er einnig sagt frá því furðulega kraftaverki, sem varð við aftöku Bábsins á herskálatorginu í Tabríz, er vopnin, sem áttu að binda enda á líf Hans, leystu Hann úr fjötrunum. Þau kraftaverk, sem Bahá'u'lláh vann, eru of morg til að upp sé hægt að telja og fram á síðustu ár hefur lifað fólk, sem taldi sig hafa læknað með yfirnáttúrlegum hætti með snertingu við 'Abdu'l-Bahá eða vegna fyrirbæna Hans. Öll þessi kraftaverk lúta að græðingu á líkamlegum meinsemdum — fyrir atbeina Guðmennisins hefur líkaminn allur eða hluti hans orðið heill aftur.

Ef líta ætti á þessi kraftaverk sem sönnun fyrir tilkallí spámannsins, þá hlýtur sú staðreynd að draga mjög úr gildi þeirra, að þúsundir manna hafa fengið lækningu fyrir bæn sína eina saman eða fyrir tilstuðlan ýmissa einstaklinga, sem gæddir eru andlegum

lækningahæfileikum. Á slíkar lækningar má líta sem kraftaverk, því þau verða ekki skýrð í ljósi neinnar mannlegrar reynslu.

Það rýrir enn gildi þessara kraftaverka, sem með réttu eða röngu eru eignuð trúarbragðahöfundunum og fylgjendur þeirra vilja leiða til vitnis um sannleiksgildi orða þeirra, að þau hafa ekki varanlegt gildi. Maður sem reistur er frá dauðum mun einhvern-tíma deyja aftur. Blindur maður, sem fær lfkamlega sjón, missir hana aftur við dauða líkamans. Lækningakraftaverkin svonefndu hafa þannig aðeins gildi fyrir líkama mannsins, ekki sál hans.

En nú er það sálin sem lifir líkamsdauðann. Og hin raunverulegu kraftaverk eru þau sem unnin eru á ódauðlegri sál mannsins, því að þau hafa eilíft gildi fyrir hann. Menn geta t.d. lagt þá spurningu fyrir sjálfa sig hvort hafi haft meira gildi fyrir hinn blinda á dögum Kristis, að fá líkamlega sjón sína aftur og sjá sólina á himninum og glata hvorutveggja við dauðann, eða fá sjón á andlegum augum sínum og bera kennsl á þá sól sannleikans, sem skein í persónu Jesú frá Nasaret, og eiga hvorutveggja um alla eilífð.

Bahá'íar líta svo á, að þau kraftaverk sem skýrt er frá í Guðspjöllunum hafi verið andleg kraftaverk af þessu tagi — augu sálarinnar voru opnuð fyrir andlegum sannindum og sá andlegi maður, sem lá líflaus í gröf fáfræði og skeytingarleysis, var vakinn upp og gerður að nýrri sköpun. Þetta er hlutverk boðberans og trúarbragða Hans. Hjá þessu mesta kraftaverki lífsins verða öll önnur kraftaverk fánýt.

Mikil og einhliða áhersla á lækningakraftaverk boðberans niðurlægja stöðu Hans, því að Hann er þá settur jafnfætis hverskyns lækningamönnum. Auðsætt er einnig hvernig spámennirnir sjálfir líta á þessi miskunnarverk sín. Kristur bannaði lærisveinum sínum að tala um þau. Það bann sem Bahá'u'lláh lagði við umtali um kraftaverk sín er afdráttarlaust, en jafnframt bendir Hann á raunverulegt gildi kraftaverki og tign þeirra. Hann segir um kraftaverk Kristis:

„Vér berum því vitni, að þegar Hann (Kristur) kom í heiminn, úthelti Hann ljósi dýrðar sinnar yfir allt sem skapað er. Fyrir Hans atbeina læknaðist hinn limafallssjúki af líkþrá villu sinnar og fáfræði. Fyrir tilstuðlan Hans fengu hinir hórseku og villuráfandi græðingu. Með fulltingi valds

Hans, sem fætt var af almáttkum Guði, var augum hinna blindu upplokið og sál syndarans helguð.

Líkþrá má skýra sem hverja þá blæju, sem kemur á milli mannsins og viðurkenningar hans á Drottni, Guði sínum. Sá sem leyfir sér að vera byrgður Honum er að sönnu líkþrár og hans verður eigi minnst í ríki Guðs, hins máttka, alvegsam-aða. Vér berum því vitni að fyrir það vald, sem býr í Orði Guðs, var sérhver limafallssjúkur hreinsaður, sérhver mannlegur kvilli gerður útlægur. Hann (Kristur) er sá, sem hreinsaði heiminn. Sæll er sá, sem snúið hefur sér til Hans með andlit sitt skínandi af ljósi.“

Bahá'u'lláh hefur rofið innsiglið af helgiritum fortíðarinnar einnig hvað varðar kraftaverk og gefið þeim andlegt inntak og gildi. Hann hvetur fylgjendur sína til að verða ekki fórnarlömb tákna og furðuverka og brýnir fyrir þeim að skoða fyrirbærin með innri augum sínum. Hann segir:

„Áform Mitt hefur ætíð verið, og er enn, að eyða því sem valdið hefur ágreiningi meðal þjóða jarðarinnar til þess að allir menn megi helgast frá öllum jarðneskum fjötrum og fá lausn til þess að taka sér það fyrir hendur, sem sæmir hagsmunum þeirra. Vér biðjum elskaða vini Vora að saurga ekki klæðisfald Vorn með rangsleitni og falsi og leyfa ekki umtali um það, sem þeir líta á sem kraftaverk og stórmerki, að niðurlægja tign Vora og stöðu eða flekka hreinleika og heilagleika nafns Vors.“

Vitnisburður Biblíunnar um Bahá'u'lláh

Í gegnum allar spádómsbækur Biblíunnar gengur eins og rauður þráður fyrirheitið um „tíma endalokanna“, þegar Guð mun endurreisa giftu mannkynsins og stofnsetja ríki sitt, ríki friðar og réttlætis, meðal manna. Enduróminn af þessu grunnstefi spádómsbókanna má raunar heyra í nær öllum ritum hinnar helgu bókar. Allir mikilfenglegustu kaflarnir í bók Jesaja spámanns og Opinberun Jóhannesar fjalla um þennan fagnaðarríkasta atburð mannkynssögunnar, er Drottinn herskaranna gengur sjálfur fram á foldu til að hegna kúgurum jarðarinnar, safna saman þjóðunum og leggja nýjan anda og nýtt hjarta í brjóst manna. Þessi mikli og undursamlegi atburður hefur þegar gerst, og hvarvetna sem skyggst er um í heiminum má sjá verks- ummerkin og vitnisburðinn um fjörbrot hins gamla heimsskipu- lags og viðgang og blómgun hins nýja — Bahá'í heimsskipunar- innar.

Hér á eftir eru tilvitnaðir fáeinir kaflar Biblíunnar, sem hafa beina skírskotun til Bahá'u'lláh, Dýrðar Guðs, og þess Guðsríkis á jörðu, sem Hann var sendur til að stofna.¹

„Og það skal verða á hinum síðustu dögum, að fjall það, er hús Drottins stendur á, mun grundvallað verða á fjallatindi og gnæfa

1 Í bók William Sears *Þjófur á nóttu* (Íslensk Bahá'í bókmenntanefnd, 1971) er fjallað mjög ítarlega um spádóma Biblíunnar og uppfyllingu þeirra á okkar dögum.

upp yfir hæðirnar, og þangað munu allir heiðingjar streyma. Og margar þjóðir munu búast til ferðar og segja: Komið, förum upp á fjall Drottins, til húss Jakobs Guðs, svo að hann kenni oss sína vegu, og vér megum ganga á hans stigum; því að frá Zíon mun kenning út ganga og orð Drottins frá Jerúsalem. Og hann mun dæma meðal heiðingjanna og skera úr málum margra þjóða. Og þær munu smíða plógjárn úr sverðum sínum og sniðla úr spjótum sínum. Engin þjóð skal sverð reiða að annarri þjóð og ekki skulu þær temja sér hernað framar.“

(Jesaja, 2:2—5)

„Sú þjóð, sem í myrkri gengur, sér mikið ljós; yfir þá, sem búa í landi náttmykranna, skín ljós. Þú eykur stórum fögnuðinn, þú gjörir gleðina mikla; menn gleðja sig fyrir þínu augliti, eins og þegar menn gleðjast á kornskurðartímanum, eins og menn leika af fögnuði þegar herfangi er skipt. Því að hið þunga ok hennar, stafinn sem reið að herðum hennar, brodd rekstrarmannsins, hefur þú í sundur brotið, eins og á degi Midíans. Því að öll harkmikil hermannastígvél og allar blóðstoknar skikkjur skulu brenndar og verða eldsmatur. Því að barn er oss fætt, sonur er oss gefinn; á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla; nafn hans skal kallað: undraráðgjafi, guðhetja, eilífðarfaðir, friðarhöfðingi. Mikill skal höfðingjadómurinn vera og friðurinn engan enda taka á háseti Davíðs og í konungsríki hans, til þess að reisa það og efla með réttvísi og réttlæti héðan í frá og að eilífu. Vandlæting Drottins hersveitanna mun þessu til vegar koma.“

(Jesaja, 9:2—8)

„En af stofni Ísaí mun kvistur fram spretta og angi upp vaxa af rótum hans. Yfir honum mun hvíla andi Drottins: andi vísdoms og skilnings, andi ráðspeki og kraftar, andi þekkingar og ótta Drottins. Unun hans mun vera að óttast Drottin; hann mun ekki dæma eftir því, sem augu hans sjá, og ekki skera úr málum eftir því, sem eyru hans heyra. Með réttvísi mun hann dæma hina fátæku og skera með réttlæti úr málum hinna nauðstöddu í landinu; hann mun ljósta ofbeldismanninn með sprota munns síns og deyða hinn óguðlega með anda vara sinna. Réttlætið mun vera beltið um lendar hans og trúfesti beltið um mjadmir hans. Þá mun úlfurinn búa hjá lambinu og pardusdýrið liggja hjá kiðlingnum, kálfar, ungu ljón og alifé ganga saman og smásveinn gæta þeirra. Kýr og birna munu vera á beit saman og kálfar og húnar liggja hvorir hjá öðrum; og ljónið mun eta hey sem naut. Brjóstmylkingurinn mun leika við holudyr nöðrunnar, og barnið nývanið af brjósti stinga hendi sinni

inn í bæli hornormsins. Hvergi á mínu heilaga fjalli munu menn illt fremja eða skaða gjöra; því að jörðin er full af þekkingu á Drottinn, eins og djúp sjávarins er vötnum hulið.“

(Jesaja, 11:1—10)

„Eyðimörkin og hið þurra landið skal gleðjast; öræfin skulu fagna og blómgast sem lilja. Þau skulu blómgast ríkulega og fagna af unaði og gleði. Vegsemd Líbanons skal veitast þeim, þrýði Karmels og Sarons; þau skulu fá að sjá vegsemd Drottins og þrýði Guðs vors.“

(Jesaja, 35:1—3)

„Dýrð Drottins mun birtast, og allt hold mun sjá það, því að munnur Drottins hefur talað það! ... Sjá, Guð yðar kemur! Sjá, herrann Drottinn kemur sem hetja, og armleggur hans aflar honum yfirráða ...“

(Jesaja, 40:5, 10)

„Verið hljóð og hlustið á mig, þér eylönd; safni þjóðirnar nýjum kröftum, gangi svo nær og tali máli sínu; vér skulum eigast lög við. Hver hefur vakið upp manninn í austrinu, sem réttlætið kveður til fylgdar? Hver leggur þjóðir undir vald hans og lætur hann drottna yfir konungum? Hver gjörir sverð þeirra að moldarryki og boga þeirra sem fjúkandi hálmleggi, svo að hann veitir þeim eftirför og fer ósakaður þann veg, er hann hefur aldrei stigið á fæti sínum?“

(Jesaja, 41:1—4)

„Sjá þjón minn, sem eg leiði mér við hönd, minn útvalda, sem sál mín hefir þóknun á; eg legg anda minn yfir hann, hann mun boða þjóðunum rétt. Hann kallar ekki og hefir ekki háreysti og lætur ekki heyra raust sína á strætunum. Brákaðan reyrrinn brýtur hann ekki sundur, og dapran hörkveik slökkur hann ekki; hann boðar réttinn með trúfesti. Hann daprast eigi og gefst eigi upp, uns hann fær komið inn rétti á jörðu, og fjarlægur landsálfur bíða eftir boðskap hans. Svo segir Guð, Drottinn, sá er skóp himininn og þandi hann út, sá er breiddi úr jörðina með öllu því, sem á henni vex, sá er andardrátt gaf mannfólkinu á jörðinni og lífsanda þeim, sem á henni ganga: Eg, Drottinn, hefi kallað þig til réttlætis og held í hönd þína, og eg mun varðveita þig og gjöra þig að sáttmála fyrir lýðinn og að ljósi fyrir þjóðirnar, til að opna hin blindu augun, til að leiða út úr varðhaldinu þá, er bundnir eru, og úr dýflissunni þá, er í myrkri sitja.“

(Jesaja, 42:1—8)

„Sjá, þjóinn minn mun giftusamur verða, hann mun verða mikill og veglegur og mjög hátt upp hafinn. Eins og margir urðu agndofa af skelfingu yfir þér — svo afskræmd var ásýnd hans framar en nokkurs manns og mynd hans framar en nokkurs af mannanna sonum, — eins mun hann vekja undrun margra þjóða; konungar munu afturlykja munni sínum fyrir honum, því að þeir munu sjá það, sem þeim hefir aldrei verið frá sagt, og verða þess áskynja, er þeir hafa aldrei heyrt.“

(Jesaja, 52:13—15)

„Statt upp, skín þú, því að ljós þitt kemur og dýrð Drottins rennur upp yfir þér! Því sjá, myrkur grúfir yfir jörðinni og sorti yfir þjóðunum! en upp yfir þér rennur Drottinn, og dýrð hans birtist yfir þér.“

(Jesaja, 60:1—3)

„Hver er þessi, sem kemur frá Edóm, í hárauðum klæðum frá Bozra? þessi hinn tigulega búni, sem gengur fram hnarreistur í mikilleik máttar síns? — Það er eg, sá er mæli réttlæti og mátt hef til að frelsa. — Hví er rauð skikkja þín, og klæði þín eins og þess, er treður ber í vínþröng? — Vínlagarþró hefi eg troðið, aleinn, af þjóðunum hjálpaði mér enginn; eg fótum tróð þá í reiði minni, marði þá sundur í heift minni; þá hraut lögur þeirra á klæði mín, og skikkju mína ataði eg alla. Því að hefndardagur var mér í hug, og lausnarár mitt er komið. Eg litaðist um, en enginn var til að hjálpa; mig undraði, að enginn skyldi aðstoða mig; en þá hjálpaði mér armleggur minn og heift mín aðstoðaði mig. Eg tróð þjóðirnar í reiði minni og marði þær sundur í heift minni og lét lögin úr þeim renna á jörðina.“

(Jesaja, 63:1—6)

„Sá tími kemur, að eg mun saman safna öllum þjóðum og tungum, og þær skulu koma og sjá mína dýrð.“

(Jesaja, 66:18—19)

„Og eg mun gefa þeim nýtt hjarta og leggja þeim nýjan anda í brjóst; eg mun taka steinhjartað úr líkama þeirra og gefa þeim hjarta af holdi, til þess að þeir hlýði boðorðum mínum og varðveiti setninga mína og breyti eftir þeim.“

(Esekíel, 11:19—21)

„Og á þeim degi gjöri eg fyrir þá sáttmála við dýr merkurinnar og fugla himinsins og skriðkvikindi jarðarinnar, og eyði bogum,

sverðum og bardögum úr landinu og læt þá búa örugga. Og eg mun festa þig mér eilíflega; eg mun festa þig mér í réttlæti og réttvísi, í kærleika og miskunnsemi; eg mun festa þig mér eilíflega; eg mun festa þig mér í réttlæti og réttvísi, í kærleika og miskunnsemi; eg mun festa þig mér í trúfesti, og þú skalt þekkja Drottin. Og á þeim degi mun eg bænheyra, segir Drottinn, eg mun bænheyra himininn, og hann mun bænheyra jörðina; og jörðin mun bænheyra kornið, vínberjalöginn og olíuna, og þau munu bænheyra Jesreel. Og eg vil gróðursetja hann handa mér í landinu og auðsýna Náðvana náð og segja við Ekki-minn-lýð: Þú ert minn lýður! og hann mun segja: Guð minn!“

(Hósea, 2:18–23)

„En síðar meir mun eg úthella anda mínum yfir allt hold ...“

(Jóel, 3:1–2)

„Og það skal verða á hinum síðustu dögum, að fjall það, er hús Drottins stendur á, mun grundvallað verða á fjallatindi og gnæfa upp yfir hæðirnar, og þangað mun lýðurinn streyma. Og margar þjóðir munu búast til ferðar og segja: Komið, förum upp á fjall Drottins og til húss Jakobs Guðs, svo að hann kenni oss sína vegu og vér megum ganga á hans stigum .. Á þeim degi, segir Drottinn, vil eg safna saman því halta og smala saman því tvístraða og þeim, er eg hefi tjón unnið; og eg vil gjöra hið halta að nýjum kynstofni og hið burtflæmda að voldugri þjóð. Og Drottinn sjálfur mun verða konungur yfir þeim á Zíonfjalli héðan í frá og að eilífu.“

(Míka, 4:1–3, 6–8)

„Því að jörðin mun verða full af þekkingu á dýrð Drottins, eins og djúp sjávarins vötnum hulið.“

(Habakúk, 2:14)

„Já, þá mun eg gefa þjóðunum nýjar, hreinar varir, svo að þær ákalli allar nafn Drottins, þjóni honum einhuga.“

(Zefanía, 3:9)

„Því sjá, dagurinn kemur, brennandi sem ofn; og allir hrokafullir og allir þeir, er guðleysi fremja, munu þá vera sem hálmleggir, og dagurinn, sem kemur, mun kveikja í þeim, segir Drottinn hersveitanna, svo að hvorki verður eftir af þeim rót né kvistur. En yfir yður, sem óttist nafn mitt, mun réttlætissólin renna með græðslu undir vængjum sínum ...“

(Malakí, 4:1–3)

„Maður nokkur plantaði víngarð¹, og hlóð garð um hann og gróf fyrir vínþröng og gjörði turn og seldi hann vínrykjum á leigu og fór úr landi. Og á réttum tíma sendi hann þjón sinn til vínrykjanna, til að taka við nokkuru af ávöxtum víngarðsins hjá vínrykjunum. Og þeir tóku hann og börðu og sendu hann burt tómhentan. Og aftur sendi hann til þeirra annan þjón; og þeir veittu honum höfuðhögg og svívirtu hann. Og hann sendi annan, og hann drápu þeir, og marga aðra: suma börðu þeir og suma drápu þeir. Enn átti hann eftir einn, elskaðan son; hann sendi hann síðastan til þeirra og sagði: Þeir munu bera virðingu fyrir syni mínum. En vínrykjarnir mæltu sín í milli: Þetta er erfinginn, förum nú til og drepum hann, þá fáum vér arfinn. Og þeir tóku hann og drápu og köstuðu honum út fyrir víngarðinn. Hvað mun nú herra víngarðsins gjöra? Hann mun koma og tortíma vínrykjunum og gefa öðrum víngarðinn.“

(Markúsargúðspjall, 12:1–10)

„Eg hefi enn margt að segja yður, en þér getið ekki borið það að sinni. En þegar hann, sannleiksandinn kemur, mun hann leiða yður í allan sannleika.“

(Jóhannesargúðspjall, 16:12–13)

„Og eg sá himininn opinn, og sjá: hvítur hestur. Og sá, sem á honum sat, heitir, Trúr og Sannorður, hann dæmir og berst með réttvísi. En augu hans eru eldslogi, og á höfði hans eru mörg enni-djásn, og hefir hann nafn ritað, sem enginn þekkir nema sjálfur hann. Og hann er skryddur skikkju, blóði drifinni, og nafn hans nefnist: Orðið Guðs... Og af munni hans gengur út biturt sverð, til þess að hann slái þjóðimar með því og hann stjórnar þeim með járnspota, og hann treður vínþröng heiftar-reiði Guðs hins alvalda. Og á skikkju sinni og lend sinni hefir hann ritað nafn: Konungur konunga og Drottinn drottna.“

(Opinberun Jóhannesar, 19:11–17)

„Og eg sá nýjan himin og nýja jörð, því að hinn fyrri himinn og hin fyrri jörð var horfin, og hafið er ekki frammar til. Og eg sá borgina helgu, nýju Jerúsalem, stíga niður af himni frá Guði, búna sem

1 Þessari dæmisögu segir Kristur frá þeim viðtökum, sem boðberar Guðs (þjónarnir) hafa frá ómunatíð fengið hjá prestum og kennimönnum jarðarinnar (vínrykjunum). Suma hafa þeir drepit, aðra svívirt og barið. Soninn elskaða (þ.e. Krist sjálfan) krossfestu þeir. Herra víngarðsins (Bahá'u'lláh) hefur tekið frá klerkunum öll völd þeirra yfir hjörtum mannanna (sjá 12. kafla) og í trú Hans er prestastéttin lögð niður.

brúði, er skartar fyrir manni sínum. Og eg heyrði raust mikla frá hásetinu, er sagði: Sjá, tjaldbúð Guðs er meðal mannanna, og hann mun búa hjá þeim, og þeir munu vera fólk hans. Og hann mun þerra hvert tár af augum þeirra, og dauðinn mun ekki framar til vera, hvorki harmur né vein, né kvöl er framar til; hið fyrra er farið. Og sá, sem í hásetinu sat, sagði: Sjá, eg gjöri alla hluti nýja, og hann segir: Rita þú, því að þetta eru orðin trúu og sönnu.“

(Opinberun Jóhannesar, 21:1–6)

Mikilvæg ártöl í sögu Bahá'í trúarinnar

23. maí 1844 Bábinn (1819—1850) kunngerir Mullá Husayn köllun sína í Shíráz. Fæðing 'Abdu'l-Bahá í Teheran.
- Haustið 1844 Bábinn fer ásamt lærisveini sínum, Quddús, til Mekka til þess að kynna trúarleiðtoga hinnar helgu borgar köllun sína. Lærisveinar Hans kunngera boðskapinn um gervalla Persíu. Mullá Husayn færir Mírzá Husayn-'Alí (Bahá'u'lláh) tóflu frá Bábnum. Bahá'u'lláh lýsir þegar í stað yfir fylgi sínu við Hann.
- Sumarið 1847 Bábinn er sendur í útlegð til virkisins Mách-Kú. Forsætisráðherra landsins, Hájí Mírzá Aqásí, kemur í veg fyrir fyrirhugaðan fund Bábsins og keisarans.
- Júlí 1848 Bábinn er færður í yfirheyrslu til Tabríz í návist krónprinsins og valdamestu leiðtoga klerkastéttarinnar í Persíu.
9. júlí 1850 Bábinn er tekinn af lífi ásamt einum lærisveina sinna á herskálatorginu í Tabríz.
- Ágúst 1852 Ofsóknirnar á hendur Bábíunum ná hámarki eftir tilræðið við keisarann (sjá 3. kafla). Þúsundir Bábía eru teknir af lífi og miklu fleiri fangelsaðir. Bahá'u'lláh er varpað í illræmdustu dýflissuna í Teheran, Síyáh-Chál, þar sem Hann fær fyrstu vitranir sínar.

- Janúar 1853 Bahá'u'lláh er gerður útlægur til Baghdad ásamt fjölskyldu sinni.
- 1854–1856 Bahá'u'lláh heldur út í eyðimörkina. Eftir tvö ár snýr Hann aftur til Baghdad og kemur að samfélagi Bábsins í upplausn og öngþveiti. Á örskömmum tíma sameinar Hann átrúendurna og blæs nýju lífi í samfélagið.
22. apríl 1863 Bahá'u'lláh kunngerir köllun sína í Ríðván-garðinum í útjaðri Baghdad. Hann lýsir því yfir að Hann sé hinn Fyrirheitni, sem Bábin og allir spámenn Guðs hafi boðað.
3. maí 1863 Bahá'u'lláh heldur af stað í útlegðina til Konstantínópel (nú Istanbul) ásamt fjölskyldu sinni og fylgjendum.
- Desember 1863 Þau eru send áfram í nýja útlegð frá Konstantínópel til Adríanópel (Edirne).
- 1867–1873 Bahá'u'lláh opinberar *Súriy-i-Mulúk* (Konungatöfluna) og margar aðrar töflur, þar sem Hann beinir orðum sínum til veraldlegra og trúarlegra yfirvalda heimsins.
- Ágúst 1868 Bahá'u'lláh og fjölskylda Hans eru á ný gerð útlæg til refsinsýlendunnar 'Akká í Sýrlandi (nú Israel).
- 1870 Fall Napóleons III. eftir hrakfarirnar við Sedan. Frakkakeisari hrekst í útlegð til Englands. Píus IX. missir völdin yfir Róm og páfaríkjunum, sem hann hafði nefnd „kyrtill Jesú Krists“. Báðir þessir leiðtogar höfðu verið varaðir við af Bahá'u'lláh í sérstökum töflum (sjá 12. kafla).
- 1880 Bahá'u'lláh fer til Bahjí, þar sem Hann eyðir síðustu árum ævi sinnar. Þótt Hann sé ennþá fangi að nafninu til, nýtur Hann frelsis og næðis.
29. maí 1892 Uppstigning Bahá'u'lláh í Bahjí í erfðaskrá sinni skipar Hann 'Abdu'l-Bahá (1844–1921) túlkanda orðs síns og miðdepil sáttmála síns við mannkynið.
23. sept. 1893 Trúarinnar er fyrst getið opinberlega í Ameríku á heimstrúarbragðþápinginu í Chicago.
- 1902 Hafin bygging fyrsta Bahá'í musterisins í Íshqábád í Turkmenistan (Rússlandi).

- September 1908 ‘Abdu’l-Bahá er leystur úr haldi eftir byltingu Ungtyrkja.
- 1910–1911 ‘Abdu’l-Bahá ferðast til Egyptalands, Frakklands og Englands, þar sem Hann ávarpar mikla mannsöfnuði og flytur ræður af predikunarstólunum í City Temple og St. John’s Westminster.
- 1912 ‘Abdu’l-Bahá ferðast til Ameríku, þar sem Hann flytur ávörp í ýmsum borgum og leggur hornsteininn að fyrsta Bahá’í musterinu á Vesturlöndum (Wilmotte, Illinois).
- 1912–1913 ‘Abdu’l-Bahá heimsækir Evrópu á nýjan leik, þ.á.m. Þýskaland, Ungverjaland og Austurríki og varar við yfirvofandi styrjöld.
- 1912–1925 Fall Rómanoff-ættarinnar í Rússlandi. Austurríska-ungverska keisaradæmið leysist upp. Þýska keisaraveldið leysist upp. Tyrkneska heimsveldið fellur; soldána- og kalífadæmin eru afnumin. Fall Qájár-keisaraættarinnar í Persíu. (Sjá 13. kafla).
28. nóv. 1921 ‘Abdu’l-Bahá andast í Haifa. Í erfðaskrá Hans er Shoghi Effendi (1897–1957) útnefndur túlkandi orðs Hans og Vörður Bahá’í trúarinnar.
- Sumarið 1924 Bahá’í trúin berst í fyrsta sinn til Íslands. Bandarískur Bahá’í, Amelia Collins, kynnir Hólmfríði Árnadóttur, safnverði, kenningar Bahá’u’lláh.
10. maí 1925 Trúarrétturinn í Beba í Egyptalandi fellir þann úrskurð að Bahá’í trúin sé sjálfstæð trúarbrögð, óháð Islám.
- 1937–1945 Þýska nasistastjórnin leysir upp Bahá’í samfélagið, bannar starfsemi trúarinnar og brennir allar Bahá’í bækur í landinu.
- 1937 Að frumkvæði Shoghi Effendi er hafin skipulögð útbreiðsla Bahá’í trúarinnar um allan heim.
- 1939 Bahá’u’lláh og nýi tíminn eftir J.E. Esslemont kemur út á íslensku í þýðingu Hólmfríðar Árnadóttur.
- 1953 Hafin tíu ára áætlun um kennslu og útbreiðslu Trúarinnar. Í öllum heiminum eru tólf Andleg Þjóðráð og 2.500 Bahá’í miðstöðvar og samfélög.

4. nóv. 1957 Shoghi Effendi andast í Lundúnum. Hendur málstaðar Guðs — stofnun sem Bahá'u'lláh hafði sett á fót — tekur við stjórnun tíu ára áætlunarinnar.
- Apríl 1963 Æðsta stjórnstofnun Bahá'í trúarinnar, Allsherjarhús Réttvísinnar, sem Bahá'u'lláh lagði drög að í *Kitáb-i-Aqdas*, er kosin í fyrsta sinn af meðlimum Andlegra Þjóðráða um allan heim. Heimsping Bahá'ía haldið í Lundúnum.
- Apríl 1967 Fjöldi Andlegra Þjóðráða í heiminum er 81. Bahá'í miðstöðvar og samfélög eru 28.217. Bahá'í bókmenntir hafa verið þýddar á 397 tungumál. Fjöldi landa sem opnuð hafa verið fyrir Trúnni er 311 og musteri hafa verið reist í fjórum heimsálfum.
- Apríl 1972 Andlegt Þjóðráð Bahá'ía á Íslandi kosið í fyrsta sinn. Fjögur Andleg Svæðisráð eru á Íslandi.
- Apríl 1974 Upphaf fimm ára áætlunar Allsherjarhúss Réttvísinnar um útbreiðslu Trúarinnar.
- Apríl 1978 Andleg Þjóðráð í heiminum eru 130 talsins. Andleg Svæðisráð eru rúmlega 19.000. Bahá'ía miðstöðvar og samfélög í heiminum eru rösklega 83.000. Fimm Bahá'í musteri hafa verið reist og tvö eru í byggingu.

BAHÁ'U'LLÁH:
HIN MIKLA BOÐUN TIL
MANNKYNSINS

Gíminn, sem fyrirhugaður var þjóðum og ættkvíslum jarðarinnar er nú runninn upp. Fyrirheit Guðs, sem skráð eru í helgum ritningum, hafa öll verið efnd. Frá Zíon hafa lög Guðs út gengið, og Jerúsalem, land hennar og hæðir, eru fullar af dýrð opinberunar Hans. Sæll er sá, sem hugleiðir í hjarta sínu það sem opinberað hefur verið í bókum Guðs, hjálparans í nauðum, hins sjálfnoða. Hugleiðið þetta, ó þér ástvinir Guðs, og hneigið eyru yðar með athygli að Orði Hans, svo að þér megið fyrir miskunn Hans og náð drekka nægju yðar af kristaltærum vötnum staðfestunnar og verða jafn stöðugir og óhagganlegir og fjallið í málstað Hans.

Sannlega segi Eg, þetta er dagurinn þegar mannkynið getur litið ásjónu og heyrt raust hins Fyrirheitna. Kall Guðs hefur út gengið og ljómi ásyndar

Hans hefur runnið upp yfir mennina. Það sémir sérhverjum manni að afmá sérhvern vott ónyttju-orða af töflu hjarta síns og horfa með opnum og fordómalausum huga á tákn opinberunar Hans, sannanirnar fyrir ætlunarverki Hans og vegsummerki dýrðar Hans.

Að sönnu er þessi dagur mikill! Tilvísanirnar til hans í helgum bókum sem Dags Guðs bera mikilleik hans vitni. Sálir allra spámanna Guðs, allra guðlegra boðbera, hafa þyrst eftir þessum undursamlega degi. Þó hafði dagstjarna opinberunar Hans ekki fyrr birst á himni vilja Guðs, en Vér fyrirfundum alla menn ráðvillta og gálausa, nema þá sem hinum Almáttka þóknaðist að leiða.

Ó, þú sem hefur minnst Mín! Hin hörmulegasta blæja hefur komið í milli þjóða jarðarinnar og dýrðar Hans og aftrað þeim að hlýða kalli Hans. Guð gefi, að ljós einingarinnar megi umlykja jörðina og innsigliínu „rikið er Guðs“ megi verða þrýst á enni allra þjóða hennar.

O, þér mannanna börn! Grundvallarásætningur Trúar Guðs og trúarbragða Hans er að vernda hagsmuni og stuðla að einingu og uppfóstra anda ástar og bræðralags meðal manna. Gerið hana ekki að átyllu sundurþykkis og misklíðar, haturs og fjandskapar. Þetta er vegurinn beini, undirstaðan traust og óbifanleg. Hvað svo sem reist er á þessum grundvelli — breytingar og byltingar heimsins munu aldrei geta veikt það, né umbrot árpúsundanna grafið undan stoðum þess. Von Vor er sú, að

trúarleiðtogarnir og valdhafar heimsins muni rísa upp í sameiningu til umbóta á þessari öld og endurnýja giftu hennar. Er þeir hafa íhugað þarfir hennar, skyldu þeir taka ráð saman og eftir fulla og kostgæfilega yfirvegum gefa sjúkri og sárþjáðri veröld það lyf, sem hún þarfnast... Þeim sem eru við völd ber skylda til að gæta hófsemi í öllum hlutum. Hvaðeina sem yfirstígur mörk hófseminnar hættir að hafa áhrif til góðs. Gefið til að mynda gaum að fyrirbærum eins og frelsi og siðmenningu. Hversu velviljuðum augum sem skilningsríkir menn kunna að líta þau, munu þau hafa skaðleg áhrif á mennina, ef hófs er ekki gætt... Guð gefi, að þjóðum heimsins megi auðnast að þekkja það sem þeim er til mestra hagsbóta með hjálp þeirrar háleitu viðleitni, sem valdhafar þeirra, vitringar og lærdómsmenn, sýna. Hversu lengi mun óréttlætið vara? Hversu lengi mun öngþveiti og glundroði ríkja meðal manna? Hversu lengi mun sundurþykkjan ýfa ásýnd þjóðfélagsins? Því er ver, að vindar örvæntingarinnar blása úr óllum áttum og deilurnar, sem þjaka og sundurskilja mannkynið, magnast dag frá degi. Tákn aðsteðjandi hamfara má nú þegar greina, því að ríkjandi skipulag sýnist hörmulega gallað. Eg bið Guð þess — vegsömuð sé dýrð Hans — að Hann megi náðarsamlega uppvekja þjóðir jarðarinnar, megi gefa að framferði þeirra leiði um síðir til giftu og hjálpi þeim að öðlast það sem sæmir stöðu þeirra.

Ó, stríðandi þjóðir og ættkvíslir jarðarinnar! Snúið ásjónum yðar að einingunni og látið ljómann af ljósi

hennar skína á yður. Safnist saman og fastráðið sakir Guðs að uppræta hvaðeina, sem veldur missetti yðar í milli. Þá mun ljós hinnar völdugu sólar heimsins umvefja alla jörðina og íbúar hennar verða íbúar einnar borgar og sitja í einum og sama veldisstól. Þessi Rangtleikni hefur frá öndverðum dögum sínum enga ósk alið aðra en þessa og mun framvegis ekki ala neina aðra ósk í brjósti. Enginn vafi getur leikið á því, að þjóðir jarðarinnar, hvaða kynþætti eða trúarbrögðum sem þær tilheyra, fá innblástur sinn frá einni himneskri uppsprettu og eru þegnar eins Guðs. Munurinn á þeim lagaákvæðum, sem þær búa við, orsakast af mismunandi þörfum og knýjandi nauðsynjum þess tíma, er þau voru opinberuð. Öll voru þau ákvörðuð af Guði og endurspeglja vilja Hans og ásetning, nema fáein sem eru afurðir mannlegra rangfærslna. Rísið upp, vopnist krafti trúarinnar og sundurmolið guði fánýtra ímyndana yðar, sáðmenn hatursins á meðal yðar. Haldið fast við það, sem færir yður nær hver öðrum og sameinar yðar. Þetta er vissulega háleitasta Orðið, sem móðurbókin hefur sent niður og opinberað yður. Þessu ber Tunga tignarinnar vitni frá híbýlum dýrðar sinnar.

Verundin mikla, sem óskaði að opinbera forsendur friðar og rósemi í heiminum og framfara þjóða hans, hefur ritað: Sá tími mun óhjákvæmilega renna upp, þegar knýjandi nauðsyn þess að halda mikla og alltæka ráðstefnu, verður viðurkennd um allan heim. Valdhafar og konungar jarðarinnar verða að sækja

hana, og er þeir taka þátt í yfirvegnum hennar, skyldu þeir íhuga leiðir og aðferðir til að leggja grundvöllinn að Mesta friði heimsins meðal manna. Slíkur friður útheimtir, að stórveldin fastráði í þágu friðsemdar í heiminum, að sættast heilum sáttum. Grípi nokkur konungur til vopna gegn öðrum, skyldu allir rísa upp í sameiningu og aftra honum. Sé þessu framfylgt, munu þjóðir heimsins ekki lengur þurfa á neinum vígbúnaði að halda, nema til að tryggja öryggi ríkja sinna og halda uppi innri reglu á yfirráðasvæðum sínum. Þetta mun tryggja frið og samlyndi allra manna, ríkisstjórna og þjóða. Það er fagnaðarrík von Vor, að konungar og valdhafar jarðarinnar, speglar hins náðuga og almáttuga nafns Guðs, megi öðlast þessa stöðu og verja mannkynið atlögum harðstjórnar... Sá dagur nálgast, þegar allar þjóðir jarðarinnar munu hafa tekið upp eitt allsherjartungumál og eitt sameiginlegt letur. Þegar þessu er náð, þá mun hver sú borg, sem maðurinn kemur til, vera honum eins og hans eigið heimili. Þessir hlutir eru skyldaðir og með öllu óhjákvæmilegir. Sérhverjum manni innsæis og skilnings ber skylda til að sýna í verki og veruleika það sem ritað hefur verið ... Sá er að sönnu maður, sem í dag helgar sig þjónustu við allt mannkynið. Verundin mikla segir: Sæll og giftusamur er sá, sem rís upp til að efla bestu hagsmuni þjóða og ættkvísla jarðarinnar. Á öðrum stað hef'ur Hann kunngert: Þess er ekki að miklast, sem elskar ættjörð sína, heldur þess, sem elskar heiminn allan. Jörðin er aðeins eitt land og mannkynið íbúar þess.

Græðarinn gjörþekkjandi hefur fingur sinn á slagæð mannkynsins. Hann skilgreinir sjúkdóminn og segir í óskeikulli visku sinni fyrir um læknislyfið. Sérhver öld á við sinn eigin vanda að glíma og sérhver sál á sínar sérstöku þrár. Lyfið, sem heimurinn þarfnast í þrengingum sínum nú, getur aldrei verið hið sama og næsta öld þarf á að halda. Sýnið fyllstu umhyggju fyrir þörfum þeirrar aldar, sem þér lifið á, og beinið athygli yðar að nauðþurftum hennar og kröfum.

Vér skynjum glöggt hvernig mannkynið allt er umsetið miklum og ómælanlegum hörmungum. Vér sjáum það tærast upp á sjúkrabeð sínum, þjakað og vonsvikið. Þeir, sem ölvaðir eru af drambi, hafa komið á milli þess og hins himneska, óskeikula Græðara. Sjáið hvernig þeir hafa flækt alla menn, og sjálfa sig líka, í net vélráða sinna. Þeir geta hvorki greint orsakir sjúkdómsins, né hafa þeir nokkra þekkingu á lyfinu. Hið beina halda þeir bogið og vin sinn fjandmann.

Hneiðið eyru yðar að ljúfum söng þessa Fanga. Rísið og hefjið upp raddir yðar, svo að þeir sem eru í fastasvefni megi verða uppvaktir. Seg: ó, þér sem eruð sem dauðir! Hönd himneskrar gjafmildi býður yður vatn lífsins. Hafið hraðann á og drekkið nægju yðar. Hver sá, sem hefur endurfæðst á þessum degi, mun aldrei deyja; hver sá, sem áfram er andvana, mun aldrei lifa.

O, þjóðir jarðarinnar! Guð, sannleikurinn eilífi, er Mér til vitnis um að elfur ferskra og lygnra vatna

hafa sprottið af klettunum vegna sætleika orðanna, sem Drottinn yðar, hinn óhefti, mælir — og enn mókið þér. Varpið frá yður því, sem þér eigið, og hefjið yður á vængjum andlegs frelsis yfir alla hluti skapaða. Svo býður yður Drottinn sköpunarinnar, sem með hreyfingu Penna síns hefur gerbylt sál mannkynsins.

Vitið þér frá hvaða hæðum Drottinn yðar, hinn aldýrlegi, kallar? Haldið þér, að þér hafið borið kennsl á Pennann, sem Drottinn yðar, Drottinn allra nafna, fyrirskipar yður með? Nei, sem Eg lifi! Ef þér aðeins vissuð það, munduð þér afneita heiminum og af öllu hjarta hraða yður í návist Ástvinarins. Svo uppnumdar yrðu sálir yðar af Orði Hans, að hinn meiri heimur myndi bifast, hversu miklu fremur þessi hinn smái og lítilmótlegi! Þannig hefur regni gjafmildi Minnar verið úthellt frá himni ástríkis Míns til vitnisburðar um náð Mína, til þess að þér megið tilheyra hinum þakklátu ...

Varist að ástríður holdsins og spilltra hneigða valdi misklíð yðar í milli. Verið sem fingur einnar handar, limir eins líkama. Þannig ráðleggur yður Penni opinberunarinnar, ef þér heyrið til þeim, sem trúá.

Íhugið náð Guðs og gjafir Hans. Hann hvetur yður til þess sem mun gagna yður, þótt fullvel geti Hann komist af án allra skepna. Illverk yðar geta aldrei skaðað Oss og ekki heldur geta góðverk yðar komið Oss að gagni. Vér köllum yður einungis sakir Guðs. Þessu mun sérhver maður skilnings og inn-sæis bera vitni.

Veröldin hefur gengið úr skorðum vegna gagntakandi áhrifa þessa mesta, þessa nýja heimsskipulags. Reglubundnu lífi mannkynsins hefur verið umbylt fyrir tilstilli þessa einstæða, þessa undursamlega Kerfis, hvers líka dauðleg augu hafa aldrei séð.

Sökkvið yður í úthaf orða Minna, svo að þér megið afhjúpa leyndardóma þeirra og uppgotva allar perlur viskunnar, sem liggja fólgnar í djúpum þess. Varist að hvika í ásetningi yðar að játast sannleika þessa Málstaðar. Fyrir hans tilstyrk hefur getumagn hins guðdómlega valds verið opinberað og yfirráð Hans grundvölluð. Hraðið yður til Hans með andlitin skínandi af fögnuði. Þetta er óumbreytileg Trú Guðs, eilíf í fortíðinni, eilíf í framtíðinni. Lát hann, sem leitar hennar, finna; og hvað hann varðar, sem neitar að leita hennar — sannlega er Guð hinn sjálfnógi, ofar öllum þörfum skepna sinna.

Seg: Þetta er Mælivogin óskeikula, sem hönd Guðs heldur, þar sem allir á himnum og allir á jorðu verða vegnir og örlög þeirra ákveðin, ef þér tilheyrið þeim, sem trúa og þekkja þennan sannleika. Seg: Fyrir hana hafa fátækir verið auðgaðir, lærðir upplýstir og leitendunum gert kleift að stíga upp til návistar Guðs. Varist að gera hana að misklíðarefni. Verið jafn óbifandi og rótfast fjallið í málstað Drottins yðar, hins máttka, hins ástríka.

Ó, þjóðir heimsins! Vitið með vissu, að boðorð Mín eru lampar elskuríkrar forsjónar Minnar meðal þjóna Minna og lykjar miskunnar Minnar fyrir

skepnur Mínar. Með svofelldum hætti hefur það verið sent niður frá himni vilja Drottins yðar, Drottins opinberunarinnar. Ef einhver smakkaði sætleika orðanna, sem vörum hins Almiskunnsama hefur þóknast að mæla, mundi hann snúa baki við fjársjóðum jarðarinnar, væru þeir í hans eigu, ef hann með því gæti veitt brautargengi þótt ekki væri nema einu boðorða Hans, ljómandi yfir dagsbrún örlátrar umhyggju Hans og ástríkis.

Af boðum Mínum má finna ljúfan ilminn af klæðum Mínum, og með þeirra fulltingi munu sigurmerki verða reist á hæstu tindum. Tunga máttar Míns hefur frá himni almáttugrar dýrðar Minnar ávarpað sköpun Mína þessum orðum: „Haldið boð Mín sakir ástar á fegurð Minni.“ Sæll er sá elskhugi, sem fundið hefur himneskan ilminn af Ástvini sínum frá þessum orðum, þrungnum angan náðar, sem engin tunga fær lýst. Sem eg lifi! Hann, sem drukkið hefur kjörið vín réttlætisins úr höndum örlátrar hylli Minnar, mun hringsóla um boð Mín, sem skína yfir dagsbrún skopunar Minnar.

Haldið ekki, að Vér höfum opinberað yður einn saman lagabálk. Nei, öllu fremur höfum Vér rofið innsiglið af hinu kjörna Víni með fingrum máttar og valds. Þessu til vitnis er það, sem Penni opinberunarinnar hefur opinberað. Íhugið þetta, ó menn innsæis!...

Hvenær sem lög Mín birtast eins og sólin á himni máls Míns, verða allir að hlýðnast þeim staðfastlega, jafnvel þótt ákvörðun Mín sé slík, að hún kljúfi himínn sérhverra trúarbragða. Hann gerir það sem Honum þóknast. Hann velur og enginn getur dregið

val Hans í efa. Hvað svo sem Hann, hinn ástfólgni, ákvarðar, það er sannlega ástfólgið. Þessu ber Hann Mér vitni, sem er Drottinn sköpunarinnar. Hver sá, sem fundið hefur ljúfa angan hins Almiskunnsama og borið kennsl á uppsprettu þessara orða, mun með sínum eigin augum bjóða velkomin spjót óvinnarins, til þess að hann geti grundvallað sannleik laga Guðs meðal manna. Heill þeim, sem hefur snúið sér til Hans og skilið merkingu bindandi fyrir mæla Hans.

Þetta er dagurinn, þegar ágætustu gjöfum Guðs hefur verið úthellt yfir mennina, dagurinn, þegar máttugustu náð Hans hefur verið veitt inn í alla hluti skapaða. Sú skylda hvílir á Öllum þjóðum jarðarinnar að jafna ágreining sinn og hvílast, í fullkominni einingu og friði, í skugganum af Tré umhyggju Hans og ástríkis. Það sæmir þeim að halda fast við hvaðeina, sem á þessum degi mun stuðla að upphafningu stöðu þeirra og efla bestu hagsmuni þeirra. Sælir eru þeir, sem Penninn al-dýrlegi var hrærður til að minnast og sælir þeir, hverra nöfnum Vér höfum kosið að leyna sakir órannsakanlegrar ákvörðunar Vorrar.

Biðjið hinn eina sanna Guð að gefa, að allir menn megi náðarsamlega verða studdir til að uppfylla það, sem þóknanlegt er fyrir augliti Voru. Brátt mun ríkjandi skipulagi verða vafið saman og nýtt breitt út í þess stað. Sannlega mælir Drottinn þinn sannleikann og þekkir hið óséða.

Heimildir

- Abdu'l-Bahá*. Some Answered Questions. Laura Clifford Barney þýddi. London: Bahá'í Publishing Trust, 1961. Wilmette, Illinois: Bahá'í Publishing Trust, endurs. útg. 1964.
- Selections from the Writings of 'Abdu'l-Bahá. Haifa: The Universal House of Justice, 1978
- Bábinn*. Selections from the Writings of the Báb. Haifa: The Universal House of Justice, 1976
- Bahá'í World Faith*. Selections from the Writings of Bahá'u'lláh and 'Abdu'l-Bahá, Wilmette, Illinois: Bahá'í Publishing Trust, 1943
- Bahá'u'lláh*. Kitáb-í-Iqán. The Book of Certitude. Shoghi Effendi þýddi úr frummálinu. London: Bahá'í Publishing Trust, 1961. Önnur útg.
- Hidden Words of Bahá'u'lláh. Þýðing Shoghi Effendi með aðstoð nokkurra enskra vina. London: Bahá'í Publishing Trust, 1949. Wilmette, Illinois: Bahá'í Publishing Trust, endursk. útg. 1954.
- Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh. Bahá'í Publishing Trust, 1935. Endursk. útg. 1952. London: Bahá'í Publishing Trust, 1949
- The Proclamation of Bahá'u'lláh to the Kings and Leaders of the World. Haifa: The Universal House of Justice, 1972. Önnur útg.
- Epistle to the Son of the Wolf. Shoghi Effendi þýddi. Wilmette, Illinois: Bahá'í Publishing Trust, endursk. útg. 1953
- Balyuzi, H.M.* The Báb. The Herald of the Day of Days. Oxford: George Ronald, 1973
- 'Abdu'l-Bahá. The Centre of the Covenant of Bahá'u'lláh. Oxford: George Ronald, 1971. Önnur útg. 1972.

- Bahá'u'lláh. A Brief Life followed by an Essay on the Manifestation of God entitled The World Made Flesh. Oxford: George Ronald, 1974. 6. útg.
- Bahá'u'lláh. The King of Glory. Oxford: George Ronald, 1980.
- Edward Granville Browne and the Bahá'í Faith. London: George Ronald, 1970.
- Blomfield, Lady* (Sitárih Kbánum). The Chosen Highway. London: Bahá'í Publishing Trust, 1940. Wilmette, Illinois: Bahá'í Publishing Trust, 1967.
- Esslemont, J.E.* Bahá'u'lláh og nýi tíminn. Reykjavík: Andlegt Þjóðráð Bahá'ía á Íslandi, 1979. 3. útg., ný þýðing.
- Ferraby, John.* All Things Made New. London: Bahá'í Publishing Trust, 1944.
- Gail, Marzieh.* Dawn over Mount Hira and other Essays. Oxford: George Ronald, 1976.
- Momen, Moojan.* The Babí and Bahá'í Religion 1844—1944. Some Contemporary Western Accounts. Edited by Moojan Momen M.A., M.B. Oxford: George Ronald, 1981.
- Nabíl-i-A'zam.* The Dawn-Breakers. Nabíls Narrative of the Early Days of the Bahá'í Revelation. Shoghi Effendi þýddi. Wilmette, Illinois: Bahá'í Publishing Trust, 1974. 5. útg.
- Sabet, Huschmand.* Der Gespaltene Himmel. Stuttgart: Verbum-Verlag GmbH, 1967.
- Sears, Williams.* The Prisoner and the Kings. Toronto: General Publishing Company Ltd., 1971.
- Shoghi Effendi.* God Passes By. Wilmette, Illinois: Bahá'í Publishing Trust, 1944.
- The Promised Day is Come. Wilmette, Illinois: Bahá'í Publishing Trust, endurútg. 1961.
- The World Order of Bahá'u'lláh. Wilmette, Illinois: Bahá'í Publishing Trust, 1938. Endursk. útg. 1955.
- The Dispensation of Bahá'u'lláh. Wilmette, Illinois: Bahá'í Publishing Trust, 1975. 8. útg.
- Synopsis and Codification of the Kitáb-i-Aqdas.* Haifa: The Universal House of Justice, 1973.
- Taherzadeh, Adib.* The Revelation of Bahá'u'lláh. Baghdad 1853—63. Oxford: George Ronald, 1974.
- The Revelation of Bahá'u'lláh. Adrianople 1863—68. Oxford: George Ronald, 1977.
- Three Momentous Years of the Heroic Age — 1868—1870. Grein í The Bahá'í World. An International Bahá'í Record. Haifa: The Universal House of Justice, 1977.

World Order. A Bahá'í Magazine. Gefið út ársfjórðungslega af Andlegu Þjóðráði Bahá'ía í Bandaríkjunum. Vol. 13, nr. 2, Winter 1978—79. Bahá'u'lláh's Prison Sentence: The Official Account. Kazem Kazemzadeh og Firuz Kazemzadeh þýddu úr frummálinu. Formáli eftir hinn síðarnefnda.

Atriðisorð og nafnaskrá

Í þessari skrá eru nefnd öll ritverk Bahá'u'lláh, sem vitnað er til eða rætt er um í bókinni, en þau eru aðeins brot af heildarritsafni Hans. Þá er getið helstu atriðisorða. Notuð er skammstöfunin n., þegar vitnað er til atriðisorða neðanmáls, og tilv., þegar vitnað er beint í ritningu Bahá'u'lláh.

I. Rit og töflur Bahá 'u 'lláh

Haft-Vadí (Dalirnir sjo), 96
Hulin Orð, 28, 95–96
Kitáb-í-Ahdí (Bók sáttmála Míns), 195, 207 tilv.
Kitáb-í-Aqdas (Hin helgasta bók), 96, 125.135, 188, 190, 191–192, 193–195, 201, 202, 207
Kitáb-í-Iqán (Bók fullvissunnar), 22, 63 tilv., 64 tilv., 70–71 tilv., 94–95, 96, 226–227 tilv.
Lawḥ-i-Burhán, 196
Lawḥ-i-Fu'ád, 191,200
Lawḥ-i-Hikmat (Tafla viskunnar), 195
Lawḥ-i-Húríyyih (Tafla mæringarinnar), 96
Lawḥ-i-Ibn-i-Dhi'b (Pistill til sonar úlfsins), 88, 141–142 tilv., 196
Lawḥ-i-Karmil (Tafla Karmels), 185 tilv., 196
Lawḥ-i-Mallahu'l-Quds (Tafla hins heilaga

sæfara), 96, 102, 109
Lawḥ-i-Sultán (Tafla til Naširi'd-Dín Sháh), 55–56 tilv., 131–133, 134 tilv., 151 tilv.
Lawḥ-i-Sayyáh, 152 tilv.

Madínatu'r-Riḍá (Borg geislandi undirgefni), 96
Madínatu't-Tawhíd (Borg einingarinnar), 96
Mubáhilih-taflan, 122 tilv.
Şahífiy-i-Shattíyyih (Bók fljótsins), 96
Súriy-i-Ghusn (Tafla vitiunarinnar), 205 tilv.
Súriy-i-Haykal (Súra musterisins), 92, 96
Súriy-i-Múluk (Súra konunganna), 127–129 tilv., 130
Súriy-i-Qadír (Súra hins Alvalda), 96
Súriy-i-Ra'ís, 148–149 tilv., 153 tilv.
Súriy-i-Sabr (Tafla þolinmæðinnar), 105–106
Zíyárat-Námih (Tafla vitiunarinnar). 195
Hin mikla boðun til mannkynsins, 249–260

II. Almenn atriðisorð

'Abbás Buzurg, Mírzá, (faðir Bahá'u'lláh), 25,31,33–34
'Abbás-Qulí Khán (aðalræðismaður í Damas-kus), 141
'Abbás-Qulí Khán (liðsforingi), 16

- ‘Abdu’l-‘Aziz (soldán Tyrkjaveldis 1861–‘76), 101, 109, 128, 129, 142, 155, 175, 176, 186, 191, 200
- ‘Abdu’l-Bahá (*‘Abbás Effendi*): ber kennsl á stöðu Bahá’u’lláh, 58–59; sér Bahá’u’lláh í Síyáh-*Chál*, 54; bræður Hans, 60; þjáningar í útleð Bahá’u’lláh, 71; lýsir tengslum spámannanna við Guð, 73; um kraftaverk, 101; lýsir komunni í Riðván-garðinn í Baghdad, 105; lýsir ósigri óvina Trúarinnar, 107; ráðleggur þögn um tilræði Yahyá, 119; fær tilkynningu um brottvísun til Gallipoli, 143; Hájí Ja’far, 146–147; hlynnir að sjúkum í ‘Akká, 153; vinnur hylli og virðingu íbúanna í ‘Akká, 156, 167, 183–184; hittir pílagríma, 159; handtaka Bahá’u’lláh, 165; breytir rás viðburðanna, 167; ást ekki-Bahá’ía á Honum, 167; áform borgarstjórans í ‘Akká, 171–172; festir kaup á Bahjí, 173–176; lýsir áhrifum Bahá’u’lláh, 176; ást Bahá’u’lláh á Honum, 179–180; hin Mesta grein, 180, 205–109; lýsing E.G. Browne á Honum 183–184; með Bahá’u’lláh í hlíðum Karmel-fjalls, 184; lýsir þróun Trúarinnar, 186–187; við dánarbed Bahá’u’lláh, 197; Miðja sáttmálans, 59, 207–208; Erfðaskrá Hans, 208; túlkunarréttur Hans, 210.
- ‘Abdu’l-Ghaffár-i-Işfahání, 150
- ‘Abdu’l Hádí Páshá, 153
- ‘Abdu’l-Hamíd (Tyrkjasoldán 1876–1909), 198
- ‘Abdu’lflusayn, *Shaykh*, 98, 99
- ‘Abdu’l-Karím, Mullá (píslarvottur), 61
- ‘Abdu’l-Vahháb-i-Shírízí (píslarvottur), 54–55
- ‘Abdu’r-Rahmán Páshá (borgarstjóri í ‘Akká), 171, 203
- Abraham, 25, 160
- ‘Abu’l-Faql, Mírzá, 25n., 186
- ‘Abu’l-Hasan, Hájí (Amín-i-Iláhí), 158–159
- Ahmad Big Tawqí, 166, 167, 168, 171
- Ahmad-i-Rúhí, *Shaykh* (Azalíti), 169
- Ahmad, *Shaykh*, 22n., 38
- Ákhúnd, Hájí, 143
- Alexander II., Rússakeisari, 201
- ‘Alí-Akbar, 70, 116
- ‘Alí, Hájí Mírzá Siyyid (píslarvottur), 94
- ‘Alí Páshá (forsætisráðherra Tyrklands), 85, 101, 102, 109, 110, 141, 191, 203
- Amos, 152
- Amru’lláh, 121, 124
- Aqá ‘Abu’l-Qásim (þjónn Bahá’u’lláh), 63, 64
- Áqá Ján (Azalíti), 70
- Áqá Ján (samverkamaður Siyyid Muḥammad), 137–138, 142, 150, 164
- Áqá Ján, Mírzá (ritari Bahá’u’lláh), 76, 83–84, 87, 89, 104, 119, 127, 156, 184
- Áqá *Khán*, Mírzá (forsætisráðherra Persfu), 57
- Áqá *Khán*-i-Kirmání, Mírzá (Azalíti), 169
- Áqá Mírzá Hádí, 125
- Áqá Njáfi („sonur úlfins“), sjá Muḥammad-Taql, *Shaykh*
- Áqá Riḏá, 144, 153, 155, 166
- Áqásí, Hájí Mírzá. (forsætisráðherra Persíu), 33
- Áqáy-i-Kalím, sjá Músa, Mírzá
- As’ad Effendi, 172
- Asadu’lláh frá Khuy, Mírzá (Dayyán), 70, 115, 116
- ‘Asíyih *Khán*um, sjá Nawáb
- Ashraf, Mírzá (píslarvottur), 203
- Ayyám-i-Shihád (umbrotadagar), 113
- ‘Aziz-*Khán* (lögreglustjóri í Teheran), 44
- Bábinn* (*Siyyid ‘Alí-Muḥammad*): yfirlýsing, 13–14; hlutverk sem fyrirrennari, 15; fangelsun, 15, 17; píslarvætti, 15, 17–19; jarðneskar leifar, 19, 143, 184; ritverk og boðskapur, 19–23; ummæli Hans um Bahá’u’lláh, 20; sendir frá sér lærisveinana, 29; ummæli um Teheran, 29; boðun Trúarinnar, 29–33; birtist Ṭahirih, 38; ummæli um Ṭahirih, 42; samfélag Bábsins, 47, 54, 61, 69–71; sendir Bahá’u’lláh persónulega muni. 61; lýsing á Honum, 75; siðabod, 19–20, 85; arftaki Hans, 61–62, 115; rithönd stæld af Mírzá Yahyá, 115, grafhýsi Hans, 19, 184
- Badasht-ráðstefnan, 41–42
- Badí (Áqá Buzurg-i-*Khurásání*), 131–133
- Badrí Ján, 168–169
- BAHÁ’U’LLÁH* (*Mírzá Ḥusayn-‘Aliy-i-Núrí*): *Fjölskylda og æskuár*: fæðing, 25; faðir og móðir, 25; draumur föður, 25–26; aðstoð við fátæka, 29; menntun, 27–28; kvonfang, 28–29; tekur trú Bábsins, 32; boðar hina nýju trú í Mazindarán, 33–34; hjálpar Ṭahirih, 40–41; í Badasht, 41–42; áformuð handtaka, 43; dæmdur saklaus í lífstíðarfangelsi, 48; í Síyáh-*Chál*, 52–56; fyrstu vitranir, 55–56; heimkoman, 57; fyrsti útlegdardómur, 58; börn, eiginkona og bræður, 58–60; *Baghdad* (1853–63): Ferðin til Baghdad, 60; bendir á Yahyá sem sýndarleiðtoga Bábí samfélagsins, 61; ummæli um Mírzá Músá frá Qum, 62–63; í eyðimörkinni, 63–64; í Sulaymáníyyih, 65–66; snýr til Baghdad, 70; ástæðan fyrir heimförinni, 70–71;

kemur aftur til Baghdad, 72; viðreisn Bábí samfélagsins, 72–73; persóna Hans, 73–84; tengsl spamannanna við Guð, 73; andleg reynsla lærisveinanna, 73–74; ásjóna Hans, 75, 76, 78; höfuðbúnaður (táj), 76, 182; kyrtill Muḥammad-Tahír, 76; viðbrögð embættismanna, 77; fórnir lærisveinanna á vegi Hans, 77–78; áhrif Hans á Mullá Şádiq, 79–80; skiptir arfi, 81; ekki-Bahá'íar sem elskuðu Hann, 82, 85, 167–168; andúð á launung, 82–83; tilboð um flutning til annarra landa, 85; áhersla á andlega eiginleika, 85; áhyggjuleysi í návist Hans, 86–87; ritverk, 87, 88, 94–97, 188–196; opinberun, 88–93, 188–196; banatilræði, 99; kraftaverk, 99–100, 235–237; útleið til Konstantínópel, 101; segir fyrir um þrængingar, 102; í Riḍvángarðinum, 103–107; ferðin yfir fljótið, 104; konungur dýrðarinnar, 104; Riḍvánhátíðin, 106–107; yfirlýsingin, 105; segir fyrir uppreisn Mírzá Yahyá, 106; síðustu dagar Riḍván, 107; brottför frá Baghdad, 108; haldið til Konstantínópel, 108. *Konstantínópel og Adríanópel (1863–68)*: Tilskipun frá Tyrkjasöldán, 109; neitar að heimsækja sendiherra, 109; tafla til 'Alí Páshá, 110; haldið til Adríanópel, 111; þrængingar á leiðinni, 111; svik Mírzá Yahyá, 113–126; tilræði Yahyá og eiturbryljarir, 116–119; veikindi Hans, 116; kynnrir Yahyá ætlunarverk sitt, 120; dregur sig í hlé, 120; Mubáhilih, 121–124; fer til mosku Salíms soldáns, 122, 123; með dervisjum, 124; heitir Yahyá fyrirgefningu, 125; opinberunin í Adríanópel, 127–131; ávarpar einvalda í austri og vestri, 128–129; segir fyrir nauð og þrængingu heimsins, 130–131; sendir Badí' til Teheran, 131–132; ávarpar Naşiri'd-Dín Şháh, 134; uppgangur Málstaðarins, 134–135; rógsherferðin í Konstantínópel, 135–137; sendir lærisveina að flytja mál sitt, 138–139; útleið til 'Akká, 141; bannað samneyti við lærisveinana, 141; uppnám í samfélaginu, 143; hermenn setjast um hús Hans, 143, 144; brottför til Gallipoli, 148–150. *Akká og Bahjí (1868–92)*: Koman til 'Akká, 153; aðbúnaður, 153–155; veikindi útlaganna, 153–154; útleiðardómur staðfestur, 155; tekur á móti fyrstu pílgrímum, 158–159; við dánarbeið Mírzá Mihdí, 159–161; slak-að á fangavist, 162; fluttur í hús Malíks og síðan í hús

'Udi *Kh*ammár, 162; fordæmir morðin á Azalítunum, 164–165; handtekin, 165–166; yfirheyrslur, 165; flytur í hús 'Abbúds, 168; spádómar um komu hans til 'Akká, 151–152, 169–170; 'Abdu'r-Rahmán Páshá ræðst gegn samfélagi Hans, 171–172; í Bahjí, 173–176; kaupin á Bahjí, 173–174; lífið í Bahjí, 177–178; Riḍván-garðurinn í 'Akká, 178; lýsing E.G. Browne á andanum í Bahjí, 180–181; lýsingin á Bahá'u'lláh, 181–183; í hlíðum Karmel-fjalls, 184; segir fyrir byggingu grafhýsis Bábsins, 184; opinberar töflu Karmels, 85; uppstígning, 197–198; spádómar Hans rætast, 200–204; skírskotun til framtíðarhlutverks 'Abdu'l-Bahá, 180, 205; vitnisburður Biblíunnar um Hann, 151–152, 238–244

Bahíyyih *Kh*ánun (hið Helgasta lauf) 28, 58, 59, 68–69, 146, 147, 197
Balyuzi, H.M., 9, 64, 65, 163
Baqír-i-*Sh*irází, Mírzá, 127
Bayáninn, 19, 20
Bernhardt, Sarah, 37
Blomfield, Lady Sarah Lousia (Sitárih *Kh*ánun), 169
Browne, Edward Granville, 12, 37, 180–184
Búddha, 95, 235
Buzurg *Kh*án, Mírzá (aðalræðismaður Persa í Bagdad), 98, 99, 101, 203

Channing, William Ellery, 212
Cheyne, T.K., 44
Chiríq, 19
Chúpán, Dr., 6
Curzon lávarður, 12, 13

Daníel, 94
Darvísh Muḥammad-i-Irání, sjá Bahá'u'lláh
Dayyán, sjá Asadu'lláh frá Khuy, Mírzá
Dolgoruki (rússneskur sendiherra í fran), 57

Eastwick, Edward B., 45
Esekíel, 152, 241
Esslemont, Dr. John E., 177

Fáḍíl-i-Qá'íní, 186
Fath 'Alí *Sh*áh (keisari Persíu 1796–1834), 12
Fathu'lláh frá Qum, 47, 48
Fatíma (dóttir Múhammedsspámans), 95, 207

- Ferraby, John, 22
 Forsetar Amerikulyðveldanna, 190
 Franz Jósef (keisari Austurríkis og Ungveríalands), 191, 201
 Fu'ád Páshá (utanríkisráðherra Tyrklands), 109, 140, 191, 203
- Gibran, Kahlil, 28
 Gobineau, Comte de, 45, 51
- Habakúk, 178, 242
 Hádí, Mírzá ((Azalíti), 203
 Hádíy-i-Javáhirí, 81–62
 Hafíz (persneskt skáld), 57
 Hainisch, Marianne, 37
 Harf-i-Baqá, 138
 Hasan Effendi, 149
 Hasan-i-Ammú, Hájí Mullá, 100
 Hasan-i-Hakím-Bashí, Hájí' Mírzá, 84
 Háshim-i-Attár, 81–82
 Haydar-'Alí, Hájí Mírzá, 74–76, 123, 124, 125, 180
 Hósea, 152, 242
 Huqúqu'lláh („réttur Guðs“), 159, 194
 Husayn-i-'Áshchí, 144–148, 155
 Husayn-i-Bushrú'í. Mullá (fyrstur Bókstafa hins Lifanda), 16, 22, 29–33
 Husayn-Khán, Hájí Mírzá, 141
 Husayn-Khán, Mírzá (ambassador Persa í Konstantínópel), 109, 142
- Ibnu'l-Arabí (dulspekingur), 65
 Ibnu'l-Fárid (egypskt skáld), 65
 Ibráhim, Siyyid, 116
 Ilíonskviða, 88
 Ilyás 'Abbúd, 162, 163, 166, 168, 172
 Imám 'Alí, 14
 Imám Husayn, 160, 195
 Imám Mihdí, 14–15
 Ismá'íl, Mírzá, 28
 Ismá'íl, Siyyid (Dhabíh), 78–79
 Ísmá'íl, Shaykh, 64, 65
 'Izzat Áqá, 98
- Ja'far, Hájí, 146–147
 Jaláu'd-Dawlih, 164
 Jamál-i-Mubarák, sjá Bahá'u'lláh
 Jamál-i-Burújirdí, 142
 Jamshid-i-Gurjí, 148
 Javád, Hájí Siyyid, 58
- Jesaja, 25, 152, 238–241
 Jináb-i-Fáqil, 92
 Jináb-i-Munír (Ismu'lláhu'l-Muníb), 150
 Jóel, 242
 Jóhannesarguðspjall, 243
 Júdasarbréf, hið almenna, 209
 Jurjusál-Jamál, 178
- Káká Aḥmad, 66
 Kámál Páshá, 109
 Karbilá'í Taqí, 146
 Karmelítamunkar, 184
 Kazim, Siyyid, 30, 38, 29, 66
 Kemball, Sir Arthur Burrows, S5
 Kháji-virkíð, 17
 Khádimu'lláh, sjá Áqá Ján, Mírzá
 Khedijih Khánum (móðir Bahá'u'lláh), 25
 Khursíd Páshá, 139, 140, 142, 144
 Krishna, 95, 235
 Kristur, Jesús, 17, 20, 73, 95, 129, 192, 214, 223–224, 226, 235, 236
- Madákhil (mútukerfi), 13
 Máh-Kú, 19
 Maḥúd Khán (kalanatár í Teheran), 44, 45–46
 Maḥmúd, Mírzá, 144
 Maḥmúd, Shaykh. (múfti í 'Akká), 162, 169–171
 Malakí, 242
 Markúsarguðspjall, 243
 Mashriqu'l-Adhkar (Bahá'í musteri), 194
 Mas'úd, Mírzá, 203
 Mihdí (hinn Fyrirheitni), 14–15, 19, 23, 170
 Mihdí, Mírzá (hin Skirasta grein), 104, 159–162
 Míka, 152, 242
 Mír Muḥammad, 121–122, 123
 Móses, 20, 95, 124, 213, 235
 Mubáhilih, 121–124
 Múhammeð spámaður, 12–13, 20, 73, 95, 109, 121, 152
 Muḥammad-'Alí (sonur Bahá'u'lláh), 104, 165
 Muḥammad Hádí, 41
 Muḥammad-Hasan, Mírzá (hálfbróðir Bahá'u'lláh), 104, 165
 Muḥammad-i-Iṣfahání („and-Kristur Bahá'í opinberunarinnar“), 62, 108, 113, 114–115, 120, 121, 135–138, 140, 142, 150, 156, 164
 Muḥammad-i-Mu'allim, Mullá, 30–32
 Muḥammad-i-Tabrízí, 123
 Muḥammad Khán, Hájí, 114

- Muḥammad, Mullá (kirkjuhöfðingi), 34, 35–36
 Muḥammad Páshá Safwat, 173
 Muḥammad Qulí, Mírzá (hálfbróðir Bahá'u'lláh), 59,149
 Muḥammad-Šádíq, Mullá, 79–80
 Muḥammad Šháh (keisari Persíu 1834–48), 22, 40, 57
 Muḥammad-Šhaykh, 174
 Muḥammad-Ṭáhir-i-Málmírí, Hají, 76–77
 Muḥammad-Taqí, Šhaykh („sonur úlfins“), 88, 156
 Muḥammad-Yusúf Páshá, 203
 Muḥít, Mírzá, 83
 Muhiy'd-Dín, 96 Murtagday-i-Ansarí, Šhaykh (kirkjuhöfðingi), 100
 Músá, Mírzá (tryggur bróðir Bahá'u'lláh), 32, 59, 82, 99, 110, 119, 120, 145, 149
 Músá frá Qum, Hají Mírzá, 62–63
 Mustafá Díyá Páshá, 172
- Nabíl-i-Ákbar, 79–81
 Nabíl-i-A'zam (Mullá Muḥammad-i-Zarandí), sagnritari, 25, 30, 36, 53, 78, 83, 85, 87, 106, 123, 132, 135, 158, 198
 Na'ím, Mírzá, 118
 Najíb Páshá, 103, 678
 Námiq Pásha (rfkisstjóri í Baghdad), 102, 107, 108
 Napóleon, 151
 Napóleon III., 189–190, 201
 Naširí'd-Dín Šháh (keisari í Persíu 1848–96), 53, 57, 113, 121, 131, 132–134, 137, 141, 200, 203
 Navváb (eiginkona Bahá'u'lláh), 28, 29, 58, 59,68–69
 Nikolajevits Alexander II. Rússakeisari, 190, 201
 Nikulás II. Rússakeisari, 201
 Núrí'd-Dín, Mírzá, 171
- Opinberun Jóhannesar, 193, 243–244
- Palmerston lávarður, 19
 Píus páfi IX., 192,202
 Polak, Dr. Jakob, 44
- Qannád, 143
 Qa'im („sá sem mun rfsa“), 23
 Qajár-keisaraættin, 12,201
 Qasím.Hají frá Nayríz, 47,48
- Qayyúmu'l-Asmá' (eitt rita Bábsins), 22
 Qiblih, 194
 Quddús (Hají Mullá Muḥammad-'Alíy-i-Bárfurúshí), 16, 29, 41, 42, 43
 Qurratu'l-Ayn, sjá Ṭahirih
- Ra'fat Big (landsstjóri í Damaskus), 172
 Riḍá Big, 120
 Riḍá-Qulí, Mírzá (hálfbróðir Bahá'u'lláh), 58
 Riḍá-Qulí, Mírzá (Azalíti), 164
 Riḍván-garðurinn í Baghdad (Najíbiyyih-garðurinn), 103, 107; í 'Akká, 177, 178
 Romanoff-ættin, 202
- Šádíq, Siyyid (dómari), 203
 Šádíq frá Tabríz, 47, 48
 Sa'id Khán, Mírzá (utanríkisráðherra Persa), 101
 Šadr-i-Ardibflí (kirkjuhöfðingi), 40–41
 Safawíd-ættin, 12
 Salih Šhaykh (píslarvottur), 40
 Salmán, Šhaykh (sendiboði Bahá'u'lláh), 115, 159
 Sam Khán, 17, 18
 Sarapústra, 95,235
 Sears, Williams, 152n., 174n.
 Šháh Muḥammad, Hají, 158
 Šhamsí Big, 109,110
 Šhaykh-Alí, Mullá, 47,48,49
 Šhaykh Effendi, sjá Bahá'u'lláh
 Sheil, Sir Justin, 18
 Šhíah Islám, 12,14–15
 Šhishman, Dr., 116
 Shoghi Effendi, Vörður Bahá'í trúarinnar, 9, 20, 60, 62, 71, 84, 114, 122, 126n., 131, 134, 148, 155, 164, 184, 188, 194, 198, 203, 208, 218
 Siḍq-'Alí, Darviṣh, 138, 139, 160
 Siyáh-Chál (prísund í Teheran), 53–56,57, 58
 Subḥ-i-Azal, sjá Yaḥyá, Mírzá
 Subḥí Páshá, 165,203
 Sultán, Šhaykh, 71
 Sunní Islám, 14
- Tabarsí Shaykh (virki), 15
 Taherzadeh, Adib, 9, 79, 92–93, 123, 130, 159n.
 Ṭahirih, 37–15,52
 Tarázu'lláh Samandarí, 179, 180 Taqí (frændi Ṭahirih), 39--40
 Taqí Khán, Mírzá (forsætisráðherra Persíu), 17

‘Udí Khámmár, 162, 163, 168, 173, 193
‘Umar Effendi, 143,149
‘Umar Khayyám, 37
Ustád Ismá’íl, 158
Ustád Muḥammad- ‘Alí, 117–119

Vahíd, 17
Varslan, 19
Vaqáyi-i-Ittifáqíyyih (stjórnamálgagn í Teh-
eran), 37
Viktor Emanúel, 202

Viktoría Bretadrottning, 18,85,189
Vilhjálmur I. konungur Prússa, 190,201
Vilhjálmur II. konungur Prússa, 201
Yaḥyá, Mírzá (Subḥ-i-Azal), 60–62, 68–70,
71, 75, 106, 108, 113, 114–126, 134,
135,139,142,150,155,164,168–169,203,

Zahír, 114
Zaynu’l-‘Abidín Khán, 86
Zeíanía, 242

